Geymið bókaskrána. Hún gæti komið sér vel þegar velja á bók.



# Kjarni málsins

## Fleyg orð á íslensku




**Stórvirki í íslenskri bókaútgáfu**

- Hátt í tíu þúsund tilvitnanir með rækilegum skýringum
- Ómissandi uppsláttarrit fyrir alla þá sem þurfa að koma fyrir sig orði
- Fróðleiksnáma fyrir grúskara
- Raðað bæði eftir höfundum og efnisatriðum

992 blaðsíður af því frægasta, viturlegasta eða snjallasta sem sagt hefur verið á íslensku, í samantekt dr. Hannesar H. Gissurarsonar prófessors

BÓKAFÉLAGIÐ

## Kæru bókaunnendur

Í nýlegri bók eftir ítalska fjölfræðinginn og skáldsagnahöfundinn Umberto Eco heldur hann því fram að bókin sé ein af lykiluppfinningum mannkyns. Hún sé líkt og hjólið, hugmynd sem í raun verði aldrei betrumbætt, aðeins útfærð á nýja vegu. Áður en byrjað var að fjöldaframleiða bækur á 15. öld höfðu bækur verið til svo öldum skipti, skrifaðar á papýrus, pappír, skinn og leir. Bókin hefur í árþúsundir verið besta leiðin til að geyma upplýsingar og varðveita þekkingu og miðla henni áfram milli kynslóða. Eins og Eco bendir á er ekkert sem segir okkur að önnur form á miðlun texta muni breyta þeirri grundvallarstaðreynd.

Bókatíðindi ársins 2010 eru vegvísir um brot af þessari miklu sögu. Þau segja enn og aftur að þrátt fyrir hagldrífu bölmóðsins sem nú dynur á okkur alla daga heldur bókaútgáfa á Íslandi sínu striki. Það fjölgar meira að segja aftur þýddum barnabókum og útgáfa á íslenskum skáldskap hefur sjaldan staðið með jafn miklum blóma. Bókatíðindi kynna með öðrum orðum til sögunnar fleiri titla nú en voru skráðir til leiks á fyrstu árum 21. aldar og þykir án efa ýmsum merkileg staðreynd í ljósi alls og alls.

Þetta segir okkur líka annað. Þegar bitist er um fjármuni ríkisins á niðurskurðartímum er vinsælt sport að hamra á að allt sem lúti að menningu og listum sé sérstakur baggi á þjóðinni og verði að lyfta af klakknum hið snarasta. Seint verður því þó haldið til streitu að fjárútlát hins opinbera til bókaútgáfu séu að ríða ríkisklárnum á slig. Þar sem Íslendingar eiga sér aðeins þá menningarstefnu sem ákvarðast af duttlungum stjórnvalda hverju sinni, hefur aldrei tekist að hnýta saman traustum böndum bókaútgáfu og markmið um viðhald og viðgang móðurmálsins. Framlög ríkisins til íslenskrar bókaútgáfu hafa verið ómarkviss, tilviljanakennd og pólitísk. Opinberar stofnanir bjóða nánast aldrei út útgáfuverkefni, eins og þeim ætti þó að vera skylt, og helsti stuðningurinn við útgáfu á námsefni fyrir grunnskólanemendur – Námsgagnasjóður – hefur verið skorinn niður við trog.

Gróskan í bókaútgáfu er ekki að þakka stuðningi hins opinbera við hina óskrifuðu menningarstefnu eða markmið sett fram í Íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti 2009. Hún er að þakka íslenska bókamarkaðinum sem drifinn er áfram af ástríðu og áhuga íslenskra lesenda. Bókatíðindi 2010 eru eins og Bókatíðindi Félags íslenskra bókaútgefenda fyrr og síðar tileinkuð íslenskum lesendum. Fjórfalt húrra fyrir þeim.

*Kristján B. Jónasson, formaður*
*Félags íslenskra bókaútgefenda*


*Íslenskar barna- og unglingabækur* ........ 2
*Þýddar barna- og unglingabækur* ........ 30
*Íslensk skáldverk* ........ 60
*Þýdd skáldverk* ........ 98
*Ljóð* ........ 126
*Fræði og bækur almenns efnis* ........ 134
*Saga, ættfræði og héraðslýsingar* ........ 182
*Ævisögur og endurminningar* ........ 190
*Handbækur* ........ 206
*Höfundaskrá* ........ 224
*Útgefendur* ........ 232
*Bóksalar* ........ 236
*Titlaskrá* ........ 237



## BÓKATÍÐINDI 2010

**Útgefandi:** Félag íslenskra bókaútgefenda
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netf.: baekur@simnet.is
Vefur: www.bokautgafa.is

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

**Hönnun kápu:** Ámundi Sigurðsson

**Ábm.:** Benedikt Kristjánsson

**Upplag:** 125.000

**Umbrot, prentun og bókband:** Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja

**Dreifing:** Íslandspóstur hf.

ISSN 1028-6748

UMHVERFISMERKI 141 776 PRENTGRIPUR


*Þetta tákn merkir hljóðbók.*
*Tímalengd er uppgefin í mínútum.*

**Leiðbeinandi verð**
„Leiðb.verð" í *Bókatíðindum 2010* er áætlað útsöluverð í smásölu með virðisaukaskatti. Verð eru á ábyrgð hvers útgefanda.

# Íslenskar barna- og unglingabækur




## Adda lærir að synda

**Hreiðar Stefánsson og Jenna Jensdóttir**

Þriðja bókin í hinum sígilda bókaflokki. Margt skemmtilegt gerist í sumarfríinu hjá Öddu og leiksystkinum hennar. Ný stelpa flytur í kauptúnið og Adda lærir að synda. Hún lærir líka að það borgar sig ekki að segja ósatt. Bókin er prýdd teikningum eftir Halldór Pétursson.

96 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-60-4



## Arngrímur apaskott og fiðlan

**Kristín Arngrímsdóttir**

Arngrímur er lítill api sem lendir í skemmtilegum ævintýrum, en fyrsta bókin um hann fékk Fjöruverðlaunin í vor. Skemmtileg klippimyndabók sem heillar yngri kynslóðirnar en líka þá fullorðnu.

32 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-54-8






## Askur og prinsessan

**Smári Pálmarsson**
**Myndir: Sirrý Margrét Lárusdóttir**

Ævintýrið um Ask og prinsessuna segir frá hinum unga og hugrakka Aski sem heldur í óvenjulega för inn í óvenjulegan skóg til að bjarga prinsessu úr klóm ungs galdramanns. Í þessum ævintýraheimi er ekki allt sem sýnist. Hér er á ferðinni óhefðbundið ævintýri klætt í sígildan búning.

25 bls.

**Ókeibæ**

ISBN 978-9979-9958-8-3




## Aþena

*Hvað er málið með Haítí?*

**Margrét Örnólfsdóttir**

Franskur trúður rænir besta vini Aþenu og svo bestu vinkonunni líka, mamman virðist stefna á að setja heimsmet í óléttudellu – og hvað er eiginlega málið með ömmu Rósí og Haítí?! Aþenu finnst lífið ekki geta orðið miklu flóknara en þar skjátlast henni. Hún biður um kraftaverk – skyldi henni verða að ósk sinni? *Aþena* (ekki höfuðborgin í Grikklandi ;) hlaut frábærar viðtökur hjá lesendum og gagnrýnendum og fékk Fjöruverðlaunin í flokki unglingabóka í ár.

267 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-21-4

Leiðb.verð: 3.980 kr.



SAGNAARFURINN LIFNAR VIÐ




Alþjóðleg teiknimynd um Þór væntanleg!

DYNAMO REYKJAVÍK

# ÁTÖK Í GOÐHEIMUM



Þór Óðinsson á sér þá ósk heitasta að verða vígður inn í goðheima en lendir í ógöngum og þarf að kljást við öfluga óvini. Fyrr en varir er allt líf í mannheimum og goðheimum í uppnámi og af stað fer æsispennandi atburðarás!

Mögnuð saga úr goðheimum, skrásett af **Friðriki Erlingssyni.**

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

Freyjukettir

Norræn menning:

**90 yndislegar bækur 2010 !!**

*engin álagning, vinnan gjöf*

(non-profit cultural enterprise;
90 delightful, Icelandic books)

upplýs. freyjukettir@mmedia.is

dreifing: amazon.co.uk; -.com; -.de




**30**TAK-sögur

geimveran **TAK** var í Stundinni okkar

**Hjalti Bjarnason** (*Amazon:TAK the alien*)

&**Bjarni Þór Einarsson**: Glámur auli



Hannesar saga Grásteins

**20** bækur - hinar bestu lestraræfingar

**Guðrún Kristín Magnúsdóttir**

margverðlaunaður höfundur (awarded)




barna- og unglingabækur



**lesið 90 góðar bækur**

tilvaldar handa íslenskunemum !!!

*(--> is someone learning Icelandic?)*



KLUKK, leikir barna

**smásögur, langar sögur, fræði myndasögur, handrit, ljóð, verðlaunasögur;**

titlalisti: freyjukettir@mmedia.is

www.mmedia.is/odsmal (Óðsmál)




**90 ódýrar, yndislegar bækur**

fást á Amazon; ISBN: Freyjukettir





## Árstíðirnar

**Þórarinn Eldjárn**
**Myndir: Sigrún Eldjárn**

Þessi stórskemmtilega bók geymir sextán myndskeytt kvæði um árstíðirnar fjórar: Vetur, sumar, vor og haust. Barnaljóðabækur Þórarins og Sigrúnar Eldjárn hafa um árabil notið verðskuldaðra vinsælda og þessa munu lesendur frá fjögurra ára aldri gleypa í sig.

40 bls.

FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2122-7



## Bestu barnabrandarnarnir

*brjálæðislega góðir*

*Bestu barnabrandararnir* koma öllum í gott skap og ættu ávallt að vera við höndina. Hver hefur ekki þörf fyrir góða brandara öðru hverju?

80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-79-1

Leiðb.verð: 1.190 kr. Kilja



## Birta

**Belinda Theriault**

Hér segir frá ævintýrum Birtu, sem er hárlaus kisa og því öðruvísi en aðrir kettir. Birta fetar sína eigin braut með hugrekkið að vopni og sýnir okkur að fjölbreytileikinn er fallegur. Fyndin og hugljúf saga sem meðal annars sem tekur á einelti og fordómum. Birta á erindi við alla.

24 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-00-0



## Bína bálreiða
## Bína fer í leikskóla
## Bína lærir orð, hljóð og stafi

**Ásthildur Bj. Snorradóttir**
**Myndskr.: Bjarni Þór Bjarnason**

Fallega myndskreyttar smábækur fyrir 2–5 ára. Dúkkan Bína er bálreið því hún veit ekki hvernig hún á að haga sér. Þegar hún lærir það líður henni miklu betur. Handhægar bækur sem gaman er að lesa með litlum fjörkálfum.

32 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-16-6/-17-3/-18-0 Kilja



## Bænirnar mínar

Þessu kveri er ætlað að hjálpa foreldrum og uppalendum til þess að biðja bænir með börnunum sínum. Trú býr í sérhverri mannssál, en hana þarf að rækta og hana þarf að tjá. Foreldrar og uppalendur gegna þar lykilhlutverki.

Kverið er fallega myndskreytt af Höllu Sólveigu Jónsdóttur.

16 bls.
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-85-7
Leiðb.verð: 490 kr. Kilja



## Daginn í dag – sunnudagaskólinn heim!

**Þorleifur Einarsson, Guðni Már Harðarson og Guðmundur Karl Brynjarsson**

Nýr og vandaður DVD diskur fyrir börn á aldrinum 2-9 ára. Á disknum eru fjórir líflegir 25 mínútna þættir með hollum og uppbyggilegum boðskap. Aðalsöguhetjurar, Hafdís og Klemmi lenda í ýmsum ævintýrum sem tengjast dæmisögum Jesú. Hröð og spennandi atburðarrás, fjöldi barnasálma og sunnudagaskólasöngva sungnir af hressum krökkum, skemmtilegar brúður og margt fleira.
DVD-mynd
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-86-4
Leiðb.verð: 2.490 kr.

## Dimmuborgir

**Inga Björg Stefánsdóttir**
**Myndskr.: Karl Jóhann Jónsson**

Flóki er lítill drengur sem býr í Dimmulandi. Einn dag kynnist hann drekanum Viggó.



Þeir lenda í skemmtilegum ævintýrum þar sem þeir kynnast ýmsum furðuverum.
48 bls.
**Hrafnar**
ISBN 978-9935-425-01-0






## Ertu Guð, afi?

**Þorgrímur Þráinsson**

Emma Soffía er ellefu ára, á pabba sem er alltaf úti á sjó og mömmu sem reynir sig reglulega við Íslandsmetið í fýlu. Hún hefur aldrei séð afa Afríku fyrr en hann birtist á tröppunum með hundinn Tarzan og eftir það verður ekkert eins og áður. Hér leiðir Þorgrímur Þráinsson lesendur sína á ný mið í fylgd heillandi persóna sem eru í senn djúpvitrar og skemmtilegar. Sagan var valin úr fjölda handrita sem bárust í samkeppnina um Íslensku barnabókaverðlaunin 2010.

133 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2119-7

BÓKAFÉLAGIÐ




## Fafúin

*Heyrðu ég er með smá hugmynd*

**Ingvar Barkarson og Hulda Hreiðarsdóttir**

**Myndskr.: Ingvar Barkarson**

Gustur er hugmyndaríkt fafú sem ákveður einn daginn að sýna hugrekki og leggja í leiðangur. Hann vonast til þess að upplifa og læra eitthvað nýtt svo hann geti hjálpað hinum í þorpinu og gert lífið skemmtilegra. Á leiðinni eignast hann dýrmætan vin, tekst á við sjálfan sig og færir vinum sínum í þorpinu óvænta gjöf.

Bókina prýða teikningar eftir Ingvar Barkarson. Tilvalin fyrir börn á aldrinum 3-10 ára.

36 bls.

**Fafu ehf**

ISBN 978-9979-70-846-9

Leiðb.verð: 2.490 kr.




## Fíasól í hosiló

**Kristín Helga Gunnarsdóttir**

**Myndir: Halldór Baldursson**

Lesendur á öllum aldri hafa tekið Fíusól fagnandi og íslensk börn veittu þessari bók Bókaverðlaun barnanna vorið 2006. Hér er hún endurútgefin í kilju.

119 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3108-7 Kilja




## Fíasól og litla ljónaránið

**Kristín Helga Gunnarsdóttir**

**Myndir: Halldór Baldursson**

Einu sinni var Fíasól á flandri og um það skrifuð heil bók. En auðvitað var það ekki SAGAN ÖLL. Ekkert var sagt frá fáránlegum leiðangri í skemmtigarð þar sem framandi dýr og skuggalegt fólk kom við sögu. Nú er kominn tími til að leysa frá SKJÓÐUNNI. Hér er komin glæný og LITRÍK bók um gleðisprengjuna Fíusól og furðulegu fjölskylduna hennar.

25 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3150-6

## Fjallabók barnanna

*20 gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur*

**Sigrún Huld Þorgrímsdóttir**

Hér eru kynntar gönguleiðir á fjöll og hæðir í nágrenni Reykjavíkur sem henta börnum á aldrinum 6-16 ára. Alls er lýst 20 leiðum, sagðar skemmtilegar sögur og bent á náttúruundur.




133 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-32-6 Kilja




## Flateyjarbréfin

**Kristjana Friðbjörnsdóttir**

**Myndir: Margrét Laxness**

Skólinn er búinn en Ólafía Arndís hefur áhyggjur. Hvað ef hún kemst nú ekki upp í sjötta bekk næsta vetur eins og kennarinn sagði? Til að gera gott úr öllu byrjar hún að skrifa kennaranum sínum bréf en þau fjalla um flest annað en námið enda er Ólafía Arndís önnum kafin við að berjast við kríur, passa ólátabelg, eltast við drauga og eignast nýja vini. Sprenghlægileg saga handa krökkum á aldrinum 7–12 ára.

120 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-141-8

# HÖRKUSPENNANDI UNGLINGASAGA

„... spennuþrungin og mjög skemmtileg.“

Marta María Arnarsdóttir, 13 ára
pressan.is (um *Núll núll 9*)




**Hvernig tengist eldgömul ljósmynd bíómyndinni Avatar og dularfullum mannaferðum á Snæfellsnesi? *Þokan* er hörkuspennandi unglingasaga eftir Þorgrím Þráinsson, sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Núll núll 9*.**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is



**Verðlaunahöfundurinn Þorgrímur Þráinsson í essinu sínu!**




## Forngripasafnið

**Sigrún Eldjárn**

Rúnar er nýfluttur í lítið þorp úti á landi þar sem pabbi hans hefur ráðið sig sem safnstjóra. Draslið á safninu blasir við öllum en þar er greinilega eitthvað fleira á kreiki sem minna fer fyrir. Ásamt krökkunum í næsta húsi – og hinni dularfullu Gunnhildi – lendir Rúnar í æsispennandi ævintýri. *Forngripasafnið* er fyrsta bókin í nýjum þríleik – ríkulega myndskreytt og spennandi saga fyrir krakka á aldrinum 8–12 ára.

195 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3177-3




## Gauragangur

**Ólafur Haukur Símonarson**

Ormur Óðinsson er sextán ára snillingur og töffari en það þýðir ekki endilega að allt hans líf sé í góðum gír. *Gauragangur* er drepfyndin og háalvarleg þroskasaga sem heillað hefur lesendur árum saman, notið vinsælda á leiksviði og birtist okkur senn á hvíta tjaldinu.

260 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3154-4 Kilja



## Glingló, Dabbi og Rex – Sprellað í sveitinni

*Grallarasögur 4*

**Selma Hrönn Maríudóttir**

**Myndskr.: Brynhildur Jenný Bjarnadóttir**

Fjórða bókin um grallarana Glingló, Dabba og Rex. Hér sprella þau í sveitinni. Glingló hrekkir bola og telur sig sjá draug í fjósinu. Dabbi skoðar hamingjuegg og smakkar ylvolga mjólk beint úr kúnni. Rex leikur listir á heyrúllu og sýnir snilldartakta í réttunum. Og ævintýrin eru á hverju strái. Sögurnar eru í vísnaformi, vel til þess fallnar að auka orðaforða barna, en einnig sagðar á einföldu máli fyrir yngstu lesendurna. Rammíslenskt efni fyrir börn á leikskólaaldri.

Nánari upplýsingar og táknmálsútgáfu má finna á www.grallarar.is

16 bls.

**Tónaflóð**

ISBN 978-9979-9760-3-5

Leiðb.verð: 1.190 kr. Kilja



# Þekkir þú Maxímús?



Tónlistarmúsin Maxímús Músíkús snýr aftur í bráðskemmtilegri bók eftir Hallfríði Ólafsdóttur og Þórarin Má Baldursson.

Nú heimsækir Maxi tónlistarskólann og kynnist hæfileikaríkum krökkum.

Geisladiskur fylgir







# Syngjum öll saman

Yndisleg myndskreytt söngvabók með lögunum úr leikskólanum. Sjálfstætt framhald hinnar geysivinsælu bókar *Með á nótunum* eftir Hrafnhildi Sigurðardóttur.



**Yfir 60 lög!**

Geisladiskur fylgir

# Dýrin leika sér

Gullfalleg bók byggð á tónverkinu Karnival dýranna. Nýjar vísur eftir Þórarin Eldjárn segja frá þrettán fjörugum dýrum. Kristín María Ingimarsdóttir myndskreytti.



Geisladiskur fylgir




FORLAGIÐ
www.forlagid.is




## Grallarar í gleðileit

**Björk Bjarkadóttir**

Mamma er upptekin og alveg hætt að brosa. Það finnst Tolla og Todda leitt og leggja því af stað til að finna eitthvað sem gleður hana. Bráðskemmtileg saga eftir Björk Bjarkadóttur sem hlotið hefur fjölmargar viðurkenningar fyrir fjörugar barnabækur.

33 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3172-8




## Guð elskar mig

**Signý Gyða Pétursdóttir**

**Myndskr.: Pétur Atli Antonsson**

*Guð elskar mig* er skemmtileg bók með fallegum myndum um stúlku sem veltir lífinu fyrir sér, hvernig hún sér sjálfa sig og hvernig Guð sér hana.

Í seinni hluta bókarinnar geta börnin skrifað og teiknað eigin hugmyndir og uppgötvað hæfileika sína.

36 bls.

**Ófeigur Sveinn Gíslason**

Dreifing: Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-26-8

Leiðb.verð: 1.990 kr.




## Gæsahúð 15

*Logandi víti*

**Helgi Jónsson**

Það er kaldur vetrarmorgunn og börnin hópast í leikskólann. 20 börn og 4 starfsmenn. Það snjóar þar til allt fer á kaf. Um miðjan dag kviknar eldur og brátt stendur leikskólinn eins og logandi víti í brekkunni fyrir ofan bæinn.

90 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-49-3




## Gæsahúð fyrir eldri

*Fangi nr. 5*

**Helgi Jónsson**

Kristín og Ester eru bestu vinkonur. En dag einn breytist allt. Kristín og Hólmgeir kærasti hennar ætla að gera at í Ester. Þau sitja fyrir henni og taka allt upp á videó. Ester fríkar út af hræðslu, flýr út og hleypur fyrir bíl með skelfilegum afleiðingum.

110 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-50-9 Kilja




## Hanna María öskureið

**Magnea frá Kleifum**

Þetta er sjöunda og síðasta bókin um hana Hönnu Maríu.

"Persónurnar eru lifandi og það er heilmikið af góðum boðskap sem á erindi við börn og unglinga. Fullorðið fólk getur sumt örugglega lesið bókina sér til ánægju. Ég man að amma mín heitin hélt upp á bækur Magneu frá Kleifum sem út komu á sjöunda og áttunda áratuginum. Sjálfur las ég einhverjar bókanna í æsku og líkaði vel."

– Jóhann Frímann.

112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-96-7

Leiðb.verð: 1.980 kr.



Bókabúðin HAMRABORG

Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877

**AÞENA - HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ HAÍTÍ?** EFTIR MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

# HVAÐ ER MÁLIÐ?

Franskur trúður rænir besta vini Aþenu og svo bestu vinkonunni líka, mamman virðist stefna á að setja heimsmet í óléttudellu – og hvað er eiginlega málið með ömmu Rósí og Haítí?




Aþena
(ekki höfuðborgin í Grikklandi ;)
**FJÖRUVERÐLAUNIN**
Í FLOKKI UNGLINGABÓKA

„Bráðskemmtileg bók, fjörug og fyndin..., ævintýraleg og nútímaleg,“
**–Hrund Ólafsdóttir, Morgunblaðið**

„Margrét Örnólfsdóttir varpar áreynslulaust upp hæfilega hversdagslegri og hæfilega ævintýralegri mynd af heimi krakka í dag.“
**–Úlfhildur Dagsdóttir, Bókmenntir.is**

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK




## Helgi explores the world

**Njörður P. Njarðvík**
**Myndir: Halldór Pétursson**

*Helgi Explores the World* met with praise immediately upon its publication in the 1970s. The book has been read and studied by generations of Icelandic children and has long since earned its place in Icelandic children's literature.

32 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-75-4
Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Helgi skoðar heiminn

**Njörður P. Njarðvík**
**Myndir: Halldór Pétursson**

*Helgi skoðar heiminn* naut strax mikillar hylli er hún kom út fyrst fyrir rúmum þriðjungi aldar. Bókin hefur verið lesin og skoðuð upp til agna síðan og hefur fyrir löngu unnið sér sess meðal sígildra íslenskra barnabóka.

Samstarf þeirra Njarðar P. Njarðvík rithöfundar og Halldórs Péturssonar myndlistarmanns, gat af sér þessa fallegu bók.

32 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-76-1
Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Hetjur

**Kristín Steinsdóttir**

Þórhallur er fluttur með fjölskyldunni til Þrándheims í Noregi. Yfir borginni gnæfir löngu dauður kóngur á súlu – forn hetja. Eða hvað? Hér fléttast gamlar frásagnir saman við nýjar sem og vangaveltur um hvað það felur í sér að vera hetja. Margslungin saga fyrir lesendur frá 10 ára aldri.

176 bls.
FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2108-1 Kilja




## Hetjur

**Kristín Steinsdóttir**

Þórhallur er fluttur með fjölskyldunni til Þrándheims í Noregi. Yfir og allt um kring gnæfir löngu dauður kóngur eins og hann væri enn í fullu fjöri. Hér fléttast saman nútímaatburðir og fornar sögur á spennandi hátt með vangaveltum um hvað það felur í sér að vera hetja.

Höfundur les.

🔈 180 mín.
**Dimma ehf.**
ISBN 978-9935-401-13-7
Leiðb.verð: 2.490 kr.






## Hrafnaspark

**Eysteinn Björnsson**

Hrafn tekur þátt í innbroti í skólann og flikkar svolítið upp á innanhúsarkitektúrinn í stofu kennarafasistans. Hvað er annað hægt í þessu landi þar sem stjórnvöld eru glæpahyski og valdastofnanir brjóta miskunnarlaust niður frjálsa hugsun! Honum er vísað úr skóla. Fljótlega birtist annar Hrafn. Afi kemur til skjalanna og býður Hrafni til sín í sumarbústaðinn. Saman lenda þeir í ævintýralegum hremmingum og margt bendir til þess að Hrafn eigi fljótlega afturkvæmt í skólann.

109 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-102-6

## Hreyfibækur

*Góðgæti*

*Hávaði í skóginum*

*Notalegir bústaðir*

*Ungviði í sveitinni*

**Þýð.: Sigrún Á. Eiríksdóttir**

Börnin skemmta sér tímum saman yfir þessum litlu bókum. Snúðu bara hjólinu og finndu allt góðgætið, háværu dýrin, notalegu bústaðina og ungviðið í sveitinni.



8 bls.

**Krydd í tilveruna ehf.**

ISBN 978-9979-9971-3-9/-2-2/-1-5/-0-8

Leiðb.verð: 875 kr. hver bók

## Hringaló og Grýla

**Steinar Berg**

**Myndskr.: Brian Pilkington**

Spennandi tröllasaga fyrir börn og foreldra. Hringaló og Grýla er ævintýri sem byggir á þjóðtrú um samskipti trölla




og manna. Söguþráðurinn heldur lesendum spenntum frá fyrstu síðu til hinnar síðustu og myndskreytingarnar skapa einstaka umgjörð um sögusviðið. Hringaló og Grýla er þriða bók Steinars Berg og Brians Pilkington og sjálfstætt framhald Tröllagleði.

48 bls.

**Fossatún ehf.**

ISBN 978-9935-9013-0-9

Leiðb.verð: 3.280 kr.


# SPENNANDI UNGLINGASAGA

Lára Sjöfn er 13 ára unglingsstelpa sem tekst á við lífið eftir mikinn sorgarvetur. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás og þarf að takast á við slóttugan stjórnmálamann og illa gefna smákrimma sem svífast einskis til að ná sínu fram.

Lára Sjöfn finnur gleðina á ný í þessari skemmtilegu sögu sem er full af spennu, hjartagæsku og góðum húmor.

Samnefnd kvikmynd eftir sögunni verður frumsýnd í Reykjavík í febrúar 2011.




SKRUDDA

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is




## Iðnir krakkar

**Sigrún Eldjárn**

Hver skyldi vera galdurinn að baki fullbúnu íbúðarhúsi, fallegri bók eða nýbökuðu brauði? Í þessu og fleiru pæla systkinin Sigga Lára og Kári í bók þar sem fjölskrúðugur hópur iðnaðarmanna kemur við sögu, m.a. rafvirkinn Stína stuð og Rabbi hársnyrtir en einnig gullsmiðir, bakarar, bifvélavirkjar o.fl. Fjörleg bók um iðna krakka, ríkulega myndskreytt af höfundi. Ætluð börnum í fyrstu bekkjum grunnskóla.

56 bls.

**IÐNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-252-4




## Jólasveinarnir

**Iðunn Steinsdóttir**

**Myndskr.: Búi Kristjánsson**

Fyndin og fjörleg bók um óborganleg ævintýri jólasveinanna þrettán. Hefur lengi verið uppseld en kemur hér í nýrri útgáfu handa nýrri kynslóð barna.

54 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-56-2 Kilja



## Kanínan sem fékk ALDREI nóg

**Huginn Þór Grétarsson**

**Myndskr.: Brad D. Nault**

Bók fyrir börn og fullorðna á öllum aldri. Hér er á ferð gamansöm en jafnframt beinskeytt gagnrýni á græðgi. Ásókn í að eignast alltaf meira og meira og gefa sér aldrei tíma til að njóta ávaxta lífsins. Sá er sæll er sínu ann.

40 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9979-9874-9-9

Leiðb.verð: 2.980 kr.




Söguhringur

## Kanínusaga

**Magnús Pálmi Örnólfsson**

**Myndskr.: Högni Sigþórsson**

Hér er á ferðinni fyrsta bók í nýrri barnabókaröð sem nefnist Söguhringur. Kanínusaga fjallar um leikskóladrenginn Kolbein og vini hans. Eina nóttina fer kanínan hans að heiman með ófyrirséðum afleiðingum. Spennandi en jafnframt falleg saga fyrir börn á leikskólaaldri.

32 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-36-0




## Karnival dýranna

**Þórarinn Eldjárn**

**Myndir: Kristín María Ingimarsdóttir**

Í þessari glæsilegu bók er Karnival dýranna eftir Camille Saint-Saëns búið í nýjan og fjörugan búning. Geisladiskur fylgir bókinni þar sem kammerhópur Sheherazade flytur tónverkið ásamt Guðrúnu Ásmundsdóttur leikkonu. Karnival dýranna hefur um áratugaskeið notið mikilla vinsælda um allan heim, ekki síst hjá börnum. Umsjón með útgáfunni hafði Pamela De Sensi flautuleikari.

35 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3174-2

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

# KANÍNUSAGA

## MAGNÚS PÁLMI ÖRNÓLFSSON

Eina nóttina fer kanínan hans Kolbeins að heiman með ófyrirséðum afleiðingum. Spennandi og falleg saga fyrir unga krakka.




Yndissaga
myndskreytt bók

sögur útgáfa
www.sogurutgafa.is




## Katla og Ketill koma á óvart

**Sippóra**
**Myndir: Halla Sólveig Þorgeirsdóttir**
Katla og Ketill hafa heyrt sögurnar um Jesú og reyna að gera eins og hann. Þau uppgötva fljótt að þau eru fær um að gera hina ótrúlegustu hluti. Þau geta hjálpað, stutt og styrkt aðra alveg eins og Jesús gerði. Auðvitað gat enginn nema Jesús mettað 5000 manns á fimm brauðum og tveimur fiskum! En þau geta deilt nestinu sínu með öðrum sem ekkert hafa.

Katla og Ketill bera sögurnar um Jesú saman við sitt daglega líf og verða betri manneskjur fyrir vikið.
24 bls.
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-82-6
Leiðb.verð: 1.490 kr. Kilja



Íslenska merfolaldið:
## Kátína

**Hildur Þóra Ólafsdóttir**
**Myndskr.: Josefina Margareta Morell**
Höfundur, sextán ára menntaskólanemi, segir skemmtilega frá merfolaldinu Kátínu sem reynist gæðagripur og fær fínar einkunnir þegar hún fer í dóm, fjögurra vetra hryssa.

Fallegar litmyndir. Frásögnin er á fjórum tungumálum, ensku, sænsku og þýsku, auk íslenskunnar.
32 bls.
**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-86-2
Leiðb.verð: 2.780 kr.

IÐA




## L7

*Hrafnar, sóleyjar og myrra*
**Eyrún Ósk Jónsdóttir og Helgi Sverrisson**
Lára Sjöfn er 13 ára unglingsstelpa sem tekst á við lífið eftir mikinn sorgarvetur. Hún flækist inn í dularfulla atburðarás og þarf að bregða sér í hlutverk leikara, spæjara og hetju til þess að leysa úr málum.

Lára Sjöfn finnur gleðina á ný í þessari skemmtilegu sögu sem er full af spennandi augnablikum, hjartagæsku og góðum húmor.

Samnefnd kvikmynd eftir sögunni verður frumsýnd í Reykjavík í febrúar 2011.
224 bls.
**Skrudda**
ISBN 978-9979-655-73-2
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



## Lagarfljótsormurinn

**Huginn Þór Grétarsson**
**Myndskr.: Matias Festa**
**Myndir: Grunnskólanemendur**
Sagan byggir á þjóðsögunni um orminn í Lagarfljóti. Feðgar halda austur á land alla leið til Hallormsstaðaskógar. Þar komast þeir í kynni við vætti sem lifir í fljótinu. Aftast í bókinni er þjóðsagan endursögð, en þar birtist líka ljósmynd sem náðist af Lagarfljótsorminum sumarið 2008.
56 bls.
**Óðinsauga Útgáfa**
ISBN 978-9979-9998-0-5
Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Litabók með biblíusögum

**Endurs.: Elín Elísabet Jóhannsdóttir**
**Myndskr.: Sigrún Hanna Ómarsdóttir**
Í þessari bók er að finna 30 stuttar sögur um Jesú með fallegum myndum sem börnin sjálf geta litað. Textinn er einfaldur og auðvelt að lesa hann.

Mamma og pabbi fá það hlutverk að fylgjast með og lesa söguna fyrir þau börn sem ekki eru farin að lesa sjálf.
64 bls.
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-84-0
Leiðb.verð: 1.490 kr. Kilja

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Sökktu þér í ævintýri






Eldfjörug bók um sumar á eyju, brjálaðar kríur, óþekktarorm og bréfaskriftir eftir höfund bókanna um spæjarann Fjóla Fífils.








Kóngur og drottning geta ekki eignast barn, en einn daginn kemur dularfull kona til hallarinnar ... Spennandi ævintýri eftir Gunnar Helgason og Björgvin Franz Gíslason sem tengist efni Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu.




## Lítil saga um latan unga

**Guðrún Helgadóttir**
**Myndir: Anna Cynthia Leplar**
Unga litla líður svo vel í hreiðrinu hjá mömmu sinni að hann vill aldrei fara burt. Mamma gerir allt sem unginn biður um en einn daginn fær hún nóg. Hér er á ferðinni skemmtilegt ævintýri eftir Guðrúnu Helgadóttur um það að standa á eigin fótum, prýtt glæsilegum myndum Önnu Cynthiu Leplar.
25 bls.
FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2120-3

BÓKAFÉLAGIÐ




## Loðmar

**Auður Ösp Guðmundsdóttir og Embla Vigfúsdóttir**
Loðmar býr á opnu eitt, sem er tóm, eyðileg, óútfyllt auðn. Hann fyllist eldmóði og leggur upp í ófyrirsjáanlega ferð um opnur bókarinnar. Á flakkinu kynnist hann öðrum bókbúum sem hleypa svo sannarlega lífi í tuskurnar.
40 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-50-0




## Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann

**Hallfríður Ólafsdóttir**
**Myndir: Þórarinn Már Baldursson**
Maxímús Músíkús býr í gömlum bassa í stóra tónlistarhúsinu og líkar lífið vel. Einn daginn fer hann í óvænt ferðalag og kemst að því að börn geta líka spilað á hljóðfæri! Hér er komin ný og spennandi saga um tónelsku músina Maxa sem heillað hefur hug og hjörtu fjölda barna. Bókinni fylgir geisladiskur þar sem Valur Freyr Einarsson les söguna og ungir einleikarar flytja tónverkin sem við sögu koma ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar.
33 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3149-0




## Með á nótunum 2

**Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Myndir: Sigríður Ásdís Jónsdóttir**
Sjálfstætt framhald bókarinnar *Með á nótunum* sem notið hefur mikilla vinsælda. Hér eru enn fleiri skemmtilegir hreyfisöngvar og þulur sem gaman er að kunna. Lögunum fylgja útskýringar á hreyfingum þar sem stuðst er við tjáningarformið Tákn með tali. Aftast í bókinni eru nótur að öllum lögunum ásamt einföldum gítar- og píanóhljómum. Þá fylgir geisladiskur bókinni þar sem lögin og þulurnar eru flutt.
80 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-111-1

## Moli litli flugustrákur saga um lítinn flugustrák 1

**Ragnar Lár**
Þessar ástsælu sögur um Mola litla flugustrák eru nú loksins fáanlegar á ný. Bækurnar fjalla um Mola litla flugustrák og besta vin hans, Jóa járnsmið. Saman lenda




þeir í ýmsum ævintýrum þar sem Köngull könguló, reynir sífellt að klekja á þeim. Fallegar, skemmtilegar og auðlesnar bækur fyrir börn á aldrinum 2 – 9 ára.
32 bls.
**Garou ehf**
ISBN 978-9935-9009-0-6
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja




## Moli litli flugustrákur saga um lítinn flugustrák 2

**Ragnar Lár**

32 bls.
**Garou ehf**
ISBN 978-9935-9009-1-3
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja




„Fræðandi og flott bók sem allar ungar stúlkur ættu að eiga.“
–Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, fjölmiðlakona

„Bók sem unglingsstúlkur mega ekki láta framhjá sér fara. Hefði viljað svona bók þegar ég var yngri.“
–Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona

DYNAMO REYKJAVÍK

# STELPUR! STELPUR! STELPUR STELPUR!



Það er stundum ekkert grín að vera stelpa þótt það geti líka verið algjört grín. Kraumandi viskubrunnur um fjölmargt sem fylgir því að vera stelpa. Hér er að finna svör við ótal spurningum sem vakna um ólíkustu mál – allt frá förðun til fjárhaglegs heilbrigðis og frá mataræði til misgóðra foreldra.

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9



## Nornin og dularfulla gauksklukkan

**Gunnar Helgason og Björgvin Franz Gíslason**
**Myndir: Halldór Baldursson**

Í óþekktu konungsríki eru allir ánægðir og glaðir nema konungshjónin sem geta ekki eignast barn. Dag einn kemur ægifögur kona til ríkisins með dularfulla klukku og segir að þegar gaukurinn í klukkunni gali í fyrsta sinn muni þau eiga barn í vændum. En gaukurinn á eftir að gala oftar og það boðar ekki alltaf gleðitíðindi. Þetta spennandi ævintýri tengist efni Stundarinnar okkar í Sjónvarpinu í vetur.
47 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-152-4



## Ormur gutti og litli indjáninn

**Huginn Þór Grétarsson**
**Myndskr.: Emily Weber**

Ormur gutti kynnist ólíkum lífsháttum í framandi heimi. Þegar Ormur óhlýðnast segir mamma hans sögur af litlum indjána sem býr uppi í Andesfjöllum Suður-Ameríku. Til dæmis þegar Ormur vill ekki fara í bað, segir hún sögu af indjánanum Tító sem baðar sig í ískaldri á sem rennur ofan úr fjöllum.
40 bls.
**Óðinsauga Útgáfa**
ISBN 978-9979-9998-1-2
Leiðb.verð: 2.980 kr.

## Prinsessan á Bessastöðum

**Gerður Kristný**
**Myndir: Halldór Baldursson**

Forsetinn hefur fengið góða gesti frá útlöndum: Kóng, drottningu og prinsessu! Sautjándi júní nálgast og þá fær fullt af duglegu fólki




fálkaorðu. En ótalmargt gerist áður en fálkaorðuveislan getur byrjað. Eldfjörug saga fyrir 6 ára og eldri.
88 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3114-8 Kilja







## Prinsessan á Bessastöðum

**Gerður Kristný**

Forsetinn hefur fengið góða gesti frá útlöndum: Kóng, drottningu og prinsessu! 17. júní nálgast og þá á að veita alls konar duglegu fólki fálkaorðu. En ótalmargt gerist áður en fálkaorðuveislan getur byrjað. Sjálfstætt framhald af Ballinu á Bessastöðum.

Höfundur les.
🔊 60 mín.
**Dimma ehf.**
ISBN 978-9935-401-14-4
Leiðb.verð: 1.990 kr.




## Raggi litli í Ævintýralandi

**Haraldur S. Magnússon**
**Myndir: Karl Jóhann Jónsson**

Splunkuný bók í ritröðinni um Ragga litla. Nú heldur hann til Ævintýralandsins. Atburðarásin er hröð og ný ævintýri drífa á daga Ragga hvert á fætur öðru.
32 bls.
**Óðinsauga Útgáfa**
ISBN 978-9979-9998-3-6
Leiðb.verð: 2.980 kr.



## Rikka og töfrahringurinn á Indlandi

**Hendrikka Waage**
**Myndskr.: Inga María Brynjarsdóttir**

Rikka á töfrahring og með hans hjálp ferðast hún um Indland með vini sínum. Þau lenda í alls kyns óvæntum ævintýrum og fræðast um spennandi staði.
40 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-55-5

# *Hefur þér aldrei dottið í hug, afi, að fara í spakmælameðferð?*

Eftir að hafa flikkað svolítið upp á innanhússarkitektúrinn í stofu kennarafasistans er Hrafn rekinn úr skólanum.

Fljótlega birtist annar Hrafn. Það er afi sem kemur til skjalanna og býður Hrafni til sín í sumarbústaðinn.

En höfuðskepnurnar setja strik í reikninginn og saman lenda nafnarnir í ævintýralegum hremmingum.




❄

**Spennandi og áhrifamikil saga fyrir alla stráka og stelpur, alla pabba og mömmur og líka alla afa og ömmur!**

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

Ránargötu 20 • 101 Reykjavík • sími 561 0055 • www.ormstunga.is



## Rikka og töfrahringurinn á Íslandi
## Rikka and her Magic Ring

**Hendrikka Waage**
**Myndskr.: Inga María Brynjarsdóttir**

Rikka á töfrahring og með hans hjálp getur hún ferðast um með vinkonu sinni. Þær lenda í óvæntum ævintýrum og skoða marga þekktustu staði á töfraeyjunni Íslandi.

Bókin er einnig fáanleg á ensku og þær báðar til sem hljóðbækur. Vigdís Hrefna Pálsdóttir les.

40 bls.
🔊 Hljóðbók 32 mín.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-38-8/-11-1/-10-4/-37-1




## Sagan af Lillalalla og vatninu góða

**Eyvindur P. Eiríksson**

"Af hverju flytur fólk úr þorpinu? Af hverju má pabbi ekki veiða meiri fisk? Heldur mamma vinnunni?"

Margt snýst í höfðinu á Lillalalla. Til sögu koma Ítalir sem vilja flytja út besta vatn Íslands og láta fljótustu unglingana auglýsa vatnið. Lillilalli, Dysta fóstursystir og pólski Jacek ætla að sigra og fá Ítalina til að taka "lifandi vatnið" hennar Sölu gömlu í dalnum. Tekst þetta? Og hvað með Badda hrekkjusvín?

121 bls.
**Vestfirska forlagið**
ISBN 978-9979-778-97-4
Leiðb.verð: 2.400 kr.




## Sjáðu svarta rassinn minn

*Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*

**Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir**
**Myndskr.: Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir**

Hér eru stúlkur í aðalhlutverki í þjóðsögum, röskar og ráðagóðar! Höfundar segja létt og lipurt frá og skreyta fallega og fjörlega. Hæfilega hrollvekjandi sögur – enda draugar, þursar og galdramenn á ferð. Auðvitað bæði fyrir stráka og stelpur – á öllum aldri.

64 bls.
**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-84-8
Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Sjónhverfingar

*Ekki er allt sem sýnist*

Í þessari bráðskemmtilegu þrautabók glímir þú við ýmsar myndaþrautir og kemst þá væntanlega að því að ekki er allt sem sýnst.

80 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-82-1
Leiðb.verð: 1.190 kr. Kilja




## Skrímsli á toppnum

**Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güttler og Rakel Helmsdal**

Uppi í háu tré prílar stóra skrímslið og segir frá ævintýralegri fjallgöngu á Skrímslatind. Litla skrímslið heldur sig við jörðina en frásögnin fer á flug. *Skrímsli á toppnum* er sjötta bókin um litla og stóra skrímslið. Bækurnar hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál og hlotið margs konar verðlaun og viðurkenningar.

25 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3179-7



## Skýjahnoðrar

**Huginn Þór Grétarsson**
**Myndskr.: Cassandra Canady**

Skýjahnoðrar eru litlar góðlyndar verur sem færa börnum drauma á næturnar. Einn góðan veðurdag reisa menn verksmiðju sem blæs mengun út í andrúmsloftið. Uppi í svörtu mengunarskýinu situr fastur skýjahnoðri. Sótsvartur af útblæstri er hnoðrinn óttalega dapur og gramur í geði, hóstandi og hnerrandi. Í stað þess að færa börnum fagra drauma, fara þau að fá martraðir…

28 bls.
**Óðinsauga Útgáfa**
ISBN 978-9979-9998-2-9
Leiðb.verð: 2.980 kr.



# HÉR ER FÍASÓL!

**Glæsileg bók um gleðisprengjuna og grallarann Fíusól sem fer í æsispennandi ferðalag!**

Bækur Kristínar Helgu Gunnarsdóttur um Fíusól hafa slegið eftirminnilega í gegn.

Litmyndir eftir Halldór Baldursson.



5+




MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

# Kanntu að klifra?



**Stóra skrímslið er komið hátt upp í tré en litla skrímslið heldur sig við jörðina þótt hugurinn fari á flug. Kann það kannski ekki að klifra?**

**Ný bók í margverðlaunuðum bókaflokki.**

**„Ber frjórri samvinnu vitni, frumlegri kímnigáfu og fágætri hugmyndaauðgi.“**

Helene Ehriander / Bibliotekstjänst




2+

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




## Spói

**Ólafur Jóhann Sigurðsson**
**Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg**
**Uppl.: Ólafía Hrönn Jónsdóttir**
Sígild barnasaga í nýjum og glæsilegum búningi. Íslenskur spói þykist öðrum spóum gáfaðri og menntaðri leggur upp í mikla reisu til að finna sér konuefni við hæfi og hefst þá kostuleg atburðarás! Diskur með lestri Ólafíu Hrannar Jónsdóttur á sögunni fylgir með bókinni!
44 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-68-0
Leiðb.verð: 3.990 kr.

## Spurningabókin 2010

**Guðjón Ingi Eiríksson**
Hér finnurðu spurningar um allt milli himins og jarðar og þessa bók er hægt að nota nánast hvar og hvenær sem er.



80 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-78-4
Leiðb.verð: 1.190 kr. Kilja




## Stafasúpan

**Áslaug Ólafsdóttir**
**Myndskr.: Þorgerður Jörundsdóttir**
Bráðskemmtilegar vísur fyrir skólabörn. Hér er fjallað um kennara, víkinga, ketti og kýr, morgunhana, vælukjóa, friðardúfur og fjórhunda, svo örfá dæmi séu tekin, fyrir utan stafasúpuna góðu sem allir krakkar verða að hesthúsa.
24 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-60-9 Kilja






Bók fyrir forvitnar
## Stelpur!
*Ástin, útlitið, vinkonur, peningar, áhugamál, fjölskyldan og allt hitt líka*

**Kristín Tómasdóttir og Þóra Tómasdóttir**
Kraumandi viskubrunnur um fjölmargt sem fylgir því að vera stelpa. Svör við ótal spurningum sem vakna um ólíkustu mál – allt frá förðun til fjárhaglegs heilbrigðis og frá mataræði til misgóðra foreldra. „Bók sem unglingsstúlkur mega ekki láta framhjá sér fara. Hefði viljað svona bók þegar ég var yngri." – Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona
328 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-77-2
Leiðb.verð: 4.990 kr.

## Stelpurokk

**Bryndís Jóna Magnúsdóttir**
Ný unglingabók eftir metsöluhöfund bókanna *Er ég bara flatbrjósta nunna?* og *Senjorítur með sand í brók.*




Fjórar stelpur skipa hljómsveitina Freebirds. Þær rokka og ástin svífur í loftinu. Þrælskemmtileg bók.
180 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-73-8




## Stóra Disney matreiðslubókin

Í bókinni er að finna einfaldar uppskriftir að seðjandi morgunverðum, ljúffengum smáréttum, bragðgóðu snarli, næringarríkum máltíðum, svo ekki sé minnst á freistandi eftirrétti og ilmandi bakstur.
201 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-51-8
Leiðb.verð: 3.990 kr.

# Dularfulla safnahúsið!

Spennandi saga um eldgamalt safn þar sem ekki er allt sem sýnist.

Fyrsta bókin í nýjum bókaflokki eftir Sigrúnu Eldjárn.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

RÍKULEGA MYNDSKREYTT






★★★★

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn





Hlý og skemmtileg verðlaunasaga fyrir stráka og stelpur eftir metsöluhöfundinn Þorgrím Þráinsson.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

Eiga afar líka leyndarmál?







## Stúfur tröllastrákur

**Helga Sigurðardóttir**

Stúfur tröllastrákur í Esjunni á enga vini þar til hann byrjar í skóla. Hann kynnist Bárði og Fjólu og öllum hinum krökkunum í bekknum hennar Sumarrósar kennara.

Yndisleg lesning fyrir alla aldurshópa.

110 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-47-9




## Tóta tíkarspeni

**Þórir S. Guðbergsson**

**Myndskr.: Hlynur Örn og Kristinn R. Þórisson**

Tóta litla er hress og kát, en stundum einmana. Undir stóru tré heyrir Tóta dularfulla rödd og eignast leynivin.

32 bls.

**Hugsmiðjan**

ISBN 978-9935-9006-0-9 Kilja







## Upp í sveit

**Halldór Á. Elvarsson**

Skemmtileg bók fyrir börn sem vilja vita meira um dýrin í sveitinni. Hér er að finna fjölbreyttan fróðleik um íslensku húsdýrin ásamt skýrum og skemmtilegum myndum af dýrunum og afkvæmum þeirra. Veggspjald með íslensku húsdýrunum fylgir bókinni.

25 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3151-3




## Var það bara svona?

**Kristín R. Thorlacius**

**Myndir: Erla Sigurðardóttir**

Amma kann margar sögur sem gott er að hlusta á. Og muna. Sagan hennar um stelpuna í sveitinni sem var illa við geithafrana er skemmtileg og fræðandi. Það er sagan af því þegar hrútarnir átu hafrana.

Kristín R. Thorlacius segir frá á sprelllifandi og gamansaman hátt og Erla Sigurðardóttir gefur sögunni líf og lit með gullfallegum myndskreytingum.

32 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-77-8

Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Veðraland

**Skorri Steinn**

**Myndskr.: Pétur Stefánsson**

Fyrir tíð manna á Íslandi hét landið Veðraland. Þá var hér blómleg byggð dularfullra vera. Allir kannast við sögur af tröllum, álfum og öðrum hulduverum sem jafnvel eru taldar búa á meðal okkar í dag.

48 bls.

**Hrafnar**

ISBN 978-9935-425-00-3




## Vetur í Rjúpuskógi

**Atli Vigfússon**

Það er vetur í Rjúpuskógi og rjúpusystur takast á við ýmsa erfiðleika. Glæsileg barnabók eftir Atla Vigfússon með gullfallegum myndum eftir Hólmfríði Bjartmarsdóttur þar sem íslensk náttúra fær

# Vetur, sumar, vor og haust!

Bráðfjörug og stórglæsileg barnaljóðabók eftir Sigrúnu og Þórarin Eldjárn. Bók sem börnin lesa aftur og aftur ... og fullorðna fólkið líka.




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is




# Að taka flugið

Unga litla líður vel í hreiðrinu hjá mömmu sinni. Það er því viðeigandi að mamma hans nefnir hann Hreiðar! Mamma gerir allt sem Hreiðar biður um en einn daginn fær hún nóg ...

Hugljúf og glæsileg bók eftir hinn ástsæla höfund Guðrúnu Helgadóttur.

Anna Cynthia Leplar myndskreytti.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

að njóta sín og tilfinningum málleysingjanna er gefinn gaumur.
60 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-54-7




## Vinur, sonur, bróðir

**Þórður Helgason**

Það gengur mikið á í lífi Óla haustið 2008 þegar hann byrjar í 10. bekk. Þjóðfélagið fer á hliðina, með tilheyrandi mótmælum og látum, og foreldrar hans fara að fjölga mannkyninu á gamals aldri! Svo kemur ný stelpa í bekkinn og allt breytist. Óli þarf að glíma við aðstæður, tilfinningar og spurningar sem hann hefur fram að þessu sloppið við.
140 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-53-1 Kilja




## Þankaganga Myślobieg

**Vala Þórsdóttir og Agnieszka Nowak**

Bráðsniðug og áhugaverð barnabók sem gefur innsýn í daglegt líf 10 ára stelpu af blönduðu þjóðerni. Þankaganga Myślobieg er á íslensku og pólsku. Teikningarnar eru jafnmargar köflunum og eru saga útaf fyrir sig.
120 bls.
**Agnieszka Nowak & Vala Þórsdóttir**
ISBN 978-9979-70-823-0 Kilja




## Þegar teningarnir taka völdin

**Sigurjón Rúnar Vikarsson**

*Þegar teningarnir taka völdin* er sjálfstætt framhald af bókinni *Virkisvörðunum* sem út kom árið 2008.

Sögupersónurnar eru þær sömu en nú eru það frændsystkinin Snædís og Ernir sem eru í aðalhlutverkunum ásamt sínum seinheppna afa, honum Sigga. Ævintýri fjölskyldunnar halda áfram í þessari bók og taka nýja og óvænta stefnu þegar Rödd hvíslar í eyrað á afa og dularfullir Krossgátuteningar koma til sögunnar. Þetta er góð fjölskyldusaga sem býður upp á spennu, dulúð, húmor og hugljúfar stundir og lætur engan ósnortinn og skiptir aldur þar engu máli.

Myndir í bókina teiknaði Birta Rós Sigurjónsdóttir.
194 bls.
**Grágás ehf.**
ISBN 978-9979-9942-1-3
Leiðb.verð: 3.210 kr.




## Þokan

**Þorgrímur Þráinsson**

Það eru liðnir þrír mánuðir frá því að Jóel bjargaði sér hetjulega úr klóm erlendra glæpamanna og hann er orðinn leiður á sífelldum spurningum um afrek hans. Hann vill bara vera í friði og hlakkar til að slaka á með vinum sínum á Snæfellsnesi. En ferðin verður ekki eins og Jóel sá fyrir sér. *Þokan* er dulræn og spennandi unglingasaga og sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Núll núll 9*.
228 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3199-5




## Þór – Leyndarmál guðanna

**Friðrik Erlingsson**

Þór Óðinsson þeytist um heiminn að sinna skyldum sínum við guði og menn, í von um viðurkenningu föður síns. Gömlu guðirnir eru hins vegar fullir öfundar yfir vinsældum Þórs og reyna að losa sig við hann. Af stað fer æsispennandi atburðarás þar sem hin illu öfl notfæra sér veikleika Þórs og fyrr en varir er allt líf í mannheimum og goðheimum í uppnámi. Íslenska teiknimyndafyrirtækið CAOZ vinnur nú að alþjóðlegri tölvuteiknimynd um Þór.
327 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-73-4
Leiðb.verð: 3.990 kr.






### Þrautageitungurinn

**Árni Árnason**
**Myndir: Halldór Baldursson**
Nýr Geitungur! Úrvalsefni – íslenskt! Alls konar skemmtilegar þrautir. Fyrri Geitungar njóta mikilla vinsælda og hafa hlotið einróma lof – enda eftir virta höfunda. Áður hafa komið út Geitungurinn 1-4, Ferðageitungurinn og Talnageitungurinn. Geitungurinn 1 verður brátt prentaður í fjórtánda sinn.
48 bls.
**IÐNÚ bókaútgáfa**
ISBN 978-9979-67-258-6

### Þyngdaraflið

**Anna Ingólfsdóttir**
**Myndskr.: Elísabet Brynhildardóttir**
Hvað gerist ef þyngdaraflið heldur okkur ekki niðri á jörðinni? Ísak er dreginn inn í prakkarastrik Jöru jarðarbarns, sem stelst með þyngdaraflið sjálft upp á yfirborð jarðar. Getur Ísak komið í veg fyrir að allur heimurinn takist á loft? Sjáið hvernig vindurinn, sólin og jörðin hjálpa krökkunum tveimur að bjarga Móður Jörð.

Hér er á ferðinni stórkostlega myndskreytt ævintýri, sem heldur engum á jörðinni.




38 bls.
**Anna Ingólfsdóttir**
Dreifing: Myndform
ISBN 978-9979-70-839-1
Leiðb.verð: 3.690 kr.

### Ævintýri Lilla – Á slóð sjóræningja

**Þorlákur Már Árnason**
Lilli er sniðugur strákur sem




fer í heimsókn til afa og ömmu í Vestmannaeyjum. Á eyjunni er að finna björgunardúfur, apa sem toga í eyrun á kindum og hella sem geyma leyndarmál. Svo er gaman og lærdómsríkt að fara á sjó með afa Gísla.
64 bls.
**Lilli Holding**
ISBN 978-9979-70-722-6
Leiðb.verð: 2.490 kr.


## Nýr DVD diskur fyrir börn á aldrinum tveggja til níu ára!




Hafdís og Klemmi, börn og brúður lenda í ýmsum ævintýrum!

Líflegir sunnudagaskólasöngvar.

Sögur Jesú sagðar með nútímalegum og lifandi hætti.

Fjórir 25 mín. þættir; frábærir, fjörugir, hressandi og fræðandi!

Verð kr. 2490,-

**Skálholtsútgáfan**
Sími 528 4200
skalholtsutgafan.is

# Þýddar barna- og unglingabækur




## 365 hugmyndir til að teikna og mála

**Fiona Watt**
**Þýð.: Sigþrúður Gunnarsdóttir**
Langar þig að teikna íþróttamenn, blóm eða vélmenni – mála mörgæsir með fingrunum, stimpla skrautleg skrímsli með grænmeti eða vatnslita draugakastala? Þessi frábæra bók geymir 365 skemmtilegar hugmyndir að verkefnum sem gaman er að prófa – alla daga ársins!
128 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3103-2




## 500 myndagátur og þrautir

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
Það er alltaf gaman að glíma við gátur og þrautir og finna lausnir við spurningum af ýmsum toga. Í bókinni eru fjölbreytileg verkefni, svo sem talnaþrautir, orðagátur og teikni-og litaþrautir. Einnig önnur heilabrot sem þjálfa börn og unglinga í hugsun og leik.
96 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-470-0
Leiðb.verð: 1.950 kr.




## Andarunginn lærir að synda

**Glenn Johnstone**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
-Af hverju syndirðu ekki í vatninu? spurði spörfuglinn. -Æ, bra-bra, sagði andarunginn,- ég er svo hræddur.- Þú verður að læra að synda, litli andarungi! Hinar bækurnar í þessum flokki heita *Fjörugur fiskur* og *Kiddi kanína*. Glitrandi og hrífandi myndir á hverri síðu.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-457-1
Leiðb.verð: 1.250 kr.




## Artemis Fowl – Atlantisduldin

**Eoin Colfer**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Glæpasnillingurinn Artemis Fowl er staddur á Vatnajökli og eitthvað dularfullt er á seyði – hann er orðinn góður! Það er eins gott að hulduverunum takist að kalla fram hinn raunverulega Artemis áður en óðir róbótar ráðast á hópinn og eyða öllu lífi á jörðinni. Hér er komin margslungin og skemmtileg saga sem þykir jafnvel sú besta af Artemis-bókunum hingað til.
357 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-159-3





## Bert

*og rússneska innrásin*
**Sören Olsson og Anders Jacobsson**
**Þýð.: Jón Daníelsson**
**Myndskr.: Kwok-Hei Mak**

*Vandamál*: Bert fær óvænta heimsókn og neyðist til að flytja inn í klæðaskápinn með tölvuna sína og sofa þar á litlum ferðabedda.

*Ástæða*: Foreldrarnir hafa leigt herbergið hans. Leigjandinn er rússnesk stelpa. Hún heitir Darja og er snillingur í fimleikum.

*Gagnsókn*: Afhjúpa grunsamlegan tilgang Dörju með Svíþjóðarheimsókninni þannig að Öryggislögreglan geti komið henni úr landi og – umfram allt úr herbergi Berts.

*Galli*: Darja reynist erfið viðfangs. Hún er til dæmis miklu sætari en ætti að vera löglegt, þegar innrásarhermaður á í hlut.

Með hjálp góðra vina, eldri ættingja og síns eigin rússneska uppruna, tekst Bert á við vandamálin …

126 bls.
**Bókaforlagið Bifröst**
ISBN 978-9935-412-04-1
Leiðb.verð: 2.990 kr.

BÓKAFÉLAGIÐ



## Bílar

*Krókur*
*Leiftur*
**Walt Disney**

Fjörlegar og skemmtilegar bækur sem yngstu aðdáendur Bíla munu taka fagnandi.

10 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-74-7/-72-3
Leiðb.verð: 1.590 kr. hvor bók



## Bjarnastaðabangsarnir

*Bjarnastaðabangsarnir og nýja barnið*
*Bjarnastaðabangsarnir byrja í skóla*
*Bjarnastaðabangsarnir hjá lækninum*
*Bjarnastaðabangsarnir flytja*
**Stan & Jan Berenstain**
**Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson**

Loksins eru bækurnar um bangsafjölskylduna á Bjarnastöðum fáanlegar á íslensku. Þessi margverðlaunaði bókaflokkur höfðar til barna á aldrinum 4 til 10 ára og fjallar um systkinin Systu og Bróa, upplifanir þeirra á heiminum og öll þau verkefnin sem þau þurfa að glíma við í daglegu lífi í skjóli foreldra sinna. Og gleðin og sorgirnar, sigrarnir og vandamálin eru reyndar þau sömu og allar fjölskyldur þurfa að fást við fyrr eða síðar á lífsleiðinni.

32 bls.
**Undur og Stórmerki**
ISBN 978-9979-9960-2-6/-4-0/-3-3/-5-7
Leiðb.verð: 1.490 kr. hver bók



## Breki og Dreki í leikskóla

**Aino Havukainen og Sami Toivonen**
**Þýð.: Þórdís Gísladóttir**

Breki og Dreki kitla hláturtaugar lesenda hvað eftir annað og litskrúðugar myndir með aragrúa sniðugra smáatriða er endalaust hægt að skoða. Bækurnar um Breka og Dreka hafa farið sigurför um heiminn, en þetta er fyrsta bókin sem kemur út á íslensku.

32 bls.
**Bjartur**
ISBN 9789979 657873
Leiðb.verð: 2.980 kr.






## Dagbók Kidda klaufa 2

*Róbbi rokkar*

**Jeff Kinney**

**Þýð.: Helgi Jónsson**

Kiddi klaufi sló í gegn í fyrra með dagbók sinni og hér heldur hann áfram að segja frá lífi sínu í máli og myndum á sinn óborganlega hátt. Núna er það Róbert sem tranar sér fram og gerir allt til að pirra litla bróður. Léttur skemmtilestur fyrir alla!

224 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-55-4



## Disney sögusafn – Jólasögur

**Walt Disney**

Tuttugu fallegar jólasögur með öllum uppáhalds Disney persónunum þínum.

303 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-52-5

Leiðb.verð: 4.490 kr.




## Disney sögusafn – Kvöldsögur

**Walt Disney**

Fallega myndskreytt ævintýrabók með hugljúfum kvöldsögum.

303 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-53-2

Leiðb.verð: 4.490 kr.






## Disney sögusafn – Toy Story

**Walt Disney**

Rifjum upp gömul ævintýri og kynnumst nýjum vinum í endursögn úr vinsælu teiknimyndunum þremur um Leikfangasögu.

307 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-54-9

Leiðb.verð: 4.490 kr.



## Disney þrívíddarbækur

*Bílar 3D*

*Prinsessur 3D*

*Toy Story 3D*

**Walt Disney**

Engar venjulegar bækur! Síðurnar virðast venjulegar en leyna á sér því bókunum fylgja þrívíddargleraugu sem gefa myndunum aukna dýpt. Þrívíddarsögur, flottir límmiðar í þrívídd og skemmtilegar þrívíddarþrautir.

32 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-45-7/-46-4/-47-1

Leiðb.verð: 1.190 kr. hver bók

Kilja




## Doddi -Sögur og leikir

**Enid Blyton**

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Litrík og bráðskemmtileg sögu og leikjabók fyrir unga fólkið. Doddi og Eyrnastór í essinu sínu.

96 bls.

**Útkall ehf.**

ISBN 978-9979-9957-5-3

Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Dýrin í sveitinni

**Susan Niessen**

**Þýð.: Jón Orri**

Verið velkomin í sveitina. Hér eru húsdýrin okkar. Börn byrja snemma að herma eftir hljóðum dýra. Með því að ýta á dýramyndirnar framan á bókinni heyra þau dýrahljóð sem tengjast frásögninni. Neðst til hægri framan á bókinni, undir myndinni af öndinni er lítill plaststrimill sem skal fjarlægja. Þá heyrast dýrahljóðin. Skoðum, lesum og hlustum.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-489-2

Leiðb.verð: 2.950 kr.







Á hverri opnu eru litmyndir ásamt 40 opnanlegum gluggum sem vekja áhuga og spurningar.

Í Erilborg eru íbúarnir skemmtilegir. Þar eru ýmis dýr sem heita líflegum nöfnum og taka upp á mörgu óvenjulegu.

Rósalind prinsessa og vinir hennar trúa vart eigin augum þegar þau finna dádýrið Bamba í garði nornarinnar.

Villi grís er jákvæður ungur grís sem alltaf er tilbúinn til hjálpar. En Vil-ekki grís er þver og óþekkur.







SETBERG




## Elskar mig – elskar mig ekki

**Þýð.: Böðvar Guðmundsson**

Sögurnar í þessari bók fjalla allar um að vera ástfanginn, vera elskaður og þora að fylgja hjarta sínu. Sextán norrænir höfundar frá átta málsvæðum skrifa hér um ástina í allri sinni fjölbreytni fyrir lesendur frá 13 ára aldri.
205 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3181-0
óbundin




## Ég er ekki norn

**Kim M. Kimselius**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Ramóna og Theó eru í skógarferð og skyndilega flytjast þau til í tíma og standa við logandi bálköst. Ung stúlka er bundin við staur efst á bálkestinum og án þess að hika reisir Ramóna stiga við bálköstinn, klifrar upp og leysir hana. Fólkið sem er að fylgjast með galdrabrennunni stendur sem lamað og Ramóna, Theó og unga stúlkan taka til fótanna. Þá upphefst spennandi atburðarás sem lýsir nornaveiðum fyrri tíma.
221 bls.
**Urður bókafélag**
ISBN 978-9979-9931-4-8
Leiðb.verð: 3.390 kr.




## Faðmaðu mig

**Þýð.: Sirrý Skarphéðinsdóttir**

Fjórar hrífandi myndabókasögur í safnútgáfu með einstökum teikningum. Frábær bók til að lesa með börnum aftur og aftur.
120 bls.
**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9979-782-98-8
Leiðb.verð: 2.690 kr.




Fílafjölskyldan

## Fimm mínútna friður

**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson og Sara Hlín Hálfdanardóttir**

Fílamamma þráir fimm mínútna frið og ró frá annasömu heimili og börnum. En slíkar sælustundir eru fátíðar því börnin hennar þrjú krefjast athygli hennar öllum stundum, líka á baðherberginu.

Þessi metsölubók um fílafjölskylduna er loksins komin til landsins eftir að hafa slegið í gegn um allan heim.
32 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9974-2-9
Leiðb.verð: 2.490 kr.




## Fjör í bæ

**Disney Pixar**

Dag einn koma tveir nýir bílar í Vatnskassavin. Þeir kynnast Leiftri, Krók, Sollu og öllum hinum bílunum. Frábær bók fyrir forvitin börn, því á henni eru hjól til að snúa, flipar til að lyfta og myndir sem hreyfast.
14 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-41-9
Leiðb.verð: 2.890 kr.

## Fjörugar bækur með hljóðum

*Fjörug farartæki*
*Fjörugur dagur*
**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson og Sara Hlín Hálfdanardóttir**







Í bókunum *Fjörugur dagur* og *Fjörug farartæki* njóta börnin þess að ýta á hnappana til að hlusta á hljóðin í farartækjunum og dýrunum um leið og þau skoða fallegar teikningar í þessum fræðandi og fallegu bókum.
12 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-99799-974-7-4/-8-1
Leiðb.verð: 2.690 kr. hvor bók




## Fjörugur fiskur

**Glenn Johnstone**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Fjörugi fiskurinn Uggi átti heima í tjörn með vini sínum Snigli. Þeir syntu og léku sér allan daginn.-Fiss, spliss, fiss, sagði Uggi,- hvar get ég fundið mér hús? Hinar bækurnar í þessum flokki heita *Andarunginn lærir að synda* og *Kiddi kanína*. Allar bækurnar með

glitrandi og hrífandi myndum á hverri síðu.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-459-5
Leiðb.verð: 1.250 kr.




Í dýragarðinum

## Flipa- og skuggamyndabók

**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson og Sara Hlín Hálfdanardóttir**
Skemmtileg flipa- og skuggamyndabók sem fær börnin til að læra og skemmta sér vel við að uppgötva dýrin sem eru falin undir flipunum.

Fallegar myndir af dýrum úr öllum heimshornum.
14 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9924-7-9
Leiðb.verð: 2.490 kr.




## Fróði sóði

**David Roberts**
**Þýð.: Pétur Már Ólafsson**
Fróði sóði sló í gegn hjá íslenskum börnum í bókinni *Ojbara! Varstu að freta, Fróði?* Nú snýr hann aftur í nýrri og hrikalega fyndinni bók!
28 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-66-6
Leiðb.verð: 2.990 kr.




## Fyrstu 100 orðin

**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson og Sara Hlín Hálfdanardóttir**
Litrík og falleg harðspjaldabók með fallegum ljósmyndum. Í bókinni eru 100 myndir sem tengdar eru við orð og stuðla að auknum orðskilningi barnsins.
16 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9762-0-2
Leiðb.verð: 2.290 kr.




## Fyrstu 1000 orðin

**Nicola Baxter**
**Þýð.: Þóra Bryndís Þórisdóttir**
Hér er sannkölluð orðabók barnanna, tæpar eitt hundr-



að síður með 1000 orðum og 1150 litmyndum. Bókin er ómetanleg hjálp til að kenna börnum að stafa og lesa létt orð.
96 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-492-2
Leiðb.verð: 2.950 kr.



## Galdrakarlinn í Oz

**Frank. L Baum**
Fellibylur feykir húsinu hennar Dóróteu til framandi töfralands þar sem hún lendir ásamt hundinum sínum, Tótó. Staðráðin í að komast heim, ákveður Dórótea að leita hjálpar galdrakarlsins í Oz, en á leiðinni til hans hittir hún, ljón, fuglahræðu og skógarhöggsmann úr tini. Saman lenda þau í spennandi ævintýrum áður en þau ná til hans.
205 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-130-12-9
Leiðb.verð: 3.990 kr.




## Gosi

**Þýð.: Rúna Gísladóttir**
Einu sinni fyrir löngu var brúðustrákur sem langaði til að verða raunverulegur drengur. Hann fór í skóla, en hitti ýmsa sem leiddu hann á nýjar, spennandi slóðir.

Fallega myndskreytt bók með stóru letri. Heillandi saga fyrir unga lesendur.
20 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-481-6
Leiðb.verð: 1.495 kr.

## Halastjarnan

**Tove Jansson**
**Þýð.: Steinunn Briem**
Hvað eiga múmínálfarnir til bragðs að taka þegar von er á halastjörnu til jarðarinnar og kannski verður heimsendir? Múmínsnáðinn og Snabbi leggja af stað í langa og háskalega ferð áleiðis til geimrannsóknastöðvar sem stendur á hæsta tindi Einmanafjallanna. Bækurnar um múmínálfana komu fyrst út á íslensku fyrir fjórum áratugum. Þessi bók geymir nákvæma endurgerð af útgáfu Arnar og Örlygs á Halastjörnunni frá 1971.
156 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3200-8 Kilja






## Haninn, músin og litla rauða hænan

**Jess Stockman**
**Þýð.: Auður Haralds**
Sígilt ævintýri í fallega myndskreyttum búningi fyrir yngstu lesendurna. Á hverri opnu eru skemmtilegir flipar sem spennandi er að kíkja undir. Geisladiskur með vönduðum upplestri leikkonunnar Unnar Aspar Stefánsdóttur fylgir bókinni.
28 bls.
**Útgáfufélagið Kjölur**
ISBN 978-9979-9964-3-9
Leiðb.verð: 2.690 kr.



## Herra Hvolfi
## Herra Klaufi
## Herra Klár
## Herra Þögull

**Roger Hargreaves**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Fjórar nýjar bækur um herramennina skemmtilegu.

Bættu þessum í safnið!
36 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9979-656-39-5/-36-4/-38-8/-37-1 Óbundnar

Bókabúðin **HAMRABORG**

**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**

# Hvert þó í strumpandi!




**Tvær skemmtilegar sögubækur og tvær fjörugar þrautabækur fyrir alla litla strumpa!**


STRUMPARNIR © Peyo - 2010 - Licensed through I.M.P.S. (Brussels) - www.strumpar.com

IÐUNN
www.forlagid.is



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi og slökkviliðið-*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Ég fékk að skoða slökkvistöðina og slökkviliðsbílana. Það var ótrúlegt ævintýri“, segir Bóbó bangsi. Splunkunýr bókaflokkur með hinum sívinsæla Bóbó bangsa- alls 6 titlar.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-475-5
Leiðb.verð: 490 kr.



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi í stórmarkaði*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Mér finnst gaman að koma í stórmarkað á Íslandi- sérstaklega í leikfangadeildina“, segir Bóbó bangsi. Hér er nýr bókaflokkur- 6 titlar- með hinum sívinsæla Bóbó bangsa.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-473-1
Leiðb.verð: 490 kr.



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi og Fiddi frændi-*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Sannkallaður ævintýradagur, því að mér fannst ótrúlega spennandi að sjá hvernig hús er byggt á Íslandi“, segir Bóbó bangsi. Nýr bókaflokkur með Bóbó bangsa, alls 6 titlar.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-476-2
Leiðb.verð: 490 kr.




## Hér komum við

**Richard Scarry**
**Þýð.: Rúna Gísladóttir**
Í bókinni kynnumst við skemmtilegum íbúum Erilborgar og áhugamálum þeirra. Þetta eru ýmis dýr sem heita líflegum nöfnum og taka upp á mörgu óvenjulegu. Höfundurinn, Richard Scarry, er einn þekktasti barnabókahöfundur heims fyrir fyndnar og fallegar myndabækur. Fjörleg bók fyrir lítil börn.
16 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-468-7
Leiðb.verð: 1.250 kr.



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi við ströndina-*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Hefurðu byggt sandkastala, safnað skeljum í fjörunni og buslað í sjónum? Það finnst mér æðislegt“, segir Bóbó bangsi. Það eru 6 titlar í þessum nýja bókaflokki.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-477-9
Leiðb.verð: 490 kr.



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi í leikskólanum-*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Við lékum okkur allan daginn bæði úti og inni. Mér fannst dagurinn alveg æðislegur“, segir Bóbó bangsi. Hér er nýr bókaflokkur – 6 titlar- með vini okkar Bóbó bangsa.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-472-4
Leiðb.verð: 490 kr.



## Hér er ég – Bóbó bangsi

*-Bóbó bangsi fer í sveit-*
**Jutta Knollmann**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
„Að sitja á dráttarvél er algjört æði! Svo fannst mér frábært að hitta Snata“, segir Bóbó bangsi. Þetta er nýr bókaflokkur – 6 titlar – með Bóbó bangsa- sem flestir krakkar þekkja.
24 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-474-8
Leiðb.verð: 490 kr.




## Hliðgátt Ptólemeusar

*Bartimæusar-þríleikurinn*
*3. bók*
**Jonathan Stroud**
**Þýð.: Brynjar Arnarson og Elín Guðmundsdóttir**
Í þessari frábæru lokabók Bartimæusar-þríleiksins tvinnast á ný saman örlög þríeykisins Bartimæusar,


Vampírur og varúlfar
Þriðja bókin í Twilight-bókaflokknum sem farið hefur sigurför um heiminn.
Æsispennandi saga sem fær hárin til að rísa og hjartað að slá hraðar.
Myrkvun
STEPHENIE MEYER
„Aðdáendur Ljósaskipta og Nýs tungls munu gleypa þessa í sig af sömu áfergju.“
TEENREADS.COM
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Nathaniels og Kittyar. Leyndardómar Bartimæusar eru afhjúpaðir og þau standa frammi fyrir svikulum töframönnum, flóknum samsærum, uppreisnargjörnum djöflum og ógnvænlegri hringiðu leynimakks og átaka.
440 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-64-2




## Hrikalega skrýtnar skepnur

*Einvígi varúlfs og dreka*
**Skrímslabræðurnir Skúli & Skjöldur**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
SGIMS er athvarf fyrir alls kyns skepnur; tröll og álfa, sjávarsnáka og púka. Þar býr hann Úlfur: af því hann er varúlfur.

Dag nokkurn ber dreka að garði og Úlfur kemst að svolitlu HRIKALEGU! Hann á í höggi við skelfilegan skepnuveiðara. Upplögð bók fyrir þá sem eru farnir að lesa sjálfir!
177 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-14-6
Leiðb.verð: 3.280 kr.




Óvættaför V

## Hrímþursinn Nanúk

**Adam Blade**
**Þýð.: Árni Árnason**
Fimmta bindið í spennandi flokki um verndarvætti í illum álögum. Pilturinn Tom og stúlkan Elenna takast á við ógurlegan hrímþurs. Fjöldi mynda. Gott letur. Áður hafa komið út: Elddrekinn Fernó, Sæslangan Sepron, Bergrisinn Arkta og Kentárinn Tagus. Hver bók er sjálfstæð saga.
128 bls.
**IÐNÚ bókaútgáfa**
ISBN 978-9979-67-259-3




## Hvað get ég gert við of miklar áhyggjur?

*Bók fyrir börn til að sigrast á kvíða*
**Dawn Huebner**
**Þýð.: Árný Ingvarsdóttir og Thelma Gunnarsdóttir**
Vissirðu að áhyggjur eru eins og tómatar? Nei, þú getur ekki borðað þær en þú getur látið þær vaxa og dafna með því einu að hugsa um þær. Ef áhyggjurnar eru orðnar svo miklar að þær trufla þig í daglegu lífi þá er þessi bók fyrir þig.

Í gegnum verkefni, myndir og aðgengilegan texta öðlast börnin nýja færni í að draga úr kvíða. *Sjá nánar á www.hvadgeteggert.is*

Aldur 5-12 ára.
80 bls.
**Hvað get ég gert sf**
ISBN 978-9979-70-606-9
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja




## Hvað get ég gert þegar reiði tekur völdin?

*Bók fyrir börn til að sigrast á skapofsa*
**Dawn Huebner**
**Þýð.: Árný Ingvarsdóttir og Thelma Gunnarsdóttir**
Vissirðu að reiði er eins og eldur? Hún hefst með litlum neista sem ýtir undir kraft okkar og tilgang. En hún getur líka orðið að stjórnlausu báli og valdið okkur margs konar vandræðum. Ef þú ert barn sem reiðist auðveldlega og þér finnst reiðin verða of mikil, of hratt, þá er þessi bók fyrir þig.

Í gegnum verkefni, myndir og aðgengilegan texta læra börnin hagnýtar aðferðir í reiðistjórnun. *Sjá nánar á www.hvadgeteggert.is*

Aldur 5-12 ára.
96 bls.
**Hvað get ég gert sf**
ISBN 978-9979-70-822-3
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja




## Hvað í veröldinni gerir maður þegar einhver deyr?

**Trevor Romain**
**Þýð.: Anna Arnardóttir**
Eitt af því erfiðasta sem maður lendir í er þegar einhver nákominn deyr. Hvað í veröldinni gerir maður þá? Margar spurningar vakna og tilfinningarnar eru yfirþyrmandi. „Af hverju þarf fólk að deyja?“ „Var þetta mér að kenna?“ „Hvernig get ég kvatt?“ Höfundurinn nálgast viðfangsefnið af mikilli hlýju og gætni og talar af eigin reynslu. Bókin er skemmtilega myndskreytt og textinn einstaklega aðgengilegur og einfaldur. Bókin hjálpar börnum sem syrgja að skilja tilfinningar sínar betur og viðbrögð við þeim.
72 bls.
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-76-5
Leiðb.verð: 1.280 kr. Kilja



# PÉTUR PAN

**HIÐ ÁSTSÆLA ÆVINTÝRI MEÐ STÓRKOSTLEGUM FELLIMYNDUM OG HLJÓÐUM.**




söguR ÚTGÁFA

www.sogurutgafa.is

# DÓRA LANDKÖNNUÐUR

## JÓLASTUND MEÐ DÓRU

Fyrsta bókin um hina vinsælu Dóru landkönnuð er loksins komin út á íslensku.

Hjálpum Nappa að finna hinn sanna anda jólanna






## Hvað viltu litli grís?

**Richard Scarry**
**Þýð.: Rúna Gísladóttir**
Saga um tvo grísa-stráka, Villa grís og Vil-ekki grís. Villi grís er kurteis og jákvæður ungur grís sem er alltaf tilbúinn að aðstoða, en Vil-ekki grís vill aldrei taka þátt í neinu. Hann er óþekkur og þver. Höfundur bókarinnar Richard Scarry hefur um áratuga skeið verið einn þekkasti barnabókahöfundur heims.
16 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-469-4
Leiðb.verð: 1.250 kr.




## Hvaða hljóð er þetta, litla mús?

**Stephanie Stansbie**
**Myndskr.: Polona Lovsin**
**Þýð.: Sirrý Skarphéðinsd.**
Litla mús er búin að koma sér vel fyrir í rúminu þegar skyndilega heyrast skrýtin hljóð. Hún læðist á tánum um húsið til að finna hvaðan hljóðin koma en þetta eru hræðileg hljóð og skuggar alls staðar! Hvað getur þetta verið? Ætlar draugur að taka hana? Bók full af skemmtilegum hljóðum!
24 bls.
**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9935-421-00-5
Leiðb.verð: 2.290 kr.




## Hvar er drekinn?

**Jason Hook**
**Myndskr.: Richard Hook**
**Þýð.: Davíð Þór Jónsson**
Þér er boðið í drekaskoðunarferð með afa, strák og hundi. Í bókinni eru afar fallegar upphleyptar myndir sem þú skoðar og notar fingurna til að finna drekana í ævintýralandinu.
Hvað finnur þú marga dreka?
Góða skemmtun.
24 bls.
**Bókaforlagið Bifröst**
ISBN 978-9979-57-649-5
Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Illi kall

**Gro Dahle**
**Þýð.: Sigrún Árnadóttir**
**Myndir: Svein Nyhus**
Áhrifarík bók um heimilisofbeldi sem vakti gríðarlega athygli þegar hún kom út og hlaut fjölda verðlauna og viðurkenninga. Síðan hafa bæði leikrit og teiknimynd verið gerð eftir henni.
Bókin er gefin út í samvinnu við Barnaverndarstofu.
40 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3153-7




## Jóakim Aðalönd – Ævi og störf

**Don Rosa**
Jóakim Aðalönd hefur lifað langa og viðburðaríka ævi sem einkennist af leit að ríkidæmi. Hér fáum við að kynnast æsku hans og uppvaxtarárum, sigrum og vonbrigðum, allt frá því hann vann sér inn fyrstu vinnulaun sín, happaskildinginn.
224 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-96-9
Leiðb.verð: 3.990 kr.

## Jólabokki á undarlegri eyju

**Pahajoki Sven**
**Þýð.: Áslaug Hersteinsdóttir-Hölttä**
**Myndir: Rehtonen Timo**
*Jólabokki á undarlegri eyju* er skemmtilegt jólaævintýri sem fjallar meðal annars um það hvernig Ísland varð til og hvernig jólasveinarnir þrettán halda jólin. Höfundur bókarinnar er Sven Pahajoki og er




hún skrýdd ljósmyndum Timo Lindholm. Myndirnar eru teknar í hinu snjóþunga Lapplandi og á eldfjallaeyjunni Íslandi og gera hið áhrifamikla ævintýri lifandi. Frásögnin er spennandi og varpar um leið nýju ljósi á íslenska og finnska þjóðsagnahefð.
111 bls.
**Mývatnsstofa ehf.**
ISBN 978-952-5170-92-4



Dóra landkönnuður

## Jólastund með Dóru

**Þýð.: Örn Úlfar Höskuldsson**
Fyrsta bókin um hina vinsælu Dóru landkönnuð er loksins komin út á íslensku. Það er aðfangadagskvöld og Nappi er ekki á vinsældalista jólasveinsins því hann reyndi að nappa stjörnunni af jólatrénu. Dóra er að vanda boðin og búin að hjálpa og vonar að Nappi finni hinn sanna jólaanda.
22 bls.
**Sögur útgáfa**
ISBN 978-9935-416-35-3

# Allir elska Tinna!

Í nýju broti



## Sígildar myndasögur

Blaðasnápurinn ástsæli er snúinn aftur. *Sígildar* bækur um svaðilfarir *og* ævintýri Tinna, Tobba *og* Kolbeins kafteins.

IÐUNN
www.forlagid.is

















Copyright © Hergé / Moulinsart 2009 - All rights reserved – Credits – Terms and Conditions / Privacy




## Jólasveinn og týnda bréfið

**Josephine Collins**
**Þýð.: Sirrý Skarphéðinsd.**
**Myndskr.: Gail Yerrill**

Jólasveinn er í vanda því hann er búinn að týna mjög mikilvægu bréfi! Minnsti aðstoðarmaður jólasveinsins er ákveðinn í að hjálpa honum og þýtur strax af stað til að leita á verkstæðinu.

Fullt af bréfum, flipum og gluggum til að opna og loka ásamt landakorti jólasveinsins. Í lokin hoppar upp mjög óvæntur endir!

22 bls.
**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9979-782-99-5
Leiðb.verð: 2.690 kr.




## Jólasyrpa 2010

**Walt Disney**

Árleg jólasyrpa – full af fjöri og ævintýrum fyrir alla fjölskylduna. Kemur öllum í hátíðarskap!

256 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-82-2
Leiðb.verð: 2.990 kr.




## Kiddi kanína

**Glenn Johnstone**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Kiddi er fjörugur og kátur kanínustrákur. Spretta, Stríðin, Sæta og allar hinar kanínurnar leika sér með honum allan daginn. Þeim leiðist aldrei. Hinar bækurnar í þessum flokki heita *Andarunginn lærir að synda* og *Fjörugur fiskur*. Allar bækurnar skreyttar glitrandi litmyndum.

**Setberg**
ISBN 978-9979-52-458-8
Leiðb.verð: 1.250 kr.




## Koss

**Jacqueline Wilson**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**

Sylvie og Karl hafa verið perluvinir frá því þau voru lítil. Núna eru þau orðin þrettán ára og eitthvað er að breytast. Hvað er í gangi í kollinum á Karli? Jacqueline Wilson er einn vinsælasti barnabókahöfundur heims og hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir skrif sín. *Stelpur í strákaleit* og framhaldsbækur hennar öfluðu Jacqueline fjölda íslenskra aðdáenda sem munu njóta þess í botn að lesa *Koss*.

299 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-134-0




## Krílabækur

*Kát kríli Fyrstu orðin*
*Kát kríli Ungviði dýranna*
*Klár kríli Hvolpar*
*Klár kríli Kettlingar*

**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson og Sara Hlín Hálfdanardóttir**

Nýjar krílabækur frá Ungu ástinni minni eru Hvolpar, Kettlingar, Ungviði dýranna og Fyrstu orðin. Í öllum bókunum eru að finna fallegar ljósmyndir af dýrum og hlutum úr umhverfi barnsins. Yndislegar bækur fyrir yngstu krílin.

24 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9974-5-0/-6-7/-1-2/-0-5
Leiðb.verð: 1.390 kr. hver bók

## Lesum saman – 15 dýrasögur

**Maureen Spurgeon**
**Þýð.: Hlynur Örn Þórisson**

Sögurnar um Gossa geit, Krónu kú, Lukku-Láka, Binna og Tinnu og Kjarra kettling efla sköpunargáfu og auka orðaforða og löngun barns-




ins til að lesa. Allar 15 sögur bókarinnar eru prýddar fjölda litmynda.

128 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-465-6
Leiðb.verð: 2.750 kr.




## Lesum saman – 15 ferðasögur

**Maureen Spurgeon**
**Þýð.: Hlynur Örn Þórisson**

Sögurnar um Stebba strætó, Magga mótorhjól, Iðunni ísbíl og allar hinar sögurnar auka orðaforða barna og hvetja þau til að lesa meira. Upprifjun á orðum eftir hverja sögu. Allar 15 sögur bókarinnar eru prýddar fjölda litmynda sem auðga hugmyndaheim barna.

128 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-464-9
Leiðb.verð: 2.750 kr.




EFTIR SKRÍMSLABRÆÐURNA **SKÚLA OG SKJÖLD**

# ÞORIRÐU?

Einvígi varúlfs og dreka! Úlfur á í höggi við einhvern skelfilegasta skepnuveiðara í heimi. Hrikalega skemmtileg bók og hrikalega upplögð fyrir þá sem eru farnir að lesa sjálfir.

ÞÝÐANDI: **INGUNN SNÆDAL**

# BREKI OG DREKI

★★★★½

„Hér er mjög skemmtileg barnabók á ferð fyrir breiðan aldurshóp ... Hverja mynd er hægt að skoða endalaust því mikið er af skemmtilegum smáatriðum sem fengu mig til að skella upp úr.“ –**Ingveldur Geirsdóttir, Mbl**

ÞÝÐANDI: **ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR**







# VAMPÍRUFRÆÐI

Fyrst komu Drekafræði, svo Sjóræningjafræði.

Ungir fræðimenn bíða spenntir eftir þessari glæsilegu bók sem er bæði falleg og fróðleg. Dagsönn saga hinna föllnu.

ÞÝÐANDI: **UGGI JÓNSSON**

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVIK




## Lesum saman – 15 mömmusögur

**Maureen Spurgeon**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
Allar sögur bókarinnar eru prýddar fjölda litmynda sem auðga hugmyndaheim barna. Sögurnar um drekann, hagamúsina, kónginn og töframanninn og allar hinar – ásamt upprifjun á orðum eftir hverja sögu hvetja börn til að lesa meira.
128 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-463-2
Leiðb.verð: 2.750 kr.




## Lesum saman – 15 sögur úr sveitinni

**Maureen Spurgeon**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**
Það er líf og fjör í sveitinni. Sögurnar um Rebbarófu, Dindlu, Baululu, Spangóla litla. Mjáa og öll hin dýrin – ásamt upprifjun á orðum eftir hverja sögu. Allar 15 sögur bókarinnar eru prýddar fjölda litmynda.
128 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-466-3
Leiðb.verð: 2.750 kr.

## Litla systir

*Skemmtilegu smábarnabækurnar*
**Dorothea M. Sachs**
**Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson**
**Myndir: Joy Friedman**
Bókin Litla systir segir frá Binna sem búið hefur einn með foreldrum sínum.

Skyndilega bætist lítil systir við fjölskylduna. Hún þarf heilmikla umönnun og athygli allra beinist að hinu nýfædda barni. Á lipran og nærgætinn hátt lærir Binni að




litlar, lifandi verur þarfnast alúðar og umhyggju. Falleg saga sem sýnir að samheldni og hjálpsemi eru heillavænlegir mannkostir.
24 bls.
**Bókaútgáfan Björk**
ISBN 978-9979-807-67-4
Leiðb.verð: 385 kr.

TVÆR GÓÐAR

*Hvar er drekinn?*
Þér er boðið í drekaskoðunarferð með afa, strák og hundi.
Í bókinni eru afar fallegar upphleyptar myndir.
Strjúktu fingrunum yfir myndirnar og skoðaðu þær vel.
Hvað finnur þú marga dreka í ævintýralandinu?
Góða skemmtun.







*Bert og rússneska innrásin*
er ný bók um prakkarann Bert. Hér tekst hann á við hin ýmsu vandamál og leysir þau á sinn sérstaka hátt.
Ótrúlega fyndin og skemmtileg bók.

BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST
bokaforlagidbifrost@simnet.is - Sími 511 2400



## Litli prinsinn

**Antoine De Saint-Exupéry**
**Þýð.: Þórarinn Björnsson**
Þessi einstæða saga kom fyrst út árið 1943, fór strax sigurför um heiminn og er nú talin meðal sígildra verka. Hér fléttast saman draumur og veruleiki, einfaldleiki og dul, létt gaman og djúp alvara sem vekur stöðugt til umhugsunar. Litmyndir við söguna gerði höfundurinn sjálfur.
93 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3110-0



## Litli slökkviliðsbíllinn

**Þýð.: Sigurður Helgason**
Litlir lesendur munu skemmta sér vel í ökumannssæti litla slökkviliðsbílsins. Þrýstu á flautuna, snúðu stýrinu, hemlaðu, hlustaðu á sírenuna og gefðu stefnuljós. Lærðu líka um brunavarnir í leiðinni.
20 bls.
**Krydd í tilveruna ehf.**
ISBN 978-9979-9971-6-0
Leiðb.verð: 3.424 kr.



## Má ég kíkja í bleyjuna þína?

**Guido van Genechten**
**Þýð.: Pétur Már Ólafsson**
Bráðskemmtileg myndabók með flipum um hrikalega forvitna mús!
32 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-64-2
Leiðb.verð: 2.990 kr.



## Mjallhvít

**Þýð.: Rúna Gísladóttir**
Einu sinni voru falleg prinsessa sem hét Mjallhvít og vond drottning sem vildi vera



fegurst allra. Drottningin átti spegil sem sagði henni að Mjallhvít væri fallegri en hún. Drottningin reiddist ákaflega og… Ævintýrabók með skemmtilegum myndum og góðu letri. Sígild saga.
20 bls.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-478-6
Leiðb.verð: 1.495 kr.



## Múmínálfar læra orð
## Múmínálfar læra tölur

**Tove Jansson**
**Þýð.: Bjarni Guðmarsson**
Í þessum sterku og litríku harðspjaldabókum má skoða tölurnar og einföld orð í fylgd heillandi persóna úr Múmíndal.
14 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3101-8/-3102-5
Harðspjaldabækur



## Músahús Mikka – Töskubók

**Walt Disney**
Ungir lesendur slást í för með Mikka og vinum hans í fjórum fjörugum ævintýrum og læra um leið um form, tölur, liti og að glíma við þrautir. Bókin er með fallegu handfangi til að grípa í!
20 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-39-6
Leiðb.verð: 2.890 kr.



## Músahús Mikka – Ökuferðin

**Walt Disney**
Mikki og vinir hans ætla í ökuferð en þurfa að leysa ýmis vandamál. Bókin hefur að geyma u.þ.b fimmtíu flipa sem allir fela skemmtileg smáatriði til að uppgötva og skoða!
10 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-40-2
Leiðb.verð: 2.890 kr.



## Myndaatlas barnanna – Jörðin okkar

**Andrea Pinnington og Marie Greenwood**
**Þýð.: Sigþrúður Gunnarsdóttir**
Þessi nýstárlega kortabók geymir skýrar og skemmtilegar upplýsingar um jörðina okkar fyrir lesendur frá fimm ára aldri. Fróðleikur um lönd og þjóðir heims er settur fram með fjölbreyttum hætti og þegar bókin er opnuð sprettur upp hnöttur sem snýst.
33 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3086-8




## Myrkvun

**Stephenie Meyer**
**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**
Hér kemur þriðja bókin í Twilight-bókaflokknum sem farið hefur sigurför um heiminn og heillað lesendur á öllum aldri. Isabella er enn í stofufangelsi og pabba hennar er ekkert ljúft að gefa henni frelsi, allra síst þegar morðingi virðist ganga laus í nágrenninu. Til allrar hamingju veit hann ekki um hinar hætturnar sem steðja að dóttur hans.
528 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-135-7

## Nýtt tungl

**Stephenie Meyer**
**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**
Heimur Isabellu hverfist um eitt og aðeins eitt: Edward Cullen! En það er jafnvel enn hættulegra að elska vampíru en hún gerði sér í hugarlund og kannski eru vandamál elskendanna bara rétt að byrja. Stephenie Meyer sló




rækilega í gegn með *Ljósaskiptum*. Í *Nýju tungli* heldur sagan áfram og söguþráðurinn teygir sig víða.
537 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-107-4 Kilja




## Paddington í skemmtiferð

**Michael Bond**
**Þýð.: Ásdís Guðnadóttir**
**Myndskr.: R.W. Alley**
Bangsinn sem er eftirlæti barna um allan heim – og hefur verið í fimmtíu ár. Ný og vönduð útgáfa. Sagan hefur ekki komið áður út á íslensku.
32 bls.
**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-81-7
Leiðb.verð: 2.680 kr.

# BÓBÓ BANGSI

## Ný útgáfa á hagstæðu verði




Nýr 6 titla bókaflokkur um grallarann Bóbó bangsa og ævintýri hans. Bóbó kemur víða við. Hann fer í leikskóla, á ströndina, í sveit og í stórmarkað. Bóbó kynnir sér líka húsbyggingar og skoðar slökkvistöðina.
490 kr.



SETBERG




Sagan sígilda með fellimyndum og hljóðum

## Pétur pan

**Þýð.: Styrmir Guðlaugsson**

Hið ástsæla ævintýri um Pétur pan, Vöndu, Skellibjöllu, týndu drengina og alla hina lifnar við í höndum barnsins með stórkostlegum fellimyndum og ævintýrahljóðum.

16 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-07-0




## Pottormarnir sleppa sér

**David Melling**

**Þýð.: Sigrún Eiríksdóttir**

*Hlýleg, skemmtileg og full af krafti.* The Children´s Bookseller. Höfum gefið út þrjár bækur eftir Melling, hugmyndaríkan og fyndinn höfund og teiknara.

32 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**

ISBN 978-9979-767-82-4

Leiðb.verð: 2.680 kr.




## Prinsessa í framboði

**Meg Cabot**

**Þýð.: Salka Guðmundsdóttir**

Áður en Mía prinsessa veit af er hún komin í framboð til formanns nemendaráðs. Og eins og það sé ekki nóg þarf hún líka að hafa áhyggjur af litla bróður sínum, tíu þúsund sjávarsniglum sem hún lét sturta út í Genóvíuflóa og síðast en ekki síst því sem Lana Weinberger (vinsælasta klappstýra skólans og mótframbjóðandi Míu) segir um háskólastráka! *Prinsessa í framboði* er sjötta bókin um Míu prinsessu af Genóvíu – sem er fjörugri en nokkurn tíma fyrr.

271 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-136-4




## Prinsinn af Persíu

**Walt Disney**

Prinsinn af Persíu er uppfull af einstökum og furðulegum fróðleik og gefur lifandi innsýn í ævintýralega og töfrandi veröld.

36 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-44-0

Leiðb.verð: 1.990 kr.




## Ripley's – Ótrúlegt en satt! 2011

*Sjón er sögu ríkari*

**Þýð.: Styrmir Guðlaugsson**

Farðu í ótrúlega ferð í kringum hnöttinn og hittu dularfullar verur, sjáðu skrýtna staði og upplifðu stórfurðulegt ævintýri. Ótrúlegt en satt!

– Þetta er bókin sem unglingarnir og stóru krakkarnir dýrka. Pottþétt!

255 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-10-0




## Rósalind prinsessa

*-Bambi og leyndarmálið-*

**Monika Finsterbusch**

**Þýð.: Rúna Gísladóttir**

Rósalind prinsessa og vinir hennar, Klara og Sirrý, trúa vart eigin augum. Í garði nornarinnar finna þær lítið dádýr sem nornin hefur tekið til fanga. Hvað ætlar Alda norn að gera við Bamba litla? Hér er eitthvað dularfullt á seyði. Sagan um Rósalind og vini hennar er falleg myndabók með glitri á öllum síðum og skemmtilegri gjöf handa litilli prinsessu í lok bókar.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-461-8

Leiðb.verð: 2.950 kr.




## Santa on Wonder Island

**Pahajoki Sven**

**Þýð.: Audse Piret**

**Myndir: Rehtonen Timo**

The fairy tale, written by Sven Pahajoki and illustrated by the photography of Timo Lindholm, as shot in the really snowy Lapland countryside in Finland and on volcanic Iceland, is an interesting and educational story. The entertaining and Christmassy adventure reveals how Iceland came into being and how its thirteen Yule Lads spend their Christmas

111 bls.

**Mývatnsstofa ehf.**

ISBN 978-952-5170-91-7

# ACTIVITY



Teiknaðu HÁRLEYSI!

Leiktu ÞÚSUNDFÆTLU!

Lýstu ORKUKREPPU!







Fæst í verslunum um allt land

EGILSSON

Egilsson heildsala – Köllunarklettsvegi 10 – 104 Reykjavík – Sími 575 5700



## Selur kemur í heimsókn

**Gene Deitch**
**Myndskr.: Vratislav Hlavaty**
**Þýð.: Njörður P. Njarðvík**
Hvað gerist þegar selur heimsækir hvolp, dúfu og mús í fiskibolluverksmiðju? Eða er selurinn strákur? kallaður selur? sem lítur út eins og strákur? Af hverju heita hlutirnir því sem þeir heita en ekki eitthvað annað? Hin margrómaða bók Selur kemur í heimsókn er hér endurútgefin eftir 36 ár í dvala.
32 bls.
**Ókeibæ**
ISBN 978-9979-9958-6-9



## Skellibjalla og leyndardómur álfanna

**Walt Disney**
Skellibjalla finnur mannfólk og vingast við Lísu, litla einmana stúlku. En mannheimar geta verið hættulegur staður fyrir álfa og því senda vinir Skellibjöllu af stað björgunarleiðangur til að bjarga henni frá mannfólkinu. En er það Skellibjalla sem þarf á hjálp að halda?
64 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-130-00-6
Leiðb.verð: 2.790 kr.



## Skúli skelfir rænir bankann
## Skúli skelfir vekur upp draug

**Francesca Simon**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
**Myndir: Tony Ross**
Tvær nýjar bækur um prakkarann Skúla sem kemur lesendum sífellt á óvart með hnyttni og hrekkjum. Hvor bók geymir fjórar skemmtilegar sögur um Skúla og vini hans.
103 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-128-9/
-127-2 Kilja




## Skúli skelfir fer í frí

**Francesca Simon**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
**Myndir: Tony Ross**
Það er komið sumarfrí en fríið verður ekki alveg eins og Skúli skelfir óskaði sér! Hér birtist þessi vinsæla persóna í litríkri bók sem ætluð er byrjendum í lestri. Hvað er betra en að æfa sig að lesa með prakkaranum Skúla?
76 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-095-4



## Strumparnir – sögubækur

*Strympa*
*Öðruvísi strumpur*
**Peyo**
**Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson**
Loksins eru strumparnir komnir aftur! Tvær spennandi sögur um lífið í Strumpaþorpinu fyrir lesendur á aldrinum 3–7 ára.
25 bls.
FORLAGIÐ
**Iðunn**
ISBN 978-9979-1-0479-7/
-0480-3

## Strumparnir – þrautabækur

*Strumpafjör 1*
*Strumpafjör 2*
**Peyo**
**Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson**
Skemmtilegar þrautabækur fyrir 4-6 ára og 7-9 ára börn. Fjölbreytt verkefni þar sem strumparnir skemmtilegu eru í aðalhlutverki.
36 bls.



FORLAGIÐ
**Iðunn**
ISBN 978-9979-1-0477-3/
-0478-0 Óbundnar





## Störuvinir

*Á Brellubæ*
*Í Gæludýragarði*
**Þýð.: Kristján Hreinsson**
Bækurnar Á Brellubæ og Í Gæludýragarði eru skondnar bækur í bundnu máli sem segja frá óvæntum atburðum sem gerast í umhverfi dýranna. Bækurnar eru bæði fyndnar og fallegar og henta vel börnum frá 1-4 ára.
14 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9974-3-6/-4-3
Leiðb.verð: 1.890 kr. hvor bók

# SKELFING ER GAMAN AÐ LESA!






Skemmtileg saga af sumarfríi Skúla sem var auðvitað alveg skelfilegt! Innbundin bók með litmyndum, sérhönnuð fyrir byrjendur í lestri.




Vegna fjölda áskorana er fyrsta bókin um Skúla fáanleg að nýju – fylgstu með prakkarastrikum Skúla frá upphafi.







Tvær nýjar og sprenghlægilegar bækur um Skúla og vini hans. Hvor bók geymir fjórar frábærar sögur og fullt af skelfilega skemmtilegum myndum.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




## Svona verða börnin til

**Per Holm Knudsen**

Svona verða börnin til kom fyrst út árið 1971. Síðan þá hafa ótal foreldrar lesið hana fyrir börnin sín og svona hefur þetta verið vegna þess að hún kemur sér beint að efninu og segir frá getnaði og fæðingu á hreinskilin, einfaldan og heiðarlegan hátt.
24 bls.
**Ókeibæ**
ISBN 978-9979-9958-3-8




## Syngjum saman, píanóbók

**Aðstoð við uppsetningu:**
**Anna Málfríður Sigurðardóttir**
**Útlit-umbrot: The´s**

Bókin er með rafknúnu píanói og eru nóturnar litaðar og tölusettar til að auðvelda börnum að spila lögin. Bókin inniheldur 12 vinsæl lög, t.d. Ef væri ég söngvari, Sigga litla systir mín, Gamli Nól, Ó, Jesú bróðir besti og Heims um ból.
22 bls.
**Krydd í tilveruna ehf.**
ISBN 978-2-7641-2369-0
Leiðb.verð: 3.424 kr.

IÐA



## Tinni

*Leyndardómur Einhyrningsins*
*Skurðgoðið með skarð í eyra*
*Fjársjóður Rögnvaldar rauða*
*Krabbinn með gylltu klærnar*
**Hergé**
**Þýð.: Loftur Guðmundsson**

Fyrsta bókin um Tinna kom út í Belgíu 1930 og æ síðan hefur blaðamaðurinn snjalli og félagar hans heillað lesendur um allan heim, ekki síst hér á landi. Ævintýri Tinna eru nú endurútgefin í frábærri þýðingu Lofts Guðmundssonar og í nýju og handhægu broti. Fylgstu með frá byrjun!
62 bls.
FORLAGIÐ
**Iðunn**
ISBN 978-9979-1-0488-9/-0489-6/-0475-9/-0474-2




## Tíu lítil sveitakríli

**Þýð.: Hálfdan Ómar Hálfdanarson**

Í þessari fallegu verðlaunabók kynnast börnin 10 krúttlegum sveitakrílum með fallegum ljósmyndum og með því að heyra hljóð þeirra. Barnið er hvatt til að telja dýrin og kynnast þannig tölustöfunum frá 1-10.
24 bls.
**Unga ástin mín ehf.**
ISBN 978-9979-9924-4-8
Leiðb.verð: 2.790 kr.




## Toy Story 3

**Disney Pixar**

Addi er að verða fullorðinn! Leikföngin verða að finna nýjan samastað og það gengur ekki vandræðalaust. Bókin byggir á teiknimyndinni um Toy Story 3 sem farið hefur sigurför um heiminn.
25 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-75-4
Leiðb.verð: 1.890 kr.






## Trukkar og tæki

**Roger De Klerk**
**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Allir eru í óða önn að steypa, hræra og hífa, moka og malbika. Frissi hjólbörukarl keyrir Villa verkfræðing næstum um koll. Vassi á valtaranum er dauðhræddur um að Smári smiður missi plankann á nýja malbikið. Húsið er steypt, gatan malbikuð og gangstétt lögð meðfram veginum.
**Setberg**
ISBN 978-9979-52-467-0
Leiðb.verð: 2.450 kr.




## Tumi þumall

**Claudia Venturini**
**Þýð.: Auður Haralds**

Sígilt ævintýri í fallega myndskreyttum búningi fyrir yngstu lesendurna. Á hverri opnu eru skemmtilegir flipar sem spennandi er að kíkja undir. Geisladiskur með vönduðum upplestri Felix Bergssonar leikara fylgir bókinni.
28 bls.
**Útgáfufélagið Kjölur**
ISBN 978-9979-9964-2-2
Leiðb.verð: 2.690 kr.







Hér eru húsdýrin okkar. Með því að ýta á dýramyndirnar framan á bókinni má heyra dýrahljóð sem tengjast frásögninni.

Allir eru í óða önn að steypa, hræra, hífa og malbika. Frissi hjólbörukarl keyrir Villa verkfræðing næstum því um koll.

Í hverri bók eru 15 sögur prýddar litmyndum. Hér eru sögurnar um Stebba strætó, Möggu mótorhjól, um drekann, hagamúsina, kónginn og töframanninn auk fjölda annarra. Hver bók er 128 blaðsíður.




SETBERG



## Töframaðurinn

*Leyndardómurinn um hinn ódauðlega Nicolas Flamel*

**Michael Scott**

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Eftir æsispennandi flótta frá Bandaríkjunum lenda Nicolas Flamel og föruneyti hans í París. Myrkrafornarnir eru staðráðnir í að tortíma jörðinni og einungis tvíburar spásagnarinnar, Josh og Sophie Newman, geta komið í veg fyrir það – ef þau snúast ekki hvort gegn öðru. *Töframaðurinn* er æsispennandi framhald *Gullgerðarmannsins* og önnur bókin af sex í bókaflokknum um hinn ódauðlega Nicolas Flamel sem farið hefur sigurför um heiminn.

393 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-137-1



## Uppáhaldssystir mín

**Sanrio**

Hello Kitty og Mimmy eru tvíburar. Í dag eiga þær afmæli. Hvernig er að deila hátíðisdegi með öðrum? Jafnvel þó það sé tvíburasystir?

24 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-86-0

Leiðb.verð: 1.890 kr.



Goðheimar 1

## Úlfurinn bundinn

**Peter Madsen**

**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Þrumur og eldingar lýsa upp himininn og skyndilega birtist þrumuguðinn Þór á vagni sínum. Með í för er Loki hinn lævísi og vegna klækjabragða hans fylgja mennsk systkin, Þjálfi og Röskva, guðunum til Ásgarðs. Þar er voðinn vís því sjálfur Fenrisúlfur gengur laus … Bókaflokkurinn um Goðheima hefur verið ófáanlegur um árabil en er nú loksins gefinn út að nýju.

46 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**

ISBN 978-9979-1-0481-0



## Vampírufræði

**Þýð.: Uggi Jónsson**

Fyrst komu *Drekafræði*, svo *Sjóræningjafræði*. Litlir fræðingar bíða spenntir eftir þessari glæsilegu bók sem er falleg og fróðleg.

**Bjartur**

ISBN 9789979657927

Leiðb.verð: 3.990 kr.



## Veistu svarið ?- Bók 1

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Hér er margskonar tómstundagaman, talnaþrautir, orðagátur, teikni- og litaþrautir. Það er alltaf gaman að glíma við fjölbreytileg verkefni, heilabrot, sem þjálfa börn og unglinga í hugsun og leik. Góða skemmtun!

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-483-0

Leiðb.verð: 950 kr.



## Veistu svarið ?- Bók 2

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Orðagátur, talnaþrautir og margskonar tómstundagaman og heilabrot. Bókin er litprentuð með fjölbreytilegum verkefnum.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-484-7

Leiðb.verð: 950 kr.



# Stórskemmtilegar stelpubækur




Vill Mía prinsessa verða formaður nemendaráðs? Eitt er víst: hún er í framboði. *Prinsessa í framboði* er sjötta bókin um Míu prinsessu af Genóvíu – sem er fjörugri en nokkru sinni fyrr.

**„Dagbækur prinsessunnar halda áfram að vera stórskemmtilegar.“**
teenreads.com

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Sylvie og Karl hafa verið perluvinir frá því þau voru lítil en nú er eitthvað að breytast. Hvað er í gangi í kollinum á Karli?

*Stelpur í strákaleit* og framhaldsbækur hennar öfluðu Jacqueline Wilson fjölda íslenskra aðdáenda sem munu njóta þess í botn að lesa *Koss*.

**„Frábær unglingabók um vináttu, fyrstu ástina, fjölskyldur og hugrekki eftir einn af vinsælustu höfundum heims.“**
girls.com.au




## Veistu svarið ?- Bók 3

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Fjölbreytileg verkefni sem þjálfa börn og unglinga í hugsun og leik. Talnaþrautir, orðagátur, teikni- og litaþrautir.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-485-4

Leiðb.verð: 950 kr.




## Veistu svarið ?- Bók 4

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Í bókinni eru talnaþrautir, orðagátur, teikni- og litaþrautir og alls konar tómstundagaman sem þjálfa börn í hugsun og leik.

32 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-486-1

Leiðb.verð: 950 kr.




## Þú getur eldað!

**Annabel Karmel**

**Þýð.: Nanna Rögnvaldardóttir**

*Þú getur eldað!* er frábær matreiðslubók fyrir börn og byrjendur, sem sýnir skref fyrir skref í myndum og máli hvernig gera á gómsæta, girnilega, holla og einfalda rétti við hæfi allra. Hér má sjá hvernig á að skera, þeyta, sigta, hnoða og baka. Annabel Karmel er metsöluhöfundur sem hefur skrifað fjölda bóka um næringu og mataræði barna og unglinga.

128 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2114-2

## Þyrnirós

**Þýð.: Rúna Gísladóttir**




Einu sinni fyrir löngu var fögur prinsessa sem kölluð var Þyrnirós. Þegar hún var í vöggu fékk hún góðar gjafir frá nokkrum álfkonum. En óvænt birtist álfkona sem hafði illt í hyggju. Hún lagði álög á Þyrnirós… Fallega myndskreytt bók með stóru letri. Sígild saga fyrir unga lesendur.

20 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-480-9

Leiðb.verð: 1.495 kr.




## Æðisleg amma

**Dorothea Cüppers**

**Þýð.: Þórir S. Guðbergsson**

Edda litla hlakkar alltaf til þegar amma hennar kemur að sækja hana. Hún segist eiga æðislegustu ömmu í heimi. Á leiðinni heim til ömmu og afa fara þær á markaðinn og Edda leikur sér í spennandi leiktækjum í fjölskyldugarðinum. Á hverri opnu eru fjölbreytilegar og litríkar myndir úr ævintýraferð Eddu með ömmu sinni ásamt 40 opnanlegum gluggum sem gleðja og vekja áhuga og spurningar.

20 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-462-5

Leiðb.verð: 2.450 kr.




## Öskubuska

**Þýð.: Rúna Gísladóttir**

Öskubuska átti stjúpsystur, sem höfðu hana allaf útundan og voru vondar við hana. Dag einn var boðið til skemmtunar í konungshöllinni, en Öskubusku var ekki leyft að fara… Fallega myndskreytt bók með stóru letri. Sígild saga fyrir unga lesendur.

20 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-479-3

Leiðb.verð: 1.495 kr.

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is




## „Einfaldlega besta Artemisbókin hingað til.“

The Irish Independent

Það þarf ekki að kynna glæpasnillinginn Artemis Fowl fyrir íslenskum lesendum og nú er hann staddur á Íslandi! En eitthvað dularfullt er á seyði – hann er orðinn góður!

*Artemis Fowl – Atlantisduldin* er margslungin, skemmtileg og spennandi saga.

## „Spennandi ævintýrasaga, eitthvað fyrir aðdáendur Harry Potters.“

Booklist

Framtíð heimsins hvílir í höndum tvíburanna Josh og Sophie Newman – bara ef þau snúast ekki hvort gegn öðru. Hröð og spennandi saga um fólk og furðuverur sem farið hefur sigurför um heiminn.

*Töframaðurinn* er sjálfstætt framhald *Gullgerðarmannsins*.




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Íslensk skáldverk




## Af mér er það helst að frétta

**Gunnar Gunnarsson**

Þessi magnaða spennubók segir frá þekktum fréttamanni sem hefur komið sjálfum sér í meiri skuldir en honum er fært að endurgreiða. Málin vandast enn meira þegar honum er boðin uppgjöf skuldanna gegn því að hann fremji morð.

Höfundur les. Lengd 5 CD.

🔊 388 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-17-6

Leiðb.verð: 3.790 kr.




## Af mér er það helst að frétta

**Gunnar Gunnarsson**

Samhliða CD útgáfunni kemur þessi spennandi hljóðbók einnig út á 1 Mp3 diski. Mögnuð bók um glæpsamlegt hugarfar í samtímanum.

🔊 388 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-16-9

Leiðb.verð: 3.790 kr.




## Allt fínt ... en þú?

**Jónína Leósdóttir**

Nína veit ekki hvernig hún á að taka því þegar sjötugur faðir hennar er kominn með kærustu, örfáum vikum eftir lát eiginkonu sinnar. En stjörnuleikkonan Sunna, systir Nínu, velkist ekki í vafa: Hún vill slíta öllu sambandi við föður sinn. Strax! Bráðfyndin saga um grafalvarleg málefni sem geta komið upp í hvaða fjölskyldu sem er.

279 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3186-5




## Aska

**Yrsa Sigurðardóttir**

Ný kiljuútgáfa af hinni vinsælu glæpasögu Yrsu Sigurðardóttur sem kemur nú út austan hafs og vestan við frábærar viðtökur. „Svar Íslands við Stieg Larsson."

– Daily Telegraph.

437 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-72-7

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja






TILNEFNDUR TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTA-VERÐLAUNANNA 2003

**SVAR VIÐ BRÉFI HELGU** EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

# EIN OG SÖNN ÁSTARSAGA



Aldraður bóndi skrifar bréf til ástkonunnar sem hann átti forðum tíð. Fornar ástir renna saman við sagnir af gleymdum líkum, lágfættum hrútum sem liggja afvelta milli þúfna og því þegar Farmallinn kom.

**ÞRJÁR HENDUR** EFTIR ÓSKAR ÁRNA ÓSKARSSON

# REYKJAVÍKUR-SKÁLD



**Óskar Árni Óskarsson** hefur um árabil verið í hópi okkar fremstu skálda. Hann er meistari smáprósans og var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir sína síðustu bók, **Skuggamyndir – úr ferðalagi,** sem væntanleg er á þýsku.

TILNEFNDUR TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTA-VERÐLAUNANNA 2008




DYNAMO REYKJAVÍK

BJARTUR




## Auður

**Vilborg Davíðsdóttir**

Auður djúpúðga er í hópi þekktustu landnema Íslands. Í þessari átakamiklu og spennandi sögu kynnumst við henni á unga aldri og fylgjum henni inn í stormasamt hjónaband með Ólafi hvíta Dyflinnarkonungi. Vilborg Davíðsdóttir er þaulkunnug mannlífi sögutímans og söguhetja hennar rís úr djúpi aldanna, sterk og heillandi kona. „Skemmtileg og innihaldsrík saga.“

– Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

269 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3112-4 Kilja

## Auður

**Vilborg Davíðsdóttir**

Auður djúpúðga er í hópi þekktustu landnema Íslands. Í þessari átakamiklu sögu kynnumst við henni á unga aldri og fylgjum henni inn í stormasamt hjónaband með Ólafi hvíta Dyflinnarkonungi. Vilborg Davíðsdóttir er þaulkunnug mannlífi sögutímans og söguhetja hennar rís



úr djúpi aldanna, sterk og heillandi.

Höfundur les. 7 CD.

🔈 495 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-15-2

Leiðb.verð: 4.590 kr.



## Auður

**Vilborg Davíðsdóttir**

Samhliða CD útgáfunni kemur þessi hljóðbók út sem Mp3 bók.

Höfundur les.

🔈 495 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-14-5

Leiðb.verð: 4.590 kr.



# Hvað gerði Hallgrím Pétursson að stórskáldi?

## *Hver var heimanfylgja hans?*



Í skáldsögu sinni *Heimanfylgju* fylgir Steinunn Jóhannesdóttir drengnum Hallgrími frá fæðingu og þar til hann heldur af landi brott sem unglingur. Af alúð og hugkvæmni nýtir hún stopular heimildir um sálmaskáldið og þá hörðu öld sem fóstraði hann.




Galdrabrenna, eldsumbrot og Tyrkjarán, valdatogstreita höfðingja og barátta almúgans við óblíða náttúru mynda baksvið atburðanna þegar næm barnssálin tekst á við áföll og sviptingar í eigin lífi – með hjálp einstakrar náðargáfu: skáldskaparins.

*Eftir höfund metsölubókarinnar*
*Reisubók Guðríðar Símonardóttur*

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




## Áttablaðarósin

*Glæpasaga*

**Óttar M. Norðfjörð**

Áttablaðarósin er pólitískur tryllir um samband Íslands við alþjóðleg stórfyrirtæki og söguleg spennusaga um hið stutta bil á milli fortíðar og framtíðar, lífs og dauða.

„Innihaldsrík, spennandi og skemmtileg. Einfaldlega frábær glæpasaga."

– Gurrí á Vikunni.

450 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-29-2




## Bankster

**Guðmundur Óskarsson**

„Bókin er fantavel skrifuð, Guðmundur er hörkustílisti."

„[…] hreinræktuð kreppubók og hreinasta afbragð sem slík. Besta kreppubókin."

„Sagan er einlæg, áreynslulaus, skemmtileg og hrífandi. […] Og inni í þessu öllu saman er afar falleg og tregablandin ástarsaga."

Höfundur hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2009 fyrir Bankster.

176 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-099-9 Kilja




## Beðið eftir Sigurði

Beðið eftir Sigurði má í vissum skilningi kalla sjálfstætt framhald smásagnasafnsins *Hestar eru tvö ár að gleyma*. Báðar bækurnar eru sköpunarverk nemenda í ritlist við Háskóla Íslands sem vildu leyfa öðrum (en skúffunni) að njóta þess sem þau höfðu lært. Í *Beðið eftir Sigurði* má finna texta eftir tuttugu og tvo ritlistarnema, hvern með sínu sniði og inntaki, sem eiga ekkert sameiginlegt nema bókarkápuna.

145 bls.

**Ritvélin**

ISBN 978-9979-9934-1-4

Leiðb.verð: 1.980 kr. Kilja




## Biðukollur útum allt

**Kleopatra Kristbjörg**

*Biðukollur útum allt* er átakanleg saga með sannsögulegu ívafi um konu, erfiðleika hennar og sorgir.

Eva Mjöll er fráskilin og hefur gengið í gegn um nokkur ástarsambönd sem ekki ganga upp.

Þegar sagan hefst er hún á leiðinni í nýtt ástarsamband sem lofar góðu, en á sama tíma skellur óæfan yfir.

Skemmtileg, spennandi og átakanleg saga.

259 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-07-2

Leiðb.verð: 5.490 kr.

Tvær góðar frá Bókafélaginu

BÓKAFÉLAGIÐ






# „FREMSTUR NORRÆNNA SAKAMÁLAHÖFUNDA.“

THE TIMES






**„Á heimsmælikvarða.“**
Westdeutsche Allgemeine

**„Sagnameistari.“**
The Guardian

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

## *Furðustrandir*
eftir sagnameistarann Arnald Indriðason:

Lögreglumaðurinn Erlendur er kominn á æskuslóðir til fundar við fortíðina, fundar sem verður afdrifaríkari en nokkurn grunar.

Arnaldur bregst ekki lesendum sínum í magnaðri bók.



## Dagur kvennanna

*ástarsaga*

**Megas Erlu og Þórunn Valdimars**

Dagurinn í haustkvosinni er Kvennafrídagurinn 24. október 1975. Clint Himinrjóður Eastwwod gengur sinn keika vanagang út úr Moggahöllinni og kinkar graðlega kolli til hverrar vanadísu er á vegi hans verður. Hann fylgist með 40.000 fótum og jafnmörgum brjóstum hópast angandi á Arnarhól, flækist inn á Hótel Borg og hittir dísina Máneyju í hringdyrunum . . .

Gróteskar karnivalbókmenntir eins og þær gerast bestar!

127 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-86-0

Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Doris deyr

**Kristín Eiríksdóttir**

Með *Doris deyr* kveður Kristín Eiríksdóttir sér hljóðs með eftirminnilegum hætti. Smásögur hennar eru skrifaðar af næmi og ímyndunarafli og eru ríkar af samúð án þess að vera blíðar. Kristín er einn af okkar athyglisverðustu ungu höfundum.

167 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-140-1




## Drottning rís upp frá dauðum

**Ragnar Arnalds**

Seint á 13. öld leggur Margrét konungsdóttir í Noregi upp í örlagaríka ferð. Átta ára gömul varð hún drottning Skotlands og héldur á fund væntanlegs brúðguma síns en kemst ekki á áfangastað og sögð hafa dáið í Orkneyjum.

Rúmum áratug síðar siglir þýskur kaupmaður til Íslands ásamt konu sinni, Bláklukku. Þar hitta þau fyrir klerk sem verið hafði hirðprestur í Noregi og kennari Margrétar. Saman svipta þau hulunni af leyndarmálinu um hvarf drottningarinnar . . .

240 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-89-1

Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Dýrin í Saigon

**Sigurður Guðmundsson**

Heimspekilegt verk og óvenjuleg ástarsaga, skrifuð á tíu mánuðum í Víetnam þar sem myndlistarmaðurinn Sigurður Guðmundsson reyndi að komast af án tungumáls, segja skilið við eigin menningu og lifa eins og viturt dýr. Margslungin flétta hefðbundins æviþáttar og heillandi skáldskapar. „Ljóðrænt hugmyndaverk fullt með erótík.“ ****

– Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið

228 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3160-5 Kilja




## Ein báran stök

**Ólafur Haukur Símonarson**

Sögusvið þessarar skáldsögu er lítið bæjarfélag við sjávarsíðuna þar sem lífið virðist ganga sinn hversdagslega vanagang. En þegar skyggnst er undir yfirborðið kemur í ljós að allt ólgar af ástríðum og átökum um eignir, völd og hjörtu mannanna. Að vanda spinnur Ólafur Haukur gaman og alvöru saman í heillandi blöndu.

361 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-72-5

Leiðb.verð: 5.680 kr.

bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is

**ÚTLAGAR** EFTIR SIGURJÓN MAGNÚSSON

# ÖRLAGASAGA



Um miðjan sjötta áratuginn halda íslenskir sósíalistar til náms í Austur-Þýskalandi. Þar eystra bíður þeirra annar veruleiki en marga dreymir um. Dramatísk skáldsaga um leit ungs fólks að ást og sjálfstæði í skugga hryllilegrar styrjaldar í Evrópu og hatrammra átaka á Íslandi.




Leit að ást og sjálfstæði í skugga styrjaldar og átaka

Sögulegir atburðir lifna við

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK



## Eineygði kötturinn Kisi og leyndardómar Eyjafjallajökuls

**Hugleikur Dagsson**

**Myndir: Pétur Antonsson**

Eineygði kötturinn Kisi er kominn aftur og í þetta sinn betur teiknaður en nokkru sinni fyrr! Kisi er í ástarsorg og fer út í sveit til að slaka á með vinum sínum, Kötu kanínu og Skúla skjaldböku. En fyrr en varir lenda þau í klónum á harðsvíruðum glæpamönnum, stökkbreyttum hákörlum, mannætujólasveinum og gjósandi Eyjafjallajökli! Höfundurinn Hugleikur Dagsson fékk í þetta sinn til liðs við sig teiknarann Pétur Antonsson sem gerir Kisa og félögum æðisleg skil! Tímamót í íslenskum myndasögum!

52 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-170-8 Ób.




## Enginn er eins og þú

**Jóhanna Helga Halldórsdóttir**

*Enginn er eins og þú* er rómantísk sveitasaga um litríkt fólk sem fetar ótroðnar slóðir. Unnur, Steinar og fleiri persónur munu eignast hlutdeild í hjarta þínu.

215 bls.

**Töfrakonur / Magic Women ehf.**

ISBN 978-9979-9990-1-0 Kilja




## Enn er morgunn

**Böðvar Guðmundsson**

Árið 1936 kemur til Reykjavíkur ungur þýskur tónlistarmaður að nafni Jóhannes Kohlhaas. Hann er af gyðingaættum og hefur á ævintýralegan hátt hrakist undan nasistum. Menningarlíf hins unga höfuðstaðar nýtur hæfileika Jóhannesar, hann aðlagast fljótt og finnur ástina.

Styrjöld brýst út í Evrópu og í maí 1940 hernema Bretar Ísland.

Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

384 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-73-0

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja





# ÁTTABLAÐARÓSIN

## ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ

**Mögnuð spennusaga sem leiðir lesandann inn í heim dimmra leyndarmála, dularfullra atburða og grimman íslenskan samtíma. Krónprins íslenskra glæpasagnahöfunda hefur skrifað skáldsögu sem á engan sinn líka.**







*Krónprinsinn fer á kostum í magnaðri sögu.*
*Hrafn Jökulsson*

sögur útgáfa

www.sogurutgafa.is




## Ég man þig

**Yrsa Sigurðardóttir**

Ungt fólk sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum – og fannst aldrei. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í grípandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu og magna upp dulúð njóta sín til hins ítrasta.

320 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-78-9

Leiðb.verð: 5.890 kr.




## Ég sé ekkert svona gleraugnalaus

**Óskar Magnússon**

Í smásögum Óskars Magnússonar er oft galsafenginn tónn en undir niðri býr alvara og stundum hárfín ádeila. Höfundur hefur einkar glöggt auga fyrir smáatriðum og gæðir sögupersónurnar lífi með næmum skilningi á einkennum þeirra og háttterni. „Það er einfaldleikinn og tilgerðarleysið sem er aðall frásagnanna. Skemmtileg bók." – Einar Kárason

160 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-153-1




## Fleiri íslensk dægurlög

**Hugleikur Dagsson**

Komið er framhald bókarinnar *Íslensk dægurlög* sem ber heitið *Fleiri íslensk dægurlög*. Ef einhverjum þótti fyrri bókina vanta teikningu við ákveðið íslenskt dægurlag þá er talsverðar líkur á að teikningin leynist í nýju bókinni.

64 bls.

**Ókeibæ**

ISBN 978-9979-9958-9-0 Kilja


# DRAMATÍSK ÁTAKASAGA

Sögusvið þessarar skáldsögu er lítið bæjarfélag við sjávarsíðuna þar sem lífið virðist ganga sinn hversdagslega vanagang. En þegar skyggnst er undir yfirborðið kemur í ljós að allt ólgar af ástríðum og átökum um eignir, völd og hjörtu mannanna. Að vanda spinnur Ólafur Haukur gaman og alvöru saman í heillandi blöndu.




SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



# Óborganleg skáldsaga




Tveir vinir fara með skipi til Englands til að sækja arf annars þeirra – tvö hundruð pör af úrvals mokkasíum.

Tímann um borð ætla þeir að nota til að skrifa kvikmyndahandrit.

**Ómótstæðileg saga eftir Braga Ólafsson.**

„Söguhetjur hans eiga það nefnilega til að koma sér í svo magnaðar tilvistarklípur, nánast með allt niðrum sig, að maður fer hreinlega hjá sér.“

**Geir Svansson / Morgunblaðið**

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




## Fólkið í kjallaranum

**Auður Jónsdóttir**

Klara og Svenni hafa boðið í glæsilegan kvöldverð en Klöru er ekki rótt. Gestagangur í kjallara hússins vekur minningar sem erfitt er að bæla. Bókin sem færði höfundi sínum Íslensku bókmenntaverðlaunin er komin í nýrri útgáfu í tilefni af vel heppnaðri leikgerð á Nýja sviði Borgarleikhússins.
„Makalaus bók …“
– Páll Baldvin Baldvinsson / Stöð 2

290 bls.

FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3196-4 Kilja




## Furðustrandir

**Arnaldur Indriðason**

Erlendur er á æskuslóðum og liðin tíð sækir á, atvik úr hans eigin lífi sem og önnur óuppgerð mál. Gömul saga af breskum hermönnum sem lentu í hrakningum og ungri konu sem hvarf á sama tíma vekur forvitni Erlendar sem þyrstir í svör við gátum fortíðar, hversu sársaukafull sem þau reynast. Mögnuð saga um myrk leyndarmál eftir meistarann Arnald Indriðason.

301 bls.

FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2123-4




## Fyrirgefning

**Lilja Sigurðardóttir**

Ungur maður er fenginn til þess að skrifa viðtalsbók við fólk sem lifað hefur af ofbeldi eða hörmungar af annarra völdum. Hann sökkvir sér niður í viðfangsefnið og fyrr en varir er hann flæktur í rannsókn á dularfullum dauðsföllum sem honum finnst smám saman sem tengist á óvæntan hátt. *Spor*, fyrsta bók Lilju, hefur verið seld til Þýskalands.

**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-12-2
Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Garðarshólmi

**Hugleikur Dagsson**

Garðarshólmi prýddi síður símaskrárinnar á árunum 2008 og 2009. Bókin er uppfull af þjóðlegum skírkotunum og minnum, sögulegum jafnt og skáldsögulegum, fornlegum jafnt og nýjum. Hér birtist sagan í fyrsta sinn í heilu lagi, auk viðbóta frá höfundi sem ekki birtust á sínum tíma í símaskránni.

96 bls.

**Ókeibæ**
ISBN 978-9979-9958-7-6 Kilja




## Geislaþræðir

**Sigríður Pétursdóttir**

Þótt ýmislegt hafi breyst í samskiptum fólks á nýrri öld slá hjörtu mannanna alltaf eins. Í Geislaþráðum liggja leiðir fólks saman á Netinu.

Sigríður Pétursdóttir kveður sér hljóðs sem þroskaður og áhugaverður rithöfundur með sínu fyrsta skáldverki. Fyrir þekkjum við Sigríði vel úr útvarpi en hér eru það persónur og leikendur sagnanna sem öðlast skýrar raddir. Við hlustum og við látum okkur örlög þeirra varða.

282 bls.

**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-83-9
Leiðb.verð: 5.680 kr.






# BLÓÐUGIR GLÆPIR Á SIGLUFIRÐI



Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi, aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið. Einangrun, myrkur og snjór þrengja að unga lögreglumanninum sem rannsakar þessi mál, uns honum virðast öll sund lokuð. Ragnar Jónasson sýnir hér svo ekki verður um villst að hann er ein helsta vonarstjarna íslensku glæpasögunnar!

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK




## Gerpla

**Halldór Laxness**

*Gerpla* er ein af sígildum skáldsögum Halldórs Laxness og gerist á 11. öld þegar tveir vestfirskir garpar sverjast í fóstbræðralag. Þetta er öfugsnúin hetjuharmsaga í sögualdarstíl; margræð, beitt og fyndin háðsádeila á stríðsrekstur og hetjudýrkun að fornu og nýju. Bókin kom fyrst út 1952, þremur árum áður en Halldór hlaut Nóbelsverðlaunin. Íslensk klassík Forlagsins.

333 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-529-4 Kilja




## Góði elskhuginn

**Steinunn Sigurðardóttir**

Heillandi saga um ást og aðskilnað, einsemd og eftirsjá. Tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

**Bjartur**

ISBN 9789979657880

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Handritið að kvikmynd Arnar Featherby og Jóns Magnússonar um uppnámið á veitingahúsinu eftir Jenný Alexson

**Bragi Ólafsson**

Óborganleg saga um ferð tveggja gamalla vina, Arnar og Jóns, sjóleiðina til Englands til að sækja föðurarf Arnar, tæplega tvö hundruð pör af forláta mokkasíum. Á leiðinni vinna þeir að handriti að tímamótakvikmynd. Atburðarásin er skráð af Jenný Alexson, fyrrum mágkonu Jóns.

464 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3197-1




## Harmur englanna

**Jón Kalman Stefánsson**

Sjálfstætt framhald af *Himnaríki og helvíti* sem hlaut einróma lof gagnrýnenda og frábærar viðtökur lesenda. Enn ein rósin í hnappagat Jóns Kalmans!

**Bjartur**

ISBN 9789979657897

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Heimanfylgja

*Skáldsaga um uppvöxt Hallgríms Péturssonar byggð á heimildum um ættfólk hans og samtíð*

**Steinunn Jóhannesdóttir**

Hvað gerði Hallgrím Pétursson að því skáldi sem hann var? Í þessari heillandi skáldsögu hefur Steinunn Jóhannesdóttir endurskapað það umhverfi sem mótaði Hallgrím. Við kynnumst foreldrum hans, systkinum, frændfólki, vinum, höfðingjum aldarinnar og almúgafólki. Ástríður, ástir og átök einkenna frásögnina og í bakgrunni eru stórtíðindi aldarinnar: eldgos, valdabarátta og Tyrkjaránið. Steinunn hefur áður skrifað skáldsöguna *Reisubók Guðríðar Símonardóttur* um ævintýri eiginkonu Hallgríms.

420 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-161-6

Bókabúðin **HAMRABORG**

**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**

# Þegar útrásin breyttist í martröð ...

Hver drap hrokafulla útrásarvíkinginn? Hvers vegna voru fingurnir klipptir af honum? Hvaða leyndarmál var rætt í snekkjupartíinu í Cannes?

Íslensku milljarðamæringarnir flugu hátt en fallið var líka mikið.

**„Stundum er veruleikinn svo lygilegur að skáldskapurinn fangar hann betur en fréttirnar. Þessi bók hittir beint í mark.“**

Jón Kaldal, ritstjóri Fréttatímans






Óskar Hrafn Þorvaldsson veit hvað gerðist á bak við tjöldin og notar þekkingu sína til að skrifa æsilega spennusögu um örlög og illvirki ...

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




### Heimsljós

**Halldór Laxness**

Ný útgáfa á einni ástsælustu skáldsögu Halldórs Laxness. Lífshlaup Ólafs Kárasonar Ljósvíkings, niðursetnings og alþýðuskálds, er óslitin þrautaganga en stefna hans er ætíð skýr: til móts við fegurðina, þar sem engar sorgir búa. *Heimsljós* er stórvirki í ýmsum skilningi: margslungið átakaverk, áhrifaríkt, fyndið og róttækt – ómótstæðilegur skáldskapur.

706 bls.

FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2107-4

### Hlustarinn

**Ingibjörg Hjartardóttir**

Árið 1949 var verkafólk flutt frá Þýskalandi til að vinna á sveitabæjum á Íslandi. Margar kvennanna giftust og settust að víða um land. Saga þessa landnáms er viðfangsefni Helgu í BA ritgerð. Hún fer norður í land að spjalla við Súlu, eina úr þessum hópi. Fljótlega vaknar þó sá grunur að erindi hennar sé annað og meira en að safna heimildum.

199 bls.




**Salka**
ISBN 978-9935-418-24-1 Ib.
/-58-6 Kilja

### Horfðu á mig

**Yrsa Sigurðardóttir**

„Án efa besta bók Yrsu til þessa," sagði Úlfhildur Dagsdóttir um *Horfðu á mig*. Þóra Guðmundsdóttir lögmaður reynir að fá endurupptekið mál fatlaðs manns sem situr inni á Sogni fyrir að kveikja í sambýli með hörmulegum afleiðingum.




478 bls.

**Veröld**
ISBN 978-9979-789-63-5
Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja







## Biðukollur útum allt

Höfundur, Kleopatra Kristbjörg

Biðukollur útum allt er átakanleg saga með sannsögulegu ívafi um konu, erfiðleika hennar og sorgir.

Eva Mjöll er fráskilin og hefur gengið í gegn um nokkur ástarsambönd sem ekki ganga upp.
Þegar sagan hefst er hún á leiðinni í nýtt ástarsamband sem lofar góðu, en á sama tíma skellur ógæfan yfir.
Skemmtileg, spennandi og átakanleg saga.

BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST
bokaforlagidbifrost@simnet.is - Sími 511 2400

UPPHEIMAR

# ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON

# önnur LÍF






Aðfaranótt páskadags 2010 fannst Erla Líf Bóasdóttir í blóði sínu undir kirkjuvegg í Reykjavík, vafin í hvítt lín. Hún hafði verið stungin ellefu sinnum. Rúmu ári áður, í janúar 2009, varð hún fyrir hrottalegri árás þriggja grímuklæddra manna eftir að hafa dansað við eldana á Austurvelli við taktfastan undirleik búsáhalda og byljandi trommuslátt langt fram á frostkalda nótt. Katrín stýrir rannsókn málanna og á afar bágt með að trúa að engin tengsl séu á milli þessara tveggja grimmilegu árása á Erlu Líf.

Það reynist henni þó allt annað en auðvelt að sýna fram á þessi tengsl og finna hina seku, ekki síst af því að almenna rannsóknardeildin er í upplausn vegna fjarveru Stefáns, sem ekki kemur til af góðu. Árni er í feðraorlofi og karlinn Guðni reynist Katrínu verri en enginn þegar hann verður sjálfur miðpunktur rannsóknar á sóðalegu morði í innsta hring undirheima Reykjavíkur.

***ÖNNUR LÍF*** er sjötta skáldsaga Ævars Arnar Jósepssonar um löggugengið Árna, Katrínu, Stefán og Guðna. Rétt eins og í hinum fyrri er sögusviðið sótt beint í íslenskan samtíma og samfélag, um leið og hugað er jafnt að hinu stærra sem hinu smærra samhengi hlutanna.

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is




## Hver er maðurinn

**Meðal Jón**

**Myndskr.: Arnar Ásgeirsson og Styrmir Örn Guðmundsson**

Bókin *Hver er maðurinn* er gerð jafnt til að koma með uppástungur að skemmtilegum persónum í leikinn Hver er maðurinn sem og að veita upplýsingar um einstaklinga og fyrirbæri úr íslenskri menningu. Í bókinni er að finna fjöldan allan af áhugaverðum karakterum ásamt teikningum af mörgum þeirra.

64 bls.

**Ókeibæ**

ISBN 978-9979-9958-4-5 Kilja

## Hver ert þú?

**Njörður P. Njarðvík**

Í tíu tengdum smásögum endurskapar Njörður P. Njarðvík af listfengi þann hluta vegferðar Jesú sem kristnum

BÓKAFÉLAGIÐ




mönnum er alla jafna hugleiknastur. Atburðirnir birtast lesandanum í nýju ljósi, í gegnum skáldskapinn er leitað svara við spurningunni um hver Jesús var. Og þeir sem spyrja eru ekki síður forvitnilegir.

107 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-71-6

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Hversdagsgæfa

**Þóra Jónsdóttir frá Laxamýri**

Gullfallegar, knappar, ljóðrænar lýsingar úr hversdagslífi konu sem er alin upp í sveit en hefur síðan tekist á við tilveruna á mölinni. Hún horfir til baka og skoðar hlutina stundum með trega en oft í kómísku ljósi.

84 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-46-3 Kilja




## Hyldýpi

**Stefán Máni**

Fjórir ungir drengir róa í leyfisleysi út á stórt stöðuvatn. Einn þeirra er nærri drukknaður. Tíu árum síðar hverfa tvö ungmenni; pilturinn finnst, stúlkan ekki. Mögnuð saga sem lesandinn gleypir í sig – undir niðri kraumar þetta ósagða, þessi martröð sem engan enda ætlar að taka …

264 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-105-0 Kilja




## Indjáninn

**Jón Gnarr**

Saga drengs sem ekki aðeins á gamla foreldra heldur er líka rauðhærður, nærsýnn og ofvirkur með athyglisbrest. Áhrifamikil uppvaxtarsaga sem einnig lýsir vel andrúmslofti 8. áratugarins á Íslandi.

221 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3201-5 Kilja




## Karlsvagninn

**Kristín Marja Baldursdóttir**

Þegar Gunnur vaknar hefur heimili hennar verið rænt. Í ofboði ákveður hún að flýja austur í sumarbústað en þangað fer með henni unglingsstúlka sem hún þekkir afar lítið. Þetta verður óvenjuleg helgi með skemmtilegum en líka sársaukafullum gönguferðum um hús minninganna.

„Athyglisverð og vel skrifuð saga." – Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

176 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3107-0 Kilja

# RUNUKROSSAR

## Hörkuspennandi framtíðarkrimmi!




Váleg tíðindi berast menningarverðinum Umari ibn-Yusef. Þau leiða til þess að hann aðstoðar Hasan Rahman lögreglufulltrúa við að upplýsa sakamál.

Árið er 2141. Á Íslandi, jaðarbyggð innan ríkjasambandsins EMIR, búa rúmlega fjörutíu þúsund manns, flestir þeirra múslimar sem hafast við í þægindum undir glerhvolfþökum í höfuðborginni Hellu, enda Reykjavík löngu komin í eyði eftir Landskjálftann mikla.

Framandi og nýstárlegur heimur sem á sér samt þjóðlegar rætur. Óvægin framtíðarsýn, þar sem sakamálasaga fléttast saman við orðræðu um trúmál, náttúruauðlindir og menningarverðmæti.

**Helgi Ingólfsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 1994 fyrir skáldsögu sína, *Letrað í vindinn*, og vorið 2010 sæmdi Hið íslenska glæpafélag hann Blóðdropanum, viðurkenningu fyrir bestu glæpasögu ársins 2009, *Þegar kóngur kom*.**

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

Ránargötu 20 • 101 Reykjavík • sími 561 0055 • www.ormstunga.is




## Konungsbók

**Arnaldur Indriðason**

Mögnuð og spennandi saga um íslenskufræðinginn Valdemar og gamlan prófessor sem býr yfir skelfilegu leyndarmáli. Hér er Arnaldur upp á sitt besta.

Arnar Jónsson leikari les. 7 CD diskar.

🔈 510 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-19-0

Leiðb.verð: 4.590 kr.




## Konungsbók

**Arnaldur Indriðason**

Samhliða CD útgáfunni kemur þessi spennandi bók út sem Mp3 bók. Arnar Jónsson leikari les.

🔈 510 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-18-3

Leiðb.verð: 4.590 kr.



## Líkmenn glatkistunnar

**Bjarki Bjarnason**

Hér segir frá sjómönnunum Ingólfi Arnarsyni og Leifi fóstbróður hans. Vorið 1971 sigla þeir með togara til Þýskalands en stökkva þar frá borði og halda til Danmerkur á vit ævintýranna. Þeir nema land í fríríkinu Friðriksíu þar sem íbúarnir setja sér lífsreglur sem ekki hafa tíðkast áður. Margt óvenjulegt drífur á daga fóstbræðranna á nýjum slóðum en um það leyti og íslenska þjóðin fagnar 1100 ára búsetu sinni heldur Ingólfur heim til Íslands þar sem hinn nýi landnámsmaður mætir örlögum sínum.

Með fjölbreyttum og fjörlegum stíl kastar Bjarki Bjarnason ljósi á mikla breytingartíma í samfélaginu. Í sögunni takast á fegurðarþráin og grimmdin og ekki má á milli sjá hver hefur betur í þeirri glímu.

128 bls.

**Bókaútgáfan Frá hvirfli til ilja**

ISBN 978-9979-70-832-2 Kilja




## Ljósa

**Kristín Steinsdóttir**

Ljósa elst upp seint á 19. öld undir hvelfdum jökli með víðsýni yfir sjó og sanda. Hana dreymir um framtíð þar sem hamingjan ríkir og sólin skín. En veruleikinn ætlar henni annað: þrátt fyrir góð efni og ástríka fjölskyldu vofir yfir henni ógn sem gefur engin grið. *Ljósa* er einstök örlagasaga um vanmátt og styrk eftir verðlaunahöfundinn Kristínu Steinsdóttur.

242 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2121-0



## Loksins Sexbomba á sextugsaldri

**Helga Thorberg**

**Myndir: Hörður Ellert Ólafsson**

Helga Thorberg, leikkona og blómálfur stóð einn daginn upp úr sófanum, slökkti á sjónvarpinu, pakkaði lífi sínu í eina ferðatösku og skellti sér út í heim á vit ævintýranna. Helga glímir við áleitnar spurningar um hvað hún eigi að gera við líf sitt verandi fimmtíu plús, í fullu fjöri, búandi ein, búin að selja fyrirtækið og íbúðina en samt ekki ánægð. Bókin lýsir lífi Helgu, í litlu þorpi í Dóminíska lýðveldinu þar sem hún tekst á við sjálfa sig og lífið í þriðja heiminum. Einlægar og skemmtilegar frásagnir af ótrúlegum ævintýrum.

196 bls.

**Sumarhúsið og garðurinn ehf**

ISBN 978-9979-9784-5-9

Leiðb.verð: 3.450 kr. Kilja



# LÍFSKOKTEILL Á BÓK






**Galsakennt og grafalvarlegt smásagnasafn eftir Óskar Magnússon um fólkið í kringum okkur. Höfundur hefur einkar glöggt auga fyrir smáatriðum og gæðir sögupersónur sínar lífi með næmum skilningi á einkennum þeirra og hátterni.**

„Það er einfaldleikinn og tilgerðarleysið sem er aðall frásagnanna. Skemmtileg bók.“

**EINAR KÁRASON**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Um *Borðaði ég kvöldmat í gær?*:

„... skemmtilegur höfundur með persónulega rödd og þjóðlífið allt undir, örlar jafnvel á grimmilegri þjóðfélagsgagnrýni ... Bráðskemmtilegt smásagnasafn eftir lunkinn og stílfæran höfund.“

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTABLAÐIÐ**




## Makalaus

**Þorbjörg Marinósdóttir**

Drepfyndin saga úr samtímanum eftir blaðakonuna og bloggarann Þorbjörgu Marinósdóttur sem engin kona má láta fram hjá sér fara. Bókin sló rækilega í gegn í sumar og verður án efa ein af söluhæstu bókum ársins.

322 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-125-8 Kilja



## MartraðaPrinsinn

**Brynjar Jóhannsson**

MartraðaPrinsinn er fyrsta skáldverk Brynjars Jóhannssonar sem hefur getið sér gott orð sem tónlistarmaður og sendir nú frá sér sína fyrstu bók. Bókinni fylgir geisladiskur með upplestri höfundar á sögunni ásamt 13 frumsömdum lögum sem eru flutt af frábæru tónlistarfólki. Sagan er dramatískur ástarskopleikur og gerist að mestu í 101 Reykjavík. Þar koma við sögu martraðaprinsinn sjálfur og snobbsvínkan, Amor, drottinn og djöfullinn sjálfur. Þetta er stúdía á samskiptum kynjanna í nútímanum og er skrifuð af leiftrandi hnyttni og húmor. Grátbroslegir atburðir og krassandi samtöl sem allir geta haft gaman af.

154 bls.

**Sarasvati**

ISBN 978-9979-70-861-2




## Martröð millanna

**Óskar Hrafn Þorvaldsson**

Útrásarvíkingurinn, milljarðamæringurinn og hrokagikkurinn Reynir Sveinn Reynisson finnst myrtur á hrottalegan hátt og afklipptir fingur fljóta í kringum hann. Hér segir frá sturluðum lífsstíl með snekkjupartíum, kókaíni og fylgdarkonum, glannalegum viðskiptaflettum, ofsagróða og háu falli. Óskar Hrafn Þorvaldsson var blaðamaður og fréttastjóri á Stöð 2 og Vísi og veit hvað gerist á bak við tjöldin …

238 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-158-6



## Mér er skemmt

**Einar Kárason**

Einlægar og fjörugar frásagnir höfundar úr eigin lífi; dramatískar sögur af brogaðri skólagöngu og félagsmálastússi á fullorðinsárum, gráthlægilegar sögur af afskiptum hans af kvikmyndum, dásamlegar sögur af „jólunum á Hrauninu", misþroskavænlegri sumarvinnu og köttunum sem hann hefur átt.

227 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3191-9




## Milli trjánna

**Gyrðir Elíasson**

Milli trjánna er áttunda smásagnasafn Gyrðis Elíassonar. Sögurnar einkennast af þeim áreynslulausa og myndríka stíl sem prýðir verk Gyrðis. Hér bregður fyrir líkt og áður ýmiskonar óhugnaði og furðum, einsemd, draumum, ferðalögum, bernskuminningum og framtíðarsýnum, auk þeirrar ísmeygilegu fyndni sem lesendur þekkja úr fyrri verkum Gyrðis.

Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

272 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-72-3

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Missir

**Guðbergur Bergsson**

Hvert leitar hugurinn þegar komið er á leiðarenda og fátt er fram undan nema eilífðin sjálf? Til liðinnar tíðar … sem geymir misfagrar minningar. Hér segir Guðbergur frá uppgjöri einmana manns við tilveru sína, ástina eða ástleysið sem nær yfir mörk lífs og dauða – og ellina, það hlutskipti sem allra bíður þegar líkaminn hrörnar og þrekið þverr. Verkið var frumútgefið í kilju en er jafnframt fáanlegt í fallegri innbundinni útgáfu ásamt diski með upplestri höfundarins. Innbundna útgáfan er prentuð í þúsund tölusettum eintökum sem jafnframt eru árituð af höfundi.

128 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-118-0 Ib.
/-160-9 Kilja




DYNAMO REYKJAVIK

„STENST SAMANBURÐ VIÐ ÞAÐ SEM BEST GERIST Í GLÆPASÖGUM SAMTÍMANS.“

–TIMES LITERARY SUPPLEMENT UM ÖSKU



Ungt fólk sem er að gera upp hús á Hesteyri í Jökulfjörðum um miðjan vetur fer að gruna að þau séu ekki einu gestirnir í þessu eyðiþorpi. Á sama tíma dregst ungur læknir á Ísafirði inn í rannsókn á sjálfsmorði eldri konu. Hún virðist hafa verið hugfangin af syni hans sem hvarf fyrir þremur árum – og fannst aldrei. Þessir ólíku þræðir fléttast saman í grípandi sögu þar sem rómaðir hæfileikar Yrsu til að kveikja spennu og magna upp dulúð njóta sín til hins ítrasta.

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9



## Morgunengill

**Árni Þórarinsson**

Það er ekki margt líkt með fátækum bréfbera norðan heiða og auðmanni með milljarðaskuldir á bakinu. Örlög beggja fléttast þó saman við leit Einars blaðamanns að réttlæti ekki síður en forsíðufréttum. Grípandi sakamálasaga úr íslenskum samtíma um glatað sakleysi. „Meistarakrimmi. Besta bók Árna Þórarinssonar. Hugrökk og sönn." – Árni Matthíasson / blaðamaður, Morgunblaðið

300 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-133-3



## Mörg eru ljósins eyru

**Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir**

Glæsikonan og sjónvarpsþulan Guðrún Óðinsdóttir hefur örlög margra í hendi sér. Mennirnir í lífi hennar eru allnokkrir og elska hana allir. Hverjum er hún verst? Hvern elskar hún mest? Efniviðurinn er sóttur til Laxdælu og ofið á snilldarlegan hátt með þann slátt sem ævinlega ríkir í sambandi karls og konu. Þessi heillandi spennusaga er fáanleg bæði innbundin og í kilju.

324 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-132-6 Ib.
/-167-8 Kilja





## Nektarmyndin

**Helgi Jónsson**

Landsþekktur ljósmyndari myndar ungar stúlkur naktar. Skömmu síðar er ljósmyndarinn myrtur.

Blóðug spennusaga!

270 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-40-0 Kilja

Gunnar Hersveinn

ÞJÓÐGILDIN

Þjóðgildin eftir Gunnar Hersvein er ný bók um gildin sem valin voru á Þjóðfundinum 2009. Hún er um heiðarlegt samfélag sem byggir á virðingu, jafnrétti, réttlæti og kærleika.

Ps. Þjóðgildin eru ekki aðeins fyrir aðra, heldur hvert og eitt okkar!

ÞJÓÐGILDIN – sprottin af visku þjóðar




Fæst hjá öllum bóksölum – www.þjóðgildin.is – Skálholtsútgáfan 2010

# MÖGNUÐ SAGA!



*Ljósa*

*Ljósa* eftir verðlauna-höfundinn Kristínu Steins-dóttur er mögnuð og hrífandi skáldsaga um konu sem dreymir um framtíð þar sem hamingjan ríkir og sólin skín – en veruleikinn ætlar henni annað.




VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

*Saga úr fortíðinni sem hreyfir við nútímafólki*




## Nokkur lauf að norðan

Nokkur lauf að norðan er smásagnasafn. Hér stíga á stokk íslenskir höfundar sem allir eiga það sameiginlegt að eiga sterkar taugar norður í land.

Njótið laufanna að norðan.

150 bls.

**Töfrakonur / Magic Women ehf.**

ISBN 978-9979-9990-4-1 Kilja




## Píslarvottar án hæfileika

**Kári Tulinius**

Fyrsta skáldsaga Kára Tulinius fjallar um fimm ungmenni í Reykjavík sem vilja setja mark sitt á samfélagið en það gengur hvorki né rekur. Þau eiga sér óljósan draum um að fremja hryðjuverk en það er erfitt að vera öfgamaður þegar ekkert er þess virði að drepa eða deyja fyrir.

224 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-117-3 Kilja







## Popular hits

**Hugleikur Dagsson**

Bókin *Popular* hits inniheldur 62 teikningar þar sem höfundur sameinar dægurtónlist, list og grín. Hér er nýju ljósi beint að saklausum ballöðum sjötta áratugarins jafnt sem dónalegum rapplögum nútímans.

64 bls.

**Ókeibæ**

ISBN 978-9979-9958-2-1 Kilja




## Raddir úr fjarlægð

*Smásögur*

**Ingvi Þór Kormáksson**

Ingvi Þór Kormáksson teflir saman hinu hversdagslega og því óvænta, næmri athyglisgáfu og fjörugu ímyndunarafli og hrífur lesandann með sér inn í örveröld smásögunnar. Það er töffaralegur tónn í þessum sögum.

138 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-34-6 Kilja




## Runukrossar

**Helgi Ingólfsson**

Árið er 1566 eftir hijrah – eða 2141 e.Kr. eins og nefnt var samkvæmt gamla tímatalinu. Á Íslandi, jaðarbyggð innan ríkjasambandsins EMIR, búa rúmlega fjörutíu þúsund íbúar, flestir þeirra múslimar sem hafast við í þægindum undir glerhvolfþökum í höfuðborginni Hellu, enda Reykjavík löngu komin í eyði eftir Landskjálftann mikla. Til Helluborgar berast menningarverðinum Umari ibn-Yusef váleg tíðindi sem leiða til þess að hann aðstoðar lögreglumanninn Hasan Rahman við að upplýsa sakamál. Hér er kominn framandi og nýstárlegur heimur sem á sér samt þjóðlegar rætur. – Óvægin framtíðarsýn, þar sem sakamálasaga fléttast saman við orðræðu um trúmál, náttúruauðlindir og menningarverðmæti. Vorið 2010 hlaut höfundurinn Blóðdropann, viðurkenningu Hins íslenska glæpafélags fyrir bestu glæpasögu ársins 2009, *Þegar kóngur kom*.

264 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-100-2

**SÝRÓPSMÁNINN** EFTIR EIRÍK GUÐMUNDSSON

# HRINGIR SATÚRNUSAR



DYNAMO REYKJAVÍK

Listilega skrifuð bók um fermingarmyndir í fjöru, þoku sem mátar skó og hið tortímandi afl ástarinnar. Eiríkur Guðmundsson hlaut mikið lof fyrir Undir himninum:

„Það er nautn að lesa textann og, sagan er í senn fyndin, írónísk, persónuleg, kátbrosleg, ljúfsár og melankólísk.“*




*Morgunblaðið

Tregafull ástarsaga, falleg, furðuleg og ágeng. Á eftir að hreyfa við mörgum um ókomin ár.
– **Jón Karl Helgason**

„Þetta er skemmtilegur texti og furðulegur. Hann fengi í mínum kladda fimm stjörnur, væru þær gefnar.“
– **Páll Baldvin Baldvinsson um Undir himninum**

BJARTUR



## Saga eftirlifenda

*Höður og Baldur*

**Emil Hjörvar Petersen**

„Dúndurgóð íslensk fantasía." – *Lesbók Morgunblaðsins.*

*Höður og Baldur* er fyrsta skáldsagan í þríleiknum *Saga eftirlifenda*. Hér er á ferð stórbrotinn og hörkuspennandi fantasíutryllir sem segir frá þeim ásum sem lifðu af Ragnarök, en 7010 ár hafa liðið frá hörmungunum. Nú eru ný endalok yfirvofandi og ef ekkert verður að gert á mannfólkið ekki afturkvæmt.

305 bls.

**Nykur**

ISBN 978-9979-9996-1-4

Leiðb.verð: 2.790 kr. Kilja



## Sagan af Árna yngra ljúfling

**Jón Espólín**

Ein fyrsta íslenska skáldsagan í nútímaskilningi. Hún hefur ekki áður verið gefin út eftir eiginhandarriti sem höfundurinn ritaði á síðustu æviárum sínum.

Í sögunni segir frá flakkaranum Árna sem ferðast um landið, hlýðir á tal manna og skrifar upp. Sagan hefst í Vopnafirði og endar í miðju kafi á Akureyri. Lýst er sérkennum héraða og skoðunum manna á öllu milli himins og jarðar. Sagan er merkileg fyrir mikið þjóðtrúarefni sem auðvelt er að leita uppi með aðstoð efnisskrár sem fylgir textanum. Fróðlegur inngangur er um sérlegan feril handritsins eftir Einar G. Pétursson, sem býr bókina til prentunar.

128 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-871-3

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja







## Sigurðar saga fóts

**Bjarni Harðarson**

Daginn sem norskur skrúfukaupmaður kaupir íslensk hlutabréf veit þjóðin að þeir feðgar Bjarnhéðinn kaupahéðinn og Sigurður fótur eru ríkir menn. Þeir reyna að venja sig við þessa undarlegu hugmynd og kaupa stærsta banka þjóðarinnar af frú forsætisráðherra fyrir kurteisis sakir.

Glæpakvendið Stella, Blöndal, Sandal og fleiri óborganlegar persónur úr íslensku viðskiptalífi leika hér lykilhlutverk. Söguhetjan veit sér alla vegi færa og að sérhver þeirra liggur fyrr eða síðar fram af bjargbrúninni.

Sigurðar saga fóts er endurgerð á samnefndri riddarasögu frá fimmtándu öld og sögusviðið er Ísland 20. og 21. aldarinnar. Öll atburðarás sögunnar er hröð og ber merki þess að hún er skrifuð undir rokksveiflu meistara Megasar en lag hans og kvæði um Furstann er leiðarstef höfundar.

*Sigurðar saga fóts* er önnur skáldsaga höfundar. *Svo skal dansa* sem út kom haustið 2009 fékk góða dóma.

256 bls.

**Útgáfufélagið Sæmundur**

ISBN 978-9935-9014-0-8

Leiðb.verð: 5.690 kr.




## Skaðamaður

**Jóhann Frímann K Arinbjarnarson**

*Skaðamaður* er fyrsta skáldsaga nýs höfundar. Sögusviðið er ónefnt sjávarþorp á Íslandi. Sagan, sem er afar grimm, fjallar um einelti og hefnd, en einnig um ást og vináttu. Söguþráðurinn er skemmtilegur og lýsir unglingum sem standa varnarlausir frammi fyrir ógn sem stefnir lífi þeirra í hættu. Höfundurinn var styrktur af Menningarráði Norðurlands vestra. „Leggið nafn þessa unga manns á minnið. Lesið þessa bók og fylgist með því sem framundan er."

– Einar Már Guðmundsson.

218 bls.

**túri ehf.**

ISBN 978-9979-964-14-8

Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja

# „MEISTARA-KRIMMI

## Besta bók Árna Þórarinssonar. Hugrökk og sönn.“

*Árni Matthíasson, blaðamaður, Morgunblaðinu*

★★★★

„... glæsilega unnin, með sterkri samfélagslegri sýn og ríkri siðferðilegri boðun ... voveifleg lýsing á því samfélagi sem við höfum búið okkur ...“

*Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttatíminn*

★★★★½

„... lygilega sannsöguleg og endurspeglar meinið í íslensku samfélagi ... frábær bók, besti krimmi sem ég hef lesið í nokkurn tíma.“

*Steinþór Guðbjartsson / Morgunblaðið*






**Grípandi saga úr íslenskum samtíma, áleitin og nístandi**

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




## Skáldsaga um Jón & hans rituðu bréf til barnshafandi konu sinnar þá hann dvaldi í helli yfir vetur & undirbjó komu hennar & nýrra tíma

**Ófeigur Sigurðsson**

Haustið 1755 hrekst Jón Steingrímsson úr Skagafirði suður í Mýrdal. En Suðurland er ekki fýsilegt til búsetu: Katla gýs eldi og eimyrju, landið er hulið ösku og rógurinn fylgir Jóni. Hann sest að í helli við Reynisfjöru og skrifar konu sinni innileg bréf um fortíðina, gestakomur í hellinn og daglegt líf. Einstæð skáldsaga um eldklerkinn sem ungan mann.

213 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3198-8




## Skugga-Baldur

**Sjón**

Hátíðarútgáfa í tilefni þess að fimm ár eru liðin síðan Sjón hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.

**Bjartur**

ISBN 978-9979-657-94-1

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Snjóblinda

**Ragnar Jónasson**

Á Siglufirði finnst ung kona blóðug og hálfnakin í snjónum, nær dauða en lífi, og aldraður rithöfundur deyr á grunsamlegan hátt. Ungur lögreglumaður kemst að því að engum virðist að treysta við rannsóknina. Einangrun, myrkur og snjór þrengja að honum, óttinn nær tökum á bæjarbúum og gleymdir glæpir fortíðar koma upp á yfirborðið.

286 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-71-0

Leiðb.verð: 5.690 kr.

Átta manns liggja undir grun en það reynist þrautin þyngri fyrir lögregluliðið úr *Aftureldingu* að finna hinn seka, því rætur glæpsins liggja djúpt. Hörkuspennandi og nærgöngul saga eftir mikinn spunameistara. „... fín saga, vel uppbyggð og spennandi með ýmsum óvæntum snúningum."

– Katrín Jakobsdóttir / Eyjan.is

286 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3193-3 Kilja




## Stolnar raddir

**Hugrún Kristjánsdóttir**

Sóllilja hefur ekki miklar áhyggjur af lífinu í kjallaranum hjá ömmu. En þegar hún finnur af tilviljun mynd falda á bak við fallegu trúlofunarmyndina af afa og ömmu koma brestir í skorður hversdagsins. Smám saman fá bernskuminningarnar nýja merkingu og raddir fortíðar annan blæ. Fjörug og spennandi kynslóðasaga eftir nýjan höfund.

272 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3168-1

IÐA




## Sólstjakar

**Viktor Arnar Ingólfsson**

Morð er framið á skrifstofu íslenska sendiherrans í Berlín.

**FYRIRGEFNING** EFTIR LILJU SIGURÐARDÓTTIR

# DAUÐANS ALVARA



Ungur maður er fenginn til þess að skrifa viðtalsbók við fólk sem lifað hefur af ofbeldi eða hörmungar af annarra völdum. Hann sökkvir sér niður í viðfangsefnið og fyrr en varir er hann flæktur í rannsókn á dularfullum dauðsföllum sem er eins og tengist á óvæntan hátt.

DYNAMO REYKJAVÍK




Spor Lilju seld til Þýskalands

„vel byggð og metnaðarfull“ (Mbl.) – „spennandi saga sem gengur upp“ (Fbl.) um Spor

BJARTUR



## Stórkostlegt líf herra Rósar og fleiri sögur af ótrúlega venjulegu fólki

**Ævar Þór Benediktsson**

Hér má finna sögur af venjulegu fólki í óvenjulegum aðstæðum og óvenjulegu fólki í venjulegum aðstæðum. Þetta eru hnyttnar og fremur absúrdískar sögur, þar sem frumleg sýn á hversdagsleikann og venjulegt fólk sameinast skemmtilegum vangaveltum um örlög, hlutskipti og mannleg samskipti.

94 bls.

**Nykur**

ISBN 978-9979-9996-0-7

Leiðb.verð: 1.990 kr. Kilja




## Svar við bréfi Helgu

**Bergsveinn Birgisson**

Aldraður bóndi skrifar bréf til ástkonunnar sem honum bauðst að fylgja til borgarinnar forðum tíð. Gerði hann rétt í að taka sveitina fram yfir kærleikann?

Hefði hann átt að flytjast til Reykjavíkur til að moka skurð eða reisa bragga fyrir Ameríkana?

Bergsveinn Birgisson var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir *Landslag er aldrei asnalegt* árið 2003.

103 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-13-9

Leiðb.verð: 5.280 kr.




## Sveskjur í sólarlaginu

**Jóhann Árelíuz**

Langar þig að lesa baggatækt skáldverk úr sveitinni þegar menn trúðu á Tímann og Ríkisútvarpið? Ekkert skil ég í helvítis lömbunum að rata ekki á brúna, segir Biddi í Hvammsgerði í sláturhússrekstri, þau fara þetta á hverju hausti. Stíll Árelíuzar leifturskarpur og lítil hætta á hænublundi lesenda. *Eyrarpúkinn* (2003) gleður enn hjörtu lesenda sinna enda sér í íslenskum bókmenntum eins og önnur verk höfundar.

**Jöklahreiður**

ISBN 978-9979-9587-2-7




## Svörtuloft

**Arnaldur Indriðason**

Kona er barin til ólífis nánast fyrir augum lögreglunnar en árásarmaðurinn kemst undan. Rannsókn málsins fellur í óvæntan farveg en á sama tíma virðist kunnur ógæfumaður eiga brýnt erindi við lögregluna. Enn ein snilldarbók Arnaldar um lögregluteymið á Hverfisgötu; sterk og þaulhugsuð saga um græðgi og grimmd.

326 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2112-8 Kilja



# Ískrandi húmor og yndislegar sögur

Lifandi, dramatískar og meinfyndar sögur úr einkalífi Einars Kárasonar: Skólagangan, jólin á Hrauninu, rithöfundar í stríði og ógleymanlegir kettir.

Einar opnar hér af fágætri einlægni dyrnar að lífi sínu, hugmyndum og hugsjónum.

***„Mikill og nútímalegur sagnamaður.“***

Litteraturen








MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




## Sýrópsmáninn

**Eiríkur Guðmundsson**

Ungur maður, sem missti vinnuna á Vísindavefnum fyrir að svara út í hött, heldur í sumarleyfi til Ítalíu, ásamt eiginkonu og syni. Í farteskinu eru leifar af óræðri þoku sem lagst hefur yfir Reykjavík og landið allt, minningar um ástir sem farið hafa forgörðum og sorgir sem aldrei hafa verið færðar í orð.

Listilega skrifuð bók um fermingarmyndir í fjöru, þoku sem mátar skó og hið tortímandi afl ástarinnar.

Eiríkur Guðmundsson hlaut mikið lof fyrir síðustu skáldsögu sína *Undir himninum*.

232 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-10-8

Leiðb.verð: 5.880 kr.




## Tregðulögmálið

**Yrsa Þöll Gylfadóttir**

Með framhleypinni og óforskammaðri gráglettni leiðir háskólaneminn Úlfhildur lesendur með sér í vitundarvakningu sína um tilgang, merkingu og gildi samfélagsins, námsins, atvinnulífsins, ástarinnar, samskipta kynjanna og kynslóðanna.

„Besta frumraun höfundar sem ég hef lesið lengi.“

– Hrafn Jökulsson

189 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-30-8







## Út við svala sjávarströnd

**Birgitta Hrönn Halldórsdóttir**

*Út við svala sjávarströnd* er bæði falleg og skemmtileg saga, sem er full af átökum og ást – og er hrein unun að lesa og upplifa.

142 bls.

**Töfrakonur / Magic Women ehf.**

ISBN 978-9979-9990-3-4 Kilja




## Útlagar

**Sigurjón Magnússon**

Í lok sjötta áratugarins halda íslenskir sósíalistar til náms í Austur-Þýskalandi. Þar eystra bíður þeirra annar veruleiki en marga dreymir um.

Sigurjón Magnússon hefur á liðnum árum sent frá sér verk sem vakið hafa mikla athygli og fengið lofsamlega dóma. *Útlagar* er án efa hans veigamesta bók.

328 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-16-0

Leiðb.verð: 5.880 kr.




## Vaktabókin

**Jóhann Ævar Grímsson, Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon og Ragnar Bragason**

**Myndskr.: Frosti Gnarr**

Hvað voru þeir kumpánar, Georg, Ólafur Ragnar og Daníel að bardúsa þegar við vorum ekki að fylgjast með? Í Vaktabókinni birtast ýmsir munir úr eigu persónanna; einkabréf, dagbókarfærslur, ljósmyndir,póstkort, blaðagreinar, fréttir, lagatextar, ræður og margt, margt fleira sem varpar nýju ljósi á atburði hinnar geysivinsælu Vaktaseríu.

Í bókinni er einnig handritið að kvikmyndinni Bjarnfreðarson í heild sinni ásamt sérstakri safnaraútgáfa af kvikmyndinni með fullt af aukaefni, áður óséðum atriðum, sketsum, yfirlestri leikara, höfunda og listrænna stjórnenda o.fl.

Bókin er skyldueign fyrir alla þá sem höfðu gaman af Vaktaseríunum og Bjarnfreðarsyni!

198 bls.

**BJARNFREÐARSON EHF**

Dreifing: Sam Myndir

ISBN 978-9979-7082-5-4

Leiðb.verð: 4.990 kr.

# Kynngimögnuð saga

★★★★

„... breið skáldsaga um ástina og dauðann ... mörgum þrepum ofar í bókmenntastiganum en formúlubókmenntirnar.“

Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið



Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir spinnur snilldarlegan vef þar sem afbrýðisemi og græðgi ráða för. Haglega fléttuð og óvenjuleg spennusaga eftir hæfileikaríkan höfund.




„... Þórunn hefur einstakt lag á að komast inn í hugarheim sögupersónanna og færa lesandann þangað með sér.“

Bjarni Ólafsson / Morgunblaðið

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




## Vandamenn

**Egill Egilsson**

Vandamenn – eru það eftirlifendur, fjölskylda og vinir eða eru það menn í vanda? Þessu veltir höfundur fyrir sér í magnaðri sakamálasögu – um örlög fjölskyldu í íslensku sjávarplássi. Útgerðarkóngurinn finnst hengdur í fiskverkunarhúsi sínu. Er það sjálfsmorð eða var hann myrtur?

175 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-44-9 Kilja

BÓKAFÉLAGIÐ




## Þar sem hjartað slær

**Birgitta Hrönn Halldórsdóttir**

Þar sem hjartað slær er eldheit og spennandi sveita – og ástarsaga, full af fjöri og skemmtilegu fólki sem þú þarft að kynnast.

149 bls.

**Töfrakonur / Magic Women ehf.**

ISBN 978-9979-9990-2-7 Kilja




## Þegar kóngur kom

**Helgi Ingólfsson**

„Þegar kóngur kom er afbragðs skemmtilestur og algjör gersemi fyrir áhugafólk um lifandi sögu Reykjavíkur. Instant klassík innan síns flokks."

„Frumlegasti krimminn." – „Þegar kóngur kom er vel samin og vel undirbyggð sakamálasaga sem bregður leiftrandi ljósi á Reykjavík og bæjarbúa þessa tíma."

Blóðdropinn 2010! Viðurkenning Hins íslenska glæpafélags fyrir bestu glæpasögu ársins.

384 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-097-5 Kilja




## Önnur líf

**Ævar Örn Jósepsson**

Erla Líf dansaði við eldana á Austurvelli á kvöldin enda virkur þátttakandi í Búsáhaldabyltingunni. Eitt kvöldið er henni nauðgað hrottalega en hún lætur ekki bugast. Þegar hún finnst í blóði sínu rúmlega ári síðar, stungin ellefu sinnum með hnífi liggur beinast við að tengja árásirnar saman.

*Önnur líf* er sjötta skáldsaga Ævars Arnar Jósepssonar um löggugengið Árna, Katrínu, Stefán og Guðna. Rétt einsog í hinum fyrri er sögusviðið sótt beint í íslenskan samtíma og samfélag.

360 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-52-5

Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Örsögur
## Brief Tales

**Erla Stefánsdóttir**

Öll náttúran iðar af lífi, líf í óteljandi myndum. Allt hefur sitt innra líf og álfaþróunin gegnir því hlutverki að vera birting innra lífs náttúrinnar.

Alveg fram á þennan dag er ég að sjá eitthvað nýtt og uppgötva að það sem ég sé er fólk ekki vant að sjá.

Mig langar að segja þér eitthvað um náttúruna og þær verur sem þar búa.

Örsögurnar fimmtán gefa þér innsýn í mína lífssýn því þær eru upplifanir náttúrunnar í öllum sínum myndum.

Náttúran er lifandi veruleiki með álfum, dísum, dvergum, englum, hulduverum, tröllum og svo miklu miklu fleiru. Njóttu þess að upplifa náttúruna.

48 bls.

**Sigrún Lilja slf**

ISBN 978-9979-70-760-8/-70-735-6



**Tímalaus, innileg og áhrifarík plata!**




## SÁLMAR TÍMANS

Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson
Tveir framúrskarandi listamenn fagna hér 10 ára samstarfsafmæli með eftirminnilegum hætti.




**Rómantískur, heillandi, íslenskur píanódjass!**

## GNÓTT

Gunnar Gunnarsson tekur upp þráðinn sem spunninn var á plötunum Húm og Hrím en fetar jafnframt nýjar slóðir ásamt Tómasi R., Ómari Guðjóns og Matthíasi Hemstock.

**Eftirlætislögin hennar ömmu og meira til !**



## AMMA

Söngvaskáldið Svavar Knútur leitar á gömul mið og gerir íslenskri klassík einstök skil. Lifandi upptaka.




**★★★★ Jón Agnar Ólafsson, Morgunblaðið**

## ÞAÐ SEM HVERFUR

Tónlist Sigurðar Flosasonar við eyðibýlaljóð Aðalsteins Ásbergs í frábærum flutningi Ragnheiðar Gröndal og Egils Ólafssonar.

*„...plata sem spilar með áhrifaríkum hætti á tilfinningar hlustandans, gegnum ljóðmál, músík og myndir...“*
***** Jón Agnar Ólafsson, Morgunblaðið*

DIMMA

***Þar sem bókmenntir og tónlist spila saman !***

# Þýdd skáldverk




## Aðþrengd í Odessu

**Janet Skeslien Charles**
**Þýð.: Salka Guðmundsdóttir**
Daría er ung, falleg og vel menntuð – en hún býr í Odessu í Úkraínu þar sem atvinnuleysi er gríðarlegt og mafíósar ráða lögum og lofum. Daría fær starf hjá fyrirtæki sem útvegar einmana Ameríkönum úkraínskar konur og brátt fer fyrirheitna landið að freista hennar … um of. Fyndin og dásamlega kaldhæðin saga um vonir, vonbrigði og krók á móti bragði.
448 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-108-1 Kilja




## Aldrei framar frjáls

**Sara Blædel**
**Þýð.: Árni Óskarsson**
Lík af konu finnst á Vesterbro; hún hefur verið skorin á háls á hrottalegan hátt. Louise Rick rannsakar málið ásamt félögum sínum í dönsku lögreglunni og allt bendir til að morðið tengist vændisstarfsemi í Kaupmannahöfn.
304 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-65-5
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Allra besta gjöfin

**Jim Stovall**
**Þýð.: Guðrún Bergmann**
Ungur maður á allt en vill meira. Í stað þess að erfa fjárupphæð eftir frænda sinn fær hann þrautir til að leysa. Eftir margvíslegar eldraunir hlýtur hann allra bestu gjöfina sem er að meta gömlu góðu mannlegu gildin og áttar sig á að fleira skiptir máli en veraldleg gæði.
175 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-27-2 Kilja




## Arsenikturninn

**Anne B. Ragde**
**Þýð.: Pétur Ástvaldsson**
Þegar gamla revíusöngkonan Amalie Thalía deyr opnast gamlar grafir sem geyma vel falin fjölskylduleyndarmál. Lesandi fikrar sig hægt aftur í tímann og kynnist kynslóðunum, hverri af annarri, uns allt liggur ljóst fyrir. Óvenjuleg og heillandi ættarsaga eftir höfund *Berlínaraspanna*, dularfull, grimm og sár, um óbugandi lífsvilja, leiklistardrauma og afdrifaríkar ástir.
399 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3176-6 Kilja





RADDIR ÚR FJARLÆGÐ
INGVI ÞÓR KORMÁKSSON
Ingvi Þór Kormáksson
Raddir úr fjarlægð
Smásögur
Ingvi Þór Kormáksson
Töfraheimur sem íslenskum smásagnaunnendum stendur alltof sjaldan til boða.
Þráinn Bertelsson
TREGÐULÖGMÁLIÐ
Yrsa Þöll Gylfadóttir
sögur útgáfa
www.sogurutgafa.is
Yrsa Þöll Gylfadóttir
Yrsa Þöll Gylfadóttir
Tregðulögmálið
Besta frumraun höfundar sem ég hef lesið lengi.
Hrafn Jökulsson




## Barnið í ferðatöskunni

**Lene Kaaberbøl og Agnete Friis**
**Þýð.: Ólöf Eldjárn**

Nina starfar fyrir Rauða krossinn með flóttamönnum í Danmörku. Hún er vön óvæntum útköllum og hefur iðulega horft upp á kúgun, mansal, misnotkun og ofbeldi. En þegar hún finnur lítinn dreng vandlega pakkaðan ofan í ferðatösku getur hún ekki látið hann í hendur yfirvalda. Hún verður að komast að því hver hann er. Það reynist háskaleg ákvörðun. „Eðalreyfari til að gleypa í einum bita." – Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið
341 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3170-4 Kilja




## Bláa minnisbókin

**James A. Levine**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**

Batuk er barnung stúlka sem ætti að vera að leika sér og læra en er þess í stað lokuð inni í nöturlegu búri í Mumbai. Þar spinnur hún upp ævintýri í bláu minnisbókina sína um leið og hún segir frá botnlausri grimmd og örvæntingu. Þetta er áhrifamikil saga af fórnarlömbum barnamisnotkunar, saga sem nístir hjartað.
236 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-109-8 Kilja




## Blóðnætur

**Åsa Larsson**
**Þýð.: Eyrún Edda Hjörleifsdóttir**

Í heimsókn til æskustöðvanna flækist lögfræðingurinn Rebecka Martinson inn í skelfilegt mál: Mildred Nilsson, presturinn umdeildi, hefur verið myrt af mikilli heift á bjartri sumarnótt og alblóðugt lík hennar hengt upp í kirkjunni. Åsa Larsson hefur slegið í gegn með sögum sínum og fékk meðal annars Sænsku glæpasagnaverðlaunin fyrir *Blóðnætur*.
365 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-147-0 Kilja




## Borða, biðja, elska

**Elizabeth Gilbert**
**Þýð.: Herdís Magnea Hübner**

Metsölubókin sem allir tala um. Eftir erfiðan skilnað og stormasamt ástarsamband ákveður Liz að fara út í heim í leit að sjálfri sér. Fyrst liggur leiðin til Ítalíu að borða góðan mat, á Indlandi leggur hún stund á andlega íhugun en á Balí í Indónesíu finnur hún hamingjuna.
346 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-36-4 Kilja



## Bókmennta- og kartöflubökufélagið

**Mary Ann Shaffer og Annie Barrows**
**Þýð.: Ingunn Ásdísardóttir**

„Yndisleg bók um kostulegt



félag … Það er augljóst að Mary Ann hefur sankað að sér hafsjó af fróðleik um hernám Guernsey-eyjar og hún fléttar hann skemmtilega inn í sögu furðulegra og frábærra persóna sem manni fer smám saman að þykja vænt um.“
– Morgunblaðið.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-03-0
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Danskennarinn snýr aftur

**Henning Mankell**
**Þýð.: Þórdís Gísladóttir**
Líkið af Herbert Molin, fyrrverandi lögregluþjóni, finnst fyrir utan afskekkt heimili hans í Härjedal. Allt bendir til að hann hafi verið myrtur með óhugnanlegum aðferðum. Inni í húsi hans eru blóðug spor sem mynda undarlegt munstur: Hefur morðinginn dansað tangó við fórnarlambið? Hyldjúp og hörkuspennandi saga eftir einn fremsta glæpasagnahöfund heims.
448 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3195-7 Kilja




## Dauð þar til dimmir

**Charlaine Harris**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**
Sookie Stackhouse verður himinlifandi þegar Bill gengur inn á barinn til hennar og fyrr en varir er samband þeirra orðið náið. En bæjarbúar eru ekki allir jafnhrifnir og eftir að morð er framið í bænum er ekki tekið út með sældinni að eiga kærasta sem er vampíra. Sögurnar um hugsanalæsu gengilbeinuna Sookie hafa vermt efstu sæti metsölulista og eftir þeim eru sjónvarpsþættirnir *True Blood* gerðir.
357 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-113-5 Kilja




## Dávaldurinn

**Lars Kepler**
**Þýð.: Jón Daníelsson**
Karlmaður finnst myrtur í búningsklefa í úthverfi Stokkhólms. Skömmu síðar kemur í ljós að kona hans og dóttir hafa einnig verið myrtar. En sonurinn lifir, mikið særður. Lögregluforingi fær dávaldinn Bark til að dáleiða drenginn. Æsispennandi sálfræðitryllir sem vakið hefur heimsathygli. „Bygging sögunnar er gífurlega snjöll. Spennan og undirliggjandi ógnin vex stöðugt á meðan lesandi nagar neglurnar upp í kviku.“ – Aftonbladet
536 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-154-8




## Einmana prímtölur

**Paolo Giordano**
**Þýð.: Hjalti Snær Ægisson**
Þegar Alice og Mattia kynnast á unglingsárum eru þau hvort um sig mörkuð af skelfilegri bernskureynslu. Þau eru á skjön við umhverfi sitt, einfarar í eilífu mótstreymi, en laðast hvort að öðru og vináttа þeirra lifir fram á fullorðinsár. Fortíðin vakir þó sífellt yfir þeim og mótar þroska þeirra og samskipti.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-09-2
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja

Bókabúðin HAMRABORG
Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877




## Einnar mínútu þögn

**Siegfried Lenz**
**Þýð.: Ásdís Guðnadóttir**

Metsölubók eftir virtan verðlaunahöfund. Gefin út í fjölda landa. Verið að kvikmynda. – Enginn veit að Stella og Christian, nemandi hennar, verða ástfangin. „Sjaldan les maður nokkuð jafnlátlaust, jafnerótískt. Sígildur dýrgripur“.
– Ulrich Greiner. Die Zeit.

128 bls.
**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-79-4
Leiðb.verð: 3.750 kr.




## Enzo

**Garth Stein**
**Þýð.: Helgi Jónsson**

Hjartnæm saga um ást og dauða. Hér er það hundurinn Enzo sem segir söguna af kappaksturshetjunni Dennis og konu hans Evu, sem veikist eftir að hún fæðir Zoe litlu. Sumir hundar sjá lengra en mannsaugað.

280 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-27-1
Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja




## Eyru Busters

**Maria Ernestam**
**Þýð.: Margrét Ísdal**

Eva var ung að árum þegar hún ákvað að þrauka bernskuna hjá móður sem gerði líf hennar að helvíti. Fjörutíu árum síðar rifna upp gömul sár og hið sama gildir um rósirnar hennar. Mögnuð skáldsaga, kvikmynd eftir henni er væntanleg á næsta ári.

390 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-43-2 Ib
/-48-7 Kilja




## Freyjuginning

**Christina Sunley**
**Þýð.: Þórdís Bachmann**

Ung bandarísk kona heldur á vit íslenskra forfeðra sinna – með óvæntum endalokum. Áleitin og spennandi skáldsaga eftir höfund af íslenskum ættum. Bókin hefur fengið frábærar viðtökur gagnrýnenda.

380 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-68-0 Kilja



**UNDIR FÖGRU SKINNI** EFTIR REBECCU JAMES

# SÁLFRÆÐITRYLLIR

„Heillandi sálfræðitryllir ... Frábærlega fléttuð saga.“ –**Wall Street Journal**

Í kjölfar fjölskylduharmleiks ákveður Katherine að flytja að heiman og hefja nýtt líf þar sem enginn þekkir hana. Þá birtist Alice. Hún er umhyggjusöm, heillandi og hrókur alls fagnaðar. En Alice á sér myrkari hliðar.

UPPLÖGÐ BÓK FYRIR UNGT FÓLK




★★★★ Berlingske Tidende

„Stephanie Meyer án vampíra.“ Wall Street Journal

BJARTUR




## Friðlaus

**Lee Child**
**Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl**
Jack Reacher situr í neðanjarðarlest í New York um miðja nótt. Einn farþeganna vekur grunsemdir hans og innan fárra mínútna er allt þakið blóðslettum og beinflísum. Reacher vill vita hvað gerðist og hvers vegna. En leitin er háskaleg og líkin hrannast upp … Lee Child er einn vinsælasti spennusagnahöfundur heims og einfarinn Reacher á sér ótal aðdáendur.
425 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-114-2 Kilja

BÓKAFÉLAGIÐ




## Frumskógarbókin

**Rudyard Kipling**
**Þýð.: Böðvar Guðmundsson**
Frumskógarbókin var fyrst gefin út árið 1894. Þekktastar eru sögurnar þrjár um Mógli sem elst upp hjá úlfum í skógum Indlands og eignast björninn Balú og svarta hlébarðanum Bakíra að vinum. Af öðrum sögum safnsins er sagan um mongúsinn Rikki-Tikki-Tavi líklega þekktust. Ný þýðing Böðvars Guðmundssonar á þessu sívinsæla verki er mikill fengur fyrir íslenska lesendur.
200 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-79-2
Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Fyrirsætumorðin

**James Patterson og Maxine Paetro**
**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**
Ung ofurfyrirsæta hverfur við myndatökur á Hawaii. Brátt kemur á daginn að í sólskinsparadísinni liggur höggormur í leyni – slóttugur og fullur kvalalosta. Önnur fyrirsæta finnst myrt á hrottafenginn hátt og fórnarlömbin verða fleiri. Blaðamaðurinn Ben Hawkins verður að stöðva illvirkjann … einhvern veginn. James Patterson er langmest seldi höfundur Bandaríkjanna og heldur lesendum í heljargreipum.
260 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-115-9 Kilja




## Fæddur í dimmum skugga

**Andrea Busfield**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Fawad er ungur drengur í Afganistan og hefur á stuttri ævi kynnst stórum sorgum: Faðir hans og bróðir voru drepnir, systir hans numin á brott og móðir hans verður að treysta á góðvild ættingja til að komast af. Fyrir glettni örlaganna eignast Fawad voldugan vin en ekki einu sinni hann getur afstýrt enn einum harmleik. Forvitnileg og hjartnæm saga um framandi líf.
293 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-139-5




## Gleðileikurinn guðdómlegi

**Dante Alighieri**
**Þýð.: Erlingur E. Halldórsson**
**Myndskr.: Gustave Doré**
Eitt vinsælasta, virtasta og áhrifamesta bókmenntaverk heims í fyrsta sinn í heild á íslensku í meistaralegri lausamálsþýðingu Erlings E. Halldórssonar. Dante Alighieri fer um víti, hreinsunareld og paradís í fylgd rómverska skáldsins Virgils og sinnar ástkæru Beatrísar og lýsir í lifandi máli og af djúpri samúð örlögum ótal manna sem hann hittir á leið sinni.
514 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3175-9



# VÖNDUÐ JÓLAGJÖF

## UM ÍSLENSKT BARÁTTUFÓLK Í KREPPU Á 19. ÖLD



**Vesturfaramynd Elínar Hirst,**
**SÍÐASTA FERÐIN, er komin á DVD.**

Með því að kaupa disk styður þú Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur með 300 króna framlagi nú fyrir jólin.




GEFÐU VANDAÐA
ÍSLENSKA JÓLAGJÖF
OG LEGGÐU ÞITT
AF MÖRKUM
TIL MANNÚÐARMÁLA




## Glæpir

**Ferdinand von Schirach**
**Þýð.: Bjarni Jónsson**
Ferdinand von Schirach er þýskur stjörnulögfræðingur. Hér segir hann sögur af ótrúlegum afbrotum, sérkennilegum refsingum og skrýtnum örlögum fólks sem hann hefur kynnst í starfi sínu. Sögurnar kunna að vera ótrúlegar, en þær eru sannar. Metsölubók í yfir 30 löndum.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-02-3
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Góða nótt, yndið mitt

**Dorothy Koomson**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**
Hrífandi saga eftir geysivinsælan höfund um ást, vináttu og leyndarmál sem aldrei gleymist. Mal og Stephanie lifa áhyggjulausu lífi í London – að því er virðist – en í Brighton situr Nova yfir syni sínum sem sefur dásvefni. Leyndarmálið sem olli vinslitum þeirra víkur aldrei frá þeim.
485 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-104-3 Kilja

IÐA




## Hafmeyjan

**Camilla Läckberg**
**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**
Í Fjällbacka hefur karlmaður horfið sporlaust og enginn veit hvort hann er lífs eða liðinn. Kunningja hins týnda, rithöfundinum Christian Thydell, taka að berast nafnlaus hótunarbréf. Erica, sem þekkir Christian, er kasólétt af tvíburum en getur þó ekki stillt sig um að skipta sér af rannsókninni sem Patrik stýrir.
497 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-62-4
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Hjartaþeginn

**Mary Higgins Clark**
**Þýð.: Pétur Gissurarson**
Mary Higgins Clark hefur skrifað um 35 bækur og hafa þær náð metsölu um heim allan.

Í þessari bók segir frá Emily Vallace aðstoðarsaksóknara. Hún er nýstigin upp úr alvarlegum veikindum en samt er henni falið að taka að sér mál gegn manni sem ákærður er fyrir að hafa myrt eiginkonu sína, fræga leikkonu. Emily er sannfærð um sekt mannsins í fyrstu, en síðar fara efasemdir að láta á sér bæra.
329 bls.
**Bókaforlagið Bifröst**
ISBN 978-9935-412-05-8
Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Hreinsun

**Sofi Oksanen**
**Þýð.: Sigurður Karlsson**
Aliide á ekki von á góðu þegar hún finnur ókunnuga stúlku hrakta og hrjáða í garðinum sínum. Hún skýtur yfir hana skjólshúsi og kemst smám saman að því að saga þeirra tveggja er samfléttuð. Margradda saga sem nær yfir hálfa öld og hefur fært höfundi sínum fjölmörg virt verðlaun og viðurkenningar, nú síðast Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs.
355 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3189-6

www.bruna.nl

# ALÞJÓÐLEG SPENNUSAGA SEM GERIST Á ÍSLANDI!

Íslenskur prófessor finnst látinn í Þingvallavatni en skömmu áður taldi hann sig hafa komist yfir stórmerkilegt miðaldahandrit. Magnaður tryllir þar sem alþjóðlegi metsöluhöfundurinn Michael Ridpath grefur sig ofan í sögu og samtíð Íslendinga í bók sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en á síðustu blaðsíðu!

*„Lipurlega skrifuð spennusaga ... Góð persónusköpun og Íslandi eftir hrunið lýst með glöggu gestsauga.“*
*–Ármann Jakobsson, dósent í íslensku*

„Frábært sambland af morðgátu, goðsögn og nútímaglæpum.“
– The Times






DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9




## Hringnum lokað

**Michael Ridpath**

**Þýð.: Þórdís Gísladóttir**

Íslenskur prófessor finnst látinn í Þingvallavatni en skömmu áður taldi hann sig hafa komist yfir stórmerkilegt miðaldahandrit. Mögnuð alþjóðleg spennusaga sem gerist á Íslandi. „Frábært sambland af morðgátu, goðsögn og nútímaglæpum."
– The Times

349 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-67-3

Leiðb.verð: 5.690 kr.




## Hundrað ára einsemd

**Gabriel García Márquez**

**Þýð.: Guðbergur Bergsson**

Búendíafjölskyldan og förunautar hennar nema land í óbyggðum og reisa þorpið Macondo þar sem börnin vaxa upp og hjól tímans rennur áfram eftir brautum örlaganna, í gegnum stríð og ástir, líf og dauða. *Hundrað ára einsemd* er oft talin ein besta skáldsaga 20. aldar; töfrandi og litrík frásögn af ævintýralegri fjölskyldu sem speglar ólgandi átakasögu Suður-Ameríku. Erlend klassík Forlagsins.

416 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-540-9 Kilja







## Hvarfið

**Johan Theorin**

**Þýð.: Anna R. Ingólfsdóttir**

Tuttugu árum eftir að lítill drengur hverfur á Ölandi fær Júlía móðir hans óvænt símtal frá öldruðum föður sínum, Gerlof Davidsson. Júlía snýr aftur á æskuslóðir sínar og saman taka feðginin að róta í fortíðinni.

428 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-63-1

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Hvíti tígurinn

**Aravind Adiga**

**Þýð.: Ísak Harðarson**

Balram Halwai er hugmyndaríkur frumkvöðull sem brýst úr fjötrum þrældóms; í senn siðblint ljúfmenni og auðmjúkur fantur. Ævintýraleg saga hans er um leið nöpur lýsing á veruleika Indlands – örbirgð, kúgun, græðgi og spillingu. Frábærlega snjöll frásögn, háðsk og fyndin, heillandi og sláandi. Bókin hlaut hin heimsþekktu Booker-verðlaun 2008.

299 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-099-2 Kilja



## Kaffihús tregans

**Carson McCullers**

**Þýð.: Óskar Árni Óskarsson**

Hrífandi og tregafull saga um þráhyggju og afbrýði í sérstökum ástarþríhyrningi. Bók sem skipaði Carson McCullers í fremstu röð bandaríksra rithöfunda.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-07-8

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja

# BÓKIN SEM ALLIR ERU AÐ TALA UM!

*Dávaldurinn* eftir Lars Kepler er ein umtalaðasta og mest selda spennusaga sem út hefur komið á Norðurlöndum á síðustu árum. Hún er í senn sálfræðitryllir og hrollvekjandi glæpasaga sem heldur lesandanum í heljargreipum frá fyrstu blaðsíðu.

Jón Daníelsson þýddi.

★★★★★

**„Dáleiðandi lestrarupplifun!“**

BERLINGSKE TIDENDE

♥♥♥♥

**„Dramatík í stöflum og spenna í massavís … Kræsingar fyrir hinn kröfuharða krimmalesanda.“**

POLITIKEN






JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

KEPLER




## Kallarinn

**Fred Vargas**
**Þýð.: Guðlaugur Bergmundsson**

„Það er einhvern veginn allt annar tónn og taktur í spennusögum franska höfundarins Fred Vargas en maður á að venjast.“
– Silja Aðalsteinsd. TMM.

Vargas hefur þrívegis fengið Gullna rýtinginn.

**Bjartur**
ISBN 978-9979-657-98-9
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Kallinn undir stiganum

**Marie Hermanson**
**Þýð.: Ísak Harðarson**

Fredrik er í góðu starfi og kvæntur listakonunni Paulu – dásamlegri konu sem hann tilbiður og furðar sig á að skuli hafa viljað hann. Saman eiga þau tvö börn og eru nýflutt í gamalt hús á fallegum stað utan við Kungsvik. En svo tekur tilvera þessarar hamingjusömu fjölskyldu að breytast.

Bóksalar í Svíþjóð útnefndu *Kallinn undir stiganum* bestu skáldsöguna 2005.

262 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-67-9
Leiðb.verð: 5.480 kr.




## Kirkja hafsins

**Ildefonso Falcones**
**Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir**

Móðurlaus og örsnauður drengur vex upp í Barcelona á 14. öld, í skjóli kirkjunnar fögru sem alþýðan reisir af litlum efnum. Þar glímir hann við forboðna ást í skugga hungurs, plágu, styrjalda og hins illræmda rannsóknarréttar. Viðburðarík metsölubók; ævintýraleg örlagasaga um ánauð, svik og hefndir. Tilnefnd til Íslensku þýðingaverðlaunanna 2009.

620 bls.

# Drottning spennusögunnar

## Hjartaþeginn

Emily Wallace aðstoðarsaksóknari er nýstigin upp úr alvarlegum veikindum en samt er henni falið að taka að sér mál gegn manni sem ákærður er fyrir að hafa myrt eiginkonu sína, fræga leikkonu. Emily er sannfærð um sekt mannsins í fyrstu, en síðar fara efasemdir að láta á sér bæra. Það er eins og röksemdafærsla hugans og tilfinningar hjartans finni ekki samhljóm í ákærunum. Hafi eiginmaðurinn ekki myrt hana, hver er þá morðinginn?

Lesendur um allan heim bíða í ofvæni eftir hverri nýrri bók metsöluhöfundarins Mary Higgins Clark. Sem áður fer þessi vinsæli höfundur á kostum og víst er að nýja bókin hennar, *Hjartaþeginn*, gefur hinum fyrri ekkert eftir.




BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST
bokaforlagidbifrost@simnet.is - Sími 511 2400

FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-106-7 Kilja




## Klaustrið

**Panos Karnezis**
**Þýð.: Árni Óskarsson**
Klaustur Vorrar frúar stendur afskekkt á spænskri sléttu, umvafið furuskógi. Íbúarnir hafa sagt skilið við heimsins amstur og helgað líf sitt Guði. Sex nunnur lifa þar vanaföstu og einföldu lífi. Allt breytist daginn sem ferðataska, með loftgötum, finnst á tröppum klaustursins.
**Bjartur**
ISBN 9789979657958
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja

## Kvöldverðurinn

**Herman Koch**
**Þýð.: Jóna Dóra Óskarsdóttir**
Hvað myndirðu ganga langt til að verja börnin þín? Bræðurnir Paul og Serge sitja á glæsilegu veitingahúsi með konum sínum. Á yfirborðinu virðist allt slétt og fellt en fimmtán ára synir þeirra hafa framið ódæðisverk sem vekur óhug hjá þjóðinni. Aðeins foreldrarnir vita hverjir hinir seku eru. Eiga þau að horfast í augu við voðaverkið? Eða á að vernda orðspor fjölskyldunnar? Bók ársins í Hollandi 2009.




295 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-110-4 Kilja




## Land draumanna

**Vidar Sundstøl**
**Þýð.: Kristín R. Thorlacius**
Lögreglumaðurinn Lance Hansen í Minnesota finnur lík við Lake Superior. Ungur norskur ferðamaður hefur verið myrtur á hroðalegan hátt og skilinn eftir í blóði sínu. Illur grunur læðist að Lance um morðið uns hann telur sig vita hver morðinginn er. En segi hann frá því mun tilvera hans og fjölskyldunnar allrar hrynja til grunna . . .
340 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-64-8
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Landnemarnir

**Vilhelm Moberg**
**Þýð.: Magnús Ásmundsson**
Hér kemur út í fyrsta sinn á íslensku annar hluti hins heimsfræga verks Mobergs um fjölskylduna sem flutti frá Smálöndum í Svíþjóð vestur um haf um miðja 19. öld. Hér hefur hún nýtt líf í Ameríku. Áhrifamikið verk og ógleymanlegt öllum sem sáu sjónvarpsþættina vinsælu.
310 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-59-3 Ib
/-51-7 Kilja




## Lér konungur

**William Shakespeare**
**Þýð.: Þórarinn Eldjárn**
Kynngimagnað og stórbrotið leikrit, einn frægasti harmleikur Shakespeares. Verkið á erindi við fólk á öllum tímum og er sviðsett í leikhúsum um víða veröld á ári hverju. Hér er komin ný þýðing Þórarins Eldjárns á þessu sígilda meistaraverki, gerð fyrir nýja uppfærslu Þjóðleikhússins á *Lé konungi*.
184 bls.
FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2118-0 Kilja




## Lifandi dauð í Dallas

**Charlaine Harris**
**Þýð.: Halla Sverrisdóttir**
Sookie Stackhouse getur lesið hugsanir. Hún hefur alltaf álitið það leiðindafötlun en vampírurnar í Louisiana meta hæfileika hennar mikils. Að þessu sinni þurfa þær á þjónustu hennar að halda í Dallas þar sem vampíra er horfin sporlaust. Bækurnar um hugsanalæsu gengilbeinuna Sookie Stackhouse njóta gríðarlegra vinsælda og eftir þeim eru gerðir sjónvarpsþættirnir vinsælu True Blood.
304 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-148-7 Kilja




## Loftkastalinn sem hrundi

**Stieg Larsson**

**Þýð.: Halla Kjartansdóttir**

Þriðja og síðasta bókin í hinum frábæra þríleik Stiegs Larsson um Mikael Blomkvist og Lisbeth Salander.

600 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9979-657-90-3

Leiðb.verð: 2.980 kr. Kilja




## Lofuð

**Elizabeth Gilbert**

**Þýð.: Herdís Magnea Hübner**

Í lok bókarinnar *Borða, biðja, elska* varð Elizabeth ástfangin af Brasilíumanninum Felipe. Þau ákveða að búa saman í Ameríku og lofa hvort öðru eilífri tryggð en heita því að þau muni aldrei giftast, því þau eiga bæði misheppnuð hjónabönd að baki. En parinu eru settir úrslitakostir: Þau verða að giftast – eða Felipe fær aldrei aftur að koma til Bandaríkjanna. Eldheit og dramatísk saga.

271 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-45-6 Kilja




## Maðurinn sem hvarf

**Mai Sjöwall og Per Wahlöö**

**Þýð.: Þráinn Bertelsson**

Martin Beck fer til Ungverjalands á tímum kalda stríðsins að grennslast fyrir um afdrif sænsks blaðamanns, en hann virðist hafa gufað gjörsamlega upp. Ritröðin Skáldsaga um glæp eftir Maj Sjöwall og Per Wahlöö náði á sínum tíma geysilegum vinsældum og olli straumhvörfum í norrænni glæpasagnaritun. Sögurnar hafa staðist tímans tönn og eru sannarlega klassískar.

208 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3190-2 Kilja




## Maðurinn sem var ekki morðingi

**Hjorth & Rosenfeldt**

**Þýð.: Halla Kjartansdóttir**

Sextán ára piltur finnst myrtur. Hjartað hefur verið fjarlægt úr líkinu. Sebastian Bergman er réttarsálfræðingur og aðalsérfræðingur lögreglunnar í að draga upp mynd af óþekktum ódæðismönnum. Hann er eldklár, en líka ögrandi, hrokafullur og hreinasta martröð fyrir samstarfsmennina.

Spennandi, trúverðugur og hrikalega skemmtilegur sænskur krimmi. Næsta sprengja á eftir Stieg Larsson!

430 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-18-4

Leiðb.verð: 5.680 kr.

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is

**MAÐURINN SEM VAR EKKI MORÐINGI** EFTIR HJORTH & ROSENFELDT

# ÖGRANDI OG ELDKLÁR



Fyrir tilviljun dregst réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman inn í rannsókn á morði á sextán ára pilti. Hann ætlar sér að komast yfir trúnaðarupplýsingar lögreglunnar. Lesendur elska að hata Sebastian Bergman. Hann er ögrandi, hrokafullur — og eldklár.

NÆSTA SPRENGJA Á EFTIR STIEG LARSSON

Þýðandi:
**Halla Kjartansdóttir**

Fyrsta bókin í væntanlegri röð glæpasagna með Sebastian Bergman í aðalhlutverki.




Spennandi, trúverðugur og hrikalega skemmtilegur sænskur krimmi.

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVIK



## Morgnar í Jenín
**Susan Abulhawa**
**Þýð.: Ásdís Guðnadóttir**
Við stofnun Ísraelsríkis hrekst palestínsk fjölskylda á flótta og sest að í flóttamannabúðunum í Jenín. Á leiðinni hverfur eitt barnanna og elst upp í gyðingdómi en bróðir hans fórnar öllu fyrir málstað Palestínumanna. Saga fjölskyldunnar er saga palestínsku þjóðarinnar, flóttamanna í sextíu ár – einlæg og mannleg frásögn sem hefur komið út víða um heim og hvarvetna vakið eftirtekt.
393 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-112-8 Kilja



## Myrkraverk á Styles-setri
**Agatha Christie**
**Þýð.: Elías Mar**
Fyrsta sakamálasaga Agöthu Christie í úrvalsþýðingu Elíasar Mar. Ein snjallasta og mest selda bók drottningar sakamálasögunnar.
260 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-62-8 Kilja








## Nemesis
**Jo Nesbø**
**Þýð.: Bjarni Gunnarsson**
Á upptöku úr eftirlitsmyndavél sést hvar bankaræningi tekur gjaldkera af lífi. Harry Hole er falið að rannsaka málið. Á sama tíma finnst gömul kærasta Harry látin eftir að hann hefur hitt hana kvöldstund. Meðan Harry berst við að hreinsa mannorð sitt halda bankaránin áfram með fordæmalausum óhugnaði.
490 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-61-7
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja



## Pompei
**Robert Harris**
**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**
Mögnuð spennusaga um mannlíf í Rómaveldi síðustu dagana áður en eldgosið í Vesúvíusi lagði Pompei og nágrenni í rúst árið 79. Metsöluhöfundurinn Robert Harris endurskapar á meistaralegan hátt heim lystisemda á barmi glötunar.
320 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-57-4



## Póstkortamorðin
**James Patterson og Liza Marklund**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Jacob Kanon ferðast á milli evrópskra stórborga í leit að morðingja dóttur sinnar og unnusta hennar. Í félagi við blaðakonuna Dessie Larsson reynir hann að finna mynstur í óhugnanlegum raðmorðum – áður en það verður of seint. Bandaríski metsöluhöfundurinn James Patterson og sænska glæpasagnadrottningin Liza Marklund leggja saman krafta sína og útkoman er æsispennandi tryllir.
318 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-098-5 Kilja

# LEITIN AÐ SANNLEIKANUM




*Sjáandinn mikli, Nostradamus, sem var uppi á 16. öld, orti þúsund spádómsvísur en aðeins 942 hafa varðveist.*

***Hvað varð um þær 58 sem vantar?***

***Hvaða leyndardóm geymdu þær?***

IÐUNN
www.forlagid.is

Eiríkur Örn Norðdahl þýddi.

SPENNUSAGA MARIO READING HEFUR VERIÐ ÞÝDD Á 35 TUNGUMÁL OG SELST Í METUPPLÖGUM UM ALLAN HEIM.




## Prjónaklúbburinn

**Kate Jacobs**
**Þýð.: Aðalheiður Jónsdóttir**
Prjónabúð Georgiu Walker er ekki bara miðdepill lífs hennar og dótturinnar Dakotu, hún er líka athvarf kvenna á ýmsum aldri sem hittast þar til að prjóna, tala, hlæja og gráta. Þær eiga ekkert sameiginlegt nema prjónaskapinn – og sumar kunna varla að prjóna – en þær eiga hver aðra að þegar á reynir. Heillandi bók um vináttu, ást, fjölskyldu og prjónaskap.
379 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-166-1 Kilja




## Sex grunaðir

**Vikas Swarup**
**Þýð.: Ísak Harðarson**
Óvenjuleg saga um morðrannsókn á Indlandi; sonur umdeilds ráðherra finnst myrtur og sex grunaðir eru teknir í yfirheyrslu. Atburðarásin er ófyrirsjáanleg. „Spennandi, fyndin í margvíslegum og skrautlegum sögum af ólgandi og spennuríku lífi … lyktirnar margfaldar í roðinu og koma lesanda á óvart.“ – Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið
560 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-103-6 Kilja




## Sigurvegarinn stendur einn

**Paulo Coelho**
**Þýð.: Karl Emil Gunnarsson**
Margslungin og mögnuð saga úr heimi hátísku og kvikmynda, sem gerist á einum sólarhring á kvikmyndahátíðinni í Cannes og berst um skúmaskot og skuggahliðar glæsiveraldar hinna ríku og frægu. Paulo Coelho, höfundur *Alkemistans*, er einn vinsælasti rithöfundur heims og fjallar hér um dýrkun samtímans á auði, völdum og frægð.
393 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-142-5




## Silas Marner

**George Eliot**
**Þýð.: Atli Magnússon**
Eitt af meistaraverkum heimsbókmenntanna í vandaðri þýðingu Atla Magnússonar. *Silas Marner* er fyrsta skáldsaga bresku skáldkonunnar, George Eliot, sem kemur út á íslensku.
312 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-59-8




## Sítrónur og saffran

**Kajsa Ingemarsson**
**Þýð.: Þórdís Gísladóttir**
Agnes er í óskastöðu, orðin yfirþjónn á fínasta veitingastað Stokkhólms og sæti kærastinn hennar er frægur gítarleikari. En á einni kvöldstund breytist allt; hún er rekin úr vinnunni og kærastinn tekur bakröddina með risastóru brjóstin fram yfir hana. Dramatísk og fyndin saga um sorgir og sigra, ástir og vináttu, mat og mannlíf eftir einn vinsælasta rithöfund Svíþjóðar.
342 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3152-0 Kilja




## Spádómar Nostradamusar

**Mario Reading**
**Þýð.: Eiríkur Örn Norðdahl**
Sjáandinn mikli Nostradamus, sem uppi var á 16. öld, orti þúsund spádómsvísur en aðeins 942 hafa varðveist. Hvað varð um þær 58 sem vantar? Þá gátu reyna tveir karlmenn að ráða en af ólíkum hvötum. Adam Sabir verður fyrri til að komast á sporið en Anchor Bale er á hælunum á honum og eltingaleikurinn hefst – upp á líf og dauða …
334 bls.
FORLAGIÐ
**Iðunn**
ISBN 978-9979-1-0490-2

# Ofurkonur gefast ekki upp!

Hvað gerir virðuleg prestsfrú þegar faðir hennar er kominn með kærustu örstuttu eftir lát eiginkonunnar? Nína tvístígur en stjörnuleikkonan systir hennar er hreint út sagt æf!






MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

***Dramatísk fjölskyldusaga úr reykvískum nútíma eftir Jónínu Leósdóttur***

# Nístandi falleg og sönn

Hvert leitar hugurinn þegar komið er á leiðarenda og fátt fram undan nema eilífðin sjálf? Til liðinnar tíðar ... sem geymir misfagrar minningar. Stuttsaga Guðbergs Bergssonar lætur engan ósnortinn.

★★★★½

„... tvímælalaust eitt af hans áhrifameiri verkum, knappt og meitlað og vekur lesandann til umhugsunar.“
Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

„... meistaraleg frásögn ... Óskaplega fallega skrifuð bók.“
Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




Ný útgáfa ásamt diski með upplestri höfundar á verkinu

1000 ÁRITUÐ OG TÖLUSETT EINTÖK




## Steindrekinn

**Andrew Davidson**

**Þýð.: Sölvi Björn Sigurðsson**

„Voðinn situr um þá óviðbúnu, stundum hamslaus, rétt eins og ástin.“

Á myrkum vegi um miðja nótt hrapar bifreið í gljúfur. Illa brenndur sleppur ökumaðurinn lifandi frá slysinu. Hann þolir óbærilegar kvalir og sársaukafulla meðferð á sjúkrahúsinu í þeirri einu von að verða nægilega hraustur til þess að fremja sjálfsmorð.

Þá birtist hin leyndardómsfulla Marianne Engel myndhöggvari. Hún fullyrðir að þau séu elskendur frá fyrra lífi, í Þýskalandi á miðöldum. Hann málaliði og leiguþý og hún skrifari og nunna í klaustrinu Engelthal.

Viðurkenningar:

-Booksellers International Book of the Year 2009

-Sunburst Award 2009

-Galaxy British Book – best read of the year 2009

-Canadian Booksellers Association Libris 2008

-Book of the Month Club winner, First Fiction 2008

480 bls.

**Jentas**

ISBN 978-9979-795-73-5

Leiðb.verð: 4.780 kr.




## Stelpurnar mínar

**Susanne Staun**

Vinkonurnar Dr. Fanny Fiske, Lisa Selander og P.J. Harvey fljúga til Danmerkur til að heimsækja sameiginlega vinkonu, Ninu Lacoppidan. Nina er hvergi sjáanleg en finnst myrt eftir stutta leit. Þær hefjast handa við að leita morðingjans og eru þeir, sem standa í vegi fyrir þeim, ekki teknir neinum vettlingatökum. Óvenjulegur og ögrandi kvennakrimmi.

307 bls.

**Orðastaður ehf.**

ISBN 978-9979-70-651-9

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja




## Stúlkan sem lék sér að eldinum

**Stieg Larsson**

**Þýð.: Halla Kjartansdóttir**

Önnur bókin í Millenninum-þríleiknum eftir Stieg Larsson sem farið hefur sigurför um heiminn.

600 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9979-657-91-0

Leiðb.verð: 2.980 kr. Kilja




## Sultur

**Knut Hamsun**

**Þýð.: Jón Sigurðsson**

Fyrsta skáldsaga norska Nóbelshöfundarins braut blað í heimsbókmenntasögunni þegar hún kom út 1890. Söguhetja hans, ónefndi ungi maðurinn sem hangir á hungurmörkum með höfuðið fullt af skáldskaparórum átti þá engan sinn líka en hefur síðan eignast marga arftaka. Þýðingin nær einstæðum tökum á stíl og andrúmi frumtextans.

Halldór Guðmundsson skrifar formála. Erlend klassík Forlagsins.

214 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-533-1 Kilja




## Svipurinn

**Robert Goddard**

**Þýð.: Uggi Jónsson**

Aldagömul ráðgáta er við það að leysast. Tim Harding gerir gömlum vini greiða og gerir tilboð í fornan hring á uppboði. Hann veit ekki að hringurinn tengist skelfilegum atburðum.

Robert Goddard hefur verið kallaður meistari hinnar úthugsuðu fléttu. Áður hafa hjá Bjarti komið út eftir hann bækurnar *Horfinn* og *Ekki sjón að sjá*.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-05-4

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja

BÓKAFÉLAGIÐ



# BÓKMENNTA-VIÐBURÐUR ÁRSINS






Fáar skáldsögur hafa vakið aðra eins aðdáun og *Hreinsun*, áhrifamikil frásögn Sofi Oksanen af lífi tveggja kvenna af ólíkum kynslóðum. Margradda og spennandi saga um ást, svik, vald og valdaleysi.

Sigurður Karlsson þýddi.

**„... ÓSKAPLEGA SPENNANDI ... ALGJÖRT MEISTARA-VERK ... FRÁBÆR BÓK Í ALLA STAÐI.“**

Illugi Jökulsson / Kiljan

**„... SNILLDARBÓK ... OFBOÐSLEGA GÓÐ SKÁLDSAGA.“**

Egill Helgason / Kiljan

*Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

*Bók sem fer sigurför um heiminn*




## Svívirða

**Lotte & Sören Hammer**
**Þýð.: Ásdís Guðnadóttir**
Lík af fimm karlmönnum finnast í íþróttasal grunnskóla að morgni dags. Engu er líkara en fram hafi farið opinber aftaka. Það kemur í hlut Konrads Simonsen yfirlögregluþjóns og félaga að reyna að finna ódæðismennina. Hvers vegna var líkunum stillt upp með þessum hætti? Hvernig var þetta hægt? Og hvað liggur þarna að baki?

*Svívirða* er einstök glæpasaga um það þegar menn taka lögin í sínar hendur, hvernig hægt er að spila á mannfjöldann og skapa yfirþyrmandi múgæsingu.
340 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-15-3
Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Tvær gamlar konur

**Velma Wallis**
**Þýð.: Gyrðir Elíasson**
- Á hverju kvöldi eftir að hafa höggvið í eldinn, sátum við og spjölluðum saman í tjaldinu okkar við mynni Broddgaltarárinnar, þar sem hún fellur út í Yukonfljótið. Þetta endaði ævinlega með sagnastund … – Höfundur varð víðfræg þegar þessi bók kom út. Hún er af frumbyggjaættum Alaska, fædd 1961.

Ingrid Jónsdóttir leikari les.
Lengd: 3 CD.
🔊 221 mín.
**Hljóðbók slf**
ISBN 978-9935-417-20-6
Leiðb.verð: 3.590 kr.

## Týnda rósin

**Zerdar Özkan**
**Þýð.: Eva María Hilmarsdóttir**
Á fárra áratuga fresti kemur fram hrífandi saga sem snertir hjörtu og sálir lesenda um alla heimsbyggð – sögur eins og Alkemistinn og Litli prinsinn. Metsölubókin *Týnda rósin* er í þeim flokki. Hún hefur komið út á yfir 30 tungum og hvarvetna hrifið lesendur. Þetta er sagan um Díönu, unga konu sem þráir svo heitt viðurkenningu og lof annarra að hún svíkur eigin drauma og gildi. Þegar móðir hennar segir frá því á dánarbeði sínum að Díana eigi tvíburasystur hefst leyndardómsfullt ferðalag – sem leiðir Díönu í undursamlegan rósagarð í Istanbúl . . .
280 bls.
**Bókafélagið Ugla**
ISBN 978-9979-651-63-5







## Undir fögru skinni

**Rebecca James**
**Þýð.: Ingunn Snædal**
Í kjölfar fjölskylduharmleiks ákveður Katherine að flytja að heiman og hefja nýtt líf í Sydney þar sem enginn þekkir hana. Í nýjum skóla heldur hún sig út af fyrir sig og nýtur þess að renna saman við fjöldann.

Þá birtist Alice. Hún er umhyggjusöm, heillandi og hrókur alls fagnaðar. En Alice á sér myrkari hliðar og eftir því sem lesandinn fær meira að vita um fortíð hennar tekur sagan ískyggilegri stefnu sem nær hámarki í dramatískum endi.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-19-1
Leiðb.verð: 4.480 kr.




## Utangarðsbörn

**Kristina Ohlsson**
**Þýð.: Jón Daníelsson**
Martröð allra foreldra: Barn hverfur sporlaust. Flestir telja að faðir litlu stúlkunnar sé valdur að hvarfi hennar en Fredrika Bergmann er ekki jafnviss. Brátt kemur í ljós að hér býr annað og myrkara að baki en forræðisdeila. Fleiri börn hverfa, rannsókn lögreglunnar verður að vonlitlu kapphlaupi við tímann og spennan verður næstum óbærileg.
432 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-138-8 Kilja



# „Sterk og áhrifamikil“

THE SUN

Fawad er ungur drengur í Afganistan sem kynnst hefur stórum sorgum en heldur samt ávallt í lífsgleðina.

Dásamleg saga sem mun heilla þá sem kunnu að meta *Flugdrekahlauparann*.

Guðni Kolbeinsson þýddi.

*„... forvitnileg mynd af lífinu í Afganistan.“*

LIBRARY JOURNAL




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

*„Fallega skrifuð, hjartnæm og rækilega brydduð gamansemi ... Ótrúlega sterk frumraun.“*

THE NEWS OF THE WORLD




## Varúlfurinn

**Fred Vargas**
**Þýð.: Guðlaugur Bergmundsson**

Frábær glæpasaga eftir þrefaldan Gullrýtingshafa um Adamsberg lögregluforingja.

**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-00-9
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Vegurinn

**Cormac McCarthy**
**Þýð.: Rúnar Helgi Vignisson**

Bók áratugarins, samkvæmt stórblaðinu *The Times*, sem vinsæl kvikmynd var gerð eftir. Hvað stendur eftir þegar allt er hrunið?

**Bjartur**
ISBN 978-9979-657-96-5
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Veröld sem var

**Stefan Zweig**
**Þýð.: Halldór J. Jónsson og Ingólfur Pálmason**

Þriðja útgáfa einnar áhrifamestu sjálfsævisögu sem út hefur komið. Zweig lýsir á einstakan hátt hvernig kynslóð hans glutraði niður „gullöld öryggisins“ í skiptum fyrir veröld haturs og villimennsku. Sagan er þrungin söknuði eftir horfnum heimi en felur líka í sér varnaðarorð til komandi kynslóða. Erlend klassík Forlagsins.
400 bls.

**Forlagið**
ISBN 978-9979-53-530-0 Kilja




## Vetrarblóð

**Mons Kallentoft**
**Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson**

Lík manns finnst hangandi í stöku eikartré á vindbarinni sléttu á Östergötlandi. Ummerkin á vettvangi minna á heiðna fórnarsiði. Malin Fors, ungri lögreglukonu og einstæðri móður sem glímir við erfið vandamál í einkalífinu, er falið að rannsaka málið. Rannsóknin leiðir Malin á vit myrkustu afkima mannlegs eðlis.
451 bls.

**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-66-2
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Vitavörðurinn

**Camilla Läckberg**
**Þýð.: Sigurður Þór Salvarsson**

Á bjartri vornótt snarast kona inn í bíl sinn – hendurnar á stýrinu eru ataðar blóði. Með son sinn ungan í aftursætinu leitar hún á eina griðarstaðinn sem hún þekkir, eyjuna Gråsker, sem liggur út af Fjällbacka.

Skömmu síðar finnst maður myrtur í íbúð sinni en hann hefur eftir áralanga fjarveru snúið aftur á æskuslóðirnar.
472 bls.

**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-69-3
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Yrsa

*Hin gleymda drottning Danmerkur*

**Margit Sandemo**
**Þýð.: Snjólaug Bragadóttir**

Glæný bók eftir hinn ástsæla metsöluhöfund Margit Sandemo.

Fallega drottningin Yrsa er eins og ljómandi ljós á myrkum tímum í Norrænni sögu. Hún var konungsdóttir og því var líf hennar ákvarðað frá fæðingu. Hún var viljasterk drottning og mótaði bæði örlög sín og norrænu þjóðanna.

Þjóðflutningatímarnir frá 400 til 600 e.Kr. voru erfiðir. Til eru ótal sögur um hetjur og afrek þeirra. Yrsa drottning er ein fárra kvenna í þeim hópi.

Þeim fáu ykkar sem frjálsir eru, elskið Yrsu og viljið eiga hana, segi ég þetta:

Ég tek ekki einn ykkar fram yfir annan.

Konungur lamdi stafnum í gólfið.

Ég tek hana sjálfur!

Yrsa er þjóðhöfðingi Svíaríkis þegar hún giftist konungi Dana. Þjóðirnar eiga í stríði og lífið er erfitt. En Yrsa upplifir líka hlýju og blíðu.

Margit Sandemo rekur söguna frá sjálfri sér til ættmóður sinnar, Yrsu drottningar og segir hana eins og hún gæti hafa verið.
288 bls.

**Jentas**
ISBN 978-9979-795-70-4
Leiðb.verð: 3.490 kr.

**SVÍVIRÐA** EFTIR SYSTKININ LOTTE OG SØREN HAMMER

# LÖGIN Í EIGIN HENDUR



Lík af fimm karlmönnum finnast í íþróttasal grunnskóla að morgni dags. Engu er líkara en fram hafi farið opinber aftaka. Hvað liggur þarna að baki? Einstök glæpasaga um það þegar menn taka lögin í sínar hendur, hvernig hægt er að spila á mannfjöldann og skapa yfirþyrmandi múgæsingu.

Þýðandi:
**Ásdís Guðnadóttir**




Seld til yfir 90 landa!

„Einhver besta glæpasaga sem komið hefur út í Danmörku."
–**Kristeligt dagblad**

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK




## Zen og viðhald vélhjóla

**Robert. M Pirsig**
**Þýð.: Sigurður Á. Magnússon**

Heimspekilegt verk sem fjallar um mann á mánaðarferðalagi með syni sínum á vélhjóli þvert yfir Bandaríkin norðanverð. Frásögnin byggist á reynslu höfundar og er tvískipt: annarsvegar sagt frá ferðalaginu sjálfu og hinsvegar heimspekilegum hugrenningum. Hugleiðingarnar eru fjarri því að vera léttvægar, því í reynd setur höfundur fram nýtt heimspekikerfi.

**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-130-11-2
Leiðb.verð: 5.490 kr.




## Það sem ég sá og hvernig ég laug

**Judy Blundell**
**Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir**

Líf Spooner-fjölskyldunnar fellur í sinn gamla farveg eftir að pabbi Evie kemur heim úr stríðinu, en allt breytist þegar Peter Coleridge, félagi hans úr hernum, leitar hann uppi. Evie fellur fyrir Peter og lokar augunum fyrir leyndinni sem umlykur hann uns hörmulegur atburður neyðir hana til að opna þau. „… auðlesin, viðburðarík og ógleymanleg.“ **** – Ingveldur Geirsdóttir / Morgunblaðið

300 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3104-9 Kilja




## Það sem mér ber

**Anne Holt**
**Þýð.: Solveig Brynja Grétarsdóttir**

Emilie, níu ára, hverfur á leið heim úr skólanum. Eftir liggur skólataskan hennar og lítill fíflavöndur. Sex dögum síðar er Kim litla rænt úr rúmi sínu um miðja nótt. Líki hans er skilað og á því er miði þar sem stendur: ÞAR FÉKKSTU MAKLEG MÁLAGJÖLD.

Einstaklega grípandi spennusaga sem náð hefur vinsældum um allan heim.

383 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-31-9 Kilja



## Þríforkurinn

**Fred Vargas**
**Þýð.: Guðlaugur Bergmundsson**

Þriðja bókin eftir frönsku skvísuna Fred Vargas, þrefaldan handhafa Gullna rýtingsins.

**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-01-6
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja




## Þrumulostinn

**William Boyd**
**Þýð.: Anna María Hilmarsdóttir**

Á einu augnabliki og fyrir helbera tilviljun glatar loftslagsfræðingurinn Adam Kindred ekki bara vegabréfi sínu og peningum; heldur heimili, starfi og æru. Hundeltur af bæði lögreglu og leigumorðingja neyðist hann til að láta sig hverfa af yfirborði jarðar. Boyd er margverðlaunaður höfundur, nú í fyrsta sinn þýddur á íslensku.

396 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-11-5
Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja



# HVALREKI FYRIR ÍSLENSKA STANGVEIÐIMENN

*-The Source - Ísland er komin út á mynddiski*

Kastað er á nýgengna laxa í kristaltærum ám, eyðifjörður kannaður í leit að kröftugum sjóbleikjum og risastórra urriða og sjóbirtinga er freistað í lindám Suðurlands. Öllum tegundum íslenskra laxfiska eru gerð skil.

Þessi einstaka kvikmyndaupplifun fangar ástríðu og áhuga fluguveiðimanna í könnunarleiðangri þeirra um þetta einstaka land og sýnir draumalandið með augum ferðamannsins.

**Sérstakur tilboðspakki með The Source - Tasmanía, The Source - Nýja Sjáland og The Source - Ísland á kr. 9.990.-**




IAT
ICELAND ANGLING TRAVEL
ICELAND ADVENTURE TRAVEL

Pöntunarsími:
867 5200
Tölvupóstur:
**info@icelandangling.com**









Ný bók þar sem Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari kennir okkur að útbúa gómsætar máltíðir handa fjögurra manna fjölskyldu fyrir 1.000 krónur!

LJÓSMYND ÚTGÁFA upplýsingar og dreifing sími 8935664

# Ljóð




## Austan um land
**Sigurður Óskar Pálsson**
Bókin kom fyrst út 2001, fékk góðar viðtökur og seldist fljótt upp. Hér birtist efni fyrstu útgáfu og úrval ljóða höfundar frá síðustu árum. Sigurður yrkir um fjölbreytilega eiginleika mannsins en fyrst og fremst er bókin óður til náttúrunnar og átthaga höfundar.
87 bls.
**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**
ISBN 978-9935-410-04-7
Leiðb.verð: 2.980 kr. Kilja




## Á barmi næturinnar
**Hallberg Hallmundsson**
Hér birtist úrval úr ljóðabókum Hallbergs Hallmundssonar og að auki óbirt ljóð, ort til konu hans, May. Hallberg hefur sent frá sér fimmtán ljóðabækur á Íslandi og þýðingar hans á íslensku losa fimmta tuginn.
103 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-129-6 Ób.




## Blindhæðir
**Ari Trausti Guðmundsson**
Sterkur þráður bindur saman ljóðin í *Blindhæðum*. Við fylgjum skáldinu um slóðir bernskunnar í borg og sveit. Ótal atvik á leið barns til þroska varða veginn uns dyr opnast að unglingshausti – og þá er ekkert lengur eins og það var. Í gegnum skýrar og meitlaðar ljóðmyndir byggist upp saga, úr borg bernskunnar rís ný borg.
64 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-81-5
Leiðb.verð: 4.980 kr.



## Blóðhófnir
**Gerður Kristný**
Í *Blóðhófni* yrkir Gerður Kristný um jötnameyna Gerði Gymisdóttur sem Skírnir, skósveinn Freys, sótti til Jötunheima handa húsbónda sínum. Hér er efni hinna fornu Skírnismála listilega flutt í nútímalegt söguljóð, fullt af átökum, harmi og trega, og talar sterkt til samtímans. Gerður Kristný hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir ljóð sín, nú síðast Ljóðaverðlaun Guðmundar Böðvarssonar og Ljóðstaf Jóns úr Vör.



132 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3187-2




## Brúður

**Sigurbjörg Þrastardóttir**
**Myndir: Bjargey Ólafsdóttir**
Sérkennileg og heillandi bók um brúðkaup. Alls konar fólk ratar upp að altarinu og reynir að leika hlutverk sitt af kostgæfni en ýmislegt fer öðruvísi en ætlað er. Þessi bók er skyldueign einhleypra, kaldhæðinna, hamingjusamlega giftra og, jú, rómantíkera. Sigurbjörg Þrastardóttir hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir skáldskap sinn og var tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs fyrir síðustu bók sína, *Blysfarir*.
77 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-164-7 Ób.



## Enginn heldur utanum ljósið

**Vésteinn Lúðvíksson**
Vésteinn olli vatnaskilum í íslenskum bókmenntum með skáldsögunum *Gunnar og Kjartan* og *Átta raddir úr pípulögn* um 1970. Raunsæisleg verk hans vöktu mikla athygli en síðan gerði hann hlé á ritstörfum. *Enginn heldur utan um ljósið* er fjórða ljóðabók hans sem kemur út hjá Bjarti.
50 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9935-423-08-5
Leiðb.verð: 2.280 kr.




## Fegurstu ljóð Jónasar Hallgrímssonar

**Jónas Hallgrímsson**
Úrval fegurstu ljóða þjóðskáldsins góða er að finna í þessari eigulegu bók. Kolbrún Bergþórsdóttir valdi ljóðin og skrifar inngang um skáldið.
**Bókafélagið**
ISBN 978-9979-9954-2-5




## Fjallaþytur

*Úrval úr ljóðum Hákonar Aðalsteinssonar*
**Hákon Aðalsteinsson**
Hinn ástsæli hagyrðingur, Hákon Aðalsteinsson, átti margar ljóðaperlurnar; sumar alvarlegar en aðrar af léttara taginu – allar þó bráðskemmtilegar. Unnendur góðs og gáskafulls kveðskapar ættu því að finna hér eitthvað við sitt hæfi. Allmörg ljóðanna í bókinni hafa ekki birst á prenti áður.
165 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-87-6
Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Fuglar og fólk á Ítalíu

**Jón Pálsson**
Í þessari bók tekur lesandinn sér á ferð á hendur um Ítalíu, þar sem saga aldanna liggur við hvert fótmál. Hún er e.k. leiðsögubók um eitt söguríkasta land heims.
220 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-57-8 Kilja

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is




## Gengismunur

*Ljóð úr skýrslu rannsóknar-nefndar allþingis*

**Jón Örn Loðmfjörð**

Ljóðabók um rannsóknar-skýrslu, rannsóknarskýrsla um ljóðabók, ljóðabók um ljóðabók og rannsóknar-skýrsla um rannsóknar-skýrslu, kokkuð úr hráefni SKÝRSLUNNAR sem við óttumst öll og elskum.
89 bls.

**Nýhil**

ISBN 978-9935-413-07-9
Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja




## Grimm ævintýri

**Ásgeir H Ingólfsson**

Músa Hómers hittir fyrir bakara og smið á Ölstofunni og fær þá með sér í ljóðaferðalag um dularfulla galdraskóga, til Ásgarðs og þaðan í sífellt geislavirkari Austurveg. Á leiðinni hitta þau fyrir Tinna, Öskubusku, Rauðhettu, Loka Laufeyjarson, Heimdall, Miðgarðsorm, Rauðhettu, úlfinn og fleiri persónur heimsbókmenntanna. Markmiðið: „Að yrkja heiminn upp á nýtt."
135 bls.

**Nýhil**

ISBN 978-9935-413-09-3
Leiðb.verð: 2.500 kr.




## Haustpróf

**Jóhann Árelíuz**

Þegar þú hefur kastað pokanum fyrir borð getur þú aftur stigið land þitt strítt og blítt. Greint bensínstöðvar sálarandans og bíað öskuhauginn öskugráa.

Sjá! Enn er líf og enn er von. Fyrri ljóðabækur Árelíuzar, vegsamaðar og verðlaunaðar: *blátt áfram* (1983), *Söngleikur fyrir fiska* (1987), *Tehús ágústmánans* (1992), *Par avion (1997).*

**Jöklahreiður**

ISBN 978-9979-9587-3-4 Kilja



## Hrunadansinn

**Matthías Johannessen**

Hinn magnaði bálkur Matthíasar í fallegri útgáfu. Bókinni fylgir geisladiskur með flutningi Gunnars Eyjólfssonar á ljóðinu.
64 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-53-6




## Jörðin kallar á börnin sín

**Sigurjón Jónsson**

Höfundur ljóðasafnsins var bóndi í Snæhvammi í Breiðdal, eitt nýrómantísku skáldanna sem áttu sitt blómaskeið snemma síðustu aldar og fæst ljóðanna hafa áður birst. Sigurjón var hógvært skáld, gerði miklar kröfur til sjálfs sín og ljóð hans verðskulda að koma loks fyrir sjónir ljóðavina. Ritgerð um höfundinn og verk hans eftir Sólmund Friðriksson, dóttur-son höfundar, birtist í bókinni sem er sú tíunda í flokknum Austfirsk ljóðskáld.
149 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

ISBN 978-9935-410-03-0
Leiðb.verð: 4.480 kr.



ÓFEIGUR SIGURÐSSON

# Eldklerkurinn og hans rituðu bréf



EINSTÆÐ SKÁLDSAGA UM ELDKLERKINN JÓN STEINGRÍMSSON SEM UNGAN MANN, RITUÐ AF ÓFEIGI SIGURÐSSYNI.




ÁRIÐ ER 1755. HRIKALEGIR JARÐSKJÁLFTAR RÍÐA YFIR LANDIÐ OG KATLA GÝS ELDI OG EIMYRJU. EN Í HELLI Í MÝRDAL SITUR UNGUR MAÐUR OG SKRIFAR FJARSTADDRI KONU SINNI ÁSTARBRÉF.

# Lestrarnautn

★★★★★

***„Besta ljóðabók Gerðar Kristnýjar. Meitlaður texti sem talar til lesandans á mörgum sviðum.“***

***Friðrika Benónýsdóttir / Fréttablaðið***






*BLÓÐHÓFNIR*

Feikisterk ljóðabók eftir Gerði Kristnýju með rætur í hinum fornu Skírnismálum.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




## Konfektmolar

**Jóhanna Helga Halldórsdóttir**

Konfektmolar er ljóðabók með völdum ljóðum höfundar frá árunum 1988–2008. Ljóðin eru falleg, sum eru aðgangshörð, og öll skilja þau eftir sinn sérstaka andblæ. Fáðu þér konfektmola.

70 bls.

**Töfrakonur /**
**Magic Women ehf.**

ISBN 978-9979-9990-0-3 Kilja




## Langt frá öðrum grjótum

**Baldur Óskarsson**

Hinn óforbetranlegi módernisti heldur upp á 50 ára ritferil sinn með því að gleðja lesendur með nýrri ljóðabók – hinni 14. í röðinni. Enn sem fyrr fléttar hann saman litríku myndmáli og hlýrri gamansemi. Tímalaus ljóð sem kalla fram nýjar – og nýstárlegar – myndir við hvern lestur.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-098-2 Kilja




## Leyndarmál annarra

**Þórdís Gísladóttir**

Ljóð fyrir þá sem langar að hnýsast í leyndarmál annarra, gægjast á bak við gluggatjöld nágrannans, hlera það sem fram fer í skriftastólnum og þiggja um leið gagnleg lífsstílsráð konu sem kann að bregðast við óvæntum uppákomum hvunndagslífsins.

Þórdís hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2010.

32 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-20-7
Leiðb.verð: 2.280 kr. Kilja




## Ljóð af ættarmóti

**Anton Helgi Jónsson**

Hér hlerum við raddir alls konar fólks; það fagnar gömlum vinum, segir slúðursögur, rifjar upp minningar, harmar liðna tíð, þráir liðna tíð, játar syndir sínar, opinberar syndir annarra, skammast út í aðra, skammast sín, áfellist yfirvöld eða engist af samviskubiti. Langþráð bók eftir frábært skáld. „Orginal og flott ljóðabók.“ – Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

96 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3165-0 Kilja







## Ljóðaúrval

**Jóhannes úr Kötlum**

Jóhannes úr Kötlum lifði mikla umbrotatíma í sögu og bókmenntum og ekkert skáld sýnir eins nákvæmlega þróun íslenskrar ljóðlistar á 20. öld og hann. Hér eru ljóð úr öllum bókum Jóhannesar fyrir fullorðna sem gefa breiða mynd af margslungnum ljóðheimi skáldsins.

Silja Aðalsteinsdóttir sá um útgáfuna og ritar inngang um Jóhannes og verk hans.

316 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3113-1 Ób.




## Ljóðlínusafn

**Sigurður Pálsson**

Hér eru saman komnar í einni bók þrjár ljóðabækur Sigurðar Pálssonar, *Ljóðlínudans*,

*Ljóðlínuskip* og *Ljóðlínuspil*. „Skáldskapur Sigurðar Pálssonar er þegar á heildina er litið afar tær eða opinn. Það er á einhvern hátt auðvelt að ganga inn í hann og beita honum sem sjóngleri á eigin veruleika.“ – Eiríkur Guðmundsson / Skírnir
224 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-116-6 Ób.




## Ljóðnætur

*- Orðin úr síðasta hali -*

**Pétur Önundur Andrésson**

*Ljóðnætur – orðin úr síðasta hali -*, er sjötta ljóðabók höfundar. Yrkisefnin eru fjölbreytt, allt frá beinskeyttri og myndrænni ádeilu til hugleiðinga um tilfinningar og mannleg samskipti.

69 bls.
**Hálogaland ehf**
ISBN 978-9979-7076-4-6
Leiðb.verð: 1.800 kr. Kilja



## Með mínum grænu augum

**Sverrir Norland**

*Með mínum grænu augum* er annað ljóðasafn Sverris. Ljóðin eru af ýmsum stærðum og gerðum – hugleiðingar, rímuð, stuðluð, myndasöguljóð, frásagnarljóð, þýðingar – og einkennast af ferskri og mótaðri rödd höfundarins unga. Sennilega skemmtilegasta og kraftmesta (ljóða)bók ársins.
84 bls.
**Nykur**
ISBN 978-9979-9996-2-1
Leiðb.verð: 1.490 kr. Kilja




## Moldarauki

**Bjarni Gunnarsson**

Moldarauki er óvenjulegur ljóðabálkur um ferðalag sem vekur okkur af dvalanum. Smátt og smátt skýrist stefnan og lesandanum kemur ekki á óvart að finna sjálfan sig fyrir í áfangastað.

Ferðin sem í fyrstu virtist stefnulaus, því svo óvænt og ítrekað er skipt á milli ólíkra sviða, er í raun einstaklega vel skipulögð reisa um lendur skáldskaparins og paulhugsuð kortlagning á hinu mennska ástandi.
64 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-82-2
Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Sálmurinn um glimmer

**Auður Ava Ólafsdóttir**

Auður Ava hefur sent frá sér sína fyrstu ljóðabók. Í þessu 57 blaðsíðna söguljóði er tekist á við ástríður, þjáningu, dauða, endurfæðingu, tungumálið eða skáldskapinn og fegurðina sem bjargar heiminum á endanum.
57 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-23-4 Kilja





## Síðdegi

**Vilborg Dagbjartsdóttir**

*Síðdegi* er níunda ljóðabók Vilborgar Dagbjartsdóttur og enn eru yrkisefnin áþekk og forðum. Í ljóðunum er þessi galdur sem gerir mannlífið fallegra. „Vilborg Dagbjartsdóttir yrkir af skáldlegum einfaldleik um hið eilífa í hversdagsleikanum, ástir manns og konu, veröld barnsins, sálarlíf mannsins … ljóð hennar vekja sérstakt trúnaðartraust.“ – Kristján Karlsson um *Dvergliljur*

58 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-130-2 Kilja

IÐA



## Sjóarinn með morgunhestana undir kjólnum

**Elías Knörr**

Úr fjarsjóðskistu sjóarans flæða leynigeislar, óvissublóm og framandi drekar sem taka sér bólfestu í flæðarmálinu. Frumspekileg og göfug bók sem ljóðaunnendur geta ekki látið fram hjá sér fara.

76 bls.

**stella**

ISBN 978-9979-70-842-1 Kilja



## Speglarnir á leiðinni

**Páll Biering**

Ný ljóðabók eftir Pál Biering. Bókin fjallar einkum um ýmsa samferðamenn hans á lífsleiðinni sem honum eru hugleiknir. Falleg bók sem yljar lesandanum um hjartarætur.

57 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-47-3

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja




## Staðir

**Guðrún Hannesdóttir**

Guðrún er kunn fyrir barnabækur sínar og myndskreytingar. Árið 2007 hlaut hún Ljóðstaf Jóns úr Vör og sama ár sendi hún frá sér *Fléttur*, sína fyrstu ljóðabók sem hlaut glæsilega dóma. Þessi gefur henni ekki eftir.

56 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-47-0 Kilja



## Sæunnarkveðja

*Sjóljóð*

**Gísli Þór Ólafsson**

*Sæunnarkveðja – Sjóljóð* er fimmta ljóðabók Gísla Þórs Ólafssonar. Í undirtitli er vísað til ævintýralegrar sjóferðar einstaklings. Hilmir Jóhannesson gerði kápumynd.

72 bls.

**Gísli Þór Ólafsson**

ISBN 978-9979-70-834-6



## Tími hnyttninnar er liðinn

**Bergur Ebbi Benediktsson**

Ljóð eftir ungt skáld fyrir okkar tíma, ljóð sem er ætlað að faðma í stað þess að slá út af laginu, hugga í stað þess að espa og minna á það sem sameinar frekar en það sem sundrar. Þau tæma huga okkar af gömlum myndum og skoðunum og fylla hann af nýjum.

63 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3162-9 Kilja




## Undir breðans fjöllum

*Ljóð og lausavísur*

**Þorsteinn Jóhannsson**

Þorsteinn Jóhannsson, kennari og skólastjóri að Svínafelli, var hagyrðingur góður

og festi reynslu sína og æviferil í braglínur, meitlaðar og fágaðar af smekkvísi ljóðunnandans, ýmist fullar af kímni eða markaðar af reynslu og íhugun. Milli línanna má skynja höfundinn, hjartahlýjan mann sem ann tungu, sögu, landi og þjóð.
303 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-88-3
Leiðb.verð: 3.980 kr.




## Varstu?

**Eyvindur P. Eiríksson**

*Varstu?* er tíunda ljóðverk höfundar og ber blæ sterkrar félagshyggju og ljúfrar ásthrifni ásamt tilraunum með náttúrustef og skammljóð.
80 bls.
**Valdimar Tómasson**
ISBN 978-9979-70-844-5
Leiðb.verð: 2.000 kr.




## Vetrarbraut

**Kjell Espmark**
**Þýð.: Njörður P. Njarðvík**

Vetrarbraut er bálkur ljóða þar sem brugðið er upp svipmyndum mannlegrar reynslu allt frá því í árdaga og til nútímans.

Espmark hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir skáldskap sinn. Hann var kjörinn í sænsku akademíuna 1981 og situr í Nóbelsnefndinni sem velur verðlaunahafann í bókmenntum ár hvert.
100 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-79-2
Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Vísnafýsn

**Þórarinn Eldjárn**

Hér yrkir Þórarinn Eldjárn laust og fast um smátt og stórt – stökur og smáljóð um ýmsar hliðar tilverunnar, ekki síst þær óvæntu. *Vísnafýsn* er óvenjulegt kver með brýnt erindi við vandaða þjóð í hnipri; speki og sprok um sérviskur og samviskur að hætti skáldsins.
83 bls.
FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2115-9 Kilja




## Þrjár hendur

**Óskar Árni Óskarsson**

Ný ljóðabók frá meistara smáprósans. Óskar Árni Óskarsson var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir sína síðustu bók, *Skuggamyndir – úr ferðalagi*.
77 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9979-657-97-2
Leiðb.verð: 4.980 kr.





# *Fræði og bækur almenns efnis*




## 1001 gamansaga

**Helgi Seljan**

Helgi Seljan fyrrverandi alþingismaður er hnyttinn maður og húmoristi. Hann hefur um árabil komið fram á fjölda skemmtana og farið með gamanmál. Hér er þúsund og ein saga úr safni hans: Af honum sjálfum, barnabörnum hans og miklu fleiri börnum – og ótal mörgu öðru góðu fólki. Bók sem léttir lund! Má lesa í skömmtum daglega en einnig alla í heild – með bros á vör.

160 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-88-6
Leiðb.verð: 3.480 kr.




## „að skilja undraljós“

*Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*

**Ritstj.: Bergljót Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson**

Greinarnar eiga flestar rætur í fyrirlestrum frá árinu 2008 þegar þess var minnst, bæði í Háskóla Íslands og á Þórbergssetri, að 120 ár voru liðin frá fæðingu Þórbergs, en hann er í hópi fremstu rithöfunda Íslendinga. Í safninu gefst lesendum meðal annars kostur á að lesa um ættir hans og frændgarð; skipti hans við útgerðarmann og prest; handrit og skáldverk svo ekki sé minnst á esperantóáhuga og tengsl við erlendar framúrstefnuhreyfingar.

120 bls.

**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-879-9
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




## Af ást til heimsins

*Hannah Arendt um heimspeki, stjórnmál, alræði og illsku*

**Ritstj.: Sigríður Þorgeirsdóttir**

Hannah Arendt (1906–1975) var einn merkasti stjórnmálaheimspekingur 20. aldar og hér birtist í fyrsta sinn á íslensku úrval ritgerða eftir hana. Umfjöllun hennar um samfélagið miðaði að því að greina vanda stjórnmála, sem hafa verið ofurseld valdi fjármálaheimsins og skortir aðhald frá borgurum sem lifa í neyslusamfélagi og eru sinnulausir um stjórnmál. Henni sjálfri var umhugað um að heimspeki væri ekki bara ást á visku, heldur einnig ást á heiminum. Greinunum sem hér birtast er ætlað að gefa innsýn í nokkur helstu viðfangsefni hennar. Þær fjalla um samband heimspeki og stjórnmála, alræði, illsku mannsins og mannréttindi. Í inngangi fjallar Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor, um ævi hennar og verk og tengir stjórnmálaheimspeki hennar við lýðræðisumræðu samtímans og kröfuna um að virða vistfræðilegar forsendur lífs mannkynsins á jörðinni.

220 bls.

**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-880-5
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja






Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

## Af sifjafræði siðferðisins

**Friedrich Nitzsche**
**Þýð.: Róbert Jack**
**Inng.: Róbert H. Haraldsson**

*Af sifjafræði siðferðisins* er eitt þeirra rita Nietzsches þar sem hugsun hans er skýrust og beittust. Hann beinir sjónum að hugtökum eins og góðu og illu, sekt og skuld, slæmri samvisku og hugsjónum um að draga sig í hlé frá skarkala lífsins. Verk sem skemmtir og hneykslar, ristir upp og opnar nýjar leiðir í hugsun og lífi.
250 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-265-5
Leiðb.verð: 3.490 kr.



## Afmælisdagabók

*með stjörnuspám*
**Jón Árnason**

Þessi sígilda bók hefur komið út reglulega síðan árið 1945 og stendur alltaf fyrir sínu. Hún fæst í tveimur litum; svörtu og rauðu.
134 bls.
**Sögur útgáfa**
ISBN 978-9935-416-12-4




## Akureyri

*og nágrenni í Eyjafirði*
**Gísli B Björnsson og Anna Fjóla Gísladóttir**

Þetta er stærri útgáfan af bók sem ætluð er Akureyringum og öðrum Eyfirðingum, auk ferðamanna, um Akureyri í máli og myndum. Yfir 500 ljósmyndir sýna heildstæða mynd af bænum og nágrenni hans þar sem innsýn og listræn viðhorf svífa yfir vötnunum.
240 bls.
**Litróf ehf.**
ISBN 978-9979-9842-9-0
Leiðb.verð: 7.350 kr. Kilja



## Aldirnar

*Öldin 1501–1550*
*Öldin 1701–1760*
*Öldin 1861–1900*
*Öldin 1931–1950*
*Öldin 1961–1970*
*Öldin 1981–1985*
*Öldin 1991–1995*

Bókaflokkurinn Aldirnar er ómetanleg og bráðlifandi heimild um liðna tíma þar sem öll Íslandssagan frá landnámi til ársins 2000 er sett fram í formi stuttra, fræðandi og skemmtilegra blaðagreina sem allir geta notið. Í ár eru 60 ár síðan fyrsta bindið kom út. Af því tilefni hafa nokkur bindi sem hafa verið uppseld um skeið og mikið hefur verið spurt um verið endurprentuð með nýju útliti svo nú gefst tækifæri til að fylla upp í safnið.
182-323 bls.
FORLAGIÐ
**Iðunn**
ISBN 978-9979-1-0482-7/-0483-4/-0484-1/-0485-8/-0486-5/-0487-2/-0476-6




## Alheimurinn

**Ritstj.: Martin Rees**
**Þýð.: Karl Emil Gunnarsson**

Í þessari stórglæsilegu bók er lesandanum boðið í ógleymanlegt ferðalag um óravíddir alheimsins. Ferðin hefst í miðju sólkerfisins og þaðan liggur leiðin út til endimarka hins þekkta alheims. Geimurinn birtist í allri sinni litríku og ljómandi dýrð, fjallað er ítarlega um sólkerfið okkar og reikistjörnurnar sem því tilheyra og litið ennþá lengra. Þá eru í bókinni stjörnukort sem gefa góða yfirsýn yfir reikistjörnur, stjörnur og annað það sem ber fyrir augu á næturhimninum.
512 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-121-0




## Allir í leik II

*Söngvaleikir barna*
**Una Margrét Jónsdóttir**

Bók fyrir alla! Lýst er fjölda leikja og birtar nótur söngvanna. Ótalmargir heimildarmenn. – Sagt um fyrra bindið: *Una Margrét á eina skemmtilegustu bók þessa árs… sem fara mun hátt og lifa lengi enda stórkostlegur fjársjóður á ferð.*

– Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri Pennans.

276 bls.
**Bókaútgáfan Æskan**
ISBN 978-9979-767-85-5
Leiðb.verð: 4.400 kr.

BÓKAFÉLAGIÐ




## Allt í öllu

*Hlutverk fræðslustjóra 1975–1996*

**Ritstj.: Börkur Hansen og Ólafur H. Jóhannsson**

Hér eru varðveittar frásagnir sem varpa ljósi á þetta tuttugu ára tímabil í fræðslustjórnun á Íslandi. Skipan fræðslumála er borin saman við fyrri skipan og þeirri spurningu varpað fram hvort núverandi skipulag, þar sem hvert sveitarfélag fer með forræði yfir almenningsfræðslu, skapi öllum börnum sambærileg skilyrði til náms og þroska.

204 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-868-3

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja




## Andvari 2010

*Nýr flokkur LII, 135. ár*

**Ritstj.: Gunnar Stefánsson**

Aðalgrein Andvara í ár er æviágrip Björns Ólafssonar, ráðherra, stórkaupmanns og iðnrekanda, eftir Hannes Hólmstein Gissurarson. Björn sat í hinni frægu utanþingsstjórn og í tveim öðrum ráðuneytum og rak lengi verksmiðjuna Vífilfell. Hann var dugmikill maður og sjálfstæður í skoðunum. Aðrar greinar í ritinu fjalla m. a. um Jörund hundadagakonung og skáldverk eftir Gunnar Gunnarsson, Jóhann Sigurjónsson og Ólaf Jóhann Sigurðsson.

130 bls.

**Hið íslenska þjóðvinafélag**

Dreifing: Sögufélag

ISSN 0258-3771

Leiðb.verð: 1.950 kr.




## Arfleifð Darwins

*Þróunarfræði, náttúra og menning*

**ENGINN**

Vísindamenn hafa mótað þróunarfræðina og sannreynt kenninguna með endurteknum prófunum. Greint er frá rannsóknum og niðurstöðum íslenskra vísindamanna, á sviði líffræði, jarðfræði, trúarbragðafræði og vísindasagnfræði og er þetta eina rit sinnar tegundar á íslensku.

422 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-255-6

Leiðb.verð: 5.490 kr.




## Á vígvelli siðmenningar

*Samsæri og kúgun almenningsálitsins*

**Matthías Johannessen**

Mitt í orrahríð Baugsmálsins – þegar öllu var snúið á hvolf, rétt varð rangt og sannleikurinn lygi – tók skáldið og Morgunblaðsritstjórinn fyrrverandi til vopna í þágu siðlegs lífs á Íslandi. Þessi bók er ávöxtur þeirrar baráttu. Mögnuð lesning um dapurlegt upplausnarskeið í Íslandssögunni.

256 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-57-4 Kilja






## Ádrepur

**Róbert H. Haraldsson**

Meginviðfangsefni heimspekilegra forspjallsvísinda um gagnrýna hugsun og hvernig hún tengist hinni vísindalegu aðferð, m.a. hvort og hvenær sé réttmætt að skerða málfrelsi, hvort kenningin um hlutleysi vísindanna sé úrelt og hvort sannleikurinn sem slíkur hafi eitthvert gildi.

127 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-261-7
Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja




## Áfram Afríka

**Páll Stefánsson og Ian Hawkey**
**Formáli: Didier Drogba**
**Inng.: Chimamanda Ngozi Adichie**

Áfram Afríka er stór og yfirgripsmikil ljósmyndabók eftir Pál Stefánsson þar sem dregin er upp heillandi og litrík mynd af þeirri fjölbreytni og þeim krafti sem einkenn-

ir knattspyrnulíf Afríkulanda og gefur algerlega nýja og jákvæðari sýn á líf Afríkubúa. Hluti af söluverði bókarinnar rennur til stuðnings starfi Barnaheilla í Afríku.

240 bls.

**Crymogea**
ISBN 978-9935-420-02-2
Leiðb.verð: 7.990 kr.




## Ávallt vinir

*Ávallt elsku mamma*
*Ávallt elsku mamma og pabbi*
*Ávallt glöð!*
*Elsku afmælisstúlka!*
*Takk fyrir hugulsemina*
*Takk!*

**Helen Exley**

Þessar gullfallegu gjafabækur frá Helen Exley eru unnar í samstarfi við Hallmark kortaútgáfuna og hafa bækurnar að geyma teikningar úr hinni vinsælu Forever Friends seríu og texta valda af Helen Exley.

32 bls.

**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9979-782-94-0
/-95-7/-91-9/-96-4/-93-3/-92-6
Leiðb.verð: 1.490 kr. hver bók

# HORNSTEINAR Í HEIMILIS-BÓKASAFNIÐ




**Íslenzkir þjóðhættir** eftir séra Jónas frá Hrafnagili er grundvallarrit í íslenskri bókmenningu og sannkallað afreksverk þegar litið er til þeirra aðstæðna sem höfundurinn bjó við. Bókin kom fyrst út 1934, og sú útgáfa er lögð til grundvallar hér. Þegar hún var endurútgefin árið 1945 var fullyrt á bókarkápu að þar færi **„... sú bók íslenzk sem tvímælalaust hefur hlotið bezta dóma.“**

***„Þetta er perla og skrifuð af dásamlegu samblandi af elsku og hispurleysi um viðfangsefnið: Íslendinga og misgáfulegt háttalag þeirra.“ -Sjón***

***„Um það bil skemmtilegasta bók á íslensku.“ -Egill Helgason, Kiljan***



**Matur og drykkur** eftir Helgu Sigurðardóttur var endurútgefin í fyrrahaust og hlaut fáheyrðar viðtökur. Bókin hefur stundum verið kölluð matarbiblía Íslendinga.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is




## Bard of Iceland

*Jónas Hallgrímsson, Poet and Scientist*

**Dick Ringler**

Í þessu óviðjafnanlega stórvirki fá enskumælandi menn í fyrsta sinn aðgang að stóru úrvali verka Jónasar Hallgrímssonar í bundnu máli og lausu. Ljóðaþýðingarnar eru undir sömu bragarháttum og frumgerðin. Ítarlegar skýringar, skýr og fjörlega skrifuð ævisaga skáldsins og ágrip af sögu Íslands fylgja. „Með þýðingum sínum á verkum okkar ástsælasta skálds hefur Dick Ringler gert kraftaverk.“

– Vigdís Finnbogadóttir

474 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3111-7 Ób.




## Biblían á 100 mínútum – bók og hljóðbók

**Þýð.: Jakob F. Ásgeirsson**

Frásagnir Biblíunnar í hnotskurn – bókin og 2 geisladiskar, með frábærum upplestri Sigurðar Skúlasonar leikara, saman í sérstökum jólapakka.

64 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-55-0




## Bílar í ám

*Cars in rivers*

**Ólafur Elíasson**

**Formáli: Halldór Björn Runólfsson**

**Inng.: Hjálmar Sveinsson**

Eftir að Ólafur Elíasson auglýsti eftir myndum af bílum, föstum í straumvötnum, setti hann upp sýninguna Limboland þar sem viðfangsefnið voru myndir teknar af jeppafólki og ferðalöngum á hálendi Íslands. Á meðan á sýningunni stóð bættist enn við þetta safn og að endingu valdi Ólafur úr efninu 35 myndir og raðaði þeim upp í verkið Cars in rivers eða Bílar í ám. Hann gaf það Listasafni Íslands og heiðraði um leið þá sem lagt höfðu sitt að mörkum til að skapa þessa svipmynd af átökum manns og náttúru. Bókin er á ensku og íslensku og sýnir verkið í heild sinni. Hún er gefin út í samvinnu við Listasafn Íslands í tengslum við sýningu safnsins á myndröðinni haustið 2010.

44 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-08-4

Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Blæbrigði vatnsins

*Vatnslitir í íslenskri myndlist 1880–2009*

**Aðalsteinn Ingólfsson**

Í þessu verki rekur Aðalsteinn Ingólfsson sögu vatnslitamálunar á Íslandi allt frá 1880 fram til dagsins í dag. Alls eiga 60 íslenskir myndlistarmenn verk í bókinni, sá elsti fæddur 1820 og sá yngsti árið 1972. Bókin veitir góða sýn yfir þátt vatnslitanna í íslenskri myndlist og opnar heillandi heim.

Bókin er litprentuð og glæsilega frágengin.

153 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-030-6




## D-dagur

*Orrustan um Normandí*

**Antony Beevor**

**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

„Í gervallri sögu styrjalda hefur aldrei verið tekist á við svo risavaxið verkefni.“ Þannig komst Jósef Stalín að orði í bréfi til Winstons Churchills. Flugmönnum, hermönnum og sjóliðum Bandamanna, sem tóku þátt í orrustunni um Normandí, leið morgunninn 6. júní 1944 aldrei úr minni. Í dagrenningu var stærsti innrásarfloti allra tíma, mörg þúsund fley af öllum stærðum og gerðum, kominn að ströndum Frakklands. Dagurinn varð einnig ógleymanlegur þýska varnarliðinu sem beið á ströndum Normandí og fékk síðbúna viðvörun um það sem í vændum var.

440 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-93-7

Leiðb.verð: 5.980 kr.



# TÍMI TIL AÐ VERA TÖFF

Sjöundi og áttundi áratugurinn var vellandi suðupottur nýrra hugmynda um tísku, menningu og viðhorf. Hér er haldið á vit minninganna með einstæðum ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar og minningabrot Einars Kárasonar kallast á við myndefnið svo úr verður einstaklega skemmtilegur aldarspegill.





GLÆSILEG LJÓSMYNDABÓK






„Ég man að í barnablaðinu Æskunni voru öll ensku hljómsveitarnöfnin þýdd og **„The“** var þýtt sem **„Hinir“**. **„Hinir rúllandi steinar“** gekk alveg upp. Verra með **„The Beatles“** en einhverntíma voru þeir kallaðir **„Hinar klingjandi bjöllur“**. Hljómar voru **„Hinir íslenzku bítlar“**.“







FORLAGIÐ
www.forlagid.is




## Draumaráðningar

**Sigmund Freud**
**Þýð.: Sigurjón Björnsson**

Draumaráðningar Freuds sem komu fyrst út árið 1900 eru löngu klassískt verk og tímamótarit í þessum fræðum. Freud gerir þar grein fyrir þeirri skoðun sinni, sem hann byggir á miklum rannsóknum, að draumar séu sprottnir af sálarlífi dreymandans og veiti honum mikilsverða vitneskju séu þeir rétt ráðnir. Hann kennir ennfremur aðferð til að ráða drauma. Fullyrða má að allar draumaráðningabækur sem mark er á takandi eigi rætur að rekja til þessarar merkilegu bókar. Hún er frumheimildin. Hún kemur nú í fyrsta sinn út á íslensku í þýðingu Sigurjóns Björnssonar prófessors, en hann hefur þýtt fjölda rita eftir Sigmund Freud.

543 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-70-1

Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Eflum lesskilning

**Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir**
**Myndskr.: Emmi Kalinen**

Bókin fjallar um lesskilning, undirstöðuþætti og það sem hefur áhrif á þróun hans. Í henni eru fjölbreyttir leikir og aðferðir sem efla mál- og lesskilning frá 2ja ára til fullorðinsaldurs. Bókin er einkum hugsuð fyrir kennara en nýtist einnig foreldrum sem vilja styðja við nám barna sinna, eldri námsmönnum og öðrum sem hafa áhuga á eflingu lesskilnings. Sambærilegt rit hefur ekki komið út á íslensku áður.

267 bls.

**Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir**

Dreifing: Háskólaprent

ISBN 978-9979-70-812-4

Leiðb.verð: 6.900 kr.




## EFTA 1960–2010

*Elements of 50 Years of European History*

**Ritstj.: Kåre Bryn og Guðmundur Einarsson**

Í bókinni eru greinar og fjöldi mynda sem veita einstaka innsýn í sögu EFTA, þ.á m. grein um þátttöku Íslands í EFTA og áhrif aðildarinnar á íslenskt efnahagslíf. Í henni er einnig efni frá ráðstefnu sem haldin var í Genf í nóvember 2009 þar sem stjórnmálaleiðtogar og fræðimenn komu saman til að fagna 50 ára afmæli EFTA og 15 ára afmæli EES-samningsins. Heiti ráðstefnunnar var „EFTA 1960–2010 – Partners in Progress“ og var umfjöllunarefni ræðumanna þróun EFTA innan Evrópu og sá ávinningur sem hlotist hefur fyrir aðildarríkin með þátttökunni. Bókin er á ensku.

208 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-867-6

Leiðb.verð: 6.800 kr.




## Eilífðarvélin

*Uppgjör við nýfrjálshyggjuna*

**Ritstj.: Kolbeinn Stefánsson**

Nýfrjálshyggjan var ríkjandi hugmyndafræði á Íslandi í aðdragandanum að falli bankanna. Því telja margir að orsök efnahagsþrenginganna sem fylgdu í kjölfarið megi rekja til hennar, að með einkavæðingu og áherslu á afskiptaleysi hins opinbera hafi grunnurinn verið lagður að þeirri óráðsíu sem orsakaði hrunið. Þegar rýnt er í þjóðmálaumræðuna er ekki ljóst hvað fólk á við þegar það talar um nýfrjálshyggju. Raunar virðist orðið oft vera notað til að lýsa öllu því sem fólk telur hafa farið úrskeiðis á tímum íslensku útrásarinnar. Í þessari bók fjalla átta fræðimenn úr röðum félagsfræðinga, sagnfræðinga, heimspekinga og kynjafræðinga um nýfrjálshyggjuna frá ólíkum sjónarhornum. Markmiðið er að gefa lesendum skýra mynd af hugmyndafræðilegum kjarna nýfrjálshyggjunnar og hvernig hún er í framkvæmd og gera þeim þannig kleift að draga sínar eigin ályktanir um samspil nýfrjálshyggju við aðrar orsakir íslenska bankahrunsins.

268 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-870-6

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



## Einfalt með kokkalandsliðinu

*Aðeins fjögur hráefni í hverjum rétti*

**Meðlimir kokkalandsliðsins**

Þessi skemmtilega bók geymir fjölbreyttar og spennandi uppskriftir fyrir stór og smá heimili eftir flinkustu kokka landsins. Í hvern rétt þarf einungis fjögur hráefni, sem gerir matseldina skapandi og innkaupin sáraeinföld.

Landsliðskokkarnir ausa úr reynslubrunni sínum og veita ótal heilræði sem allir geta gripið á lofti. Hér eftir verður lífið í eldhúsinu sem dýrlegt ævintýr.

188 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-26-1




## Eitt þúsund tungumál

*- lifandi, í hættu, horfin*

**Peter K. Austin**

**Þýð.: Baldur Ragnarsson**

Tungumál heimsins segja okkur lifandi menningarsögu og í þessari bók er farið í mikla heimsreisu þar sem lesandinn kynnist eitt þúsund tungumálum sem töluð eru víðs vegar um heiminn, kannar bakgrunn þeirra, sögu, tengsl og sérkenni. Bókin er litprentuð og búin ríkulegum myndskreytingum; ljósmyndum, landakortum og skýringarmyndum, sem gera efnið bæði aðgengilegt og sérlega skemmtilegt.

288 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-015-3




## Ekki lita út fyrir

*Sjálfshjálparbók handa sjálfri mér og öðrum ýlandi dræsum*

**Eva Hauksdóttir**

**Myndir: Ingólfur Júlíusson**

Synd mannsins í heiminum er ekki fólgin í hræsni hans, hroka eða hégóma. Ekki í ótta hans við traust og nánd. Ekki í blygðun hans gagnvart líkama sínum og sjálfum sér.

En hafirðu litað út fyrir línurnar og upplifað einsemd mannsins í heiminum vegna þess, er sekt þín nógu stór til að þessi ljóta bók eigi erindi við þig.

213 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-64-0

Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja




## Eldur uppi / Iceland on Fire

*Eyjafjallajökull*

**Vilhelm Gunnarsson**

Eyjafjallajökull vaknaði til lífsins vorið 2010. Í einstökum myndum fréttaljósmyndarans af sjónarspilinu í kringum eldsumbrotin er ekkert dregið undan. Textinn er bæði á íslensku og ensku.

112 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-33-3 Kilja





Arfleifð Darwins

Vísindamenn hafa mótað þróunarfræðina og sannreynt þróunarkenninguna með endurteknum prófunum. Greint er frá rannsóknum og niðurstöðum íslenskra vísindamanna á sviði líffræði, jarðfræði, trúarbragðafræði og vísindasagnfræði. Þetta er eina rit sinnar tegundar á íslensku, gefið út í tilefni af 200 ára afmæli Darwins 2009 og að 150 ár eru liðin frá útgáfu *Uppruna tegundanna*.




Þar sem fossarnir falla

Viðhorfum til íslenskrar náttúru er lýst eins og þau birtast í umræðu um vatnsaflsvirkjanir frá því um 1900 til 2008 um hugmyndafræðileg átök milli þeirra sem vildu virkjun vatnsorkunnar og þeirra sem héldu sjónarmiðum náttúruverndar á lofti.

Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is




## Elsku…

*Elsku amma*
*Elsku frænka*
*Elsku mamma*
*Elsku pabbi*
*Elsku sonur*
*Elsku vinkona*
*Von og styrkur*

**Helen Exley**

Þessar vönduðu bækur frá Helen Exley eru með mjúkum spjöldum.

Frábærar gjafabækur!

32 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9935-421-06-7/-01-2 /-05-0/-03-6/-04-3/-02-9/-07-4

Leiðb.verð: 1.490 kr. hver bók




## Enn meiri hamingja

*Vinnubók í daglegri gleði og varanlegri lífsfyllingu*

**Tal Ben-Shahar**

**Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson**

Bókin *Meiri hamingja* sló eftirminnilega í gegn fyrir síðustu jól. Nú býður Tal Ben-Shahar okkur að auka hamingju okkar enn meira með *Enn meiri hamingju*. Í bókinni eru 52 verkefni sem lesendur leysa á jafnmörgum vikum. Með hjálp jákvæðrar sálfræði getum við öll aukið gleði og vellíðan í líf okkar, hverjar sem aðstæður okkar eru.

Mjög þörf bók á þessum sögulegu tímum.

208 bls.

**Undur og Stórmerki**

ISBN 978-9979-9960-0-2

Leiðb.verð: 2.790 kr. Kilja




## Ertu viss?

**Thomas Gilovich**

**Þýð.: Sigurður J. Grétarsson**

Hvað vitum við og hvað höldum við bara að við vitum? Hvernig verða ranghugmyndir til og hvað heldur í þeim lífinu? Endurútgáfa í kilju á þessari skemmtilegu bók um skynsemi og skynsemisbresti í dagsins önn.

209 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3106-3 Kilja



## Eru fjöllin blá?

*Bók fyrir unga heimspekinga*

**Íris Arnardóttir**

Bókin er ætluð leikskólabörnum og yngsta stigi grunnskóla. Fallegar litmyndir eftir Karl Jóhann Jónsson setja sérstakan svip á bókina.

Höfundurinn hlaut í vor hvatningarverðlaun jafnréttisnefndar Kópavogsbæjar.

25 bls.

**Tindur**

ISBN 978-9979-653-52-3

Leiðb.verð: 1.990 kr.




## Expansions

*Competition and Conquest in Europe since the Bronze Age*

**Axel Kristinsson**

Í bókinni er sett fram kenning sem skýrir orsakir og eðli úþensluferla (expansion cycles). Með því að bera saman mörg dæmi af samfélögum sem þöndust út er hægt að móta heildarkenningu sem getur m.a. skýrt útþenslu Grikkja um Miðjarðarhaf á 7. og 6. öld f. Kr., Rómverja, Germana, Víkinga og Evrópu

Bókabúðin **HAMRABORG**

**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**

á 19. og 20. öld. Bókin er á ensku.
371 bls.
**ReykjavíkurAkademían**
ISBN 978-9979-99-221-9
Leiðb.verð: 4.800 kr. Kilja




## Eyjafjallajökull
*Stórbrotin náttúra / Untamed nature*
**Ari Trausti Guðmundsson**
**Myndir: Ragnar Th. Sigurðsson**
Einkar glæsileg ljósmynda- og fræðibók, í stóru broti, á íslensku og ensku. Bókin spannar tímabilið frá því eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi í mars fram til gosloka í Eyjafjallajökli. Báðum gosunum eru gerð ítarleg skil.

Hvergi er slegið af gæðakröfum enda höfundarnir þaulreyndir afburðamenn, hvor á sínu sviði.

3. prentun, október 2010, aukin og endurbætt.
127 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-70-9
Leiðb.verð: 5.980 kr.




## Eyjar
*Icelandic islands*
**Lárus Karl Ingason**
*Eyjar* er myndabók í stóru broti þar sem ljósmyndarinn Lárus Karl sýnir okkur einstakar myndir af helstu eyjum við strendur Íslands.

Áhugaverðar sögur og staðreyndir um hverja eyju eru raktar í knöppum texta á ensku og íslensku.
48 bls.
**Ljósmynd – útgáfa**
ISBN 978-9935-9015-1-4




## Feimnismál
**Vilhjálmur Hjálmarsson**
Gluggað er í gömul bréf, ferðast með strandferðaskipum og kynjamyndir Austfjarðaþokunnar skoðaðar. Þá segir Vilhjálmur frá kynnum sínum af Ólafi Thors, sem talaði eins vel um framsóknardindlana og hann þorði. Einnig segir hér af kynnum höfundar af Eiríki Þorsteinssyni alþingismanni og uppátækjum þeirra, sem og fleirum. Og hvernig fór með hvolpinn sem Vilhjálmur neitaði að flytja suður?
227 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-85-2
Leiðb.verð: 5.480 kr.


# Kærleikur og von

**Trú - Mannfólkið andspænis guði sínum er einstæð bók sem staðfestir rækilega að hjörtum mannanna svipar saman, þó þeir dreifi sér vítt um jarðarkringluna og aðhyllist ólík trúarbrögð.**




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Í fimmtán ár ferðaðist listaljósmyndarinn Ken Opprann um heiminn og myndaði fólk á fundi við guð sinn. Hann var viðstaddur ótal trúarhátíðir helstu trúarbragða heims, vitjaði helgistaða og sótti fólk heim. Myndirnar bera vitni falslausri einlægni og þrotlausri leit að þeim mætti sem er æðri öllum skilningi.

Auk einstæðra ljósmynda geymir bókin glögga umfjöllun um fimm helstu trúarbrögð heimsins; Hindúasið, Kristindóm, Gyðingdóm, Búddasið og Íslam.

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is

IÐA




## Ferðadagbækur Magnúsar Stephensen 1807–1808

**Samant.: Anna Agnarsdóttir og Þórir Stephensen**

Árið 1807 gerðu Bretar stórskotaárás á Kaupmannahöfn og Danir gengu í lið með Frökkum. Breski flotinn var allsráðandi í norðurhöfum og hertók flest Íslandsskipin. Magnús Stephensen var á einu þessara skipa og lýsir hann ferðinni, dvöl sinni í Kaupmannahöfn og tilraunum sínum til að komast aftur heim til Íslands. Hann dvaldi um skeið í Noregi. Ber margt forvitnilegt á góma í þessari einstöku heimild. Inngangur, skýringar og myndir: Anna Agnarsdótir og Þórir Stephensen.

190 bls.

**Sögufélag**

ISBN 978-9979-9739-8-0

Leiðb.verð: 3.800 kr.




Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

## Ferlið og dygðin

**Laozi**

**Þýð.: Ragnar Baldursson**

Eitt af öndvegisritum heimsmenningarinnar, geymir kjarnmikla forna lífsspeki sem orðið hefur mörgum kær. Kom út á íslensku árið 1921 undir heitinu *Bókin um veginn* en nú sem Lærdómsrit í nýrri þýðingu beint úr frummálinu. Kínverski frumtextinn er prentaður gegnt íslenska textanum, lesendum til fróðleiks og yndisauka, það er nýlunda í Lærdómsritum. Inngangur og skýringar koma þeim ekki síður að gagni sem hingað til hafa lesið fyrri útgáfur ritsins *Bókin um veginn* skýringarlausar.

227 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-260-0

Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Fjöll á Fróni

*Gönguleiðir á 103 fjöll*

**Pétur Þorleifsson**

Hér er lýst göngu á 103 fjöll, há sem lág, langar göngur og stuttar fyrir alla fjölskylduna. Hverri gönguleið fylgir greinargott kort. Lýsing leiðarinnar er ítarleg, hækkun og áætluð tímalengd kemur fram og útsýninu af toppnum er lýst rækilega.

Pétur Þorleifsson er frumkvöðull í fjallaferðum á Íslandi og hefur áður skrifað bækurnar *Fólk á fjöllum* og *Íslensk fjöll*. Eldhuganum Pétri kynnast lesendur vel í ítarlegu viðtali Páls Ásgeirs Ásgeirssonar fremst í bókinni.

248 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-025-2




## Fjölmenning og skólastarf

**Ritstj.: Hanna Ragnarsdóttir og Elsa S. Jónsdóttir**

Hér er fjallað um ýmsa þætti skólastarfs þar sem fjölmenning er snertiflötur eða meginviðfangsefni. Samfélagsbreytingar í átt til aukins menningar- og trúarlegs fjölbreytileika kalla á breytingar á skólastarfi. Með bókinni er brugðist við þörf fyrir fræðilegt íslenskt efni um fjölmenningu og skólastarf. Hún er einkum ætluð kennaranemum, öðrum háskólanemum, fræðimönnum og starfandi kennurum á öllum skólastigum og stefnumótandi aðilum, en er líka gagnleg fyrir foreldra sem flytjast til og frá Íslandi með börn á skólaaldri.

390 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-872-0

Leiðb.verð: 4.490 kr. Kilja




## Fólk og fréttir

*Fjölmiðlamenn og málin sem mörkuðu skil*

**Sigurður Bogi Sævarsson**

Ellefu blaðamenn segja sögur af vettvangi atburða sem mörkuðu skil. Geimfarar á Íslandi, á vígaslóð í Víetnam, snjóflóðin á Vestfjörðum og Austurland nötrar á stóriðjutímum.

192 bls.

**Sigurður Bogi Sævarsson**

ISBN 978-9979-70-748-6

Leiðb.verð: 3.200 kr. Kilja




## Frá hugmynd til veruleika

**Scott Belsky**

**Þýð.: Bergsteinn Sigurðsson**

Hugmyndir eru einskis nýtar ef þú getur ekki framkvæmt þær. Scott Belsky tekur hér saman helstu grundvallaratriði og aðferðir sem afkastamikið fólk á sameiginlegt og kynnir til sögunnar kerfisbundna nálgun að skapandi skipulagi og framleiðni.

243 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-31-5 Kilja




## Friðland að Fjallabaki

*Árbók Ferðafélags Íslands 2010*

**Ólafur Örn Haraldsson**

Árbók Ferðafélags Íslands fjallar að þessu sinni um Friðland að Fjallabaki en þar eru Landmannalaugar og nágrenni í öndvegi. Höfundur bókarinnar er Ólafur Örn Haraldsson forseti FÍ.

Friðland að Fjallabaki er eitt fegursta svæði Íslands og náttúrufar þar einstakt á heimsvísu. Bók, sem fjallar um slíkt svæði, nær aldrei að fanga viðfangsefnið til fulls en reynt hefur verið að birta lesandanum sem flest af áhugaverðum einkennum friðlandsins.

Náttúrufari, landi og staðháttum er lýst og getið örnefna og greindur uppruni þeirra eftir því sem kostur er. Saga mannaferða um friðlandið er rakin en hún er að mestu bundin við sauðfjárbúskap nálægra héraða. Annars vegar eru fjallferðir og smalamennska á Landmannaafrétti og hins vegar fjárrekstrar Skaftfellinga. Vörður og gömul sæluhús eru hluti af þeirri atvinnusögu. Þá er einnig sagt frá fyrstu ferðum og náttúrurannsóknum að Fjallabaki frá upphafi og fram til aldamótanna 1900. Loks eru kaflar um ferðamennsku að Fjallabaki, einkum í Landmannalaugum, bæði rómantískar fjallaferðir þangað fyrr á árum og uppbyggingu á ferðaþjónustu Ferðafélags Íslands í Laugum.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á að bókin nýtist ferðafólki og vísað á lítt þekktar gönguleiðir sem opna nokkur fegurstu svæði friðlandsins.

Eins og hæfir hinu litríka friðlandi eru ljósmyndir bókarinnar framúrskarandi glæsilegar en það var Daníel Bergmann ljósmyndari sem tók myndir sérstaklega fyrir gerð bókarinnar. Þá prýða bókina mörg greinargóð kort svipuð þeim sem lesendur þekkja úr fyrri árbókum. Það er Guðmundur Ó. Ingvarsson sem teiknaði þau.

288 bls.

**Ferðafélag Íslands**

ISBN 978-9935-414-02-1

Leiðb.verð: 7.900 kr.




## Galar hann enn!

*Gamansögur af Norðfirðingum og nærsveitungum*

**Elma Guðmundsdóttir**

Smári Geirs ekur í loftköstum, Gummi Bjarna fer til rjúpna og Steinunn Þorsteinsdóttir skilur ekkert í öllum þessum rjómatertum. Einar Þorvaldsson ætlar að skrifa aftan á víxil, Bjarni Þórðar fer í megrun og Bjarki Þórlindsson gerir við miðstöðina hjá Daníel lækni. Stella Steinþórs fer bara úr annarri skálminni, samherjar Rikka Haralds þurfa að dekka hann stíft og Jón Lundi og séra Árni Sigurðsson takast á. Smelli tekur út úr sér góminn, Daddi Herberts kemst í sjónvarpið, Guðrún Árnadóttir vonast eftir tekjuaukningu hjá Félagi eldri borgara og sprelligosarnir í Súellen senda kort. Er þá fátt upp talið.

96 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-92-0

Leiðb.verð: 2.680 kr. Kilja




## Gjafabók

*reynslusögur íslenskra kvenna af brjóstagjöf*

**Umsj.: Aðalheiður Atladóttir, Dagný Ósk Ásgeirsdóttir og Soffía Bæringsdóttir**

Nítján konur deila reynslu sinni af brjóstagjöf á hjartnæman hátt. Í bókinni er einnig að finna fróðleik um brjóstagjöf og hvert hægt er að leita sér hjálpar þegar vandamál koma upp.

102 bls.

**Útgáfan IÐA ehf.**

ISBN 978-9979-9676-7-5

Leiðb.verð: 2.700 kr. Kilja




## Gjá

**Haukur Már Helgason**

*Gjá* er safn greina, erinda og ritgerða um samfélagsmál, stjórnmál og menningu frá árunum 2003–2010. Höfundurinn, Haukur Már Helgason, hefur áður sent frá sér ljóð og skáldverk en einnig getið sér gott orð sem róttækur og frumlegur ritgerðasmiður. Í textunum sem hér eru saman komnir er m.a. að finna kröftuga ádeilu á íslenskt samfélag í aðdraganda bankahrunsins.

214 bls.

**Nýhil**

ISBN 978-9935-413-08-6

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja




## Gripla XX

**Ritstj.: Vésteinn Ólason**

Greinar í þessu hefti Griplu eru allar á ensku og byggðar á fyrirlestrum sem fluttir voru á ráðstefnunni „Nordic Civilisation in the Medieval World" 2007. Höfundar greina eru: Jóhann Páll Árnason, Sverre Bagge, Gunnar Karlsson, Richard Gaskins, Kirsten Hastrup, Przemyslaw Urbanczyk, Margaret Clunies Ross, Rudolf Simek, Torfi H. Tulinius, Vilhjálmur Árnason, Svavar Hrafn Svavarsson og Joseph Harris.

280 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-654-06-3

Leiðb.verð: 4.600 kr. Kilja



## Grunað vængjatak

*Um ljóð Stefáns Harðar Grímssonar*

**Eysteinn Þorvaldsson**

Í bókinni er fjallað um smásögur Stefáns Harðar en einkum þó um ljóð hans. Stefán Hörður var ungur sjómaður þegar fyrstu ljóð hans birtust á fimmta áratug síðustu aldar. Hann er eitt af atómskáldunum svokölluðu sem endurnýjuðu íslenska ljóðagerð um miðbik tuttugustu aldar þrátt fyrir harða andstöðu ýmissa varðmanna hefðarinnar. Sum ljóða Stefáns Harðar ollu talsverðum deilum og eru þær raktar í þessari bók. Stefán Hörður ávann sér vaxandi virðingar fyrir ljóð sín og hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin í fyrsta sinn sem þau voru veitt árið 1990. Í bókinni eru einnig skrár um ritdóma og þýðingar á ljóðum skáldsins.

296 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-883-6

Leiðb.verð: 4.490 kr. Kilja



## Guðjón Ketilsson

*1995–2010*

**Ólafur Gíslason**

Guðjón Ketilsson er einn fremsti myndlistarmaður þjóðarinnar. Á ferli sínum hefur hann skapað röð verka sem heilla áhorfandann vegna afburða handbragðs og nákvæmni í framsetningu og sýna flókið samband manns og umhverfis, samtíma og sögu. Með hverri sýningu bætist nýr þáttur við óvenju fjölskrúðugan og margbrotinn feril og stefnufestan í verkum hans verður fyrst skýr þegar þeim er teflt saman í einni bók. Vegna fjölbreytni og fágunar verkanna er líkt og fyrir áhorfandanum liggi myndlistarsaga síðustu sex hundruð ára í nýjum búningi sem er í senn heillandi og dularfullur.

Bókin er sú þriðja í ritröð Crymogeu og Listsjóðs Dungal um íslenska samtímalistamenn.

192 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-06-0

Leiðb.verð: 5.490 kr.






Sagt um fyrra bindið:
*„Una Margrét á eina skemmtilegustu bók þessa árs...*
*sem fara mun hátt og lifa lengi*
*enda stórkostlegur fjársjóður á ferð."*
Bryndís Loftsdóttir, vörustjóri Pennans.




*„Sjaldan les maður nokkuð jafnlátlaust,*
*jafnerótískt. ...Sígildur dýrgripur."*
U. Greiner – Die Zeit.
*„Gríðarlega falleg saga."*
I. Hartwig – Frankfurter Rundschau.

Helgi Seljan hefur jafnan á hraðbergi skrýtlur
og skemmtilegar sögur, eins og þekkt er.
Hér er þúsund og ein saga úr
einstöku safni hans. Makalaust létta þær lund!







Frábær bók! Fjör og alúð í fyrsta sæti.
Hnitmiðaðar lýsingar í stuttu máli.
Vinsæll og virtur höfundur.
Nauðsyn fyrir foreldra – vegna barnanna.




## Heilræði hjartans: Konfúsíus fyrir nútímann

**Yu Dan**
**Þýð.: Ísak Harðarson**
Finndu frið og jafnvægi – speki Konfúsíusar er tímalaus og endurnærandi, veitir hjálp á erfiðum stundum og beinir sjónum að því sem skiptir máli í lífinu. Bókin hefur selst í yfir tíu milljónum eintaka.
208 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-102-9




## Hofstaðir

*Excavations of a Viking Age Feasting Hall in North-Eastern Iceland*
**Ritstj.: Gavin Lucas**
Afrakstur og niðurstöður rannsókna Fornleifastofnunar Íslands á víkingabyggð að Hofstöðum í Mývatnssveit hafa nú verið gefnar út í veglegu riti. Nýju ljósi er varpað á forsögu Hofstaða, framvindu landnáms í lok landnámsaldar, aðlögun fólks og áhrif manns á umhverfið. Verkið markar tímamót í íslenskri fornleifafræði og mun setja ný viðmið við útgáfu á niðurstöðum uppgrafta. Bókin er á ensku með liprum og greinargóðum útdrætti á íslensku.
440 bls.
**Fornleifastofnun Íslands**
ISBN 978-9979-9946-0-2




## Hrossafræði Ingimars

**Ingimar Sveinsson**
Hrossafræði Ingimars er alhliða upplýsinga- og fræðirit um hesta, ritað af höfundi sem býr að ómældri þekkingu og reynslu, bæði á viðfangsefni sínu og eins hinu að miðla til annarra. Ingimar Sveinsson hefur áratugum saman viðað að sér fróðleik um hesta og hestahald og efnistök hans eru skýr og aðgengileg.

Skyldueign allra sem yndi hafa af hestum og hestamennsku, áhugafólks jafnt sem atvinnumanna.
328 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-84-6
Leiðb.verð: 5.980 kr.



## Hrunadans og horfið fé

*Skýrslan á 160 síðum*
**Styrmir Gunnarsson**
Stórfróðleg bók með heildstæðri úttekt á Skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis sem markaði þáttaskil í þjóðfélagsumræðunni auk þess sem horft er fram á veginn. Hér kemur Styrmir Gunnarsson lesandanum hvað eftir annað á óvart með því að setja hlutina í nýtt og óvænt samhengi – og hlífir engum.
160 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-65-9
Leiðb.verð: 3.990 kr.




## Hugmyndir, reynsla og viðmið tengd kennslu barna með dyslexíu

**Halla Magnúsdóttir**
Mjög fræðandi bók fyrir áhugasama um lesblindu. Höfundur skyggnist inn í reynsluheim lesblindra og skoðar málefni tengd þeim út frá sjónarhorni fötlunarfræða.
174 bls.
**Félag lesblindra á Íslandi**
Dreifing: Hljóðbók.is
ISBN 978-9979-9973-0-6
Leiðb.verð: 3.800 kr.




## Hugur 21. árg.

**Ritstj.: Eyja M. Brynjarsdóttir**
Þema þessa heftis er „Heimspeki kvenna". Aðrar greinar fjalla m.a um: hungursneyð, velmegun og siðferði, hugleiðingar um Jón Eiríksson, óttann við frjálslyndið, rökskort og villuótta og hugsun Emmanuels Levinas. Einnig birtist viðtal við Louise Antony, útdráttur David Hume úr Ritgerð um manneðlið, þankar Þorsteins Vilhjálmssonar um bók um vísindaheimspeki og þrír ritdómar.
192 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-866-9
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja




## Huxarinn

**Íris Arnardóttir**
Huxarinn er vinnubók í jafnréttisfræðslu ætluð unglingastigi grunnskólans.

Höfundurinn hlaut í vor

hvatningarverðlaun jafnréttisnefndar Kópavogsbæjar.
100 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-53-0 Kilja




## Hver er ég?

**Gunnlaugur Guðmundsson**

Í *Hver er ég?* – bókinni um stjörnuspeki – eru töflur sem spanna tímabilið frá 1920 til 2040. Það gerir þér kleift að gera persónulýsingu fyrir alla sem þú hefur áhuga á að kynnast betur. Þú getur lesið um grunneðli og lífsorku fólks, tilfinningar þess, hugsun, ást, samskipti og framkvæmdamáta. Bent er á það sem þarf að varast og vísað á leiðir til að auka orku þína og ná þar með betri árangri í lífinu. Þær upplýsingar sem Hver er ég? gefur eru því verðmætar, svo ekki sé meira sagt.

*Hver er ég?* fjallar einnig um sögu stjörnuspekinnar, alheiminn, eðli þekkingar og sálfræði.

Bókin fjallar einnig um sögu stjörnuspekinnar, alheiminn, eðli þekkingar og sálfræði. Til að lifa hamingjuríku lífi þarf hver maður að lifa í jafnvægi við náttúrulegt upplag sitt. *Hver er ég?* vísar þér veginn.
400 bls.
**Útkall ehf.**
ISBN 978-9979-9957-4-6
Leiðb.verð: 6.990 kr.




## Ísland á 20. öld

**Helgi Skúli Kjartansson**

Önnur útgáfa, endurskoðuð. Ritið kom fyrst út 2002 og hlaut tilnefningu til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Þetta er fyrsta yfirlitsritið í samfelldu máli um Íslandssögu nýliðinnar aldar. Í bókinni er rakin saga þjóðar og samfélags og sú gjörbreyting sem varð á öllum högum Íslendinga. Helgi Skúli Kjartansson, einn af þekktustu sagnfræðingum Íslendinga, greinir frá merkisatburðum, sögu stjórnmála, atvinnuvega og efnahagslífs. Hann fjallar m.a. um lífskjör og lifnaðarhætti, samskipti kynja, stéttir, fjölskyldu, heimili og vinnustaði, menningu og listir. Bókin er prýdd hundruðum ljósmynda sem styðja frásögnina. Fróðleiksatriði koma fram í skrám og yfirlitum og talnaefni í myndritum.
584 bls.
**Sögufélag**
ISBN 978-9979-9902-3-9
Leiðb.verð: 10.900 kr.



## Íslandssaga í stuttu máli

*A Brief History of Iceland*
*Eine kompakte Geschichte Islands*
*Islands historia i korta drag*

**Gunnar Karlsson**

**Þýð.: Anna Yates, Alexander Schwarz, Sabine Burger og Ylva Hellerud**

Heildstætt og einstaklega skýrt og aðgengilegt yfirlit yfir sögu Íslands í hnitmiðuðum texta með fjölda mynda, kjörið til nýfræðslu, glöggvunar og upprifjunar. Bókin fæst á íslensku, ensku, þýsku og sænsku.
79 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3164-3/-3155-1/-3156-8/-3163-6 Öb.



## Íslensk menningarpólitík

**Bjarki Valtýsson**

Hér er íslensk menningarstefna greind fræðilega og sett í samhengi við alþjóðlegar menningarstefnur. Samband menningar og ríkis, sveitarfélaga, stjórnmálaflokka og markaðar er skoðað, sem og áhrif Fjölnismanna, Bjarkar og fleiri lista- og fræðimanna. Þá er skoðað hvernig menningarstefnu tekst að bregðast við breyttu landslagi internets og annarra nýmiðla og spáð fyrir um menningarpólitík framtíðarinnar. Höfundur er doktor í boðskipta- og menningarfræðum og aðjúnkt við IT háskólann í Kaupmannahöfn.
300 bls.
**Nýhil**
ISBN 978-9935-413-10-9
Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is




## Íslenska 3

**Ragnhildur Richter, Sigríður Stefánsdóttir og Steingrímur Þórðarson**

*Íslenska þrjú* er kennslubók fyrir framhaldsskóla. Íslenskar fornbókmenntir og erindi þeirra við nútímann eru viðfangsefni bókarinnar. Hún hentar því til kennslu í ÍSL 303 í áfangaskólum og samsvarandi bekkjum í bekkjaskólum. Bókin er hvort tveggja í senn, kennslubók og sýnisbók. Í henni eru dæmi um flestar greinar fornbókmennta og bókmenntasögulegur fróðleikur.

282 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3178-0 Ób.




## Íslenzkir þjóðhættir

**Jónas Jónasson frá Hrafnagili**

Þessi merka bók séra Jónasar frá Hrafnagili er meðal hornsteinanna í íslenskri bókmenningu. *Íslenzkir þjóðhættir* eru nú gefnir út í 4. útgáfu eftir að bókin hefur verið ófáanleg um langt skeið.

*Íslenzkir þjóðhættir* mörkuðu þáttaskil í þjóðfræðum hér á landi og bókin hefur staðist tímans tönn með einskærum glæsibrag, enda er hún afar skemmtileg aflestrar og stútfull af tímalausum fróðleik um líf forfeðra okkar. Fjölmargar og margrómaðar skýringarmyndir Tryggva Magnússonar prýða bókina.

504 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-032-0







## Jesús frá Nazaret

**Benedikt páfi XVI**

**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Í þessari stórbrotnu bók fjallar Benedikt páfi XVI um manneskjuna Jesú. Hver var Jesús frá Nasaret í raun? Hver var kjarni tilvistar hans? Heillandi bók, rituð af miklum lærdómi, skarpskyggni og innsæi. Þetta er fyrsta bókin sem Joseph Ratzinger skrifar eftir að hann varð páfi.

350 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-67-3




## John Dewey í hugsun og verki

*Menntun, reynsla, lýðræði*

**Ritstj.: Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson**

Greinasafn á sviði heimspeki og uppeldisfræði. Í safninu eru níu frumsamdir kaflar um hugmyndir Johns Dewey og hvernig þeim hefur verið beitt á vettvangi uppeldis og menntunar auk þýðinga á þremur eftir hann sjálfan.

200 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-884-3

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




Einstakir staðir á Íslandi

## Jökulsárlón

*– Árið um kring*

*– All year round*

*– Eisberge im Spiegel der Jahreszeiten*

*– Le Lagon glaciaire sous toutes ses facettes*

**Þorvarður Árnason**

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi hefur á síðustu árum orðið nokkurs konar táknmynd Íslands í augum umheimsins. Aðdráttarafl staðarins er með ólíkindum og umhverfi lónsins magnað.

Þorvarður Árnason tók allar ljósmyndirnar í bókinni. Myndirnar eru teknar við ýmis veðurskilyrði yfir allt árið og á ólíkum tímum dagsins – og við blasir veröld sem er lyginni líkust.

128 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-039-9/040-5/-041-2/-042-9

# ÖLDIN ÖLL




Aldirnar spanna sögu lands og þjóðar í meira en ellefu hundruð ár. Nú kemur út lokabindi tuttugustu aldar, *Öldin okkar 1996–2000* – tímabil sem margir horfa til með söknuði.

Hér segir frá eldgosum og hamfarahlaupum, sakamálum og slysförum, íþróttaafrekum og hetjudáðum, uppgangi og bjartsýni.

**VANTAR Í SAFNIÐ?**
Sjö eldri bækur sem lengi hafa verið ófáanlegar eru nú komnar út á ný.

IÐUNN
www.forlagid.is

**STÓRSKEMMTILEGAR FRÓÐLEIKSNÁMUR**






## Kirkjur Íslands 15. og 16. bindi

**Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason**

Friðaðar kirkjur í *Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi* eru 14, hér er þeim lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu, hverjir teiknuðu, smíðuðu og máluðu, birtar frumteikningar, myndir og uppmælingarteikningar. Legsteinum og kirkjumunum er lýst og gerð grein fyrir tilurð. Kirkjan er táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar, þetta eru glæsilegar listaverkabækur. Útgefendur eru Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa og prófastsdæmið. Meðútgefandi er Bókmenntafélagið, sem einnig annast dreifingu. Ritnefnd skipa Margrét Hallgrímsdóttir, Karl Sigurbjörnsson og Þorsteinn Gunnarsson. Fyrri rit bókaflokksins eru um *Árnesprófastsdæmi*, *Skagafjarðarprófastsdæmi*, *Húnavatnsprófastsdæmi*, *Eyjafjarðarprófastsdæmi Kjalarnesprófastsdæmi* og *Borgarfjarðarprófastsdæmi*.
654 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-258-7
Leiðb.verð: 5.490 kr.




Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

## Kommúnistaávarpið

**Karl Marx og Friedrich Engels**
**Þýð.: Sverrir Kristjánsson**
**Inng.: Páll Björnsson**

*Kommúnistaávarpið* er eitt áhrifamesta pólitíska ritið. Þessi þýðing kom fyrst út á íslensku 1949, nú birt með ítarlegum skýringum, upprunalegum inngangi Sverris Kristjánssonar ásamt nýjum eftir Pál Björnsson sagnfræðing. Þetta er 2. útgáfa verksins sem Lærdómsrits, hin fyrri kom út haustið 2008 og fékk strax feiknagóðar viðtökur. Og enn er *Kommúnistaávarpið* innblásið áróðursrit, augnabliksþrungið spádómsrit og ómissandi heimildarrit – verk sem allir ættu að kynna sér.
240 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-264-8
Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Konan sem fékk spjót í höfuðið

**Kristín Loftsdóttir**

Í bókinni fjallar höfundur um rannsókn sína meðal WoDaaBe-fólksins í Níger og fléttar inn í frásögnina umræður fræðimanna um vettvangsrannsóknir. Höfundur bregður upp mynd úr heimi rannsókna, þar sem óvæntar uppákomur eru daglegt brauð, og gefur um leið mikilvæga innsýn í líf hirðingja í suðurjaðri Saharaeyðimerkurinnar, en hún dvaldi þar meðal þeirra í tvö ár, en einnig í borgum þar sem aukin fátækt hefur neytt þá út í farandverkamennsku.
220 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-876-8
Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja




## Kvika

*Myndverk Hafsteins Austmann 1950–2010*

**Hafsteinn Austmann og Aðalsteinn Ingólfsson**

Hafsteinn Austmann hefur fyrir löngu skapað sér nafn sem einn stefnufastasti listmálari sinnar kynslóðar.

Þessi bók, sem gefin er út í tilefni af 75 ára afmæli Hafsteins Austmann og yfirlitssýngu hans í Gerðarsafni í Kópavogi, inniheldur úttekt á myndlistarferli listamannsins eftir Aðalstein Ingólfsson og mikið úral myndverka frá öllum tímabilum á þeim ferli, olíumálverk, vatnslitamyndir, skúlptúra og veggmyndir.
176 bls.
**Crymogea**
ISBN 978-9789-9797-07
Leiðb.verð: 7.990 kr.




## Kyrrð dagsins

**Samant.: Helen Exley**

365 textar til íhugunar – fyrir alla daga ársins.

Hér er á ferðinni fallegt safn tilvitnana með frábærum fjölbreytilegum myndum fyrir alla daga ársins; hver og ein valin til að hæfa tilvitnun úr verkum frægustu hugsuða og höfunda heims. Þú munt kunna að meta þann andblæ friðsældar og æðruleysis sem fram kemur á þessum 365 síðum. Við vonum að þessi djúpvitru orð hjálpi þér að öðlast þann sálarfrið sem er svo nauðsynlegur í erli dagsins. Þessi fallega bók er ómetanleg gjöf.
368 bls.
**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9935-421-14-2
Leiðb.verð: 3.490 kr.

# MORKINSKINNA




TVÖ NÝ BINDI
ÍSLENZKRA FORNRITA
SAMAN Í ÖSKJU

**Morkinskinna** er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram að valdatöku Sverris Sigurðarsonar seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð fyrsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

Morkinskinna gerist einkum við norsku hirðina, og mikill áhugi er þar á hirðmenningu og hirðlífi. Ein höfuðprýði Morkinskinnu eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendinga þættir. Flestir eru þættirnir í sögu Haralds harðráða. Sumir þáttanna eru meðal meistaraverka íslenskra bókmennta, svo sem Auðunar þáttur vestfirska, Halldórs þáttur Snorrasonar, Hreiðars þáttur heimska og Sneglu-Halla þáttur. Í Morkinskinnu eru fleiri vísur en í nokkru öðru íslensku sagnariti.

Morkinskinna er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Verkið er í tveimur bindum; í þeim báðum eru formálar og skýringar, en skrár sem gilda fyrir bæði bindin eru í því síðara.

Útgáfur **Íslenzkra fornrita** eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögulegrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Myndir og kort prýða útgáfuna.

## Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



## Kæru vinir

*Ræðusafn*

**Ásmundur Ásmundsson**

**Ritstj.: Viðar Þorsteinsson**

Bókin er heildarsafn ræðna sem myndlistarmaðurinn Ásmundur Ásmundsson hefur haldið við hin ýmsu tækifæri á listamannaferli sínum. Ræðurnar eru mikilvægur þáttur í myndlist Ásmundar og líta nú dagsins ljós í fyrsta sinn í heild sinni. Bókin gefur áhugaverða innsýn inn í höfundarverk Ásmundar.

176 bls.

**Útúrdúr**

ISBN 978-9979-9982-1-1



## Köttum til varnar

**Gunnar Theodór Eggertsson**

Staða gæludýrsins í borgarsamfélaginu hefur löngum verið óljós. Það lifir á gráu svæði á milli þess að vera villt dýr, húsdýr og fjölskyldumeðlimur. Meginuppistaða bókarinnar er smásaga eftir Gunnar Theodór Eggertsson en að auki eru birtar fimm stuttar ritsmíðar um íslenska ketti eftir Haruki Murakami, Jónas Jónasson, Pál Halldórsson og Þorstein Erlingsson. Allur ágóði af útgáfunni rennur óskiptur til Kattholts.

143 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-165-4 Ób.




## Landshagir 2010

**Hagstofa Íslands**

Hversu vel þekkir þú íslenskt samfélag í raun? Árbók Hagstofu Íslands, *Landshagir*, kemur nú út í tuttugasta sinn aukin og endurbætt. Hún gefur viðamikið yfirlit yfir flesta þætti íslensks samfélags. Bókin skiptist í 23 kafla og í henni eru yfir 300 töflur og 50 gröf og skýringarmyndir. Glæsilegt rit, bæði á íslensku og ensku, hentar vel til gjafa innanlands og utan.

468 bls.

**Hagstofa Íslands**

Dreifing: Skrudda

ISBN 978-9979-770-45-9

Leiðb.verð: 4.900 kr.

## Leiktu við mig

**Robin McClure**

**Þýð.: Jóhanna Sesselja Erludóttir**

Frábær bók handa foreldrum og öðrum sem fást við uppeldi barns á fyrsta ári þess. Yfir 300 leikir og góðar hugmyndir. Stuttar og hnitmiðaðar lýsingar á léttu máli. Fjör í fyrirrúmi! Höfundur hefur alið upp þrjú börn. Hún hef-




ur því ágæta reynslu auk þess að vera ákaflega hugmyndarík enda njóta bækur hennar mikilla vinsælda.

204 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**

ISBN 978-9979-767-87-9

Leiðb.verð: 3.480 kr. Kilja




## Leyndardómur Maríu

**Gunnar Dal**

Í þessa bók hefur Gunnar Dal safnað helstu frásögnum af Maríusýnum frá 20. öld, m.a. frá Lourdes og Fatima. Í formálsorðum kemst Gunnar svo að orði: „Það líður mörgum illa í þessum harða heimi. Milljónir karla og kvenna hafa brugðist við neyðarkalli tímans með því að taka þátt í starfi Maríu og verða þannig vegna verka sinna hluti af ljósvef hennar sem nær um allan heim."

192 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-19-2




## Líf í öðru veldi

**John Bevere**

**Þýð.: Ragnar Schram**

Í þessari mögnuðu bók fjallar metsöluhöfundurinn John Bevere um það mjög svo eftirsóknarverða líf sem Guð ætlar okkur að lifa, líf sem tekur öllu öðru fram.

210 bls.

**Antíokkía kristið félag**

Dreifing: Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-23-7

Leiðb.verð: 2.990 kr.



## Lífið er dásamlegt

*Bestu vinir*

*Ég óska þér dásamlegs dags*

*Haltu ró þinni*
*Pabbi, hetjan mín*
*Takk, elsku mamma*
*Þú heillar mig upp úr skónum*
**Jenny Kempe**
Þessar skemmtilegu gjafabækur frá Helen Exley eru eftir Jenny Kempe. Hér fara saman sniðugar teikningar og skondnir textar sem gera þessar bækur að frábærum gjafabókum.
48 bls.
**Steinegg ehf.**
ISBN 978-9935-421-11-1/-08-1/-10-4/-12-8/-13-5/-09-8
Leiðb.verð: 1.490 kr. hver bók




## Lífshamingja í hrjáðum heimi

**Howard C. Cutler og Dalai Lama**
**Þýð.: Guðni Kolbeinsson**
Hvernig er hægt að lifa hamingjuríku lífi á okkar tímum þegar veröldin virðist svo hrjáð? Hér segir bandaríski geðlæknirinn Howard C. Cutler frá samtölum sínum við Dalai Lama. Með sögum, dæmum og djúpum hugleiðingum kennir Dalai Lama okkur að sjá í gegnum algengar hugsanavillur sem leiða til vansældar og að takast á við þær með eigin hamingju og annarra að leiðarljósi. Sígild fræði búddatrúar í bland við nýjustu rannsóknir gera þessa mannbætandi bók að einkar góðum leið-arvísi til að kljást við algeng vandamál samtímans.
370 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-169-2




## Lífsleikni Njálu

*Siðfræðileg umhugsunarefni fyrir ungt fólk*
**Arthúr Björgvin Bollason**
**Ritstj.: Óskar Sigurðsson**
Í þessari bók ræðir Arthúr Björgvin við son sinn um lífsleikni Njálu, þ.e. ýmis siðferðileg álitamál. Smám saman skilur sonurinn að mörg vandamál og úrlausnarefni sem hann og jafnaldrar hans glíma við í dag hafa fylgt okkur óleyst frá örófi alda, svo sem: Hvað er réttlát breytni, dygð, hamingja, vinátta…?
*Lífsleikni Njálu* hefur að geyma sjö endursagða kafla úr Njálu, skýringar og verkefni. Bókin hlaut styrk úr Þróunarsjóði námsgagna 2010.
72 bls.
**A4 Skrifstofa og skóli**
ISBN 569-0-45-302209-1
Leiðb.verð: 2.995 kr.




# Fjöllin laða og lokka

**Pétur Þorleifsson er frumkvöðull í fjallaferðum. Hér lýsir hann göngu á 103 fjöll, há sem lág, löngum göngum og stuttum - fyrir alla fjölskylduna. Hverri göngulýsingu fylgir greinargott kort.**




***„Pétur er einn af orðlögðustu ferðagörpum sinnar tíðar."***
Páll Ásgeir Ásgeirsson

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Fjöll á Fróni er þriðja fjallabók Péturs, áður skrifaði hann Fólk á fjöllum og Íslensk fjöll í félagi við Ara Trausta Guðmundsson.
Í þessari bók kynnumst við Pétri nánar í ítarlegu viðtali Páls Ásgeirs Ásgeirssonar.

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

**Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is**




## Ljáðu mér eyra

*Undirbúningur fyrir lestur*

**Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir**

**Myndskr.: Ingibjörg Eldon Logadóttir**

*Ljáðu mér eyra* er sívinsæl verkefnabók sem stuðlar að aukinni lestrarfærni barna. Öll börn hafa gaman af að leika sér með málið. Bókin er tilvalin fyrir foreldra sem vilja undirbúa barnið sitt fyrir málrækt innan leikskólans og fyrir lestrarnám í fyrstu bekkjum grunnskólans. Allar leiðbeiningar eru auðskiljanlegar.

*Ljáðu mér eyra* kemur nú út í endurbættri 3ju útgáfu og fylgir henni geisladiskur með skráningarblöðum þannig að auðvelt er að fylgjast með árangri barnsins. Einnig eru á diskinum skemmtileg og gagnleg verkefni og spil. Þar að auki fylgir viðurkenningarskjal til útprentunar sem umbun fyrir góða vinnu.

110 bls.

**A4 Skrifstofa og skóli**

ISBN 569-0-45-302108-7

Leiðb.verð: 3.995 kr.




## Ljóðmæli IV

**Hallgrímur Pétursson**

**Ritstj.: Margrét Eggertsdóttir**

Fjórða bindið í fræðilegri heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar kemur hér fyrir almennings sjónir. Það hefur að geyma andlegan kveðskap sem tengist hringrás náttúrunnar, tímaskiptum, svo sem dægra- og árstíðabreytingum. Hér er bæði um lengri sálma og stök vers að ræða, alls 39 talsins. Eru það morgun- og kvöldsálmar og vers, sálmar við upphaf vetrar og sumars. Einnig sálmar sem ætlaðir voru til kennslu og uppfræðslu, t.d við fermingarundirbúning, svo og tveir borðsálmar, annar ætlaður til söngs fyrir máltíð en hinn eftir máltíð. Texti hvers kvæðis er prentaður stafréttur eftir aðalhandriti eða prentaðri útgáfu en orðamunur úr öðrum handritum birtur neðanmáls. Gerð er rækileg grein fyrir varðveislu hvers kvæðis auk þess sem handritunum sem við sögu koma er lýst í sérstakri skrá.

224 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-654-10-0

Leiðb.verð: 3.800 kr. Kilja

Lærdómsrit Bókmenntafélagsins 40 ára




Í 40 ár hafa Lærdómsritin fært íslenskum lesendum brot af því besta sem mótað hefur heimsmenninguna.
Hefur þú kynnt þér þennan dýrmæta fróðleiksbrunn?
80 titlar!

Hið íslenska bókmenntafélag
Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is




## Lykilorð 2011

*Orð Guðs fyrir hvern dag*

Lykilorð hafa komið út árlega á íslensku síðan 2006. Í bókinni eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag auk sálmavers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari íhugunar. Lykilorð er bók fyrir alla sem hafa áhuga á því að lesa Biblíuna, jafnt þá sem eru henni mjög kunnugir sem og hina.

144 bls.

**Lífsmótun**

ISSN 1670-7141

Leiðb.verð: 1.190 kr. Kilja




## Lögfræði

*Réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar*

**Ingibjörg Þorsteinsdóttir**

Í bókinni er á aðgengilegan hátt gerð grein fyrir grundvallaratriðum við notkun og skýringu laga. Í bókinni er fjallað um mismunandi réttarheimildir í íslenskri lögfræði og beitingu þeirra. Vísað er til dóma og dæma til skýringa og ábendingar um ítarefni fylgir hverjum kafla. Bókin er skrifuð fyrir þá sem vilja öðlast þekkingu á aðferðum lögfræðinnar og fá innsýn og þjálfun í að beita þeim.

Höfundur bókarinnar er dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst og hefur um árabil kennt inngangs- og framhaldsnámskeið í almennri lögfræði.

104 bls.

**Háskólinn á Bifröst**

ISBN 978-9979-9883-6-6

Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja




## Mannfræði fyrir byrjendur

**Þórður Kristinsson og Gunnar Þór Jóhannesson**

*Mannfræði fyrir byrjendur* er grunnbók í mannfræði ætluð nemendum á framhaldsskóla- og háskólastigi og öllum áhugamönnum um fræðigreinina. Í bókinni er fjallað um undirgreinar mannfræðinnar og megináherslur þeirra kynntar út frá sögulegum forsendum og viðmiðum mannfræðinga nú á dögum. Leitast er við að gera grein fyrir grunnhugmyndum og hugtökum fræðigreinarinnar og tengja við nýlegar mannfræðirannsóknir, bæði hér á landi og erlendis.

158 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3180-3 Ób.




## Máttur Kabbala

*Tæknifræði handa sálinni*

**Yehuda Berg**

Máttur Kabbala opnar fyrir þér ævafornt kerfi til að öðlast ósvikin umskipti-tilfinningaleg, andleg, fjárhagsleg og hugmyndaleg á öllum sviðum lífs þíns.

Ekkert hókus pókus hér og hefur ekkert að gera með trúarkenningar, hugmyndirnar í bókinni hrista jafnt uppí veröld okkar en er samt svo hnitmiðuð og auðskiljanleg – Madonna.

252 bls.

**Kabbalah á Íslandi**

Dreifing: Kabbalah á Íslandi

ISBN 9789979708131

Leiðb.verð: 3.990 kr.






## Meðgöngubókin

**Anne Deans**

**Þýð.: Edda Ýr Þórsdóttir**

Bókin gefur hagnýt og traust ráð varðandi allar hliðar meðgöngunnar og foreldrahlutverkið. Líkamlegur þroski fósturs viku fyrir viku er sýndur á myndum í raunstærð. – Metsölubók um víða veröld.

392 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-05-6 Kilja




## Meira sjálfstraust

**Paul McGee**

**Þýð.: Lára Óskarsdóttir**

Ert þú þín stærsta hindrun? Í bókinni *Meira sjálfstraust* er skýrt út hvað sjálfstraust er, hvaðan það kemur, af hverju það er mikilvægt og hvernig við getum þróað með okkur og öðrum meira sjálfstraust. Bókin fjallar meðal annars um hvernig við getum stækkað þægindahringinn okkar og látið til okkar taka, hvern-

ig við tökumst á við taugarnar og vinnum á kvíða, hvernig við náum okkur eftir áföll og hvernig við getum aukið sjálfstraust okkar með hjálp annarra.
232 bls.
**Sena**
ISBN 978-9979-9947-9-4




## Milli mála

*Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur*
**Ritstj.: Rebekka Þráinsdóttir og Magnús Sigurðsson**
Efni ritsins að þessu sinni einskorðast við fræðigreinar, bæði rannsóknargreinar og greinar með hagnýtari skírskotun. Alls eru í ritinu 14 greinar, þar af níu ritrýndar, á alls sjö tungumálum: íslensku, dönsku, ensku, ítölsku, rússnesku, spænsku og þýsku. Efni greinanna spannar mörg efnissvið þó allar tengist þær tungumálum eða bókmenntum með einum eða öðrum hætti. Auk greina sem falla undir bókmenntir og málvísindi í þrengri merkingu er hér að finna greinar með sterkri sagnfræði- eða heimspekilegri tilvísun að ógleymdri umfjöllun um kennslu erlendra tungumála á háskólastigi.
362 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-869-0
Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja







Íslenzk Fornrit 23. og 24. Bindi

## Morkinskinna I og II

**Umsj.: Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson**
**Ritstj.: Jónas Kristjánsson**
*Morkinskinna* er mikið konungasagnarit frá fyrri hluta 13. aldar og greinir frá þeim konungum sem ríktu í Noregi eftir fall Ólafs helga á Stiklarstöðum árið 1030. Ritið mun í öndverðu hafa náð fram að valdatöku Sverris Sigurðarsonar seint á 12. öld, en niðurlagið er glatað. Hér er á ferð fyrsta rit þar sem saga margra konunga er rakin ítarlega.

*Morkinskinna* gerist einkum við norsku hirðina, og mikill áhugi er þar á hirðmenningu og hirðlífi. Konungar eru sýndir í samskiptum við þegnana, og greina má þar mikinn áhuga á konungsvaldi. Söguna má því kalla samfélagsspegil þar sem hirðlífið er skoðað í ýmsum myndum. Enn fremur ber sagan vitni miklu dálæti á framandi löndum, og drjúgur hluti hennar gerist í Austur-Evrópu og löndunum umhverfis Miðjarðarhaf. Ein höfuðprýði *Morkinskinnu* eru hinar mörgu frásagnir af samskiptum konunga við Íslendinga sem dveljast í Noregi, hinir svonefndu Íslendinga þættir. Flestir eru þættirnir í sögu Haralds harðráða. Sumir þáttanna eru meðal meistaraverka íslenskra bókmennta, svo sem Auðunar þáttur vestfirska, Halldórs þáttur Snorrasonar, Hreiðars þáttur heimska og Sneglu-Halla þáttur. Í *Morkinskinnu* eru fleiri vísur en í nokkru öðru íslensku sagnariti.

*Morkinskinna* er hér í fyrsta sinn gerð aðgengileg íslenskum almenningi, með ítarlegum formála og skýringum. Verkið er í tveimur bindum; í þeim báðum eru formálar og skýringar, en skrár sem gilda fyrir bæði bindin eru í því síðara.

Útgáfur Íslenzkra fornrita eru gerðar úr garði með rækilegum inngangi og skýringum á kveðskap og torskildum orðum neðanmáls, auk sögulegrar, mannfræðilegrar og landfræðilegrar glöggvunar á atburðum og aðstæðum þar sem þurfa þykir. Myndir og kort prýða útgáfuna.
800 bls.
**Hið ísl. fornritafélag**
Dreif.: Hið ísl. bókmenntafélag
ISBN 978-9979-893-97-4
Leiðb.verð: 6.990 kr.




## Myndir ársins 2009

*Press photographs of the year*
**Blaðaljósmyndarafélag Íslands**
Ljósmyndabók sem endurspeglar á einstakan hátt ástandið í íslensku þjóðfélagi á síðasta ári. Hún fangar einnig stórbrotið landslag og fjölbreytileika mannlífsins frá degi til dags. Stórglæsileg bók með íslenskum og enskum texta. Sögur gefa út í samvinnu við Blaðaljósmyndarafélag Íslands.
174 bls.
**Sögur útgáfa**
ISBN 978-9935-416-06-3 Kilja



## Norðurljós á Íslandi

*Northern Lights in Iceland*
**Olgeir Andrésson**
Glæsileg myndabók með þar sem Norðuljósin leika aðalhlutverkið. Olgeir Andrésson hefur sérhæft sig í tökum á Norðurljósunum.

Hægt er að sjá hluta myndanna á heimasíðu hans: www.olgeir.zenfolio.com. Textinn í bókinni er á ensku og þýsku. Tilvalin gjöf til erlendra vina, kunningja eða viðskiptafélaga.
96 bls.
**Útkall ehf.**
ISBN 978-9979-9992-1-8
Leiðb.verð: 3.990 kr.

UPPHEIMAR

# EYJAFJALLAJÖKULL

## Stórbrotin náttúra | Untamed Nature

★★★★

MATTHÍAS ÁRNI INGIMARSSON,
MORGUNBLAÐIÐ

1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

FYRSTA SÆTI Á METSÖLULISTA EYMUNDSSON
ALLAN JÚNÍMÁNUÐ








### MÖGNUÐ LJÓSMYNDA- OG FRÆÐIBÓK UM ATBURÐI SEM HÖFÐU ÁHRIF UM ALLAN HEIM

Fá eldgos á Íslandi hafa vakið viðlíka athygli og umbrotin á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli sem hófust í mars 2010.

***EYJAFJALLAJÖKULL Stórbrotin náttúra | Untamed Nature*** spannar tímabilið frá því eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi í mars fram til 15. október. Báðum gosunum eru gerð ítarleg skil. Bókin kom fyrst út í byrjun júní 2010 og er nú fáanleg í aukinni og endurbættri útgáfu. Bókin hefur setið tæpar 20 vikur í fyrsta sæti á metsölulista Eymundsson yfir bækur fyrir ferðamenn.

Heillandi ljósmyndir **Ragnars Th. Sigurðssonar** njóta sín til fulls og fanga mikilleik óhaminna náttúruaflanna. Ítarlegur og aðgengilegur texti **Ara Trausta Guðmundssonar**, jarðeðlisfræðings og rithöfundar, opnar ásamt myndunum skýra sýn á þessa örlagaríku atburði sem hafa haft meiri áhrif á heimsbyggðina en nokkurn gat órað fyrir, hvað þá á byggðirnar næst eldstöðvunum.

Bókin er vegleg, 128 blaðsíður í stóru broti. Texti er á íslensku og ensku.

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is




## Nútíma stjörnufræði

*2. útgáfa*

**Vilhelm S. Sigmundsson**

Þessi vinsæla bók um stjörnufræði er nú komin í 2. útgáfu, talsvert aukin og endurbætt og aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á hinum ýmsu fyrirbærum alheimsins, allt frá sólkerfinu og stjörnunum til svarthola, nifteindastjarna og reginþyrpinga vetrarbrauta. Hvers vegna eru reikistjörnurnar svo fjölbreyttar? Hvers vegna skína Sólin og stjörnurnar? Hvernig tengist Vetrarbrautin uppruna lífsins? Hversu algengir eru lífvænir hnettir? Hvað álíta stjarnfræðingar um upphaf og endalok alheimsins? Varpað er ljósi á allt þetta og fjölmargt fleira, auk þess sem einstakar stjörnuljósmyndir Snævarrs Guðmundssonar prýða bókina.

336 bls.

**Vilhelm Sigmundsson**

ISBN 978-9979-70-780-6

Leiðb.verð: 5.900 kr.



## Nýlistasafnið 1978–2008.

**Ritstj.: Tinna Guðmundsdóttir**

Hér er á ferðinni aðgengilegt heimildar- og uppflettirit fyrir alla þá sem vilja kynna sér þróun íslenskrar samtímalistar. Í bókinni er að finna grunnupplýsingar um hlutverk og starfsemi safnsins. Hún er veglega prýdd boðskortum, veggspjöldum, blaðagreinum og ýmsu efni úr skjalasafni Nýlistasafnsins sem gefur glögga mynd af uppbyggingu safnsins í gegnum tíðina.

Bókin er hönnuð af Ármanni Agnarsyni.

360 bls.

**Nýlistasafnið**

ISBN 978-9979-70-674-8

Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Ofbeldi

*Margbreytileg birtingarmynd*

**Ritstj.: Erla Kolbrún Svavarsdóttir**

Í bókinni er greint frá niðurstöðum nýlegra rannsókna um tíðni og áhrif ofbeldis á heilsufar kvenna hér á landi. Sérstaklega er fjallað um þætti sem hafa áhrif á heilsu kvenna sem eru þolendur ofbeldis í nánum samböndum og greint frá áhrifum langvarandi líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis á andlega heilsu þeirra. Fjallað er um heimilisofbeldi sem viðfangsefni innan heilbrigðisþjónustunnar og hversu algengt og alvarlegt það er. Skoðað er hvað komi helst í veg fyrir að konur greini frá því að þær séu beittar ofbeldi og skýri frá þeirri reynslu. Þá er greint frá líðan og reynslu barnshafandi kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi en afleiðingar þess á meðgöngu geta verið alvarlegar bæði fyrir verðandi móður og fóstrið. Að lokum er fjallað um ofbeldi gegn konum með líkamlega fötlun þar sem sérstök áhersla er lögð á umfjöllun um fötlunartengt og umönnunartengt ofbeldi.

160 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-894-2

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja




## Okkurgulur sandur

*Tíu ritgerðir um skáldskap Gyrðis Elíassonar*

**Ritstj.: Magnús Sigurðsson**

Höfundar ritgerðanna eru: Fríða Björk Ingvarsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson, Guðrún Eva Mínervudóttir, Halldór Guðmundsson, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hermann Stefánsson, Ingunn Snædal, Jón Kalman Stefánsson, Sigurbjörg Þrastardóttir og Sveinn Yngvi Egilsson.

130 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-80-8

Leiðb.verð: 4.980 kr.






## Orðagull

*Málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn*

**Bjartey Sigurðardóttir og Ásthildur Bj. Snorradóttir**
**Myndskr.: Búi Kristjánsson**

Verkefnunum í Orðagulli er skipt í tvo flokka eftir þyngd. Bókinni fylgir geisladiskur með öllum vinnublöðum bókarinnar. Kennsluefnið hentar elstu börnum leikskóla og yngstu börnum grunnskóla. Einnig getur það nýst eldri nemendum sem glíma við erfiðleika í vinnsluminni, sem og tvítyngdum nemendum.

86 bls.
**Bjartey Sigurðardóttir & Ásthildur Bj. Snorradóttir**
ISBN 978-9979-70-799-8
Leiðb.verð: 12.995 kr.




Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

## Perceval

*eða Sagan um gralinn*

**Crétiens de Troyes**
**Þýð.: Ásdís Magnúsdóttir**

*Perceval* eða *Sagan um gralinn* er eitt af merkustu bókmenntaverkum miðalda, samið undir lok 12. aldar. Í þessari frönsku riddarasögu hefst leitin að hinum margrómaða gral og sögusviðið er heimur Artúrs konungs og riddara hringborðsins. Hinn ungi Perceval vill ólmur slást í þann hóp. Hans bíða mörg ævintýri sem enn heilla og skemmta lesendum.

260 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-267-9
Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Pétrísk-íslensk orðabók

*með alfræðiívafi*

**Pétur Þorsteinsson**

Séra Pétur Þorsteinsson, prestur í Óháða söfnuðinum, hefur um árabil samið og safnað nýyrðum og jafnframt fundið skrýtin og skemmtileg orð til að setja hina hversdagslegu og litlausu. Útkoman verður oft bráðskemmtileg eins og lesendur þessarar bókar munu komast að.

96 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-86-9
Leiðb.verð: 2.680 kr. Kilja


# Þarfaþing

**Kortaboxin eru nýjung á Íslandi. Hvert box geymir 20 mismunandi tvöföld kort og jafnmörg umslög. Textinn á baki kortanna er á fjórum tungumálum: íslensku, ensku, þýsku og frönsku.**




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

**ICEBOX** - 20 gullfallegar jöklamyndir eftir Helga Björnsson, jöklafræðing.

**ERRÓBOX** - 20 bráðskemmtileg portrettmálverk eftir meistara Erró.

**HORSEBOX** - 20 stórkostlegar myndir af íslenskum hrossum sem Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndari tók.

Það er einkar þægilegt að hafa þessar gersemar við höndina til að grípa í þegar tilefni gefst.

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

**Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is**




## Pétursspostilla

*Hugvekjur handa Íslendingum*

**Pétur Gunnarsson**

Dögum oftar er höfundurinn beðinn um álit, skoðun, ávarp, hugvekju, ræðu, grein eða erindi. Afstaða Péturs Gunnarssonar hefur jafnan verið á eina lund: að segja já – trúr því hugboði að hlutverk höfundarins sé að skipta sér af því sem honum kemur ekki við. Berhentur, umboðslaus, oftar en ekki ólaunaður, en sannfærður um að leitin að merkingu sé leiðin til að ljá lífi okkar merkingu.

256 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-168-5 Kilja




## Poppkorn

**Sigurgeir Sigurjónsson og Einar Kárason**

Sjöundi og áttundi áratugurinn var vellandi suðupottur nýrra hugmynda um tísku, menningu og viðhorf. Hér er haldið á vit minninganna með einstæðum ljósmyndum Sigurgeirs Sigurjónssonar og minningabrot Einars Kárasonar kallast á við myndefnið svo úr verður glæsilegur og skemmtilegur aldarspegill.

224 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-542-3



## Ragnarsbók

*Afmælisrit til heiðurs Ragnari Aðalsteinssyni sjötugum*

Ritgerðir á sviðum tengdum þjóðarrétti, stjórnskipunar, mannréttindum og réttarríkinu eftir innlenda og erlenda fræðimenn. Ragnar er kunnur fyrir störf sín sem málflutningsmaður og mannréttindafrömuður.

527 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-250-1

Leiðb.verð: 6.900 kr.






## Rakarinn minn sagði

**Samúel Jón Einarsson**

Söguritari er borinn og barnfæddur Ísfirðingur og starfar þar sem rakari og tónlistarmaður. Þetta er önnur bók hans.

Fyrri bókin *Rakarinn minn þagði* kom út á síðasta ári og hlaut góðar viðtökur. Sögusviðið er sem fyrr Ísafjörður og nágrenni og koma við sögu margar þekktar persónur úr bæjarlífinu.

80 bls.

**Samúel J. Einarsson**

ISBN 978-9979-70-840-7




## Ranghugmynd Richards Dawkins

**Alister McGrath og Joanna Collicut McGrath**

**Þýð.: Brynjar Arnarson**

Prófessor í trúarbragðasögu og trúarbragðasálfræðingur takast á við hugmyndir guðleysingjans Richards Dawkins. Er trú vitleysa? Eiga vísindin og trúarbrögðin í ævarandi baráttu? Þörf bók á miklum upplausnartímum.

124 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-65-9 Kilja




## Ranghugmyndin um guð

**Richard Dawkins**

**Þýð.: Reynir Harðarson**

Í þessari ástríðufullu varnarræðu fyrir skynsemina ræðst Richard Dawkins gegn trúarbrögðunum. Trú á yfirnáttúruleg máttarvöld getur ekki verið grundvöllur fyrir skilningi okkar á heiminum og þaðan af síður skýring á uppruna hans. Ef gagnrýni á trúarbrögðin er bannfærð eigum við á hættu að vafasamir bókstafstrúarmenn af öllu tagi vaxi okkur yfir höfuð. Trúin á guðlega veru er iðulega orsök hryðjuverka og eyðileggingar eins og mannkynssagan sýnir, allar götur frá kaþólska Rannsóknarréttinum fram að árásinni á Tvíburaturnana í New York. Þetta er mikilvæg bók sem tekur afstöðu til eins af brennandi málefnum samtímans á skýran og sannfærandi hátt.

489 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-096-8 Kilja

# ÓRAVÍDDIR HIMINGEIMSINS

## Ný bók í geysivinsælli ritröð

Í þessari einstöku bók birtist geimurinn okkur í allri sinni litríku og ljómandi dýrð.

Fróðleikur um stjörnufræði, sögu og eðlisfræði heimsins ásamt þúsundum mynda og einstökum stjörnukortum.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is











## Ritið 1/2010

*Safnfræði*

**Ritstj.: Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Helga Lára Þorsteinsdóttir**

Greinarnar í heftinu eru eftir sjö höfunda og er viðfangsefnið af ýmsu tagi. Ástráður Eysteinsson: „Söfnun og sýningarrými: Um söfn, hefðarveldi og minningasetur.“ Valdimar Tr. Hafstein: „Þekking, virðing, vald: Virtúósinn Ole Worm og Museum Wormianum í Kaupmannahöfn.“ Loftur Atli Eiríksson: „Menningarvæðingu viðskiptalífsins“ og Tinna Grétarsdóttir, mannfræðingur: „Á milli safna: útrás í (lista)verki.“ Katla Kjartansdóttir: „Mótmælastrengur í þjóðarbrjóstinu“ og Alma Dís Kristinsdóttir: „Safnfræðsla: staða og (ó)möguleikar.“ Hannes Lárusson: „Doodling“ og leggur þar út af kroti í skjóli hrunsins.

165 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-875-1

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



## Rómverjasaga

**Ritstj.: Svanhildur Óskarsdóttir og Þorbjörg Helgadóttir**

Rómverja saga er með elstu varðveittu sagnaritum á íslensku, sagnabálkur settur saman úr latneskum heimildum, aðallega Bellum lugurthinum og Coniuratio Catilinae eftir Sallustius og Pharsalia eftir Lucanus. Fyrri hluti hennar fjallar um Júgúrtustríðin og síðan Catilínu og liðsafnað hans en í síðari hluta víkur sögunni að átökum Pompeiusar og Júlíusar Caesars. Sagan hefur varðveist í tveimur gerðum sem hér eru báðar gefnar út stafrétt eftir handritum, auk þess sem latneskir frumtextar eru birtir til hliðsjónar. Í ítarlegum inngangi er fjallað um helstu einkenni þýðingarinnar og gerð grein fyrir öllum handritum sögunnar. Þorbjörg Helgadóttir annaðist útgáfuna.

630 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-654-11-7

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja




## Rúnir

*Afmælisrit til heiðurs Álfrúnu Gunnlaugsdóttur*

**Ritstj.: Guðni Elísson**

Álfrún Gunnlaugsdóttir rithöfundur og prófessor í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands er einn merkasti fulltrúi módernismans í íslenskri skáldsagnagerð, en eftir hana liggja smásagnasafnið *Af manna völdum*, og skáldsögurnar *Þel*, *Hringsól*, *Hvatt að rúnum*, *Yfir Ebrofljótið* og *Rán*. Í greinasafninu *Rúnum* birta tíu bókmenntafræðingar rannsóknir sínar á skáldskap og fræðistörfum þessa mikilvæga samtímahöfundar.

172 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-888-1

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




## Saga

*Tímarit Sögufélags. XLVIII: 1 2010 og XLVIII: 2 2010*

**Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir**

Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands. Tekið er við nýjum áskrifendum hjá Sögufélagi; nánar á www.sogufelag.is.

245 bls.

**Sögufélag**

ISSN 0256-8411

Leiðb.verð: 3.890 kr.






## Saga Menntaskólans á Ísafirði til 2008

**Björn Teitsson**

Í tilefni af 40 ára afmæli Menntaskólans á Ísafirði haustið 2010 var ákveðið að gefa út sögu hans. Björn Teitsson, sagnfræðingur, sem var skólameistari við skólann 1979–2001, samdi texta bókarinnar. Í bókinni er fjallað um aðdraganda að stofnun skólans og baráttu heimamanna fyrir menntaskóla. Ritið er vönduð skólaskýrsla, sett fram á aðgengilegan hátt eftir tímabilum. Umtöluð mál sem komið hafa upp innan skólans og eftirmál þeirra fá hér umfjöllun. Í rammagreinum eru rakin æviatriði allra skólameistara og ýmissa annarra. Með sama hætti er birt efni af léttara tagi úr skólalífinu. Bókina prýðir fjöldi mynda, m.a. ljósmyndir af árgöngum brautskráðra nemenda 1974–2008. Í viðauka eru skrár yfir nemendur og kennara skólans fram til ársins 2008.

448 bls.

**Menntaskólinn á Ísafirði**
ISBN 978-9979-70-770-7
Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Saumahandbókin

**Fríður Ólafsdóttir**

Í þessari bók er útskýrt í smáatriðum, skref fyrir skref, hvernig öll vinna við snið og saumaskap fer fram. Vinnuteikning með útskýringum fylgir næstum hverjum þætti. Gagnleg bók fyrir byrjendur sem lengra komna.

160 bls.

**Sögur útgáfa**
ISBN 978-9935-416-33-9 Kilja




## Sálfræði einkalífsins

*– Lærðu á lífið*

**Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal**

Bók fyrir alla þá sem vilja auka lífshamingju sína. Hún vekur lesandann til umhugsunar um eigin stöðu, samskipti við aðra og hvernig hægt er að takast á við lífið og tilveruna.

286 bls.

**Sögur útgáfa**
ISBN 978-9935-416-27-8 Kilja

# Heimsmynd tungumálanna




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Tungumál veraldar segja lifandi menningarsögu. Í þessari glæstu bók er boðið til mikillar reisu, þar sem lesendur kynnast eitt þúsund tungumálum um veröld víða. Lýst er bakgrunni þeirra, sögu, tengslum við önnur mál og sérkennum. Með hjálp fjölbreytilegra ljósmynda, skýringarmynda og landakorta opnast heillandi veröld - aðgengileg og umfram allt bráðskemmtileg.

Þar sem þekkingin á sér samastað

OPNA

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is




## Sálmar á nýrri öld

**Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson**
**Tónlist: Sigurður Flosason**

16. bókin í röð kórbóka fyrir barnakóra, kvennakóra og blandaða kóra sem nefnist Söngvasveigur. Hér birtast 26 sálmar fyrir blandaða kóra.

Efnistök þeirra félaga eru fjölbreytt; einföld ljóð og lög sem henta vel til safnaðarsöngs í kirkjum til óhefðbundnari stólversa og kórsöngva; jólasálmar, barnasálmar, lofgjörð til náttúrunnar, páskasálmur og sálmar sem henta við skírn, fermingu og giftingu en einnig útför.

64 bls.
**Skálholtsútgáfan**
ISBN 978-9979-792-82-6
Leiðb.verð: 1.590 kr.




## Siðfræði og samfélag

**Ritstj.: Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason**

Afmælisrit Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Í bókinni er að finna 12 greinar heimspekinga og lækna og fluttir voru á samnefndri fyrirlestrarröð Siðfræðistofnunar 2008–2009, en það var tuttugasta starfsár stofnunarinnar. Hér er að finna fjölbreytt efni um hlutverk siðfræðinnar í samfélaginu og margvísleg samfélagsleg álitaefni eins og lífpólitík, umburðarlyndi, einkalíf, offitu og upplýst samþykki.

200 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-895-9
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




## Síðasta ferðin

*Söguleg heimildamynd*

**Elín Hirst**

Myndin er persónuleg saga sem segir frá því þegar Elín Hirst sér fyrir tilviljun gamla ljósmynd á Vesturfarasetrinu á Hofsósi. Ljósmyndin er af íslenskri landnemafjölskyldu í Kanada sem flúði Ísland vegna kreppu og harðinda árið 1878. Elín rekur síðan slóð forfeðra sinna til Nýja Íslands í Manitóba þar sem margt óvænt kemur í ljós. Myndin var sýnd í Sjónvarpinu í apríl 2010.

Framleiðandi og myndgerð: Ragnar Santos.

300 krónur af söluandvirði myndarinnar renna til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur til stuðnings Íslendingum í kreppu árið 2010.

**Iss film ehf.**
EAN 5694080010841
Leiðb.verð: 2.980 kr.




## Sjáið Akureyri

**Gísli B Björnsson og Anna Fjóla Gísladóttir**

Þetta er smærri útgáfan af bók sem ætluð er Akureyringum og öðrum Eyfirðingum, auk ferðamanna, um Akureyri í máli og myndum. Bókinni er ætlað að koma til skila ljúfri og fallegri minningu um höfuðstað Norðurlands. 120 myndir prýða bókina.

72 bls.
**Litróf ehf.**
ISBN 978-9979-9842-8-3
Leiðb.verð: 2.870 kr. Kilja




## Skálduð skinn

**Sveinn Eggertsson**

Viðfangsefnið hér er Kvermin-fólkið í fjöllum Nýju-Gíneu. Höfundur dvaldi þar á árunum 1993–1995 við mannfræðirannsóknir. Sagt er frá lífsbaráttu Kvermin í umhverfi regnskógar og lífsskilningi þeirra eins og hann kemur fram í upprunasögum, alheimsmynd og þroskavígslum. Sagt er frá átökum fyrri tíma og þeim breytingum sem hafa orðið á högum fólks með vestrænum áhrifum. Bókin greinir einnig frá fræðilegri afstöðu höfundar, rekur hvernig áhugi á kenningum um skynjun varð til þess að hann fór á þennan afskekkta stað og tók að beina athyglinni að hugmyndum Kvermin um tengsl milli þekkingar og húðar. Þessi bók er í senn etnógrafía og fræðileg ferðasaga.

350 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-891-1
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja




## Skírnir

*vor & haust 2010,*
*184. árgangur*

**Ritstj.: Halldór Guðmundsson**

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimspeki, vísindi, myndlist og stjórnmál og önnur fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga.

555 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISSN 0256-8446 Kilja




## Skóli og skólaforeldrar

*ný sýn á samstarfið um nemandann*

**Nanna Kristín Christiansen**

Aðgengileg bók fyrir grunnskólakennara og skólaforeldra um nýja sýn á samvinnu skóla og foreldra um aukna hlutdeild foreldra í námi barnsins. Byggir á nýjum rannsóknum sem sýna að áhrif foreldra á námsárangur og líðan barna sinna skipta sköpum fyrstu árin í skóla.

235 bls.

**Nanna Kristín Christiansen**

ISBN 978-9979-70-797-4

Leiðb.verð: 4.300 kr. Kilja




## Snakk fyrir makka pakk

**Arnar Ingi Viðarsson**

Hér kemur bók sem allt of margir hafa beðið eftir! Á auðlæsilegri íslensku er hér að finna samansafn af allskonar ráðum, flýtileiðum, flýtilyklum, útskýringum og leiðbeiningum fyrir makka notendur á öllum aldri; allt í einni bók til að hjálpa þér að skilja og nota makkann þinn betur. Bókin er full af skýringarmyndun, fram sett á skemmtilegan hátt og hentar jafnt byrjendum sem og lengra komnum.

64 bls.

**Arnar Ingi Viðarsson**

ISBN 978-9979-70-850-6




## Snið og sniðteikningar

*Herrafatnaður*

**Inger Öberg og Hervor Ersman**

**Þýð.: Ásdís Jóelsdóttir**

Bókin er skipulögð sem námsefni til kennslu en í henni er að finna fjölbreytt grunnsnið fyrir herrafatnað, m.a. buxur, skyrtur, staka jakka o.fl. Markmið höfunda er að sýna fjölbreyttar, sígildar og einfaldar lausnir við útfærslu sniða þannig að hver og einn eigi auðvelt með að finna sínar eigin. Bókin ætti að gagnast kennurum og nemendum í fatagerðar- og fatahönnunarnámi en einnig þeim sem vanir eru að sauma og hafa sjálfir löngun til að útfæra snið. Bókinni fylgja grunnsnið fyrir mismunandi fatagerðir.

182 bls.

**IÐNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-256-2




## Sovét-Ísland, óskalandið

*Aðdragandi byltingar sem aldrei varð*

**Þór Whitehead**

Kommúnistaflokkur Íslands var deild í heimsbyltingarsambandinu Komintern í Moskvu með það yfirlýsta markmið gera byltingu á Íslandi. Hér dregur Þór Whitehead sagnfræðingur í fyrsta sinn upp heildarmynd af byltingarundirbúningi íslenskra kommúnista 1921–1946 og viðbrögðum ríkisins. Byltingarbaráttan leiddi af sér öldu grófs ofbeldis, skólun tuga Íslendinga í neðanjarðarstarfsemi og hernaði í Sovétríkjunum, njósnir og launráð. Einstaklega lifandi saga um örlagatíma.

350 bls.

**Bókafélagið Ugla**

ISBN 978-9979-651-66-6




## Spegill þjóðar

*Persónulegar hugleiðingar um íslenskt samfélag*

**Njörður P. Njarðvík**

Í þessari bók ræðir höfundurinn opinskátt við lesandann og veltir fyrir sér ástæðum þess að við stöndum nú í þeim sporum sem raun ber vitni. Njörður segir hug sinn allan og fer engum silkihönskum um þá sem hann telur ábyrga fyrir óförunum, hvort sem það eru stjórnmálamenn, embættismenn, „útrásarvíkingar" eða borgararnir sem gína við hverju gylliboði.

144 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-85-3

Leiðb.verð: 2.480 kr. Kilja






## Speki dagsins

**Samant.: Helen Exley**

365 spakmæli – fyrir alla daga ársins. Hér er á ferðinni fallegt safn tilvitnana fyrir alla daga ársins. Þessi fallega bók er ómetanleg gjöf.

368 bls.

**Steinegg ehf.**

ISBN 978-9979-782-97-1

Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Spor í sögu stéttar

**Andrés Ingi Jónsson og Oddný Helgadóttir**

Í sextíu ár hafa leikskólakennarar átt ríkan þátt í uppeldi þjóðarinnar. Stéttin getur rakið rætur sínar til örfárra hugsjónakvenna, sem tóku höndum saman um að stofna félag utan um kjarabaráttu fyrstu útskriftarárganga Uppeldisskóla Sumargjafar.

*Spor í sögu stéttar* segir sögu leikskólakennara frá sjónarhóli ríflega þrjátíu máttarstólpa sem tekið hafa þátt í mótun stéttarinnar. Þetta er lifandi saga, þar sem stoltið skín úr hverri frásögn.

213 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-63-3

Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands

Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins hefur verið ofarlega á baugi upp á síðkastið og ákvæði hennar sennilega meira rædd en nokkru sinni fyrr á lýðveldistímanum. Stjórnarskráin hefur að geyma grundvallarlög ríkisins. Hún er æðri öðrum lögum og þar er að finna meginákvæði um stjórnskipan ríkisins og mannréttindi. Stjórnarskrána ættu allir Íslendingar að þekkja – og þar með rétt sinn.

73 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**

ISBN 978-9979-1-0493-3 Ób.




## Sturlunga saga

**Ritstj.: Örnólfur Thorsson**

*Sturlunga saga* er safnrit varðveitt á skinnbókum frá 14. öld og geymir nokkrar sjálfstæðar sögur um valdabaráttu íslenskra höfðingjaætta og endalok þjóðveldis. Hér er loks komin ný útgáfa *Sturlungu* með nútímastafsetningu ásamt ýmsum textum sem tengjast efninu, ítarlegum skýringum og skrám – þrjú vönduð bindi í öskju. Sturlunga hefur notið endurnýjaðrar hylli síðustu ár en verið illfáanleg; nú geta allir eignast þessa gersemi íslenskra bókmennta í fallegum búningi.

1450 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3105-6 Ób.




## Sumarlandið

*Framliðnir lýsa andláti sínu og endurfundum í framlífinu*

**Guðmundur Kristinsson**

Hér lýsa þeir framliðnu því sem gerist þegar maðurinn deyr. Birtar eru frásagnir 40 látinna ættingja og vina og nokkurra þjóðkunnra manna, þar af 12 presta og 9 systkina frá Skipum. Loks eru hér frásagnir tveggja brezkra flugmanna frá Kaldaðarnesi og stórfróðlegt viðtal á ensku við Richard Durst, kaptein í bandaríska herliðinu á Selfossi sumarið 1942.

Bókin bregður skýru ljósi á vistaskiptin og framlífsheiminn og á erindi til huggunar öllum þeim, sem syrgja látinn ástvin. Hún er gefin út fyrir eindregna hvatningu að handan.

224 bls.

**Árnesútgáfan**

ISBN 978-9979-70-826-1




## Sveppabókin

*Íslenskir sveppir og sveppafræði*

**Helgi Hallgrímsson**

*Sveppabókin* er frumsmíð



um sveppafræði á íslensku og byggist m.a. á hálfrar aldar rannsóknum höfundar. Fjallað er um eðli og gerð sveppa og hlutverk þeirra í lífkerfi jarðar, m.a. um sníkjusveppi, svepprætur, samskipti sveppa og dýra og sveppasprettu á Íslandi. Þá er rætt um matsveppi og eitursveppi og nýtingu myglusveppa.

Enn fremur er fjallað um alla flokka sveppa sem þekkjast á Íslandi. Um 700 tegundum er lýst, en alls er getið meira en 1000 tegunda. Um 800 myndir í eru bókinni, þar af litmyndir af um 540 tegundum, auk teikninga og svarthvítra mynda. Allir íslenskir matsveppir fá ítarlega umfjöllun, svo og nokkrir vel þekktir erlendir matsveppir og eitursveppir.

Bókin er ætluð almenningi jafnt sem fræðimönnum.
632 bls.
**Skrudda**
ISBN 978-9979-655-71-8
Leiðb.verð: 9.800 kr.




## Svipmyndir úr síldarbæ

**Örlygur Kristfinnsson**

Þessi bók hefur að geyma safn svipmynda og frásagna af fólki sem setti mark sitt á lífið í síldarbænum Siglufirði fram eftir síðustu öld. Örlygur dregur upp einstaklega lifandi og skemmtilegar myndir af eftirminnilegu fólki, stíllinn er lipur og textinn leiftrar af góðlátlegri kímni og hlýju.
264 bls.
**Uppheimar**
ISBN 978-9979-659-88-4
Leiðb.verð: 5.680 kr.




Lærdómsrit Bókmenntafélagsins

## Sýnilegt myrkur

*Frásögn um vitfirringu*

**William Steyron**

**Þýð.: Uggi Jónsson**

Lesandinn kynnist vonleysi, sjálfsvígshugsunum, lyfjagjöfum, innlögnum á spítala og öðrum fylgifiskum hins myrkvaða huga höfundarins. En hann leggur einnig áherslu á að þunglyndi er ekki tortíming sálarinnar; þrátt fyrir allt er einn ljós punktur við sjúkdóminn: það er hægt á sigrast á honum. Styron er heimsþekktur rithöfundur, handhafi Pulitzer-verðlauna, einkum fyrir sögu sína *Sophie's Choice*.

Einar Már Guðmundsson rithöfundur ritar formála.
250 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-263-1
Leiðb.verð: 3.490 kr.


# Táknmynd Íslands




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Jökulsárlón á Breiðamerkursandi hefur á síðustu árum orðið nokkurs konar táknmynd Íslands í augum umheimsins. Aðdráttarafl staðarins er með ólíkindum og umhverfið magnað. Þorvarður Árnason hefur tekið myndir af Lóninu á öllum árstímum og við ólík veðurskilyrði - og við blasir heillandi veröld sem er lyginni líkust.

Bókin fæst í enskri, franskri og þýskri útgáfu, auk þeirrar íslensku.

Þar sem þekkingin á sér samastað

opna

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is




## Sæmundarsaga
*rútubílstjóra*

**Bragi Þórðarson**

Sæmundur Sigmundsson í Borgarnesi er einn þekktasti rútubílstjóri Íslands. Hann lítur yfir farinn veg – í bókstaflegri merkingu því talnaglöggir menn hafa reiknað það út að hann hafi ekið vegi landsins sem svarar 17 ferðum til tunglsins – og hann er enn að.

Margt hefur verið um Sæmund rætt enda maðurinn löngu orðinn þjóðsagnapersóna. Bragi Þórðarson, rithöfundur og fyrrum bókaútgefandi á Akranesi, skráir endurminningar Sæmundar.

242 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-78-5

Leiðb.verð: 5.680 kr.




## Sögukort Íslands
*Átta fræðandi sögukort*

**Umsj.: Rögnvaldur Guðmundsson**

Átta falleg og fræðandi sögukort í gjafaöskju fyrir alla aldurshópa (stærð: A1 í vasabroti). Sögukort Íslands, Suðvesturlands, Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra, Norðurlands eystra, Austurlands og Suðurlands. Sagan frá landnámi til 20. aldar. Yfir 250 teikningar eftir Ingólf Björgvinsson úr sögu Íslands á framhliðum ásamt aðgengilegum texta. Fallegar ljósmyndir á bakhliðum með texta um atvinnulíf, fornsögurnar, Reykjavík, þjóðsögur (Árni Björnsson valdi), fugla á Íslandi (texti og myndir: Jóhann Óli Hilmarsson), íslensk húsdýr og sjávarspendýr, matjurtir og lækningajurtir, þjóðlegan íslenskan mat o.fl. Kortin eru einnig fáanleg stök. Kortaaskjan og stök kort eru jafnframt fáanleg á ensku.

**Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar**

ISBN 978-9979-9995-7-7




## Sögustaðir
*Í fótspor W.G. Collingwoods*

**Einar Falur Ingólfsson**

**Inng.: Margrét Hallgrímsdóttir**

Í þrjú sumur, frá 2007 til 2009, fetaði Einar Falur Ingólfsson ljósmyndari í fótspor breska fagurfræðingsins W.G. Collingwoods og ljósmyndaði sögustaði Íslendingasagna frá sömu sjónarhornum og Collingwood teiknaði þá rúmri öld áður. Staðirnir sem eitt sinn voru valdir vegna þess að þar höfðu hetjur fornaldar stigið niður fæti stafa nú fæstir frá sér fornum ljóma, en fjöll, ásar, ár og vötn eru enn þau sömu. Sögustaðir er glæsileg ferðabók um Ísland samtímans þar sem varpað er ljósi á sagnaarf okkar og margbrotna menningarsögu.

Bókin er gefin út í samstarfi við Þjóðminjasafn Íslands í tengslum við sýninguna Sögustaðir í Bogasal.

144 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-01-5

Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Sönn íslensk sakamál

**Jóhannes Kr. Kristjánsson**

Karl Magnús Grönvold var fyrirmyndarunglingur á framabraut í handbolta þegar hann lenti í viðjum fíkniefna. Hann var handtekinn á Guarulhos flugvellinum í Sao Paulo í Brasilíu í júní 2007 með sex kíló af kókaíni í ferðatöskunni. Þetta átti að vera síðasta ferðin hans sem burðardýr. Ferð sem átti að koma fjármálunum í lag eftir áralanga kókaínneyslu.

Karl var dæmdur til fjögurra ára fangelsisvistar í harðsvíruðu brasilísku fangelsi þar sem ein stærstu glæpasamtök heims ráða ríkjum og mannréttindi eru framandi hugtak. Af einlægni segir Karl Magnús frá lífi sínu, handtökunni og fangelsisvistinni þar sem eyddi tæpum fjórum árum af lífi sínu meðal samviskulausra glæpamanna frá nærri níutíu löndum.

184 bls.

**Sena**

ISBN 978-9979-9947-7-0






# BRAUTRYÐJANDAVERK

Sveppabókin er afrakstur margra áratuga rannsókna Helga Hallgrímssonar náttúrufræðings á sveppum á Íslandi og er bókin ætluð almenningi jafnt sem fræðimönnum.

- Fjallað er um allar gerðir sveppa.
- Ítarleg umfjöllun um matsveppi og eitursveppi.
- Lýst er um 700 tegundum sveppa.
- Um 800 ljósmyndir og teikningar.
- Fyrsta heildstæða yfirlitsritið um íslenska sveppi.




# ÖLL ÍSLENSK TRÖLL!




Heildarsafn tröllasagna úr þjóðsagnaarfi Íslendinga. Í þessa bók hefur Alda Snæbjörnsdóttir safnað tröllasögum hvaðanæva: Úr þjóðsagnasöfnum, héraðsritum, segulbandasafni Stofnunar Árna Magnússonar, af Netinu o.s.frv. Í þessu fyrra bindi eru sögur af Suðvesturlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en í seinna bindi munu birtast sögur frá Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is




## Takk útrásarvíkingar

**Lára Björg Björnsdóttir**

Í fyrstu bók sinni *Takk útrásarvíkingar* fjallar pistlahöfundurinn Lára Björg Björnsdóttir um ósköp venjulega hluti á afar óvenjulegan hátt. Hún veitir lesendum glænýja sýn á bankastörf, fjallgöngur, helgarferðir, majones, hönnun, flughræðslu, Belgíu, atvinnuleysi, fótbolta, lúxushótel, náttúruhamfarir, þrif, hárvítamín, karlrembu, Ítalíu, lofhræðslu, McDonalds, pólitík, Bónus, gestrisni, Chicago, símtöl, Melabúðina, einveru og ættfræði.

Upp með bókina kæru lesendur. Lára er hér. Takk Útrásarvíkingar!

108 bls.

**Sena**

ISBN 978-9979-9947-8-7



## The End

*Venezia 2009*

**Ragnar Kjartansson**

Fáir íslenskir listviðburðir hafa vakið viðlíka athygli á alþjóðlegum vettvangi og Endalokin, myndbandsverk og gjörningur Ragnars Kjartanssonar á Feneyjatvíæringnum 2009. Í sex mánuði samfleytt sat Ragnar og málaði fyrirsætu sína í höll við höfuðsíki Feneyinga og afraksturinn var safn málverka sem Crymogea gefur nú út á einni bók. Hér er á ferð eitt viðamesta listaverk íslensks listamanns fyrr og síðar, skyldueign á sérhverju heimili með menningarlegan metnað.

208 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-046

Leiðb.verð: 4.890 kr. Kilja




A magic world evolving

## Thingvallavatn

*A world heritage site*

**Ritstj.: Pétur M. Jónasson og Páll Hersteinsson**

Þingvellir hafa verið vettvangur margra merkustu atburða Íslandssögunnar og þeir eru einnig meðal merkustu staða landsins frá sjónarhóli náttúrfræðinnar. Í þessari glæsilegu og vönduðu bók fjalla margir fremstu vísindamenn okkar um mótun svæðisins, jarðfræði, veðurfar, gróður og dýralíf.

Bókin kemur nú út í glænýrri útgáfu á ensku. Þegar bókin kom fyrst út á íslensku árið 2002 hlaut hún Íslensku bókmenntaverðlaunin.

303 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-009-2




## Tiodielis saga

**Ritstj.: Tove Hovn Ohlsson**

Tiodelis saga er ævintýri sem sver sig í ætt við riddarasögur. Hún er varðveitt í 24 íslenskum handritum, hið elsta er skinnhandrit frá 16. öld. Þrennar rímur hafa verið ortar út af sögunni. Söguefnið er hliðstætt norskri miðaldaþýðingu á frönsku kvæði, Lai de Bisclavret, sem talið er samið af Marie de France á 12. öld. Tiodelis saga er hér gefin út í þremur íslenskum gerðum, stafrétt eftir völdum aðalhandritum ásamt orðamun úr öðrum handritum sem hafa textagildi. Tove Hovn Ohlsson hefur annast þessa frumútgáfu sögunnar og er inngangur á dönsku.

252 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-654-07-0

Leiðb.verð: 3.400 kr. Kilja

Tvær skemmtilegar frá Bókafélaginu




BÓKAFÉLAGIÐ



## Tími heimspekinnar í framhaldsskólanum

**Kristín Sætran**

Frjáls öguð hugsun heimspekinnar skiptir máli fyrir ungt fólk sem þarf frelsi til að hugsa út frá sínum eigin forsendum en jafnframt þann aga sem krafan um rökstuðning felur í sér. Í bókinni er reynt að kynna og skýra þau verðmæti sem felast í ástundun heimspekinnar og sýna fram á gildi þeirra. Heimspekileg hugsun er mikilvæg fyrir þjóðfélagið því að verðmætasköpun framtíðarinnar mun hvíla á herðum fólks sem getur hugsað sjálfstætt og skýrt og vill og getur óhikað greint kjarna mála.

220 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-890-4

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




## Tónlist í leikskóla

**Sigríður Pálmadóttir**

*Tónlist í leikskóla* er ætluð þeim sem kenna í leikskólum eða á yngri stigum grunnskóla og öðrum sem starfa með ungum börnum. Fjallað er um tónlist sem þroskaþátt í leik barna og skipulögðu starfi í söngstundum, tónlistartímum og þemavinnu. Einnig eru hér margs konar hugmyndir að efni sem nota má jafnt í formlegu starfi sem óformlegu og er því skipt niður í hljóðleiki, sönglög og hlustunarefni. Þrír geisladiskar fylgja bókinni og sérstakt vefefni er fáanlegt.

248 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3161-2 Ób.




## Trésmíði

*Hönnun, útfærsla, verkskipulag*

**Ritstj.: Wolfgang Nutsch**

**Þýð.: Sigurður H. Pétursson**

Ný bók um trésmíði þar sem tekið er mið af því besta sem áunnist hefur innan trésmíðafagsins undanfarin ár. Bókin skiptist í þrjá hluta, Útfærsla og verkskipulag, Verkefnabanka og Hönnun, og veitir svör við ótal spurningum allt frá teikniáhöldum og teikningum til hönnunar, smíði húsgagna, innréttinga o.fl. Öll framsetning er augljós og skýr og efni og útfærslur sýndar í þrívídd. Bókin hentar vel til kennslu í iðn- og fjölbrautaskólum en einnig fólki í atvinnulífinu, þeim sem búa sig undir smíðanám og öllum áhugamönnum um trésmíðar. Fjöldi smíðaverkefna er í bókinni.

316 bls.

**IÐNÚ bókaútgáfa**

ISBN 978-9979-67-253-1




## Trú

*Mannfólkið andspænis guði sínum*

**Ken Opprann**

**Þýð.: Þorvaldur Kristinsson**

Listaljósmyndarinn Ken Opprann ferðaðist um heiminn í 15 ár og ljósmyndaði fólk á fundi við guð sinn. Myndirnar eru einstakar í sinni röð og fanga þá einlægni og fegurð sem er sameiginleg allri trúariðkun. Fimm trúarbragðafræðingar skrifa greinargóða kafla um Íslam, kristindóm, gyðingdóm, hindúisma og búddisma.

Í þessari bók er leitast við að byggja brýr milli ólíkra trúarbragða og auka skilning og virðingu fyrir framandi trúarbrögðum og siðum.

Sjón er sögu ríkari!

330 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-029-0




## Tröllaspor

*Íslenskar tröllasögur I*

**Skrás.: Alda Snæbjörnsdóttir**

Þegar menn tóku að flytjast til Íslands urðu þeir þess fljótt varir að í landinu voru fyrir á fleti ýmsar huldar vættir. Fyrirferðarmestar þeirra voru tröllin sem bjuggu á fjöllum uppi um land allt. Þetta voru varhugaverðar skepnur sem höfðu þó mörg einkenni manna.

Í þessu verki eru dregnar saman flestallar þekktar frásagnir af íslenskum tröllum. Í bókinni er fjöldi mynda frá tröllaslóðum og þótt ekki hafi náðst ljósmyndir af lifandi tröllum hefur mörg tröll dagað uppi í aldanna rás og birtast sum þeirra hér.

330 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-74-9

Leiðb.verð: 5.990 kr.






## TSOYL

*The Story of Your Life*

**Haraldur Jónsson**

TSOYL er minningasafn, nútíma wunderkammer sem tileinkað er hversdagslegum atburðum, liðnum og óliðnum, úr sameiginlegri undirmeðvitund okkar. Myndir safnsins eru kunnuglegar en verða framandi í óvæntu samhenginu og úthverfum brennideplinum.

160 bls.

**Útúrdúr**

ISBN 978-9979-9982-0-4

Leiðb.verð: 6.900 kr.




Iðnsaga Íslendinga

## Tækni fleygir fram

**Guðmundur Magnússon**

Rakið er upphaf nútímalegrar verkmenningar á Íslandi og brautryðjendum tæknilegra vinnubragða, sagt frá frumherjum í greininni og þætti þeirra í sögunni m.a. með viðtölum, greint frá baráttu tæknifræðinga og forvera þeirra til að fá starfsgrein sína, starfsheiti og menntun viðurkennda. Rakin er 50 ára saga Tæknifræðingafélags Íslands, stofnun Tækniskóla Íslands og þróun hans yfir á háskólastig og samstarf verkfræðinga og tæknifræðinga hér á landi.

255 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-266-2

Leiðb.verð: 4.990 kr.




## Um Guð

**Jonas Gardell**

**Þýð.: Elín Guðmundsdóttir**

Það sem við köllum Guð hefur í árþúsundir þróast í Mið-Austurlöndum úr mörgum mismunandi guðsmyndum þjóða með ólíka menningu. Fólk hefur alla tíð leitast við að skilja Guð og spurt margra spurninga: Hvernig getur Guð í senn verið kærleiksríkur og blóðþyrstur? Hvenær kom hugmyndin um eilíft líf fram? Hvað eru margar sköpunarsögur í Biblíunni?

Bókin *Um Guð* er afar læsileg, bæði fyrir hina trúuðu og þá sem efast, þá sem þekkja Biblíuna og þá sem enn hafa aldrei opnað hana. Í bókinni leitar Jonas Gardell að sporum Guðs. Fylgið honum í þessa áhrifaríku, spennandi og einlægu leit að Guði.

232 bls.

**Urður bókafélag**

ISBN 978-9979-9931-5-5

Leiðb.verð: 3.890 kr.




## Upp á yfirborðið

*Nýjar rannsóknir í íslenskri fornleifafræði*

**Ritstj.: Gavin Lucas**

Í tilefni af því að 15 ár eru liðin frá stofnun Fornleifastofnunar Íslands kemur út vandað greinasafn þar sem kynntar eru ferskar niðurstöður og nýstárlegar hugmyndir sem endurspegla það sem hefur verið að gerast í íslenskri fornleifafræði á undanförnum árum.

**Fornleifastofnun Íslands**

ISBN 978-9979-70-787-5

Leiðb.verð: 5.990 kr. Kilja




## Út í birtuna

*Hugvekjur í máli og myndum*

**Arnfríður Guðmundsdóttir**

**Myndir: Æja – Þórey Magnúsdóttir**

Hér er túlkaður boðskapur Biblíunnar í þeim tilgangi að gera hann aðgengilegri. Myndirnar eru gullfallegar og textarnir búa yfir hvatningu til okkar um að halda ótrauð áfram, út í birtuna, til móts við nýjan dag.

112 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-39-5



UPPHEIMAR






# . . . og svo kom Ferguson

## BJARNI GUÐMUNDSSON Á HVANNEYRI





*Ferguson*-dráttarvélarnar eru órjúfanlegur hluti af sögu og þróun íslenskra sveita upp úr miðri síðustu öld – á tímum mestu búháttabreytinga frá því land byggðist.

Ört vaxandi þjóð, sem bjó við áður óþekkta velmegun að lokinni heimsstyrjöld, krafðist stóraukinna afkasta í landbúnaði – afkasta sem ekki varð náð nema með vélvæðingu sveitanna. Þar skiptu dráttarvélarnar sköpum og að öðrum ólöstuðum var það Ferguson sem úrslitum réði.

*. . . og svo kom Ferguson*, sem er í senn aðgengileg og skemmtileg, er í stóru broti, litprentuð og prýdd fjölda ljósmynda víðs vegar að. Þeim sem fræðast vilja um íslenska þjóðhætti á fyrsta skeiði vélaaldarinnar berst hér kærkomin viðbót í þá heildarmynd og bókin er fjársjóður fyrir þá sem njóta þess að rifja upp liðna tíð.

*. . . og svo kom Ferguson* er vandað og glæsilegt rit í hvívetna. Bókin er tæpar 200 bls. í stóru broti og öll litprentuð. Hana prýðir aragrúi ljósmynda sem fæstar hafa komið fyrir sjónir almennings áður og skrásetja með einstökum hætti umbrotatíma í íslenskum sveitum og þjóðhætti á fyrsta skeiði vélaaldar.

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is




## Útkall

*Pabbi, hreyflarnir loga*

**Óttar Sveinsson**

Í þessari bók eru fléttaðar saman ótrúlega spennandi og persónulegar frásagnir af því sem raunverulega gerðist í eldgosinu í Eyjafjallajökli 2010 og sögulegasta farþegaflugi samtímans, þegar BA 009 var um það bil að hrapa í hafið árið 1982 með 263 um borð eftir að hafa verið flogið inn í öskuský sem enginn vissi af. Þetta flug var ein helsta ástæða flugbannsins í Evrópu í vor.

272 bls.

**Útkall ehf.**

ISBN 978-9979-9957-3-9

Leiðb.verð: 5.990 kr.




## Útkall

*Pabbi, hreyflarnir loga*

**Óttar Sveinsson**

Samhliða prentaðri útgáfu kemur þessi hljóðbók út í lestri höfundar. Lengd 5 CD.

🔈 320 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-24-4

Leiðb.verð: 4.490 kr.




## Útkall

*Pabbi, hreyflarnir loga*

**Óttar Sveinsson**

Samhliða prentaðri útgáfu og CD útgáfunni kemur þessi spennandi hljóðbók út sem Mp3 bók. Höfundur les.

🔈 320 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-25-1

Leiðb.verð: 4.490 kr.




## Varðskipið Óðinn.

*Björgun og barátta í 50 ár*

**Helgi Máni Sigurðsson**

Bókin er óður til Óðins og skipverja hans, sem voru hetjur okkar tíma í baráttunni við erlendar þjóðir og óblíð náttúruöfl. Hún er tæplega 300 bls. að lengd, í stóru broti, prýdd fjölda mynda. Hún skiptist í 26 kafla, þar af 15 greinar og 11 viðtöl. Þetta er einstök bók þar sem munnlegar frásagnir um „árin sem aldrei gleymast“ njóta sín m.a. sérlega vel. Bókinni fylgir ennfremur ómissandi DVD-diskur um sama efni.

260 bls.

**Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík ses**

ISBN 978-9979-70-856-8




## Veganesti

*frá fæðingu til fjögurra ára aldurs*

**Arna Skúladóttir**

Bókin fjallar um mat barna, samveru fjölskyldunnar og samspil næringar og svefns. – Frábær leiðsögn þegar leggja skal grunn að góðu mataruppeldi.

157 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-11-7 Kilja




## Veiðimenn norðursins

**Ragnar Axelsson**

**Inng.: Mark Nuttall**

**Þýð.: Haraldur Ólafsson**

Ragnar Axelsson hefur fyrir löngu áunnið sér hylli landsmanna fyrir ljósmyndir sínar. Honum hefur tekist að fanga á filmu helstu viðburði í lífi þjóðarinnar, sorgir hennar og gleði, en einnig fólkið sem byggir landið: bændur, sjómenn og óbreytt alþýðufólk. Um aldarfjórðungsskeið hefur hann ferðast um norðurslóðir, til Grænlands og Norður-Kanada, þar sem hann hefur deilt kjörum með veiðimönnum norðursins. Í félagi við þá hefur hann haldið í mánaðarlangar ferðir út á ísinn í leit að bráð, algerlega einangraður frá umheiminum. Í áranna rás hefur hann byggt upp eitt glæsilegasta safn ljósmynda af norðurslóðum sem til er í heiminum og nú kemur það í fyrsta sinn fyrir augu almennings.

Um þessar mundir standa samfélög inúíta frammi fyrir stórfelldum breytingum á loftslagi og samfélagsháttum sem munu gjörbreyta menningu þeirra. Eftir lifir svipmynd Ragnars um líf í faðmi náttúrunnar og ótrúlega hæfni til að komast af við einhver erfiðustu skilyrði sem hægt er að hugsa sér.

Bókin kemur einnig út á ensku undir heitinu *Last Days of the Arctic*.

272 bls.

**Crymogea**

ISBN 978-9935-420-03-9

Leiðb.verð: 12.900 kr.




## Velferð barna

*Gildismat og ábyrgð samfélags*

**Ritstj.: Salvör Nordal, Vilhjálmur Árnason og Sigrún Júlíusdóttir**

Bókin er safn greina eftir tólf höfunda um málefni barna, gildismat og ábyrgð gagnvart börnum í íslensku samfélagi. Vigdís Finnbogadóttir ritar inngang.
160 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 978-9979-54-893-5
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




## Velkominn Þorri

**Steinunn Þorvaldsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir**
**Myndir: Sigurjón Ragnar Sigurjónsson**

Hér hefur verið safnað saman margvíslegum fróðleik um þorrann og tekin viðtöl við fólk sem hefur átt þátt í að skapa og viðhalda þorrahefðinni. Líka eru kynntar nýstárlegar leiðir til að gera sér

dagamun með viðeigandi föndri og þorraskrauti.
93 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-20-3 Kilja




## Vestmannaeyjar

*Árbók Ferðafélags Íslands 2009*

**Guðjón Ármann Eyjólfsson**

Árbók 2009 er um Vestmannaeyjar og er Guðjón Ármann Eyjólfsson höfundur textans en að auki er sérkafli um jarðfræði sem er skrifaður af Sveini P. Jakobssyni og Ingvari Atla Sigurðssyni. Þá fjallar Jóhann Óli Hilmarsson um fuglalíf eyjanna. Jón Viðar Sigurðsson hefur umsjón með útgáfu bókarinnar með aðstoð Helga Magnússonar. Guðmundur Ó. Ingvarsson teiknar kort og Daníel Bergmann sér um myndvinnslu og umbrot.
319 bls.
**Ferðafélag Íslands**
ISBN 978-9979-9675-8-3
Leiðb.verð: 6.900 kr.




## Viljinn í verki

*Saga Styrktarfélags vangefinna í 50 ár*

**Hilma Gunnarsdóttir**

Í bókinni er sögð saga félagsins og þróun málaflokksins á 20. öldinni rakin. Raunsönn samtímalýsing byggð á heimildum og reynslu fólks sem var frumkvöðlar í baráttunni fyrir réttindum og samfélagsþátttöku fólks með þroskahömlun. Bókinni fylgir yfirlit á auðskildum texta.
319 bls.
**Ás styrktarfélag**

Dreifing:
Penninn/Eymundsson
ISBN 978-9979-70-701-1
Leiðb.verð: 4.990 kr. Kilja




## Vísindavefur

*Afmælisrit til heiðurs Þorsteini Vilhjálmssyni sjötugum*

Valinkunnir höfundar endurspegla áhugasvið Þorsteins, frá listum til vísinda, frá eðlisfræði og stærðfræði til heimspeki og sagnfræði – frumkvöðuls í kennslu og rannsóknum í vísindasögu við HÍ – frá upphafi verið aðalritstjóri Vísindavefsins.
333 bls.
**Hið íslenska bókmenntafélag**
ISBN 978-9979-66-259-4
Leiðb.verð: 6.900 kr.






## Volcano Island

**Sigurgeir Sigurjónsson**

Hér er að finna einstakar ljósmyndir Sigurgeirs Sigurjónssonar ljósmyndara og annarra af hinum sögulegu umbrotum á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli vorið 2010 ásamt fróðleik um tildrög gosanna og framvindu í samhengi við jarðsögu Íslands. Texta bókarinnar, sem er á ensku, ritar Sigurður Steinþórsson jarðfræðiprófessor. Þetta er stórbrotin bók sem fangar sögulegan tíma.

144 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-538-6 Öb.




## Wasteland with Words

*A Social History of Iceland*

**Sigurður Gylfi Magnússon**

*Sambland af menningarlegri dýpt og efnislegum fábreytileika er meginþráðurinn í hinum félagssögulegu rökum Sigurðar Gylfa Magnússonar … Bókin, sem byggir mest á ótrúlega nákvæmum lýsingum dagbóka og bréfa frá liðnum öldum, dregur upp mynd af lífi óvenjulegs fólks úr fortíðinni.*

– The Economist

Bókin er á ensku, prýdd 49 ljósmyndum.

288 bls.

**Reaktion Books**

Fæst á eftirfarandi stöðum: Bóksala stúdenta, Penninn/Eymundsson, Mál og menning

ISBN 978-186189-6612




## Yesmine

*– framandi og freistandi í eldhúsinu heima*

**Yesmine Olsson**

Yesmine Olsson sendir nú frá sér sína þriðju matreiðslubók en hér fer höfundur nýjar leiðir því með bókinni fylgir DVD mynddiskur þar sem Yesmine kennir kúnstir sínar skref fyrir skref eins og hún gerir á matreiðslunámskeiðum sínum. Áhersla er lögð á meðferð krydda sem eru einkennandi fyrir Indverska og Arabíska matreiðslu. Þetta er bráðskemmtilegur pakki sem höfðar til allra matgæðinga hvort sem þeir eru að taka sín fyrstu skref í framandi og freistandi eldamennsku eða eru lengra komnir en vilja bæta við sig þekkingu. Sem áður fer Yesmine sínar eigin leiðir í eldhúsinu þar sem einfaldleiki og hollusta eru í fyrirrúmi.

62 bls.

**Bókaútgáfan Brekka ehf**

ISBN 978-9979-9782-2-0

Leiðb.verð: 3.990 kr.




## Yfir saltan mar

*Þýðingar á ljóðum Jorge Luis Borgesar á Íslandi*

**Ritstj.: Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigrún Ástríður Eiríksdóttir**

Safn þýðinga á ljóðum argentínska skáldsins og rithöfundarins sem birst hafa í blöðum og tímaritum á Íslandi. Hér er á ferðinni tvímála útgáfa þar sem frumtexti birtist við hlið þýðingar. Fjölmargir þýðendur hafa fengist við að yrkja ljóð Borgesar á íslensku og hafa sum þeirra verið þýdd oftar en einu sinni. Lesanda gefst hér færi á að bera saman ólíkar þýðingar á sama texta. Ljóðaþýðingunum er fylgt úr hlaði með fræðilegum inngangi Hólmfríðar Garðarsdóttur um ævi og yrkisefni skáldsins. Í bókinni er einnig áður óbirt smásaga Matthíasar Jóhannessen og umfjöllun um áhrif norrænna bókmennta á skrif Borgesar. Í bókarlok er svo greining á ljóðum hans og leiðbeiningar um ljóðagreiningu. Er það von aðstandenda verksins að ljóðaunnendum þyki fengur í ljóðasafninu og að það megi einnig nýtast öllum þeim sem hafa áhuga á spænskri tungu.

160 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-896-6

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja




Umhverfisrit Bókmenntafélagsins

## Þar sem fossarnir falla

*Náttúrusýn og nýting fallvatna á Íslandi 1900–2008*

**Unnur Birna Karlsdóttir**

**Ritstj.: Trausti Jónsson**

Viðhorfum til íslenskrar náttúru er lýst eins og þau birtast í umræðu um vatnsaflsvirkjanir frá því um 1900 til 2008 um hugmyndafræðileg átök milli þeirra sem vildu virkjun vatnsorkunnar og þeirra sem héldu sjónarmiðum náttúruverndar á lofti.

305 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-252-5

Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja






## Þjóðgildin

**Gunnar Hersveinn**

Gildin sem viska fjöldans valdi á Þjóðfundinum 2009. Heiðarleiki, jafnrétti, virðing, réttlæti, kærleikur. ábyrgð, frelsi, sjálfbærni, lýðræði, fjölskyldan, jöfnuður og traust eru gildin sem efla þarf á næstu árum. Gunnar Hersveinn er höfundur bókanna *Gæfuspor* og *Orðspor* sem hafa sett mark á þjóðfélagsumræðuna. Bókinni fylgir litríkt veggspjald með þjóðgildunum tólf: Ræktum þjóðgildin.

192 bls.

**Skálholtsútgáfan**

ISBN 978-9979-792-82-6

Leiðb.verð: 2.690 kr. Kilja




## Þjóðsögur og gamanmál að vestan

*Úrval úr vestfirskri fyndni*
*2. bók*

**Samant.: Hermann Gunnarsson**

Þetta er önnur bókin sem Hemmi Gunn tekur saman með úrvali af gamansögum um Vestfirðinga.

Upp með húmorinn!

112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-88-2

Leiðb.verð: 1.900 kr.




## Þú sem ert á himnum

*Rýnt í bresti biblíunnar*
*með guði almáttugum*

**Úlfar Þormóðsson**

Eini núlifandi Íslendingurinn sem dæmdur hefur verið fyrir guðlast fer hér í gegnum biblíuna, bók fyrir bók, og leitast við að draga upp mynd af þeim guði sem þar er að finna. Hann kemst m.a. að því að sá himnafaðir sem þar er að finna er býsna ólíkur þeim góðlátlega guði sem kirkjan boðar að vaki yfir velferð okkar. Bók sem fær lesandann til að velta rækilega fyrir sér þeim grunni sem kirkjan byggir á og hvernig hann rímar við veruleikann og yfirbygginguna.

400 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-70-3

Leiðb.verð: 4.290 kr.




## Þættir úr Íslandssögu frá landnámi til 1820

**Guðmundur J. Guðmundsson**

Hér er megináherslan lögð á stjórnmálasögu landsins en í bókinni er einnig að finna kafla um félags- og menningarsögu og kafla um þjóðhætti.

127 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-267-9

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja






## Ætt og saga

*Um frásagnarfræði Sturlungu eða Íslendinga sögu hinnar miklu*

**Úlfar Bragason**

Sturlunga saga er samsteypa veraldlegra samtíðarsagna sem fjalla um sögulega atburði hér á landi á 12. og 13. öld. Sturlunga hefur einkum verið notuð sem heimild í sagnfræðirannsóknum. Í þessari bók er hins vegar lögð áhersla á tjáningarform veraldlegra samtíðarsagna og sögurnar og samsteypuna í heild sem skoðanaskipti um atburðina sem fjallað er um, án þess að tekin sé afstaða til sanninda frásagnarinnar. Þeirri skoðun er haldið fram að nauðsynlegt sé að athuga frásagnarfræði Sturlungu áður en hún er notuð sem söguleg heimild. Heimildargildi hennar liggi ekki síður í hvernig hún er sögð en hvað er sagt.

300 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-892-8

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja




## Ævispor

*Útsaumsverk Guðrúnar Guðmundsdóttur*

**Þóra Kristjánsdóttir**

**Ritstj.: Bryndís Sverrisdóttir**

Útsaumsverk Guðrúnar eru tilkomumikil og hafa sterka skírskotun í listrænan arf og þjóðlegar hefðir Íslendinga. Þau eru dæmi um hvernig íslenskar konur í nútímanum nýta sér menningararfinn og sýna vel hvernig hefð og nýsköpun fara saman. Bókin var gefin út í tengslum við samnefnda sýningu í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands 30.1.2010-25.4.2010.

72 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

ISBN 978-9979-790-28-0

Leiðb.verð: 1.590 kr. Kilja




## Öldin okkar 1996–2000

**Guðmundur Magnússon**

*Aldirnar* eru sívinsælar bækur þar sem Íslandssögunni eru gerð skil í máli og myndum og hér er fjallað um árin 1996–2000. Síðustu ár viðburðaríkrar aldar virtust bera með sér fyrirheit um glæsta framtíð á nýrri öld, en sumir vöruðu þó við gróðahyggju og náttúruspjöllum. Bækurnar eru stórskemmtilegar fróðleiksnámur og geyma lifandi sögu liðins tíma.

159 bls.

FORLAGIÐ

**Iðunn**

ISBN 978-9979-1-0491-9




## Öldin öfgafulla

**Dagný Kristjánsdóttir**

Hér er íslensk bókmenntasaga rakin frá aldamótaárinu 1900 til 2010, frá nýrómantík til Nýhil-skálda.

Áhugaverð fyrir alla sem unna íslenskum bókmenntum.

311 bls.

**Bjartur**

ISBN 978-9935-423-06-1

Leiðb.verð: 5.490 kr.



# KIRKJUR ÍSLANDS

## glæsilegar, hentugar handbækur




**Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi**

Í glæsilegri ritröð um KIRKJUR ÍSLANDS eru friðaðar kirkjur landsins skoðaðar með hliðsjón af byggingarlist, stílfræði og þjóðminjavörslu. Á lipru máli og með glæsilegu myndefni er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum.

Kirkjunum sjálfum er lýst, hverjir teiknuðu, smíðuðu og máluðu þær. Birtar eru frumteikningar, uppmælingarteikningar og ljósmyndir. Þá er minningarmörkum (bautasteinum) og kirkjumunum lýst, gerð grein fyrir tilurð þeirra og sagt frá þeim sem unnu gripina.

Ritröðin um hinar friðuðu kirkjur opnar þér sýn inn í mikilvægan þátt í menningarsögu okkar heima í héraði, því kirkjan hefur ekki aðeins verið musteri trúar, heldur einnig sýnileg táknmynd þess besta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, eins og alþekkt er úr menningar- og listasögu annarra Evrópuþjóða.

Af 26 fyrirhuguðum bindum voru áður komin út 14 bindi um friðaðar kirkjur í *Árnesprófastsdæmi, Skagafjarðar-, Húnavatns-, Eyjafjarðar-, Kjalarness- og Borgarfjarðarprófastsdæmi.* ***Nú er komið að Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi með 15. og 16. bindi ritraðarinnar.***

Þetta eru vandaðar, ríkulega myndskreyttar listaverkabækur sem hjálpa þér við að njóta gersema íslenskrar þjóðmenningar heima í stofu. Er mín kirkja þarna?

*Ritstjórar: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason.*

*Ritnefnd: Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands, Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, formaður.*

***Er þín kirkja þarna?***

***Þjóðminjasafn Íslands, Húsafriðunarnefnd, Biskupsstofa***

***Hið íslenska bókmenntafélag***

# Saga, ættfræði og héraðslýsingar




## Árbók Akurnesinga 2010

**Ritstj.: Kristján Kristjánsson**

Árbók Akurnesinga 2010 hefur að geyma viðtöl og greinar um fjölbreytt efni sem tengist Skaganum og íbúum hans. Bókin er prýdd fjölda mynda. Verð til áskrifenda er kr. 4.265.

224 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-74-7

Leiðb.verð: 5.280 kr.




## Bárðar saga Snæfellsáss

Bárðar saga er skemmtileg Íslendingasaga um litríkt fólk og stórskorin tröll, skapmiklar konur og harðskeytta karla, ástir og örlög á utanverðu Snæfellsnesi og í tröllabyggðum Noregs. Hjalti Rögnvaldsson leikari les. 2 CD.

🔊 120 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9979-784-50-0

Leiðb.verð: 2.790 kr.




## Byggðasaga Skagafjarðar V

*Rípurhreppur*

*– Viðvíkurhreppur*

**Ritstj.: Hjalti Pálsson**

Þetta er fimmta bindi í ritröðinni Byggðasaga Skagafjarðar sem áætlað er að verði alls 9 bindi. Það fjallar um Rípurhrepp og Viðvíkurhrepp, samtals 53 býli. Gefin er lýsing á jörðinni, getið bygginga og birt tafla yfir fólk og áhöfn á tímabilinu 1703–2010. Yfirlit er um eignarhald og söguleg umfjöllun allt frá því jörðin kemur fyrst við heimildir. Lýst er öllum fornbýlum og seljum sem tengjast jörðunum og gefið upp GPS-stöðuhnit þeirra. Drjúgur hluti bókarinnar er áhugavert innskotsefni sem tengist jörðunum: þjóðsögur, vísur eða frásagnir af fólki og atburðum. Rík áhersla er lögð á myndefni. Nokkur umfjöllun er einnig um sveitarfélögin.

Bókin er í stóru broti með 540 ljósmyndum, kortum og teikningum. Litmynd er af hverri jörð og af núverandi ábúendum, auk fjölmargra annarra mynda, gamalla og nýrra.

380 bls.

**Sögufélag Skagfirðinga**

ISBN 978-9979-861-17-1

Leiðb.verð: 16.000 kr.








## Fnjóskdælasaga

**Sigurður Bjarnason**

*Fnjóskdælasaga* eru 60 söguþgreinar Sigurðar Bjarnasonar er ná aftur til ársins 1623 og nær okkur til um 1850.

Hvar gróf Sveinn ríki peninga sína.

Sögnin um Guðrúnu, sem hafði svo slæma reynslu af karlmönnum, að hún byggði upp í Hrísgerði og hafði aldrei aðra karlmenn í heimilinu, utan þeir væru fábjánar eða örvasa gamalmenni.

Ást Jóns Bjarnasonar, var svo mikil til Þuríðar á Illugastöðum, að hann tapaði vitinu. Dauðavorið, þegar fimmtán lík voru jarðsett á Draflastöðum sama dag, var þar líka fermingarmessa þar sem sá sögufrægi drengur, Kristján Jónsson, seinna hreppstjóri á Illugastöðum, var fermdur.

Í bókinni eru myndir af nær öllum gömlu bæjunum á þessu svæði og hópmyndir úr safni Jónatans Davíðssonar af fólki er hann tók um 1927.

Ennfremur myndir úr safni Hans Kuhn frá sama tímabili.

Alls eru um 140 myndir í bókinni.

320 bls.

**Varsla/útgáfa ehf**

ISBN 978-0079-9852-0-0

Leiðb.verð: 6.990 kr.




## Fólkið Í Plássinu

**Már Karlsson**

Í þessari bók blandar Már saman, með einkar áhugaverðum hætti, sagnfræði, almennum fróðleik og hnyttnum svipmyndum af atburðum sem hann upplifði í gegnum tíðina. Skiptast þar á skin og skúrir, gamansögur og dýpsta alvara, svo úr verður samofin heildarmynd af lífi fólks í litlu sjávarplássi, gleði þess og sorgum. *Fólkið í plássinu* er hollt lesefni hverjum manni og hefur að geyma gagnmerka fræðslu um lífshætti sem nú eru óðum að hverfa.

256 bls.

**K.Masson**

ISBN 978-9979-70-853-7

Leiðb.verð: 4.995 kr.




## Frá Bjargtöngum að Djúpi.

*Nýr flokkur. 3. bindi.*
*Mannlíf og saga fyrir vestan.*

**Ritstj.: Hallgrímur Sveinsson**

Hér er fjallað um vestfirskt mannlíf að fornu og nýju. Bókaflokkur sem er fyrir löngu búinn að vinna sér sess.

148 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-91-2

Leiðb.verð: 4.980 kr.



## Holtamannabók III

*Djúpárhreppur*

**Ritstj.: Ragnar Böðvarsson**

Fimmta og síðasta ritið í flokki bóka um nokkrar sveitir í Rangárþingi. Gerð er grein fyrir æviferli, ættum og börnum húsráðenda í sveitinni frá landnámi og til þessa dags eftir því sem heimildir leyfa. Myndir af fólki og bæjum prýða bókina.

831 bls.

**Sveitarfélagið Rangárþing ytra**

ISBN 978-9979-70-744-8

Leiðb.verð: 13.500 kr.




## HSK í 100 ÁR

**Jón M. Ívarsson**

Í bókinni er 100 ára starfssaga HSK rakin í máli og myndum. Þar er sagt frá forystumönnum, íþróttahetjum, útihátíðum, landsmótum, héraðsþingum, héraðsmótum og þróun íþróttanna auk óteljandi líflegra frásagna af atburðum, stórum og smáum. Sagt frá hvernig sunnlensk ungmennafélög byggðu félagsheimili og sundlaugar, héldu skemmtanir og leiksýningar ásamt iðkun íþrótta. Bókin er prýdd meira en 700 sögulegum myndum.

450 bls.

**Héraðssambandið Skarphéðinn**

ISBN 978-9979-70-835-3

Leiðb.verð: 9.990 kr.






## Mannlíf við Sund – býlið, byggðin, borgin

**Þorgrímur Gestsson**

Hér er sögð saga hinnar fornu jarðar, Laugarness, frá landnámstíð fram yfir 1930. Sagt er frá höfðingjum, lögmönnum og biskupum sem áttu þessa fyrrum nágrannajörð Reykjavíkur,og miklum umsvifum: Þvottalaugunum og Laugarneslaugum, upphafi hitaveitu, fiskverkun á Ytri og Innri Kirkjusandi og Álfheimum og upphafi almenningssamgangna í Reykjavík að ógleymdu iðandi mannlífi í þessari fornu sveit, sem er nú í hjarta borgarinnar.

Bókin kom fyrst út árið 1998 og fékk góða dóma hjá fræðimönnum og öðru áhugafólki um sögu Reykjavíkur en hefur verið ófáanleg í nokkur ár.

399 bls.

**Þorgrímur Gestsson**

ISBN 978-9979-70-819-3

Leiðb.verð: 5.900 kr.




## Möðruvallahreyfingin – Baráttusaga –

**Elías Snæland Jónsson**

Möðruvallahreyfingin – Baráttusaga – eftir Elías Snæland Jónsson er vönduð og ítarleg frásögn af langvinnri baráttu vinstri manna í Framsóknarflokknum á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar.

Meðal annars er byggt á minnisblöðum og dagbókum höfundarins og skjalasafni Eysteins Jónssonar.

464 bls.

**Bókaútgáfan Hergill sf.**

ISBN 978-9979-9694-3-3

Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja




## Saga Félags járniðnaðarmanna 1920–2006

**Friðrik G. Olgeirsson**

Hér segir frá baráttu járniðnaðarmanna fyrir bættum kjörum, auknum réttindum, betri aðbúnaði á vinnustöðum og framförum í faglegri kunnáttu. Ennfremur er greint frá baráttu innan félags þeirra á þriðja og fjórða áratugnum þegar kommúnistar og hægri menn börðust um yfirráðin í félaginu og það tengdist mjög pólitískum deilumálum í þjóðfélaginu sem og ýmsu öðru. Allir áhugamenn um íslenska félags- og atvinnusögu láta þessa bók ekki framhjá sér fara.

317 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-83-8

Leiðb.verð: 6.900 kr.



## Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld

**Margrét Guðmundsdóttir**

Bókin rekur sögu íslenskrar hjúkrunarstéttar á tuttugustu öldinni. Lifandi lýsing á lífi, starfsháttum menntun og starfs-aðstæðum hennar bæði hérlendis sem erlendis.

Saga sem rennur ljúft, er áhugaverð, lifandi og skemmtileg. Sagan er samtvinnuð sögu og réttindabaráttu kvenna og endurspeglar um leið þjóðfélagsbreytingar tuttugustu aldarinnar.

441 bls.

**Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga**

ISBN 978-9979-9798-4-5

Leiðb.verð: 7.990 kr.



# SÁLFRÆÐI EINKALÍFSINS

**ÁLFHEIÐUR STEINÞÓRSDÓTTIR OG GUÐFINNA EYDAL**

**HVAÐ ER MIKILVÆGT Í LÍFINU?**



*Álfheiður Steinþórsdóttir og Guðfinna Eydal*




*Bók fyrir alla þá sem vilja auka lífshamingju sína.*

sögur útgáfa

www.sogurutgafa.is

**Sálfræði einkalífsins vekur lesandann til umhugsunar um eigin stöðu, samskipti við aðra og hvernig hægt er að takast á við lífið og tilveruna.**



## Sagan af Þuríði formanni og Kambránsmönnum

**Brynjúlfur Jónsson**

Sagan af Þuríði formanni og Kambsránsmönnum eftir Brynjúlf Jónsson frá Minna-Núpi kom fyrst út 1893–1897 og var síðan þrisvar sinnum endurútgefin á 20. öld. Saga þessi sem notið hefur vinsælda í meira en 100 ár hefur verið sæmd því heiti að vera talin elsta sakamálasaga þjóðarinnar en einnig yngsta Íslendingasagan. Hér er einnig á ferðinni héraðssaga Árnesinga á 19. öld.

Þessi fimmta útgáfa bókarinnar er nákvæm eftirprentun fyrstu útgáfunnar.

**Útgáfufélagið Sæmundur**

ISBN 978-9935-9014-1-5

Leiðb.verð: 4.890 kr.




## Samstarf á Austurlandi

**Smári Geirsson**

Saga Fjórðungsþings Austfirðinga og síðar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi kristallast í baráttu þeirra fyrir fjölmörgum hagsmunamálum landshlutans. Fjölmargir málaflokkar eru hér undir s.s. atvinnumál, samgöngumál, mennta- og menningarmál, heilbrigðismál, orkumál og ferðamál. Aldrei áður hefur svæðisbundnu samstarfi sveitarstjórnarmanna verið gerð jafnítarleg skil og í þessu riti.

563 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-89-0

Leiðb.verð: 7.980 kr.




## Undir miðnætursól

*Amerískir lúðuveiðarar við Ísland 1884–1897*

**Jóhann Diego Arnórsson**

Lúðuveiðararnir höfðu bækistöð á Þingeyri og var þar oft líflegt á þessum árum þegar allt að 230 Ameríkanar gengu þar um stíga. Á Hótel Niagara voru haldnir dansleikir og stundum tókust kynni með stúlkum á Þingeyri og hinum erlendu sjómönnum. Ávöxturinn af þeim kynnum voru 8 börn, samkvæmt kirkjubók Sandaprestakalls. Happadrjúg blóðblöndun. Þetta er sagan af lúðuveiðurunum frá hinni hliðinni.

Hér er birt í fyrsta sinn einstök leiðarbók Alex D. Bushie stýrimanns hjá hinum nafnkunna Diego skipstjóra á Concord.

158 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-94-3

Leiðb.verð: 2.900 kr.



## Vatnsdæla saga

Íslendingasaga. Vatnsdæla saga er ættar- og fjölskyldusaga um fimm kynslóðir kappa, allt frá Þorsteini Ketilssyni í Raumsdal og syni hans, Ingimundi gamla, og til Þorkels kröflu, Vatnsdælagoðans sem situr á Hofi. Sagnaveröldin er nokkuð skotin ýmsum óvættum sem annars eiga sinn heimavöll í yngri ævintýrasögum. Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur les. 4 CD.

🔊 250 mín.

**Hljóðbók slf**

ISBN 978-9935-417-10-7

Leiðb.verð: 3.390 kr.



# Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld

Margrét Guðmundsdóttir




Líf og starf hjúkrunarstéttarinnar lifnar fyrir augum okkar með lýsingum á menntun, starfsaðstæðum og starfsháttum hennar á hverjum tíma hérlendis sem erlendis.

Víða er leitað fanga og er höfundur bókarinnar, Margrét Guðmundsdóttir, sagnfræðingur, fundvís á gögn og heimildir sem hafa legið ókannaðar.

Úr verður saga sem rennur ljúft, er áhugaverð, lifandi og skemmtileg. Saga sem er samtvinnuð sögu og réttindabaráttu kvenna og endurspeglar um leið þjóðfélagsbreytingar tuttugustu aldarinnar.

www.hjukrun.is




## Vestfirskar konur í blíðu og stríðu

*1. bók*

**Samant.: Finnbogi Hermannsson**

Hvar eru konurnar í Bókunum að vestan? Svarið er að þær halda sig til hlés eða eru kannski bak við eldavélina. Þessi bók er gefin út til heiðurs vestfirskum konum. Vonandi koma fleiri á eftir.

112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-95-0

Leiðb.verð: 1.980 kr.




## Vestfirskar sagnir 1. hefti

*Endurprentun*

**Helgi Guðmundsson**

Sagnabálkurinn Vestfirskar sagnir, sem Helgi Guðmundsson tók saman og kom út á árunum 1933–1937, hefur verið nánast ófáanlegur í áratugi. Vestfirska forlagið hefur nú ákveðið að endurprenta þennan vestfirska sagnabrunn í heiðursskyni við þann mikla dugnaðarmann Helga Guðmundsson, en Vestfirðingar eiga honum mikla þakkarskuld að gjalda og reyndar einnig Guðmundi Gamalíelssyni, sem gaf bækurnar út upphaflega.

124 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-93-6

Leiðb.verð: 1.980 kr.




## Vindur í seglum

*Saga verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum, I*

**Sigurður Pétursson**

Fyrsta bindi af sögu verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum lýsir tímabili umbreytinga og uppbyggingar á Vestfjörðum. Í bókinni er fjallað um fyrstu verkalýðsfélög sem stofnuð voru á Vestfjörðum. Hver voru afdrif fyrstu verkalýðsfélaganna á Ísafirði, Þingeyri og Bíldudal. Hvernig komust verkalýðsfélögin og jafnaðarmenn til valda á Ísafirði? Náði verkalýðshreyfingin fótfestu í Hnífsdal, á Flateyri, í Bolungarvík, Súðavík og á Patreksfirði eða létu þau undan þrýstingi atvinnurekenda?

350 bls.

**Alþýðusamband Vestfjarða**

Dreifing: Skrudda

ISBN 978-9979-655-75-6

Leiðb.verð: 5.990 kr.



# BÆKUR FYRIR ÞIG – OG ÞÍNA!




Sveinn Sigurbjarnarson á Eskifirði er sagður áræðinn, jafnvel bíræfinn, heppinn, jafnvel kaldur. Hann fer út í vetrarbyl á stutterma skyrtu og kafar í jökulár á nærhaldinu einu saman. Hér lítur hann um öxl og ævintýrin eru mörg.




Lokahnykkur seinni heimsstyrjaldarinnar. Stærsti innrásarfloti allra tíma er kominn að ströndum Frakklands …




Þorbjörg Jónsdóttir hjúkrunarkona giftist Þjóðverjanum Bruno Schweizer og fluttist með honum til Þýskalands þegar stutt var í seinni heimsstyrjöldina. Hér stiklar hún á stóru í ævi sinni, bæði hérlendis og ytra, og segir okkur ótrúlega sögu sína.




Magga í Dalsmynni ætlaði aldrei að giftast, en sextán ára gömul hitti hún manninn í lífi sínu og eignaðist ellefu börn. Hér fer Magga yfir lífshlaup sitt á svo einstakan hátt að allir hrífast með og hafa gaman af.




Ljóðaúrval Hákonar Aðalsteinssonar hittir í mark hjá hverjum einasta ljóðaunnanda. Gáskafullur kveðskapur og alvarlegur, en ávallt bráðskemmtilegur.




Hér er brot af sögu Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélaginu við Leirhöfn á Melrakkasléttu. Farið er á hvern bæ og sagt frá því fólki sem þarna stundaði búskap af dugnaði og leitaði annarra fanga til að framfleyta sér og sínum.




Hér rifjar Páll Gíslason upp fróðleg og skondin atvik frá löngum læknisferli, segir frá margvíslegum störfum sínum innan skátahreyfingarinnar og átökum í stjórnmálum, bæði við eigin flokksmenn og yfirlýsta andstæðinga.

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
holabok.is/holar@holabok.is

# Ævisögur og endurminningar




## 10.10.10

*Atvinnumannssaga Loga Geirssonar*

**Henry Birgir Gunnarsson**

Logi Geirsson lék um árabil með Lemgo, einu fremsta handboltaliði heims, og gerði garðinn frægan með íslenska landsliðinu. Í *10. 10. 10* rekur hann atvinnumannsferil sinn og dregur ekkert undan, segir jafnt frá sætum sigrum og sáru tapi, bæði inni á velli og í einkalífinu. Bók sem enginn handboltaáhugamaður lætur fram hjá sér fara.

256 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2125-8




## 19. nóvember

*Æviminningar Hauks Guðmundssonar, fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns*

**Freyja Jónsdóttir**

Haukur Guðmundsson, fyrrverandi rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, greinir frá örlagaríkum atburðum sem tengjast 19. nóvember 1974, deginum sem Geirfinnur Einarsson hvarf á dularfullan hátt. Haukur segir einnig frá uppvaxtarárum sínum, starfinu í lögreglunni í Keflavík, fangelsisvist og lífsbaráttu sinni.

250 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-28-5




## Af heimaslóðum

*Brot af sögu Helgu og Árna Péturs í Miðtúni og samfélaginu við Leirhöfn á Melrakkasléttu*

**Níels Árni Lund**

Sögusvið bókarinnar er Melrakkaslétta og byggðakjarninn við Leirhöfn – æskuslóðir höfundarins sem rekur fyrst sögu forfeðra sinna og formæðra, jafnt frá fjarlægri rót í Kaupmannahöfn til ættkvíslar í Kanada og frá Breiðafirði alla leið norður á Sléttu. Þá segir hann búskaparsögu foreldra sinna sem byggðu nýbýlið Miðtún og var hluti af þessu 60 – 70 manna samfélagi á Leirhafnarjörð. Farið er með lesendur heim á hvern bæ og sagt frá því fólki sem þarna stundaði búskap af dugnaði og leitaði annarra fanga til að framfleyta sér og sínum.

384 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979797-91-3

Leiðb.verð: 5.980 kr.




## Alvara leiksins

*Ævisaga Gunnars Eyjólfssonar*

**Árni Bergmann**

Gunnar Eyjólfsson hefur leikið mörg dramatískustu verk leikbókmenntanna á sviði og hlotið mikið lof fyrir. Ævi hans sjálfs hefur þó ekki síður verið



# Opinská og áhrifamikil



***Gunnar Thoroddsen* – *ævisaga*** er breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar.

**Byggt er á opinskáum og einlægum einkaheimildum Gunnars. Ævisagan birtir ítarlega og raunsanna mynd af manninum og varpar um leið nýju ljósi á átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.**






Eftir Guðna Th. Jóhannesson sagnfræðing, höfund *Hrunsins* og *Óvina ríkisins*.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

viðburðarík og átakamikil og stundum hefur sá eldur sem á honum brennur verið heitur. Frá því segir Gunnar hér en einnig frá bernskubrekum suður með sjó, leiklistarnámi í London, dansi við Bretaprinsessu, ævintýralegum leikferðum og heimshornaflakki, vinum og ógleymanlegum samferðamönnum. Árni Bergmann hefur skráð sögu Gunnars af næmi og listfengi.
329 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-162-3




Kristján Jóhannsson
## Á valdi örlaganna
**Þórunn Sigurðardóttir**
Kristján Jóhannsson er einn örfárra íslenskra söngvara sem komist hafa á svið stærstu óperuhúsa heimsins. Æviferill hann er markaður þverstæðum, rétt eins og maðurinn sjálfur. Þrátt fyrir frægð og frama fer því fjarri að líf hans hafi alltaf verið dans á rósum. Erfiðleikar, sjúkdómar og dauðsföll hafa veitt honum þung högg en ekkert hefur þó megnað að brjóta á bak aftur óbilandi lífskraft og þrótt þessa glaðbeitta Akureyrings.
272 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-155-5




## Árni Matt. – Frá bankahruni til byltingar
**Árni M. Mathiesen og Þórhallur Jósepsson**
Nýjar upplýsingar úr innsta hring um eitt örlagaríkasta tímabil Íslandssögunnar. Árni M. Mathiesen var fjármálaráðherra í ríkisstjórn Geirs H. Haarde. Hvað gerðist í raun og veru að tjaldabaki í aðdraganda og eftirköstum bankahrunsins? Hvenær hefði síðast verið hægt að grípa í taumana? Hvar byrjaði ógæfan? Ómissandi fyrir alla áhugamenn um sögu og samtíð!
320 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-79-6
Leiðb.verð: 6.490 kr.



## Birgir Andrésson – Í íslenskum litum
**Þröstur Helgason**
Birgir Andrésson (1955–2007) var í senn þjóðlegastur og alþjóðlegastur íslenskra listamanna. Áður en hann lést um aldur fram hafði Þröstur Helgason bókmenntafræðingur unnið að bók um líf hans og list og skráð við hann fjölmörg samtöl. Hér birtist sagnameistarinn Birgir í öllu sínu mikla veldi: fyndinn, írónískur, heimspekilegur og uppátækjasamur. Bókin er í senn vönduð, myndskreytt úttekt á ferli hans og könnun á hugmyndunum sem liggja að baki verkum hans. Hún geymir einnig ítarlegar skrár yfir sýningar og viðtökur og nýtist þannig sem grundvallarheimild um listferil Bigga Andrésar, sjónlistamannsins sem ólst upp sem eini sjáandinn á blindraheimili.
180 bls.
**Crymogea**
ISBN 978-9935-420-05-3
Leiðb.verð: 5.990 kr.



## Bubbi – Samtalsbók
**Árni Árnason**
*Bubbi – Samtalsbók* er verk þar sem máluð er raunsæ og heiðarleg mynd af viðmælandanum. Höfundur og Bubbi mynda skemmtilegt mótvægi við hvorn annan og bókin verður þannig lifandi og skemmtileg aflestrar. Hún gefur því sanna, heiðarlega og gagnrýna mynd af Bubba Morthens, bæði eins og við þekkjum hann og eins og við höfum ekki séð hann áður.
208 bls.
**Prime**
Söluaðili: N1
ISBN 978-9979-70-855-1



„Hvernig litist hljóðfæraleikurum Sinfóníuhljómsveitarinnar á að kúasmali úr Flóanum færi að ráðskast með þeirra mál? Hvað hafði ég eiginlega tekið að mér?“

Hákon Sigurgrímsson, bóndasonur úr Flóanum, rifjar upp minningar frá uppvexti sínum og viðburðaríku lífshlaupi. Ungur heillaðist hann af tónlist og hugðist gera hana að ævistarfi sínu, en það fór á annan veg.

Hann vann allan sinn 48 ára starfsaldur í þágu íslensks landbúnaðar. Sem framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda 1980–1995 og síðar sem skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu stóð hann í miðjum ólgusjó átaka og deilna í kjölfar aukinnar framleiðslugetu og offramleiðslu.




Hákon tók þátt í tilraunum framsóknarmanna til að framlengja líf *Tímans* með útgáfu nýs blaðs, *NT*. Saga þeirra tilrauna og átaka hefur ekki verið sögð fyrr.

**Ógleymanlegir bændafundir, eftirminnilegir menn, lífið í Bændahöllinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Pólýfónkórinn, þjóðarsáttarsamningarnir – að ógleymdu *NT*-ævintýrinu.**

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

Ránargötu 20 • 101 Reykjavík • sími 561 0055 • www.ormstunga.is




## Dr. Valtýr – ævisaga

**Jón Þ. Þór**

Saga dr. Valtýs Guðmundssonar er saga eins merkasta stjórnmálamanns Íslendinga á síðari öldum, manns sem hófst af eigin rammleik úr sárri fátækt til mikilla metorða. Um aldamótin 1900 var hann umdeildari hér á landi en flestir aðrir Íslendingar. Stefna hans í „stjórnarskrármálinu“ sem að lokum leiddi til þess að Íslendingar fengu heimastjórn skipti þjóðinni í tvær fylkingar, annaðhvort voru menn Valtýingar eða and-Valtýingar. Valtýr hafði mikinn áhuga á atvinnusamgöngumálum, átti mestan þátt í því að sæsíminn var lagður til landsins og í stofnun Íslandsbanka árið 1904. Hann var einnig afkastamikill fræðimaður og kennari í sögu Íslands og bókmenntum við Hafnarháskóla í tæpa fjóra áratugi.

341 bls.

**Urður bókafélag**

ISBN 978-9979-9931-3-1

Leiðb.verð: 3.390 kr.




## Fátækt fólk

**Tryggvi Emilsson**

Frásögn Tryggva Emilssonar verkamanns af uppvexti sínum, móðurmissi og vondum vistum hefur engu glatað af styrk sínum og töfrum síðan hún kom fyrst út 1976 og á ef til vill ennþá brýnna erindi við okkur nú en nokkru sinni fyrr. Þorleifur Hauksson hafði umsjón með útgáfunni og ritaði formála. Íslensk klassík Forlagsins.

378 bls.

**Forlagið**

ISBN 978-9979-53-541-6 Kilja







## Fyrir miðjum firði

*Myndbrot frá liðinni öld*

**Jón Hjartarson**

Höfundur segir:

„Ég á tvær afastúlkur, Snædísi Rán og Áslaugu Ýri sem eru með samsetta sjón- og heyrnarskerðingu auk þess að vera bundnar við hjólastól.

Við Snædís, sú eldri, erum miklir vinir og þegar heyrnarskerðingin og sjónskerðingin ásamt lömuninni fór að herja á misstum við talsambandið þar sem ég kann ekki táknmál. Þetta varð okkur mikið áfall.

Til að halda tengslum fór ég að skrifa til hennar frásagnir af því hvernig ég hafði það þegar ég var að alast upp fyrir vestan, og smám saman varð til lítil bók sem hér birtist. Hér segir frá aðstæðum í sveitinni, viðhorfum sveitamannsins til hlutanna, hugsunarhætti og ýmsum atburðum sem áttu sér stað.“

106 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9979-778-92-9

Leiðb.verð: 1.980 kr. Kilja




## Gísli á Hofi vakir enn

**Jón Torfason**

Gísli Pálsson á Hofi tók áskorun dóttursonar síns og skrásetti eitt og annað minnisstætt frá langri og viðburðaríkri ævi sinni eftir að hann fluttist á dvalardeild Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi árið 2009. Ýmsir samferðamenn hans leggja einnig orð í belg og fjalla um kynni sín af honum og verkum hans.

160 bls.

**Bókaútgáfan Hofi**

Dreifing: Skrudda

ISBN 9789979892175

Leiðb.verð: 4.200 kr.




## Guðrún Ögmundsdóttir

*Hjartað ræður för*

**Guðrún Ögmundsdóttir**
**og Halla Gunnarsdóttir**

Guðrún Ögmundsdóttir á að baki litríka og dramatíska

# Ötull, virtur, umdeildur

*Kristján Jóhannsson er einn örfárra íslenskra söngvara sem komist hafa á svið stærstu óperuhúsa heimsins. Æviferill hans er markaður þverstæðum, rétt eins og maðurinn sjálfur. En þrátt fyrir frægð og frama fer því fjarri að líf hans hafi alltaf verið dans á rósum.*




JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is



*Þórunn Sigurðardóttir skráir sögu þessa einstaka manns sem hefur sungið sig inn í hjörtu okkar allra.*






ævi en um leið er saga hennar saga kynslóðarinnar sem óx úr grasi eftir síðari heimsstyrjöld – og baráttusaga íslenskra kvenna á ofanverðri 20. öld. Heillandi ævisaga, fyndin, sorgleg og bitastæð – en umfram allt sultufín!
257 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-76-5
Leiðb.verð: 6.490 kr.




## Gunnar Thoroddsen – ævisaga

**Guðni Th. Jóhannesson**
Hér er dregin upp breiðtjaldsmynd af einum áhrifamesta stjórnmálamanni liðinnar aldar. Verkið byggir höfundur að miklu leyti á opinskáum og einlægum einkaheimildum Gunnars Thoroddsens, m.a. dagbókum sem hann færði samviskusamlega frá ungum aldri til æviloka og trúði fyrir sínum innstu hugrenningum. Ævisagan birtir því áhrifamikla og einlæga mynd af manninum og varpar um leið nýju ljósi á átök og atburði á sögulegum umbrotatímum.
652 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-163-0




## Hið dökka man

*Saga Catalinu*
**Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarinn Þórarinsson**
„Ég ákvað að fara út í vændi um það leyti sem ég var að skilja. Ég hefði alveg getað farið að vinna aftur í fiski eða á kassa í Bónus en takmark mitt var að verða rík. Ákvörðunin um að gerast vændiskona var ekki erfið – þannig fagnaði ég frelsi mínu."

Catalinu Ncoco er ættuð frá Miðbaugs-Gíneu, hún kom til Íslands ung; var húsmóðir, söðlaði um og lagði undir sig íslenskan vændismarkað þar sem eftirspurnin lét ekki á sér standa. Reynsla hennar og sýn er á skjön við anda íslenskra laga um vændi. Hér segir Catalina sögu sína. Enginn skyldi að láta þessa bók framhjá sér fara.
240 bls.
**Bókafélagið**
ISBN 978-9979-9954-9-4




## Hjartað slær til vinstri

*Úr minningaheimi Kalla í Nesbæ*
**Rúnar Kristjánsson**
Hjartað slær til vinstri er ósvikin íslensk saga sem segir frá veröld sem var og margir muna enn. Hún gæti hafa gerst hvar sem er á Íslandi til sjávar og sveita um og upp úr 1960. Margir munu kannast við Kalla í Nesbæ í sjálfum sér.
260 bls.
**Vestfirska forlagið**
ISBN 978-9979-778-89-9
Leiðb.verð: 2.400 kr. Kilja




## Í Kvosinni

*Æskuminningar og bersöglismál*
**Flosi Ólafsson**
Einstaklega skemmtileg endurminningabók þar sem höfundur fer á kostum í frásagnasnilld og upplestri. Hljóðbókin hefur verið ófáanleg lengi, en kemur hér út á 4 CD.
🔊 300 mín.
**Hljóðbók slf**
ISBN 978-9935-417-12-1
Leiðb.verð: 3.690 kr.



ÁTÖK OG
ÓVÆNTAR AFHJÚPANIR

# NÝJAR UPPLÝSINGAR ÚR INNSTA HRING!

Nýjar upplýsingar úr innsta hring um eitt örlagaríkasta tímabil Íslandssögunnar. **Árni M. Mathiesen,** fyrrverandi fjármálaráðherra, segir í bók þeirra **Þórhalls Jósepssonar,** fréttamanns á Ríkisútvarpinu, frá því sem gerðist að tjaldabaki í aðdraganda og eftirköstum bankahrunsins. Hvenær hefði síðast verið hægt að grípa í taumana? Hvar byrjaði ógæfan? Óprentaðar heimildir, hreinskilin frásögn. **Ómissandi bók fyrir alla áhugamenn um sögu og samtíð!**




Hvað gerðist
á bak
við tjöldin?

DYNAMO REYKJAVÍK

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9




## Í ríki óttans

*Örlagasaga hjúkrunarkonunnar Þorbjargar Jónsdóttur Schweizer*

**Magnús Bjarnfreðsson**

Hér segir Þorbjörg Jónsdóttir Schweizer hjúkrunarkona frá æsku sinni, starfsferli og upplifuninni af stríðsárunum síðari og hvernig þau snertu fjölskyldu hennar, ekki síst eiginmanninn, Bruno Schweizer, sem hafði látið andúð sína á nasistunum í ljós og var ekki vel séður af þeim á eftir. Að stríðsárunum loknum var hann samt vændur um að hafa verið á bandi nasista, svo að vandlifað var fyrir þennan friðsama mann og ættingja hans, þótt ófriðarbálið logaði ekki lengur.

152 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-94-4
Leiðb.verð: 4.480 kr.




## Jón lögga

**Jón Pétursson**

Jón Pétursson er af þeirri kynslóð Íslendinga sem hefur kynnst bæði örbirgð og allsnægtum. Hann var einn af fræknustu og fjölhæfustu íþróttamönnum landsins, kallaður Jón hástökkvari.

Lögregluþjónn var Jón í Reykjavík í áratugi. Lýsingar hans á aðbúnaði lögreglumanna í gömlu lögreglustöðinni og ýmsum samstarfsmönnum þar eru fágætar. Hann fer á kostum í lýsingu sinni á Hafnarstrætisrónunum, drykkjumenningu borgarinnar og AA samtökunum og svona má lengi telja.

Hér skrifar maður sem aldrei hefur gefið neitt út eftir sig áður á bók. Stíll hans er þó slíkur að undrun vekur.

200 bls.

**Vestfirska forlagið**
ISBN 978-9979-778-90-5
Leiðb.verð: 4.980 kr.




## Jónína Ben

**Sölvi Tryggvason**

Það eru engar ýkjur að segja að Jónína Benediktsdóttir sé kraftmikil og áræðin. Hún fór að heiman fjórtán ára, gifti sig sautján ára og lauk framhaldsskólaprófi í Kanada þar sem hún lék með kanadíska landsliðinu í handbolta. Hún kom inn í íslenskt samfélag eins og stormsveipur, dró sófahetjur á lappir og fékk þær til hreyfa sig í pallaleikfimi og eróbikk og varð einn helsti boðberi heilsusamlegra lifnaðarhátta. Á skömmum tíma byggði hún upp stórveldi í heilsurækt eftir að hafa náð glæsilegum árangri í rekstri líkamsræktarstöðva í Svíþjóð og var sannkölluð líkamsræktardrottning landsins.

En það eru heldur engar ýkjur að segja að Jónína Ben sé ein umdeilasta persóna íslenskrar samtímasögu. Hún stóð í miðpunkti Baugsmálsins, einna harðvítugustu deilumála síðustu áratuga. Hún hélt uppi stöðugri gagnrýni á íslenska fjármálakerfið, skuldasöfnun og krosseignatengsl og mátti fyrir vikið þola háð og spott. Fólk þreyttist ekki á að ræða ástarsamband hennar og Jóhannesar Jónssonar í Bónus en steininn tók úr þegar samband hennar og Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, komst í hámæli. Hún þurfti að kljást við gríðarlega gagnrýni vegna detox-miðstöðvar sinnar í Reykjanesbæ og hjónaband hennar og Gunnars í Krossinum gerði jafnvel hörðustu sögusmettur kjaftstopp.

Sölvi Tryggvason hefur skráð einstæða frásögn Jónínu Ben. Sjaldan hefur komið út jafn hreinskilin og opinská saga Íslendings því óhætt er að segja að Jónína sé óhrædd við að tala hreint út um hlutina. Sölvi styðst við dagbækur, bréf og persónuleg gögn Jónínu og fyrir vikið birtist hér ný og óvænt mynd af hinum miklu átökum um eignarhald og völd sem að lokum settu Ísland á hausinn. Nýjar upplýsingar koma fram í dagsljósið og óvæntar tengingar sem áður hafa ekki birst. Hafi einhvern tíma komið út bók sem skyldulesning þá er það þessi.

294 bls.

**Sena**
ISBN 978-9979-9947-6-3

BÓKAFÉLAGIÐ

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is

# 19. NÓVEMBER

## ÆVIMINNINGAR HAUKS GUÐMUNDSSONAR FYRRVERANDI RANNSÓKNARLÖGREGLUMANNS

Haukur greinir frá örlagaríkum atburðum sem tengjast 19. nóvember 1974, deginum sem Geirfinnur Einarsson hvarf á dularfullan hátt. Haukur segir einnig frá uppvaxtarárum sínum, starfinu í lögreglunni í Keflavík, fangelsisvist og lífsbaráttu sinni.




Spennandi bók um manninn sem upplifði eitt stærsta hneyksli íslenska réttarkerfisins fyrr og síðar.

sögur útgáfa

www.sogurutgafa.is




## Kjarval

**Thor Vilhjálmsson**

Rómuð bók Thors Vilhjálmssonar um Jóhannes S. Kjarval kemur nú út í þriðju útgáfu. Hér segir hann í snilldarlegum texta frá lífi og verkum Kjarvals frá frumbernsku og þar til hann er kominn um áttrætt, óumdeildur meistari málaralistarinnar á Íslandi. Nýr formáli höfundar fylgir. „… eldur hinnar stóru listar …" – Kristján frá Djúpalæk / Verkamaðurinn 1964

178 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3188-9 Úb.



## Læknir í blíðu og stríðu

*Æviminningar Páls Gíslasonar yfirlæknis og skátahöfðingja*

**Hávar Sigurjónsson**

Hér rifjar Páll Gíslason upp ýmislegt frá löngum læknisferli. Ennfremur segir hann frá margvíslegum störfum sínum innan skátahreyfingarinnar og átökum í stjórnmálunum, bæði við eigin flokksmenn og yfirlýsta andstæðinga. Ævisaga Páls er í senn bæði fróðleg og skemmtileg og snertir marga strengi mannlífsins.

185 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-80-7
Leiðb.verð: 5.880 kr.

## Með létt skap og liðugan talanda

*Lífssaga Margrétar í Dalsmynni*

**Anna Kristine Magnúsdóttir**

Margrét Guðjónsdóttir í Dalsmynni í Eyjahreppi ákvað níu ára að giftast aldrei. Sextán ára hitti hún manninn í lífi sínu og eignaðist ellefu börn. Henni fannst allt skemmtilegt nema húsmóðurstörf og á nóttunni, meðan allir sváfu, naut hún þess að vera úti og sinna grænmetisrækt. Auk ellefu barna sinna tóku þau hjónin börn í sveit á sumrin og nokkur þeirra segja í bókinni frá ævintýralegri vist.




Margrét er þekkt skógræktarkona og hagyrðingur sem hefur skoðanir á öllu og segist ekki hafa verið penasta pían.

182 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**
ISBN 978-9979-797-95-1
Leiðb.verð: 5.480 kr.





# *Innsýn í einstaka sögu*




Ævi og örlög Þóru Pétursdóttur Péturssonar biskups yfir Íslandi og eiginkonu Þorvaldar Thoroddsen náttúrufræðings eru líklega mátulega stór fyrir samtíma okkar.



Í þessari einstöku sögu Sigrúnar Pálsdóttur segir frá kjólum og karlmönnum, draumum og glæstum vonum; grátbroslegum stundum í lífi lítillar þjóðar. Þetta er saga um tungumál og tjáningu, um þörf og hæfileika formæðra okkar til að búa til margradda frásögn um umhverfi sitt og þetta tímabil sögunnar sem þrátt fyrir allar ljósmyndirnar og textana er hljóðlaust og frosið.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is




## Meistarar og lærisveinar

**Þórbergur Þórðarson**

„Stóra handritið" loksins komið á bók. Þórbergur segir frá námi sínu við háskólann, lýsir ritstörfum, kveðskap og tilurð *Bréfs til Láru*, kvennamálum, guðspekiáhuga og esperantónámi af eldmóði og einstakri stílgáfu sem einnig birtist í frábærum lýsingum á Unuhúsi og gestum þess. Soffía Auður Birgisdóttir skrifar formála. Íslensk klassík Forlagsins.

190 bls.
**Forlagið**
ISBN 978-9979-53-539-3 Kilja




## Refaskyttan hugljúfa

*Sigurður Ásgeirsson*
**Sveinn Runólfsson og Jón Ragnar Björnsson**

Í tilefni þess að hinn landsfrægi veiðimaður og þúsundþjalasmiður, Sigurður Ásgeirsson, hefði orðið áttræður 19. desember 2010 vilja vinir hans minnast hans með þessari bók. Hér er ekki um hefðbundna ævisögu að ræða heldur minningabrot vina og samferðarmanna Sigurðar sem var annáluð refaskytta, veiðimaður, náttúruunnandi og umfram allt hlýr, skemmtilegur og eftirminnilegur félagi. Hann var sjálfmenntaður hönnuður og smíðaði fjölda véla og tækja fyrir Landgræðsluna.

Lifandi frásögn studd fjölda fágætra ljósmynda.

170 bls.
**Sveinn Runólfsson**
ISBN 978-9979-70-848-3
Leiðb.verð: 4.000 kr.




## Svo þú ert þessi Hákon!

**Hákon Sigurgrímsson**

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda rifjar upp minningar frá uppvexti sínum í Flóanum og viðburðaríkum starfsferli. Þegar hann hóf störf hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins stóð íslenskur landbúnaður frammi fyrir afleiðingum offramleiðslu í kjölfar vaxandi tæknivæðingar og aukinnar framleiðslugetu. Miklu varðaði að þessi undirstöðuatvinuvegur þjóðarinnar í þúsund ár kæmi standandi niður úr því umróti. Hákon átti þátt í að móta þær aðferðir sem þar var beitt, m.a. sem aðstoðarmaður Steingríms Hermannssonar. En Hákon kemur víðar við. Hann segir frá eftirminnilegum mönnum og lýsingar hans á bændafundum eru ógleymanlegar. Hér er líka í fyrsta sinn sagt opinskátt frá tilraunum framsóknarmanna til að framlengja líf Tímans í nýju dagblaði, NT. Og ást höfundar á tónlistinni fer ekki fram hjá lesendum. Hákon segir frá áralangri þátttöku sinni í Pólýfónkórnum og störfum sínum fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hann var fyrsti formaður stjórnar hennar.

487 bls.
**Ormstunga**
ISBN 978-9979-63-101-9




## U206

*Ævintýri Ella P*
**Helgi Jónsson**

Elís Pétur Sigurðsson frá Breiðdalsvík er löngu kunnur fyrir athafnasemi og uppátæki. Flestir þekkja hann undir nafninu Elli P. Hann var bílstjóri á U206 í 60 ár, vann við brúargerð, vegavinnu, löndun, starfrækti steypustöð, rak fiskvinnslu ásamt öðrum, var umboðsmaður BP, sótti rekavið á Langanes og ætlaði að fara til Jan Mayen, auk þess sem hann starfaði í Lionshreyfingunni. Þess utan eignaðist hann 8 börn með henni Fjólu sinni. Er það furða þó menn segi stundum: Hann Elli P!

260 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-58-5



Holdgervingur '68 kynslóðarinnar




SULTUFÍN ÆVISAGA

DYNAMO REYKJAVÍK

# HEILLANDI, FYNDIN OG BITASTÆÐ



**Guðrún Ögmundsdóttir** á að baki dramatíska ævi en um leið er saga hennar saga kynslóðarinnar sem óx úr grasi eftir síðari heimsstyrjöld – og baráttusaga íslenskra kvenna á ofanverðri 20. öld. Á síðum bókarinnar lifna við eftirminnileg böll á Borginni, litrík ár í Kaupmannahöfn, sviptingar í kvennabaráttunni, sigrar og ósigrar í pólitík – og ljúfsár bernskan. Halla Gunnarsdóttir skrifar sögu Guðrúnar; heillandi ævisaga, fyndin, sorgleg og bitastæð.

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9




## Það reddast

*Sveinn Sigurbjarnarson ævintýramaður á Eskifirði lítur um öxl*

**Inga Rósa Þórðardóttir**

Hann hefur þvælst um fjöll og firnindi, láglendi og hálendi með hundruð eða þúsundir ferðamanna. Hann er sagður áræðinn, jafnvel bíræfinn, heppinn, jafnvel kaldur. Hann fer út í vetrarbyl á stutterma skyrtu og kafar í jökulár á nærhaldinu einu saman.

Ævintýramaðurinn og þjóðsagnapersónan Sveinn Sigurbjarnarson á Eskifirði rifjar hér upp minningabrot frá liðinni ævi með aðstoð nokkurra samferðamanna. Minningar sem lúta að fjölbreyttum ferðalögum innanlands og utan, fyrirtækjarekstri, fjölskyldunni og heimilinu, atvinnuþróun og umhverfismálum og er þá fátt eitt nefnt.

280 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9979-797-96-8

Leiðb.verð: 5.980 kr.




## Þóra biskups og raunir íslenskrar embættismannastéttar

**Sigrún Pálsdóttir**

Ævi og örlög Þóru Pétursdóttur Péturssonar biskups yfir Íslandi og eiginkonu Þorvaldar Thoroddsen náttúrufræðings eru líklega mátulega stór fyrir samtíma okkar. Hér segir frá kjólum og karlmönnum, draumum og glæstum vonum; grátbroslegum stundum í lífi lítillar þjóðar. Þetta er saga um tungumál og tjáningu, um þörf og hæfileika kvenna á síðari hluta nítjándu aldar til að búa til margradda frásögn um umhverfi sitt.

280 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-131-9




## ÞÞ – Í fátæktarlandi

**Pétur Gunnarsson**

Þórbergur Þórðarson – ÞÞ – er einn fremsti höfundur íslenskra bókmennta. Þessi bók Péturs var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og valin bók ársins í *Morgunblaðinu*. „Frábær bók. Ég hef verið aðdáandi Þórbergs frá því á unglingsárum … Pétur Gunnarsson hefur líka lengið verið í uppáhaldi þannig að útkoman gat varla klikkað. Snilldin er óumdeilanleg."

– Grímur Atlason / eyjan.is

223 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-100-5 Kilja




## ÞÞ – Í forheimskunarlandi

**Pétur Gunnarsson**

Hér er Þórbergi Þórðarsyni – ÞÞ – fylgt allt frá aðdraganda heimsstyrjaldar til endadægurs hans 1974. Þessi seinni bók Péturs Gunnarssonar um Þórberg hlaut ekki síður góðar viðtökur en sú fyrri – brautryðandaverk í ævisagnaritun. „Sagan rennur eins og reyfari … Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð …"

– Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

312 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-101-2 Kilja

Bókabúðin HAMRABORG

Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877

ALVARA LEIKSINS – ÆVISAGA GUNNARS EYJÓLFSSONAR

# Dramatík á leiksviði lífsins






*Gunnar Eyjólfsson hefur unnið marga leiksigra og tekist á við erfiðar tilfinningar á sviði. Ævi hans sjálfs hefur þó ekki síður verið átakamikil.*

***Alvara leiksins*** *er saga af miklum örlögum og sárri lífsreynslu en einnig af ógleymanlegu fólki og ævintýralegu lífi, innanlands sem utan.*

*Árni Bergmann skráði af næmi og stílfimi.*



JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Handbækur




## 209 Sudoku

**Greenspan Gideon**
**Ritstj.: Ásmundur Helgason**
Hér er komin ný bók úr smiðju hofundar hinna gríðarvinsælu 109 Sudoku. 209 glænýjar gátur fyrir þig til að glíma við. Auk gátanna eru 100 skemmtilegar staðreyndir um Ísland, náttúru og sögu, í bókinni.
280 bls.
**N29 ehf**
ISBN 978-9979-70-725-7
Leiðb.verð: 1.590 kr. Kilja




## 25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu

*25 Beautiful Walks in Reykjavik*
**Reynir Ingibjartsson**
Náttúran við bæjarvegginn. Hér er bent á 25 hringleiðir í nágrenni þéttbýlisins sem allar eru auðfarnar og tekur yfirleitt ekki meira en klukkustund að ganga. Leiðirnar eru flestar í útjaðri byggðarinnar í friðsælum vinjum. Kort og leiðarlýsingar fylgja. Bókin er einnig fáanleg á ensku.
161 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-26-5/-418-22-7 Kilja




## 365 sjóðheitar stellingar

**Ritstj.: Elizabeth Watson**
**Þýð.: Bergsteinn Sigurðsson**
Ný kynlífsstelling fyrir hvern einasta dag ársins – getur það verið? Já, það sannast í þessari bók. Sumar eru kannski bara fyrir þá sem eru í fantagóðu formi, aðrar fyrir hvern sem er. Í bókinni *365 sjóðheitar stellingar* er svo sannarlega hægt að finna hugmyndir til að bæta og endurnýja kynlífið svo um munar.
384 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-123-4 Ób.




## Almanak Háskóla Íslands 2011

**Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson**
Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást. Í almanakinu eru stjörnukort, kort sem sýnir áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tímabelti heimsins. Þar er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. Loks



eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga nokkur ár fram í tímann.
98 bls.
**Háskólaútgáfan**
ISBN 977-1022-852-007
Leiðb.verð: 1.590 kr.




## Almanak Hins íslenska þjóðvinafélags 2011

**Heimir Þorleifsson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson**

Almanak Þjóðvinafélagsins er aðgengileg handbók um íslensk málefni. Í almanakinu sjálfu er m.a. að finna dagatal með upplýsingum um gang himintungla, messur kirkjuársins, sjávarföll, hnattstöðu Íslands o. fl. Í Árbók Íslands er fróðleikur um árferði, atvinnuvegi, stjórnmál, úrslit Íslandsmóta, náttúruhamfarir, slys, mannalát, verklegar framkvæmdir, vísitölur, verðlag o. s. frv.

Fjöldi mynda er í ritinu.
208 bls.
**Hið íslenska þjóðvinafélag**
Dreifing: Sögufélag
ISSN 1670-2247
Leiðb.verð: 1.950 kr. Kilja




## Á allra færi

**Auður I. Ottesen, Páll Jökull Pétursson og Gunnar Bender**

Upplýsingarit og leiðavísir um stangveiði fyrir núverandi og verðandi veiðimenn á öllum aldri. Kíkt er ofan í veiðitöskuna og farið yfir mismunandi veiðiaðferðir, hvaða flugur gefa og hvernig á að hnýta þær. Klæðnaður skiptir líka máli svo veiðimaðurinn krókni ekki úr kulda þegar búið er að koma sér fyrir með stöngina. Í bókinni er fjallað um fjölskylduvæn veiðivötn og -ár, eðli þeirra og gerð. Í bókinni er einnig fróðleikur um fisktegundir sem veiðast í íslenskum ám og vötnum og nokkrar góðar uppskriftir fljóta með. Einstök bók fyrir veiðimanninn.
100 bls.
**Sumarhúsið og garðurinn ehf**
ISBN 978-9979-9784-1-1
Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



## Álfasögur – á frönsku

**Endurs.: Anna Kristín Ásbjörnsdóttir**
**Myndskr.: Florence Helga Thibault**

Sjö dásamlegar álfasögur úr


# Heimsreisa bragðlaukanna




HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Meistarakokkurinn Gordon Ramsay er í miklum metum, ekki hvað síst vegna þess hversu auðvelt er að fylgja uppskriftum hans. Í þessari stóru og glæsilegu bók fá lesendur að kynnast lykilréttum úr matarmenningu Mið-Austurlanda, Taílands, Bandaríkjanna, Kína, Indlands, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Grikklands og Bretlands.

Þessi bók á erindi í öll íslensk eldhús.

O
opna
Þar sem þekkingin á sér samastað

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is

Þjóðsögum Jóns Árnasonar, ásamt litríkum og fallegum myndskreytingum.
32 bls.
**Bjartur**
ISBN 978-9979-657-99-6
Leiðb.verð: 2.480 kr.




## Ást fyrir lífið
*Hjónabandsbókin*
**Stephen Kendrick**
**Þýð.: Pétur Björgvin Þorsteinsson**
Vilt þú gera þitt hjónaband betra? *Ást fyrir lífið* er hjónabandsbók. Hún er ætluð fólki sem vill leggja í sjálfsnám og vinnu við eigið hjónaband. Lögð er áhersla á vinnu með dyggðir eins og þolinmæði og heiðarleika, tekið á mannlegum þáttum eins og sjálfselsku, afbrýðisemi, girnd og öfund, og lesandinn hvattur til að leysa ýmis verkefni sem eru til þess fallin að bæta hjónabandið. Bókin hentar jafnt hjónum sem og einstaklingum sem vilja bæta sambúð og sambönd. Bókin hefur fengið mjög góðar viðtökur víða, m.a. í Bandaríkjunum og Þýskalandi.
225 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-59-2 Kilja




## Ástin og stjörnumerkin
**Ellý Ármanns**
Í þessari fróðlegu en um leið skemmtilegu bók miðlar Ellý Ármanns af þekkingu sinni á samskiptum kynjanna út frá fornum fræðum stjörnumerkjanna. Hér fá lesendur einnig innsýn í reynsluheim íslenskra kvenna sem tala opinskátt um kynlíf sitt og sambönd við karla í hinum ýmsu stjörnumerkjum.
**Bókafélagið**
ISBN 978-9979-9954-8-7




## Beðið eftir barni
*Hvers má vænta á meðgöngunni?*
**Heidi Murkoff og Sharon Mazel**
**Þýð.: Eva S. Ólafsdóttir**
*Beðið eftir barni* er geysistór og ítarleg bók um allt sem snertir meðgöngu og fæðingu; einstök og ómissandi stoð fyrir verðandi foreldra. Meðgangan er rakin viku fyrir viku, fjallað um fósturþroska, næringu og heilsu móðurinnar, meðgöngukvilla, áhyggjur og tilhlökkun. Barnsfæðingunni er lýst, gefin góð ráð um undirbúning, rætt um fæðingartækni, keisaraskurði og fjölbura. Þá er fjallað um fyrstu vikur barnsins og tilfinningar nýbakaðra foreldra. Hér er á ferð margreynd meðgöngubiblía sem selst hefur í milljónum eintaka erlendis og kemur nú loks í íslenskri þýðingu.
564 bls.
FORLAGIÐ
**Vaka-Helgafell**
ISBN 978-9979-2-2126-5 Ób.




## Boot Camp – Hámarksárangur
**Arnaldur Birgir Konráðsson og Róbert Traustason**
Boot Camp-æfingakerfið hefur náð gífurlegum vinsældum hér á landi, enda skila þessar krefjandi en auðlærðu æfingar frábærum árangri. Hér er komin endurnýjuð og aukin útgáfa bókarinnar *Boot Camp – Grunnþjálfun* sem hefur að geyma lýsingar á fjölbreyttum æfingum ásamt skýringarmyndum og æfingaáætlunum þar sem lýst er bæði grunnæfingum fyrir byrjendur og elítuæfingum fyrir lengra komna.
184 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-151-7 Ób.






# EINFALT MEÐ KOKKALANDSLIÐINU

## AÐEINS FJÖGUR HRÁEFNI Í HVERJUM RÉTTI

Landsliðskokkarnir ausa úr reynslubrunni sínum og veita ótal heilræði sem allir geta gripið á lofti.

*Hér eftir verður lífið í eldhúsinu sem dýrlegt ævintýr.*






*Fjölbreyttar og spennandi uppskriftir*

sögur útgáfa

www.sogurutgafa.is




## Bútasaumsteppi

**Trine Bakke**

Bútasaumsteppi gefa heimilinu hlýlegt yfirbragð. Hér eru gamlar munsturblokkir settar saman á nýstárlegan hátt með líflegum litasamsetningum.

97 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-411-34-1

Leiðb.verð: 3.990 kr.




## Draumagarður

*Hönnun og útfærslur*

**Björn Jóhannsson landslagsarkitekt**

Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hefur síðastliðna tvo áratugi unnið af ástríðu við hönnun smærri sem stærri garða. Í bókinni leiðir hann lesendur um einstakan þekkingarheim sinn og gefur góð ráð um leiðir til að auka vellíðan og lífsgæði með vel hönnuðum garði. Bókin er aðgengileg, prýdd fjölda mynda og teikninga úr görðum sem Björn hefur hannað og teikningum sem sýna ótal útfærslur og hugmyndir. Draumagarður er sannkallað augnakonfekt fyrir sérhvern garðeiganda.

156 bls.

**Sumarhúsið og garðurinn ehf**

ISBN 978-9979-9784-4-2

Leiðb.verð: 7.500 kr.




## Dömusiðir Tobbu

**Þorbjörg Marinósdóttir**

Blaða- og sjónvarpskonan Tobba Marinós fer á kostum í þessari bráðskemmtilegu og hagnýtu bók. Hér leiðir hún ungar konur á öllum aldri í sannleikann um hvað það er að vera sönn dama og fjallar meðal annars um útlitið, félagslífið, Facebook, og samskiptin við hitt kynið. Ómissandi bók fyrir ungar konur.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9979-9954-6-3




## Eldað um veröld víða

*- með kjaftfora listakokkinum*

**Gordon Ramsay**

**Þýð.: Hjalti Nönnuson**

Kúnstugi kokkurinn Gordon Ramsay er í miklum metum, ekki hvað síst vegna þess hversu auðvelt er að fylgja uppskriftum hans. Í þessa bók hefur hann safnað uppáhaldsuppskriftum sínum héðan og þaðan af heimskringlunni. Lesendur fá að kynnast lykilréttum úr matarmenningu Mið-Austurlanda, Taílands, Bandaríkjanna, Kína, Indlands, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Grikklands og Bretlands. Til viðbótar uppskriftunum kennir Gordon lesendum ákveðna tækni í vinnubrögðum. Þessi bók á erindi í öll íslensk eldhús.

256 bls.

**Bókaútgáfan Opna**

ISBN 978-9935-10-031-3




## Eldaðu maður

**Thomas Möller**

**Myndir: Gísli Egill Hrafnsson**

Hér kemur hún loksins aftur, uppskriftabók fyrir íslenska karlmenn sem vilja láta að sér kveða í eldhúsinu. Skemmtilegar myndir og ýmis leyndarmál sem breyta venjulegri eldamennsku í hreina skemmtun …

**Salka**

ISBN 978-9979-650-29-4




32 restaurants in Reykjavík

## Enjoy

*Verði þér að góðu*

**Ari Trausti Guðmundsson og Helga Aradóttir**

**Myndir: Ragnar Th. Sigurðsson og Ólafur Þórisson**

Leiðarvísir um vel valin veitingahús höfuðborgarinnar, með glæsilegum myndum og lýsingum á matarvali og sérstöðu hvers staðar.

168 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-418-34-0 Kilja



## Fagurt er frelsið

*Magic of Freedom*

*Zauber der Freiheit*

**Emil Þór Sigurðsson**

**Tónlist: Arndís Halla Ásgeirsdóttir**

Ljóðræn ljósmyndabók ásamt DVD myndasýningu og 12 laga tónlistadisk

134 bls.

**Ljósmyndastofa Reykjavíkur**

ISBN 978-9979-9614-8-2/-9-9

Leiðb.verð: 4.990 kr. hvor bók

# GLÆSILEGAR GJAFABÆKUR!







DYNAMO REYKJAVÍK

## VEGVÍSIR UM DRAUMHEIMA

Greinargóðar skýringar á um tvö þúsund draumtáknum og leiðbeiningar um það hvernig lesandinn getur sjálfur lært að skilja mismunandi boð sem draumarnir færa honum. Nýja draumaráðningabókin er aðgengilegt uppflettirit – nútímaleg fróðleiksnáma!

## FRÁ ARISTÓTELESI TIL ÁSDÍSAR RÁNAR

Á fimmta þúsund tilvitnanir víða að úr heiminum og frá umliðnum 3000 árum – frá Grikkjum fornaldar til stjarnanna í dægurheimi samtímans. Lífsspeki aldanna jafnt sem kaldhæðni nútímans!

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9




## Fiskmarkaðurinn

**Hrefna Rósa Sætran**
**Myndir: Kristján Maack**
Hér eru uppáhaldsréttir Hrefnu Rósu, sem hún hefur framreitt á Fiskmarkaðnum, en gerir einfaldari fyrir þá sem vilja kalla fram hið einstaka bragð sem Hrefna er þekkt fyrir. Smart, aðgengileg og öðruvísi uppskriftabók.
124 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-35-7




## Fiskur fyrir lífið

**Stephen C. Lundin, Harry Paul og John Christensen**
**Þýð.: Sigríður Á. Ásgrímsdóttir**
Við getum ætíð valið okkur viðhorf. Sama glasið getur verið ýmist hálffullt eða hálftómt eftir því hvernig litið er á. Bókin Fiskur! beinir sjónum að því að hægt sé að velja sér viðhorf til vinnu. Í þessari nýju bók er bent á að hægt er að nota sams konar aðferð á öllum sviðum lífsins. Bölsýni er aldrei til bóta, betra er að velja sér jákvæða sýn.
112 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-52-4 Kilja




## Fjallaskálar á Íslandi

**Jón G. Snæland**
Í þessari bók er lýst nærri 400 skálum, gömlum og nýjum, sem reistir hafa verið víðs vegar á Íslandi. Bókin hefur að geyma ómældan fróðleik um skálana, sögu þeirra og búnað, auk þess sem getið er eigenda og umsjónarmanna. Ljósmynd er af öllum skálunum og staðsetning þeirra mörkuð með GPS-punkti og á landakorti. Greinargóðar leiðarlýsingar eru að skálunum og víða er sagt frá náttúruperlum í nágrenni þeirra.
380 bls.
**Skrudda**
ISBN 978-9979-655-67-1
Leiðb.verð: 4.990 kr. Kilja




## Fleiri Prjónaperlur

*Prjónað frá grasrótinni*
**Erla Sigurlaug Sigurðardóttir og Halldóra Skarphéðinsdóttir**
Sextíu skýrar og skemmtilegar prjóna- og hekluppskriftir frá íslensku prjónafólki. Einnig fjöldi frásagna, prjónaráða og fróðleiks um prjónalífið og listina.
www.prjonaperlur.midjan.is.
78 bls.
**Prjónaperlur**
ISBN 978-9979-70-836-0
Leiðb.verð: 3.600 kr.




## Foldarskart í ull og fat

*Jurtalitun*
**Sigrún Helgadóttir og Þorgerður Hlöðversdóttir**
Höfundar hafa lengi sankað að sér fróðleik um jurtalitun og hafa kennt jurtalitun á námskeiðum. Nú miðla þær þekkingu sinni og reynslu í ríkulega myndskreyttri bók. Í henni eru hagnýtar leiðbeiningar um jurtalitun sem byggja á gömlum hefðum en taka mið af nútíma þekkingu, aðstæðum og náttúruvernd. Með hjálp bókarinnar ætti enginn að vera í vandræðum með að hefjast handa og ná góðum árangri við að höndla litskrúð náttúrunnar í eigin klæði og listaverk.
64 bls.
**Sigrún og Þorgerður**
ISBN 978-9979-70-772-1
Leiðb.verð: 4.700 kr.




## Foreldrahandbókin

*Um leið og lítið barn fæðist verður til foreldri*
**Þóra Sigurðardóttir**
**Myndir: Sigurjón Jónasson**
**Ritstj.: Nanna Gunnarsdóttir**
Fátt er mikilvægara en foreldrahlutverkið. Hér eru hagnýtar upplýsingar, ráð og reynslusögur auk þess sem fjöldi sérfræðinga skrifar greinar um mál sem foreldra fýsir að vita og gott er að hafa á einum stað.
293 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-40-1




## Grillaðu maður

**Thomas Möller**
**Myndir: Sigurjón Ragnar Sigurjónsson**
Þessi vinsæla bók er komin aftur. Gagnleg og karlmannleg ráð varðandi grillmennsku allan ársins hring,

glæsilegar myndir, spennandi uppskriftir. Er grillið síðasta vígi karla?
120 bls.
**Salka**
ISBN 978-9979-650-89-8




## Gróft og geggjað Hekl
**Jan Eaton**
Hér má finna skemmtilegar grunnuppskriftir að flíkum og fylgihlutum og 60 aðferðir til að gefa þeim fjörlegri svip. Sýnt er hvernig nota má mismunandi garntegundir og bæta við perlum, bryddingum, rennilásum og tölum á nýjan og spennandi hátt.
128 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-84-6
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja




## Gróft og geggjað Prjón
**Jan Eaton**
Hér eru nokkrar grunnuppskriftir sem kennt er að breyta og bæta að vild til að gefa persónulegan svip. Skapaðu þinn eigin stíl með kögri, bryddingum, ásaumi, lykkjum og skrauti. Myndir og einfaldar útskýringar sem henta einstaklega vel fyrir byrjendur.
128 bls.
**Edda útgáfa**
ISBN 978-9935-411-85-3
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja



## Hamfarir á Haítí
*Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin*
**Kristín Elfa Guðnadóttir**
Klukkan er 16:53 að staðartíma þann 12. janúar 2010. Jarðskjálfti dynur yfir Haítí. Mannfall er gífurlegt enda er skjálftinn á þéttbýlasta svæði landsins. Undirbúningur rústabjörgunarstarfs Íslendinga hefst nánast samstundis og hálfum sólarhring síðar fara á fjórða tug björgunarsveitarmanna með búnað sinn til þessa fátæka og fjarlæga eyríkis. Frásögn í máli og myndum af ellefu janúardögum á Haítí frá sjónarhóli félaga í alþjóðabjörgunarsveitinni, sem komu til landsins skömmu eftir einn af banvænustu jarðskjálftum mannkynssögunnar. Alþjóðabjörgunarsveitin hefur áunnið sér mikla virðingu fyrir störf sín og mikilvægi þess að eiga þrautþjálfað fólk í rústabjörgun jafnt á innlendri sem erlendri grund verður seint ofmetið.

Allur ágóði af sölu bókarinnar fer til frekari uppbyggingar Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar.
120 bls.
**Slysavarnafélagið Landsbjörg**
ISBN 978-9979-9903-2-1
Leiðb.verð: 4.990 kr.




## Hálendishandbókin
**Páll Ásgeir Ásgeirsson**
Í bókinni eru hundruð ljósmynda, kort og lýsingar á helstu leiðum á hálendinu. Þessi vinsæla bók kom fyrst út árið 2001 en er nú endurskoðuð og má segja að um nýja bók sé að ræða.
274 bls.
**Útgáfufélagið Heimur hf.**
ISBN 978-9979-9790-4-3
Leiðb.verð: 3.490 kr.




## Hlýjar hendur
*Vettlingauppskriftir*
**Ágústa Þóra Jónsdóttir**
**Myndir: Halldór Sveinbjörnsson og Helena Aðalsteinsdóttir**
Hér eru 53 uppskriftir að vettlingum og grifflum í öllum stærðum og gerðum handa unglingum, börnum og fullorðnu fólki. Bókin er prýdd líflegum myndum og aðgengilegum teikningum sem gera vettlingaprjón að leik einum. Ný útgáfa.
130 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-19-7 Kilja






## Huts and lodges in Iceland

**Jón G. Snæland**

Ensk útgáfa bókarinnar *Fjallaskálar á Íslandi.*
198 bls.
**Skrudda**
ISBN 978-9979-655-68-8
Leiðb.verð: 3.990 kr. Kilja




## Hvalir

*Whales*

**Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson**
**Þýð.: Soffía Arnþórsdóttir**

Hér er loksins komin fram aðgengileg bók um þessar dularfullu skepnur hafsins sem nýtist í senn við að skoða hvali í náttúrulegu umhverfi sínu og sem almennt uppflettirit. Fyrri hlutinn er greiningarlykill sem gerir notandanum kleift að þekkja á svipstundu þá hvali sem hann sér. Í síðari hlutanum er almenn umfjöllun um hvali og einstakar tegundir í hafinu umhverfis okkur. Bókin er fáanleg bæði á íslensku og ensku.
156 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-119-7
/-120-3 Ób.



## Hvorki meira né minna

**Fanney Rut Elínardótti**
**Myndir: María Elínardóttir**

Hér er loksins komin matreiðslubók með uppskriftum sem innihalda engan sykur, enga sterkju og ekkert hveiti. 20 ljúffengir morgunmatar og 40 aðalréttir í hádegismat eða kvöldmat og allar máltíðir rétt saman settar. Þetta er bók fyrir alla sem eru í fráhaldi, í megrun, sykursjúka, hjartveika og alla sem vilja hollari mat.
150 bls.
**N29 ehf**
ISBN 978-9979-9986-0-0
Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja




## Iceland So Quiet

*Iceland so quiet – japanska*
*Iceland so quiet – kínverska*

**Myndir: Kristján Ingi Einarsson**
**Ari Trausti Guðmundsson**
**Þýð.: Keneva Kunz**

Rólegu og ósnertu töfrunum í náttúru Íslands gerð skil með glæsilegum myndum Kristjáns Inga Einarssonar. Bókin var gefin út á ensku kínversku og japönsku.
120 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-25-8
/-29-6/-28-9 Kilja



## In the Footsteps of a Storyteller / In den Fußstapfen eines Geschichtenerzählers

**Ritstj.: Þorbjörg Arnórsdóttir**
**Þýð.: Lingua/Norðan Jökuls**

Brot úr textum Þórbergs Þórðarsonar um heimasveit hans, Suðursveitina, og umhverfi fæðingarbæjar hans, Hala, með litmyndum af stöðunum sem textarnir segja frá. Bókin er á ensku og þýsku.
64 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3169-8 Ób.




## Ísland – Ferðakort

Vinsælasta og mest selda ferðakort af Íslandi síðastliðinn aldarfjórðung og hefur verið endurskoðað og uppfært reglulega í gegnum tíðina. Kortið sýnir allt landið á einu blaði (78 x 110 cm) með helstu upplýsingum fyrir ferðamenn, m.a. um vegi landsins, vegalengdir og veganúmer. Ferðakortið er í hentugu broti og því fylgir örnefnaskrá með yfir 3.000 örnefnum. Ný útg. 2010. Mælikv.: 1:500 000. Tungumál: Íslenska, enska, þýska og franska. www.ferdakort.is
**IÐNÚ bókaútgáfa**
ISBN 978-9979-67-208-1

bóksala stúdenta
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is
www.boksala.is



## Ísland – Vegaatlas

Í Vegaatlasinum eru auk venjulegra korta á 50 blaðsíðum ýmis þemakort, s.s. um gististaði, tjaldsvæði, söfn, sundlaugar og golfvelli. Þá er í bókinni ítarleg nafnaskrá með yfir 15.500 örnefnum. Sérstaða bókarinnar felst meðal annars í skemmtilegu formi hennar, opin er hún 60 cm en samanbrotin aðeins 16 x 31 cm og því handhæg í bílinn, auk þess að vera í vandaðri öskju. Mælikv.: 1:200 000. Tungumál: íslenska, enska, þýska og franska. www.ferdakort.is
82 bls.
**IÐNÚ bókaútgáfa**
ISBN 978-9979-67-209-8

## Íslensk barnaorðabók

**Ritstj.: Ingrid Markan og Laufey Leifsdóttir**
**Myndir: Anna Cynthia Leplar**
Ný bók sniðin að þörfum 6–12 ára barna sem geymir alla helstu efnisþætti fullgildra orðabóka: upplýsingar um beygingu, skýringar og notkunardæmi um 2200 uppflettiorða. Bókin er ríkulega skreytt líflegum teikningum og litríkar myndaopnur tengjast fjölbreyttum



viðfangsefnum íslenskunámsins. Aðgengileg og skemmtileg orðabók fyrir unga málnotendur.
249 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3192-6



## Íslensk knattspyrna 2010

**Víðir Sigurðsson**
Allt um íslenska knattspyrnu árið 2010 sem var að flestu leyti einstakt. Þetta er 30. bókin í röðinni.
256 bls.
**Tindur**
ISBN 978-9979-653-51-6



## Íslensk orðabók

**Ritstj.: Mörður Árnason**
*Íslensk orðabók* er gríðarmikill gagnabanki og leiðarvísir um íslenska tungu, ómissandi hjálpargagn við nám og störf og á erindi við alla sem tala íslensku. Bókin geymir um 94.000 uppflettiorð með miklum fjölda skýringa og dæma ásamt fjölbreyttum leiðbeiningum um málsnið og málnotkun. Hún er nú gefin út í einu bindi með mjúkum kápuspjöldum.
1246 bls.
**Forlagið**
ISBN 978-9979-53-537-9 Ób.



## Íslenska plöntuhandbókin

*Die Blütenpflanzen und Farne Islands*
*Flowering Plants and Ferns of Iceland*
**Hörður Kristinsson**
*Íslenska plöntuhandbókin* er ein vinsælasta handbók sinnar tegundar og birtist nú í nýjum búningi, ríkulega aukin og endurbætt. Fjallað er um 465 tegundir, þar af á annað hundrað sem bæst hafa við íslenska flóru á undanförnum árum. Texti, kort og myndir gera að verkum að bókin nýtist almenningi vel til að þekkja sundur plöntur og fræðast um hina fjölbreyttu og fögru flóru landsins. Bókin er fáanleg á íslensku, ensku og þýsku.
364-368 bls.
FORLAGIÐ
**Mál og menning**
ISBN 978-9979-3-3159-9 /-3158-2/-3157-5 Ób.

**Þór Guðjónsson:**
*Þróun í gerð fiskvega á Íslandi fram til 1970.*
**Elsa E. Guðjónsson:**
*Íslenskur útsaumur.*
*Traditional Icelandic Embroidery.*
*Íslenskir kvenbúningar á síðari öldum.*
*Icelandic National Costume of Women in Iceland.*
*Handíðir horfinnar aldar. Sjónabók frá Skaftafelli.*
*Jólasveinarnir þrettán.* Ísl., danskar og enskar vísur, litmyndir og reitamunstur eftir höf.
*Um laufabrauð.* Með enskri samantekt og fyrirsögn.

**Útg. Elsa E. Guðjónsson**
**Vogatungu 47**
**200 Kópavogi**
**S. 554 3723**




## Íslenskir söngdansar í þúsund ár

**Sigríður Þ. Valgeirsdóttir**

Í bókinni er rakin saga söngdansa á Íslandi og víðar og þeir síðan birtir með dansskýringum ásamt nótum og textum þeirra. Mikinn hluta starfsævinnar hefur höfundurinn unnið að rannsóknum og söfnun íslenskra dansa frá fyrri tíð, en mikill meirihluti þeirra hefur verið óaðgengilegur almenningi. Nokkrir dansar hafa varðveist í lifandi hefð, en ritaðar íslenskar heimildir um söngdansa eru oft mjög brotakenndar þar sem fremur er lýst dansháttum en sjálfum dansinum, og sama er að segja um fornar erlendar heimildir. Höfundur skráði söngdansa bæði eftir dansi og frásögnum fólks víða um land á árunum 1958–1993.

200 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-886-7

Leiðb.verð: 5.490 kr. Kilja



## Íslenskt vættatal

**Árni Björnsson**

*Íslenskt vættatal* segir frá öllum helstu íbúum huliðsheima sem birst hafa alþýðu manna hér á landi í gegnum tíðina. Getið er heimkynna þeirra, uppruna og helstu afreka og greinargóð kort benda á helstu dvalarstaði þeirra. Bókin hentar því einstaklega vel öllum sem vilja kynnast landinu og vættunum sem það geymir, hvort sem þeir leggja land undir fót eða láta hugann reika.

192 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3109-4 Ób.




## Kjarni málsins

*Fleyg orð á íslensku*

**Umsj.: Hannes H. Gissurarson**


# BÆKUR FYRIR BETRA LÍF




*Lífið er gjöf* eftir hinn vinsæla miðil Jórunni Oddsdóttur. Bókinni er að mestu leyti miðlað af æðri sviðum. Slíkt er ekki á færi nema örfárra og gerist ekki áreynslulaust eins og höfundur lýsir svo vel í upphafi.

*Samræður við Guð* – óvenjuleg skoðanaskipti Þessi vinsæla bók er nú loksins komin út aftur. Bækur Neale Donald Walsch hafa verið þýddar á 37 tungumál og hafa náð inn á metsölubókalista New York Times, þessi bók var á þeim lista í 2 1/2 ár.




BÓKAFORLAGIÐ BIFRÖST
bokaforlagidbifrost@simnet.is - Sími 511 2400

Öll frægustu ummæli á íslensku frá landnámi til nútíma er að finna í þessu stórfróðlega tilvitnanasafni. Nauðsynleg handbók öllum þeim sem vilja koma fyrir sig orði í leik og starfi. Sannkölluð fróðleiksnáma um sögu og samtíð. Tilvitnunum er bæði raðað eftir höfundum og efnisatriðum.
**Bókafélagið**
ISBN 978-9979-9954-4-9



## Konur eiga orðið allan ársins hring
*Dagatalsbók 2011*
**Ritstj.: Kristín Birgisdóttir**
**Myndskr.: Myrra Leifsdóttir**
Dagatalsbók Sölku hefur náð að festa sig í sessi og kemur nú út í fjórða sinn. Hnyttnar tilvitnanir frá orðheppnum konum og myndskreytingar Myrru gera bókina ómissandi grip fyrir allar konur.
256 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-49-4 Kilja

## Lífið er gjöf
**Jórunn Oddsdóttir**
Bókinni er að mestu leyti miðlað af æðri sviðum. Slíkt er ekki á færi nema örfárra og gerist ekki áreynslulaust eins og höfundur lýsir svo vel í upphafi.
Sumir munu fá svör en aðrir margt til að hugsa um.
96 bls.




**Bókaforlagið Bifröst**
ISBN 978-9935-412-08-9
Leiðb.verð: 2.890 kr. Kilja




## Lífsleikni Gillz
**Egill Gillz Einarsson**
Einkaþjálfarinn, sjónvarpsstjarnan og rithöfundurinn Gillz er mættur til leiks á ný með enn eitt snilldarverkið í ritröð sinni Íslenzk öndvegisrit Gillz. Hér gefur Gillz karlmönnum ráð á báða bóga milli þess sem hann segir kynbræðrum sínum til syndanna. Urrandi fyndin bók sem er um leið gagnleg sjálfshjálparbók fyrir unga menn.
120 bls.
**Bókafélagið**
ISBN 978-9979-9954-5-6




## Lostaleikir
**Tracey Cox**
**Þýð.: Sveinn Guðmarsson**
Kynlífssérfræðingurinn Tracey Cox opinberar hér leyndarmálin sem eiga eftir að senda ykkur upp í sjöunda unaðshimin. Hún skemmtir, kitlar og hneykslar, gefur góð ráð og segir frá öllu sem hægt er að gera til að njóta kynlífsins í botn. Tracey hefur skrifað fjölda metsölubóka um krassandi kynlíf og sjóðheit sambönd.
192 bls.
FORLAGIÐ
**JPV útgáfa**
ISBN 978-9935-11-124-1 Ób.




## Mataræði
*Handbók um hollustu*
**Michael Pollan**
**Þýð.: Nanna Gunnarsdóttir**
Við fáum endalausar ráðleggingar um hvað er hollt og hvað óhollt og verðum rugluð í ríminu. Hér eru settar fram einfaldar og skýrar reglur um hvað ber að varast ef við viljum huga að heilsunni. Michael Pollan er margverðlaunaður metsöluhöfundur og baráttumaður fyrir hollu mataræði.
160 bls.
**Salka**
ISBN 978-9935-418-42-5 Kilja




## Nýja draumaráðningabókin
*Aðgengilegt uppflettirit um drauma og túlkun þeirra*
**Símon Jón Jóhannsson**
Greinargóðar skýringar á um tvö þúsund draumtáknum, auk þess sem í bókinni er að finna leiðbeiningar um það hvernig lesandinn getur sjálfur lært að skilja mismunandi boð sem draumarnir færa honum. Nauðsynleg bók á hverju náttborði!
316 bls.
**Veröld**
ISBN 978-9979-789-75-8
Leiðb.verð: 6.490 kr.

IÐA




## Nýja tilvitnanabókin

*Þúsundir snjallyrða hvaðanæva úr heiminum – frá fornöld til samtímans*

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

Á fimmta þúsund tilvitnanir frá umliðnum 3000 árum – frá Grikkjum til stjarnanna í dægurheimi samtímans. Í snjallyrðunum er fólgin lífsspeki aldanna, jafnt sem kaldhæðni samtímans. Glæsileg gjafabók við öll tækifæri!

389 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9979-789-74-1

Leiðb.verð: 6.490 kr.




## Orð eru álög

*Leiðarvísir að lífsgleði*

**Sigríður Klingenberg**

Sigríður Klingenberg, spámiðill og lífskúnstner, fjallar hér á sinn einstaka hátt um mátt orðsins og jákvæðs hugarfars. Hér lýsir hún því hvernig orð okkar, hugsanir og viðbrögð skipta sköpum og kennir lesendum aðferðir við að breyta lífi sínu og fjölga gleði- og hamingjustundunum. Bók sem hjálpar fólki að lifa lífinu og ráða fram úr erfiðleikum.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9979-9954-7-0




## Orðabók um slangur, slettur, bannorð og annað utangarðsmál

**Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson**

**Myndir: Grétar Reynisson og Guðmundur Thoroddsen**

*Slanguroröabókin* var brautryðjendaverk þegar hún kom út árið 1982. Þá urðu margir til að fagna því að daglegt mál samtímans væri komið á bók, skýrt og skilgreint, en aðrir fordæmdu verkið og töldu það upphefja götumál. Slettur og slangur í máli fólks er þó fróðlegur vitnisburður um þjóðfélag hvers tíma og bókin löngu orðin sígild. Íslensk klassík Forlagsins.

156 bls.

